

Október 2003

Endurskoðun ríkisreiknings 2002



RÍKISENDURSKOÐUN

Efnisyfirlit

1	INNGANGUR	11
2	AFKOMA OG FJÁRHAGSSTAÐA RÍKISSJÓÐS	17
	YFIRLIT UM TEKJUR RÍKISSJÓÐS	18
	<i>Tekjuskattur og staðgreiðsla opinberra gjalda</i>	19
	<i>Virðisaukaskattur</i>	19
	<i>Tryggingagjald</i>	20
	<i>Vörugjöld og aðrir sértækir veltuskattar</i>	20
	<i>Sala á hlutabréfum, fasteignum, jörðum og jarðarhlutum</i>	20
	YFIRLIT UM GJÖLD RÍKISSJÓÐS	22
	<i>Rekstrargjöld</i>	22
	<i>Rekstrar- og neyslutilfærslur</i>	23
	<i>Önnur gjöld</i>	23
	YFIRLIT UM EFNAHAG RÍKISSJÓÐS	23
	<i>Langtímakröfur</i>	24
	<i>Eignarhlutir í fyrirtækjum og stofnunum</i>	25
	<i>Óinnheimtar ríkistekjur</i>	25
	<i>Hreint veltufé</i>	26
	<i>Varanlegir rekstrarfjármunir ríkissjóðs án fasteigna</i>	26
	<i>Langtímaskuldir</i>	27
	<i>Eigið fé</i>	29
	YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI RÍKISSJÓÐS	30
	<i>Lánsfjárfjöfnuður</i>	30
3	SÉRSTAKAR ÁHERSLUR Í ENDURSKOÐUN ÁRIÐ 2002 ...	35
	<i>ÁHÆTTUSTJÓRNUN</i>	35
	<i>LAUNAÁKVARÐANIR OG STARFSMANNAMÁL</i>	37
	<i>AÐKEYPTAR VÖRUR OG ÞJÓNUSTA</i>	39
	<i>Vörukaup</i>	39
	<i>Aðkeypt þjónusta</i>	40
	<i>STYRKIR</i>	41
4	ENDURSKOÐUN Á EFNAHAG RÍKISSJÓÐS	43
	<i>HANDBÆRT FÉ RÍKISSJÓÐS</i>	43
	<i>SKAMMTÍMAKRÖFUR</i>	44
	<i>SKAMMTÍMASKULDIR</i>	46

VEITT LÁN RÍKISSJÓÐS	47
VEITT ENDURLÁN.....	48
VANSKIL LÁNA HJÁ ENDURLÁNUM RÍKISSJÓÐS.....	49
VEITT LÁN ÖNNUR EN HJÁ ENDURLÁNUM RÍKISSJÓÐS.....	49
AFSKRIFTIR LÁNA HJÁ RÍKISSJÓÐI	49
LANGTÍMASKULDIR	50
LÍFEYRISSKULDBINDINGAR.....	51
<i>Innborganir ríkissjóðs til LSR og LH</i>	52
LANGTÍMAFJÁRMÖGNUN RÍKISSJÓÐS	53
INNLEND LÁNTAKA	54
<i>Lántökukostnaður vegna tekinna innlendra lána</i>	54
<i>Spariskírteini.....</i>	54
<i>Ríkisbréf og ríkisvixlar.....</i>	56
ERLEND LÁNTAKA	56
<i>Erlendar lántökur árið 2002.....</i>	57
<i>Staða erlendra lána í árslok</i>	57
<i>Hreyfingar og staða erlendra lána 2002 eftir myntum.....</i>	58
<i>Gengismunur erlendra lána ríkissjóðs</i>	58
RÍKISÁBYRGÐIR	59
5 ENDURSKOÐUN RÍKISSJÓÐSTEKNA.....	61
FRAMKVÆMD ENDURSKOÐUNAR	61
YFIRLIT UM TEKJUR OG EFTIRSTÖÐVAR	61
VIRÐISAUKASKATTUR.....	62
<i>Höfuðstóll.....</i>	63
<i>Dráttarvextir og álag</i>	63
<i>Uppgjör virðisaukaskatts</i>	63
<i>Áætlanir í virðisaukaskatti.....</i>	64
AFSKRIFTIR, NIÐURFÆRSLA OG EFTIRSTÖÐVAR RÍKISSJÓÐSTEKNA ...	65
<i>Afskriftir</i>	66
<i>Beinar afskriftir á árinu 2002.....</i>	68
<i>Niðurfærslur á árinu 2002</i>	69
<i>Eftirstöðvar</i>	72
<i>Inneignir án kröfu</i>	73
<i>Opinber gjöld.....</i>	74
<i>Virðisaukaskattur.....</i>	75
<i>Tryggingagjald.....</i>	77
<i>Bifreiðagjöld</i>	77
SKULDBREYTINGAR OG NAUÐASAMNINGAR	79

6	ENDURSKOÐUN STOFNANA OG ANNARRA FJÁRLAGALÍÐA Í A-HLUTA	81
	ÍSLENSK SENDIRÁÐ, FASTANEFNDIR OG RÆÐISSKRIFSTOFUR	81
	<i>Fjárheimildir og rekstur</i>	82
	<i>Staða gagnvart fjárheimildum</i>	83
	<i>Viðskipti við ríkissjóð</i>	84
	<i>Innra eftirlit</i>	85
	<i>Rekstur sendiskrifstofa</i>	86
	<i>Tekjur</i>	87
	<i>Launagjöld</i>	87
	<i>Önnur rekstrargjöld</i>	88
	<i>Efnahagur sendiskrifstofa</i>	89
	<i>Áhættustjórnun</i>	90
	<i>Starfsmannastjórnun og launaákvarðanir</i>	91
	<i>Kaup á vöru og þjónustu</i>	92
	<i>Styrkir</i>	92
	<i>Niðurstaða</i>	92
	RANNSÓKNARSTOFNANIR	93
	<i>Fjárheimildir og rekstur</i>	94
	<i>Eigið fé og breyting á greiðslustöðu gagnvart ríkissjóði</i>	95
	<i>Viðskiptastaða við ríkissjóð</i>	95
	<i>Innra eftirlit</i>	96
	<i>Rekstur á árinu 2002</i>	96
	<i>Samanburður launagjalda milli áranna 2001 og 2002</i>	97
	<i>Efnahagur</i>	98
	<i>Áhættustjórnun</i>	99
	<i>Starfsmannastjórnun og launaákvarðanir</i>	99
	<i>Kaup á vöru og þjónustu</i>	99
	<i>Styrkir</i>	100
	SÖFN	100
	<i>Staða fjárheimilda</i>	101
	<i>Ríkissjóður</i>	102
	<i>Rekstur</i>	103
	<i>Launagjöld</i>	104
	<i>Önnur rekstrargjöld</i>	104
	<i>Eignakaup</i>	105
	<i>Efnahagur</i>	106
	<i>Birgðir</i>	106
	<i>Handbært fé</i>	107
	<i>Viðskiptakröfur</i>	107
	<i>Viðskiptaskuldir</i>	107

<i>Fimm ára yfirlit</i>	108
<i>Innra eftirlit</i>	109
<i>Áhættustjórnun</i>	109
<i>Starfsmannastjórnun og launaákvarðanir</i>	109
<i>Staðfestingarferli innkaupa á vörum og þjónustu</i>	109
<i>Styrkir</i>	110
MÁLEFNI FATLAÐRA	110
<i>Fjárheimildir og rekstur</i>	112
<i>Staða fjárheimilda</i>	113
<i>Greiðslustaða við ríkissjóð</i>	114
<i>Innra eftirlit</i>	114
<i>Efnahagsliðir</i>	115
<i>Laun og launatengd gjöld</i>	116
<i>Áhættustjórnun</i>	116
<i>Starfsmannastjórnun</i>	117
<i>Kaup á vörum og þjónustu</i>	117
<i>Styrkir</i>	118
<i>Fimm ára yfirlit</i>	118
HEILSUGÆSLUSTÖÐVAR.....	119
<i>Fjárheimildir</i>	119
<i>Staða fjárheimilda</i>	121
<i>Greiðslustaða gagnvart ríkissjóði</i>	123
<i>Innra eftirlit</i>	125
<i>Rekstur</i>	126
<i>Sértekjur</i>	127
<i>Launagjöld</i>	128
<i>Önnur rekstrargjöld</i>	131
<i>Efnahagur</i>	132
<i>Áhættustjórnun</i>	134
<i>Starfsmannastjórnun og launaákvarðanir</i>	135
<i>Kaup á vöru og þjónustu</i>	136
<i>Styrkir</i>	136
<i>Niðurstaða</i>	136
7 ENDURSKOÐUN FYRIRTÆKJA Í B-, C-, D- OG E-HLUTA	139
ENDURSKOÐUN B-HLUTA RÍKISREIKNINGS	139
ENDURSKOÐUN C-HLUTA RÍKISREIKNINGS	141
ENDURSKOÐUN D-HLUTA RÍKISREIKNINGS	142
ENDURSKOÐUN E-HLUTA RÍKISREIKNINGS.....	143

8	ENDURSKOÐUN AÐILA SEM ERU AÐ HLUTA Í RÍKISREIKNINGI.....	145
	LÍFEYRISSJÓÐIR	145
	<i>Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR).....</i>	<i>145</i>
	<i>Umfjöllun um einstakar deildir LSR.....</i>	<i>148</i>
	<i>Tryggingafræðileg úttekt.....</i>	<i>149</i>
	<i>Ávöxtun og fjárhagsstaða LH samkvæmt ársreikningi.....</i>	<i>151</i>
	<i>Tryggingafræðileg úttekt.....</i>	<i>152</i>
	ÞJÓÐKIRKJAN	152
9	FRAMKVÆMD FJÁRLAGA ÁRIÐ 2002	155
	BREYTING FJÁRHEIMILDA VEGNA UPPGJÖRS RÍKISTEKNA	156
	SAMANBURÐUR ÚTKOMU VIÐ FJÁRHEIMILDIR.....	157
	<i>Æðsta stjórn ríkisins</i>	<i>159</i>
	<i>Aðalskrifstofur ráðuneyta</i>	<i>159</i>
	<i>Menntastofnanir.....</i>	<i>159</i>
	<i>Sendiráð og fastanefndir.....</i>	<i>160</i>
	<i>Sýslumenn og lögregluembætti</i>	<i>160</i>
	<i>Málefni fatlaðra</i>	<i>161</i>
	<i>Heilbrigðisstofnanir.....</i>	<i>161</i>
	<i>Skattkerfið</i>	<i>161</i>
	<i>Fjárlagaliðir með markaðar tekjur til aðila utan A-hluta.....</i>	<i>161</i>
	<i>Aðrir fjárlagaliðir</i>	<i>162</i>

Töflur

TAFLA 1	FJÖLDI ENDURSKOÐAÐRA STOFNANA OG FJÁRLAGALIÐA	13
TAFLA 2	REKSTUR OG EFNAHAGUR RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) 1998-2002.....	17
TAFLA 3	HEILDARTEKJUR RÍKISSJÓÐS.....	18
TAFLA 4	TEKJUR AF SÖLU EIGNA	20
TAFLA 5	GJÖLD RÍKISSJÓÐS	22
TAFLA 6	EFNAHAGUR RÍKISSJÓÐS.....	24
TAFLA 7	LANGTÍMAKRÖFUR RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) 1998-2002.....	25
TAFLA 8	EIGNARHLUTAR RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) 1998-2002	25
TAFLA 9	ÓINNHEIMTAR RÍKISTEKJUR 1998-2002.....	26
TAFLA 10	VELTUFJÁRMUNIR OG SKAMMTÍMASKULDIR RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) 1998- 2002	26
TAFLA 11	VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) ÁRIÐ 2002 ÁN FASTEIGNA.....	27
TAFLA 12	LANGTÍMASKULDIR RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) 1998-2002	27
TAFLA 13	LANGTÍMASKULDIR RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) ÁN LÍFEYRISSKULDBINDINGA 1998-2002	28
TAFLA 14	LÍFEYRISSKULDBINDINGAR RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) 1998-2002.....	29
TAFLA 15	EIGIÐ FÉ (HÖFUÐSTÓLL) RÍKISSJÓÐS.....	29
TAFLA 16	EIGIÐ FÉ RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) 1998-2002.....	30
TAFLA 17	HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI 1998-2002.....	30
TAFLA 18	LÁNSFJÁRJÖFNUÐUR RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) 1998-2002.....	31
TAFLA 19	REKSTRARREIKNINGUR RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA)	32
TAFLA 20	EFNAHAGSREIKNINGUR RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA) 31. DESEMBER	33
TAFLA 21	SJÓÐSTREYMI RÍKISSJÓÐS (A-HLUTA)	34
TAFLA 22	SKAMMTÍMAKRÖFUR RÍKISSJÓÐS.....	44
TAFLA 23	ALDURSDREIFING Á KRÖFUM RÍKISSJÓÐS VEGNA GJALDÞROTASKIPTA	44
TAFLA 24	SKAMMTÍMASKULDIR RÍKISSJÓÐS	47
TAFLA 25	VEITT LÁN RÍKISSJÓÐS, HEILDARYFIRLIT	48
TAFLA 26	STAÐA VEITTRA LÁNA RÍKISSJÓÐS HJÁ ENDURLÁNUM.....	48
TAFLA 27	VEITT LÖNG LÁN RÍKISSJÓÐS, ÁN ENDURLÁNA	49
TAFLA 28	SKIPTING AFSKRIFTAREIKNINGS RÍKISSJÓÐS 2002 OG 2001	50
TAFLA 29	STAÐA LANGTÍMASKULDA OG SKULDBINDINGA RÍKISSJÓÐS 2002 OG 2001	51
TAFLA 30	LÍFEYRISSKULDBINDINGAR RÍKISSJÓÐS 2002 OG 2001	51
TAFLA 31	SKIPTING LÍFEYRISSKULDBINDINGA MILLI LÍFEYRISSJÓÐA 2002 OG 2001	52
TAFLA 32	INNBOGANIR RÍKISSJÓÐS 2002 VEGNA LÍFEYRISSKULDBINDINGA	53
TAFLA 33	LANGTÍMAFJÁRMÖGNUN RÍKISSJÓÐS 2002-2001	54
TAFLA 34	STAÐA SPARISKÍRTEINA Í ÁRSLOK 2002 OG 2001 SKV. BÓKHALDI ENDURLÁNA RÍKISSJÓÐS.....	55
TAFLA 35	STAÐA SPARISKÍRTEINA RÍKISSJÓÐS: ÞRÓUN 1995-2002.....	55
TAFLA 36	STAÐA RÍKISBRÉFA OG RÍKISVÍXLA Í BÓKHALDI ENDURLÁNA RÍKISSJÓÐS 2002 OG 2001	56
TAFLA 37	STAÐA ERLENDRA LÁNA MEÐ ÁFÖLLNUM FJÁRMAGNSKOSTNAÐI	57
TAFLA 38	YFIRLIT YFIR HELSTU ERLEND LÁN RÍKISSJÓÐS 2002	58
TAFLA 39	GENGISMUNUR ERL. LÁNA RÍKISSJÓÐS 2002 OG 2001 EFTIR MYNTUM	59
TAFLA 40	SKRÁÐAR ÁBYRGÐIR RÍKISSJÓÐS 2002 OG 2001.....	59
TAFLA 42	UPPGJÖR VIRÐISAUKASKATTS.....	64

TAFLA 43	ÁÆTLANIR VIRÐISAUKASKATTS	65
TAFLA 44	AFGREIÐSLA AFSKRIFTARBEIÐNA	67
TAFLA 45	BEINAR AFSKRIFTIR RÍKISSJÓÐSTEKNA	68
TAFLA 46	SKIPTING AFSKRIFTA HJÁ EINSTAKLINGUM EFTIR ÁRUM.....	68
TAFLA 47	SKIPTING AFSKRIFTA HJÁ LÖGAÐILUM EFTIR ÁRUM.....	69
TAFLA 48	NIÐURFÆRSLA RÍKISSJÓÐSTEKNA	70
TAFLA 49	HLUTFALL EFTIRSTÖÐVA RÍKISSJÓÐSTEKNA.....	71
TAFLA 50	FJÖLDI ÁSKORUNARBRÉFA	72
TAFLA 51	EFTIRSTÖÐVAR GJALDENDA SEM EKKI FENGU ÁSKORUNARBRÉF	73
TAFLA 52	INNEIGNIR ÁN KRÖFU.....	73
TAFLA 53	GJALDFALLNAR EFTIRSTÖÐVAR OPINBERRA GJALDA	74
TAFLA 54	GJALDFALLNAR EFTIRSTÖÐVAR KAUPGREIÐENDA.....	75
TAFLA 55	GJALDFALLNAR EFTIRSTÖÐVAR VIRÐISAUKASKATTS.....	76
TAFLA 56	GJALDFALLNAR EFTIRSTÖÐVAR VIRÐISAUKASKATTS EFTIR FJÁRHÆÐ	77
TAFLA 57	GJALDFALLNAR EFTIRSTÖÐVAR TRYGGINGAGJALDS.....	77
TAFLA 58	GJALDFALLNAR EFTIRSTÖÐVAR BIFREIÐAGJALDS.....	78
TAFLA 59	GJALDFALLNAR EFTIRSTÖÐVAR ÞUNGASKATTS.....	78
TAFLA 60	FJÁRHEIMILDIR OG AFKOMA SENDISKRIFSTOFA.....	82
TAFLA 61	STAÐA SENDISKRIFSTOFA GAGNVART FJÁRHEIMILDUM	83
TAFLA 62	GREIÐSLUSTAÐA SENDISKRIFSTOFA GAGNVART RÍKISSJÓÐI.....	84
TAFLA 63	REKSTUR SENDISKRIFSTOFA	86
TAFLA 64	LAUNAGJÖLD SENDISKRIFSTOFA.....	88
TAFLA 65	ÖNNUR REKSTRARGJÖLD SENDISKRIFSTOFA	89
TAFLA 66	EFNAHAGUR SENDISKRIFSTOFA	90
TAFLA 67	FJÁRHEIMILDIR OG AFKOMA RANNSÓKNARSTOFNANA.....	94
TAFLA 68	EIGIÐ FÉ RANNSÓKNASTOFNANA.....	95
TAFLA 69	GREIÐSLUSTAÐA RANNSÓKNARSTOFNANA GAGNVART RÍKISSJÓÐI.....	96
TAFLA 70	REKSTUR RANNSÓKNARSTOFNANA	97
TAFLA 71	LAUNAGJÖLD RANNSÓKNARSTOFNANA	97
TAFLA 72	EFNAHAGUR RANNSÓKNARSTOFNANA.....	98
TAFLA 73	FJÁRHEIMILDIR OG AFKOMA SAFNA	100
TAFLA 74	EIGIÐ FÉ SAFNA	101
TAFLA 75	GREIÐSLUSTAÐA SAFNA GAGNVART RÍKISSJÓÐI.....	102
TAFLA 76	REKSTUR SAFNA.....	103
TAFLA 77	LAUNAGJÖLD SAFNA	104
TAFLA 78	ÖNNUR REKSTRARGJÖLD SAFNA.....	105
TAFLA 79	EIGNAKAUP SAFNA.....	105
TAFLA 80	EFNAHAGUR SAFNA.....	106
TAFLA 81	BIRGÐIR SAFNA	106
TAFLA 82	HANDBÆRT FÉ	107
TAFLA 83	VIÐSKIPTAKRÖFUR.....	107
TAFLA 84	VIÐSKIPTASKULDIR	108
TAFLA 85	FIMM ÁRA YFIRLIT.....	108
TAFLA 86	FJÁRHÆÐIR ÞJÓNUSTUSAMNINGA UM MÁLEFNI FATLAÐRA.....	111
TAFLA 87	FJÁRHEIMILDIR OG AFKOMA MÁLEFNA FATLAÐRA	112
TAFLA 88	BREYTINGAR Á STÖÐU FJÁRHEIMILDA HJÁ MÁLEFNUM FATLAÐRA	113
TAFLA 89	GREIÐSLUSTAÐA MÁLEFNA FATLAÐRA GAGNVART RÍKISSJÓÐI	114
TAFLA 90	EFNAHAGUR MÁLEFNA FATLAÐRA	115
TAFLA 91	LAUNAKOSTNAÐUR MÁLEFNA FATLAÐRA	116

TAFLA 92	FIMM ÁRA YFIRLIT UM MÁLEFNI FATLAÐRA.....	118
TAFLA 93	FJÁRHEIMILDIR OG AFKOMAHEILSUGÆSLUSTÖÐVA	120
TAFLA 94	BREYTINGAR Á STÖÐU FJÁRHEIMILDA HEILSUGÆSLUSTÖÐVA	122
TAFLA 95	GREIÐSLUSTAÐA HEILSUGÆSLUSTÖÐVA GAGNVART RÍKISSJÓÐI.....	124
TAFLA 96	REKSTUR HEILSUGÆSLUSTÖÐVA	126
TAFLA 97	SÉRTEKJUR HEILSUGÆSLUSTÖÐVA.....	128
TAFLA 98	LAUNAGJÖLD HEILSUGÆSLUSTÖÐVA	130
TAFLA 99	ÖNNUR REKSTRARGJÖLD HEILSUGÆSLUSTÖÐVA	131
TAFLA 100	EFNAHAGUR HEILSUGÆSLUSTÖÐVA.....	133
TAFLA 101	RÍKISFYRIRTÆKI Í B-HLUTA RÍKISREIKNINGS.....	140
TAFLA 102	LÁNASTOFNANIR Í C-HLUTA RÍKISREIKNINGS	141
TAFLA 103	FJÁRMÁLASTOFNANIR Í D-HLUTA RÍKISREIKNINGS	143
TAFLA 104	HLUTA- OG SAMEIGNARFÉLÖG Í E-HLUTA RÍKISREIKNINGS.....	144
TAFLA 105	YFIRLIT YFIR HELSTU AFKOMUTÖLUR LSR 2002 OG 2001.....	146
TAFLA 106	YFIRLIT YFIR HELSTU AFKOMUTÖLUR LH 2002 OG 2001	151
TAFLA 107	FJÁRVEITINGAR OG FJÁRHEIMILDIR ÞJÓÐKIRKJUNNAR OG SJÓÐA KIRKJUNNAR	153
TAFLA 108	HELSTU REIKNINGSTÖLUR KIRKJUSTOFNANA Á ÁRINU 2002	153
TAFLA 109	SAMSETNING FJÁRHEIMILDA ÁRIÐ 2002.....	156
TAFLA 110	FJÖLDI FJÁRLAGALIÐA YFIR FJÁRHEIMILD ÁRIÐ 2002.....	158
TAFLA 111	MESTU FRÁVIK ANNARRA GJALDALIÐA FRÁ FJÁRHEIMILD 2002.....	162
TAFLA 112	FJÁRHEIMILDIR OG ÚTKOMA ÁRIÐ 2002	163

1 Inngangur

Í áritun ríkisendurskoðanda á ríkisreikning fyrir árið 2002 er vísað til skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings sem hér liggur fyrir. Í skýrslunni er gerð grein fyrir endurskoðun reikningsins og settar fram athugasemdir og ábendingar Ríkisendurskoðunar.

Lög um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997, kveða á um að fjárhagsendurskoðun skuli samkvæmt góðri endurskoðunarvenju á hverjum tíma einkum miða að eftirfarandi:

1. Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningsskilavenju.
2. Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
3. Að reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, starfsvenjur og samninga um rekstrarverkefni þar sem það á við.
4. Að votta og kanna áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi stofnana birtist þær með ársreikningi.

Eftirlitsumhverfi stofnana og fyrirtækja ríkisins breytist frá einum tíma til annars. Þetta kallar á að Ríkisendurskoðun endurmeti og taki upp nýtt verklag við fjárhagsendurskoðun. Meginviðfangsefni fjárhagsendurskoðunar hefur og mun áfram verða að votta trúverðugleika þeirra fjárhagsupplýsinga sem settar eru fram í reikningsskilum ríkisstofnana og -fyrirtækja. Til þess þarf að sannreyna að þau eftirlitskerfi og það stjórnskipulag sem eiga að vera fyrir hendi gegni sínu hlutverki. Þessu til viðbótar hafa athuganir Ríkisendurskoðunar einkum beinst að því að tryggja að fylgt sé fyrirmælum sem lúta að ráðstöfun opinberra fjármuna og að kanna hvort fyrir hendi sé staðfestingarkerfi sem tryggir að keypt vara og þjónusta hafi verið móttokin.

Rafrænni stjórnsýslu er ætlað að bæta þjónustu hins opinbera við almenning og gera hana aðgengilegri. Þá er tölvutækni nú þegar mikið notuð í öllum bankaviðskiptum, greiðslum og bókhaldi ríkisins. Þetta hefur breytt umtalsvert því eftirlitsumhverfi sem endurskoðendur starfa í. Þrátt fyrir að tölvuumhverfið veiti fjölmarga möguleika á öfluggu innra eftirliti hafa þeir iðulega verið vannýttir. Þessir möguleikar taka bæði til hefðbundinna eftir-

litsþátta og nýrra áhættuþátta sem komið hafa til vegna breyttrar tækni. Í því sambandi hefur stundum ekki verið tekið nægjanlegt tillit til krafna eftirlitsaðila við uppsetningu nýrra tölvukerfa sem aftur hefur leitt til veikara innra eftirlits en áður. Það má segja að núorðið byggist öryggi og áreiðanleiki fjárhagskerfa ekki síst á trúverðugleika þeirra starfsmanna sem vinna við og hafa aðgang að kerfunum.

Ríkisendurskoðun hefur að undanfögnu vakið athygli stjórnenda stofnana og fyrirtækja á helstu áhættuþáttum í opinberum rekstri, kynnt hvað felist í innra eftirliti og hvaða þættir séu mikilvægir til að tryggja áreiðanleika gagna í upplýsingakerfum, rekstraröryggi þeirra og innra eftirlit. Þá hefur stofnunin gert athuganir á ástandi þessara mála almennt og varið auknum tíma í úttektir á innra eftirlitsumhverfi hjá einstökum stofnunum og fyrirtækjum. Í tengslum við þetta hefur stofnunin sett fram ábendingar um breytt og bætt fyrirkomulag. Á síðustu misserum hefur aukin áhersla verið lögð á að endurskoða eftirlit og aðgangsheimildir í upplýsingakerfum. Loks má nefna að Ríkisendurskoðun hefur gert viðhorfsathugun innan ríkiskerfisins til siðareglna fyrir opinbera starfsmenn en slíkar reglur skipta miklu máli fyrir öflugt innra eftirlit. Til að mæta nýjum og breyttum áhættuþáttum í opinberum rekstri á verkefnasviði Ríkisendurskoðunar mun stofnunin leggja enn meiri vinnu í að meta innra eftirlit hjá stofnunum og fyrirtækjum ríkisins. Endurskoðun upplýsinga- og tölvukerfa þarf að efla til muna um leið og vakin er athygli stjórnenda á helstu áhættuþáttum í opinberum rekstri.

Reikningsskil ríkissjóðs og ríkisstofnana eru að flestu leyti samin með sambærilegum hætti og tíðkast almennt hjá fyrirtækjum, þó með þeirri undantekningu að varanlegir rekstrarfjármunir eru að fullu gjaldfærðir á kaupári og verðbætur, gengismunur og hluti af hækkun lífeyrisskuldbindinga færast ekki á rekstrarreikning heldur sem endurmat eigin fjár. Færsla verðbóta og gengismunar beint á eigið fé hefur þjónað sams konar tilgangi og verðbreytingafærsla í verðbólgu-reikningsskilum, þ.e. að sýna aðeins raunfjármagnstekjur og -gjöld í rekstrarreikningi. Þessi aðferð nær hins vegar ekki að verðleiðréttu óverðtryggð lán með sama hætti og gert er með verðbreytingafærslu. Þar sem verðbólgu-reikningsskil með verðbreytingafærslu og endurmati vegna verðlagsbreytinga hafa verið aflögð sýnist tímabært að haga færslu verðbóta og gengismunar í reikningsskilum A-hluta ríkisins með sama hætti og almennt tíðkast.

Flestar stofnanir í A-hluta ríkisreiknings gefa út endurskoðaða ársreikninga sína með ítarlegri upplýsingum en birtast í ríkisreikningi, svo sem með skýringum og sundurliðunum. Ársreikningar stofnana og fjárlagaliða í A-hluta ríkisreiknings með áritun endurskoðanda voru 455 árið 2002. Það

markmið hefur að mestu leyti náðst að gefa út endurskoðaða ársreikninga fyrir allar stofnanir í A-hluta ríkisreiknings auk stofnana og fyrirtækja í B-, C-, D- og E-hluta ríkisreiknings.

Tafla 1 Fjöldi endurskoðaðra stofnana og fjárlagaliða

	Endurskoðað af Ríkisendurskoðun	Endurskoðað af öðrum	Endurskoðað samtals	Ársreikningar
2002	393	81	474	455
2001	328	81	409	408
2000	248	75	323	317
1999	158	83	241	174
1998	148	85	233	129

Við fjárhagsendurskoðun vegna ársins 2002 hefur Ríkisendurskoðun ekki séð tilefni til að gera verulegar athugasemdir nema í einstaka undantekningartilfellum. Í samskiptum sínum við stofnanir ríkisins hefur Ríkisendurskoðun lagt aukna áherslu á að gera formlega grein fyrir niðurstöðum vinnu sinnar með sérstakri greinargerð sem líka er send til viðkomandi ráðuneytis samhliða áritun ársreikninga. Ríkisendurskoðun telur að bæði viðkomandi ráðuneyti og stofnanir hafi fjallað um þær athugasemdir sem gerðar hafa verið og brugðist í flestum tilvikum við þeim. Við endurskoðun ríkistekna sem gerð er grein fyrir í kafla 5 í skýrslu þessari vekur stofnunin athygli á vandamálum sem tengjast mati á því hversu stóran hluta áætlaðra tekna við álagningu rétt sé að færa í ríkisreikning. Ríkisendurskoðun telur að ekki verði lengur undan því vikist að þeir sem ábyrgð bera á þessum þáttum taki á vandanum.

Við fjárhagsendurskoðun vegna ársins 2002 var ákveðið að gera sérstaka athugun á fjórum atriðum í starfsumhverfi ríkisaðila: áhættustjórnun, fyrirkomulagi launaákvæðana og starfsmannamála, tilhögun kaupa á vöru og þjónustu og styrkveitingum. Í kafla 3 í skýrslu þessari er gerð grein fyrir niðurstöðum þessara skoðana. Athugunarefni þessi eru öll liður í því að styrkja og efla innra eftirlit og umhirðu starfsmanna ríkisins með eignum og fjármunum hins opinbera. Athugaðir voru um 200 ríkisaðilar. Helstu niðurstöður sýna að forstöðumenn eru meðvitaðir um mikilvægi flestra þeirra atriða sem voru til skoðunar í daglegri starfsemi sinni. Að mati Ríkisendurskoðunar hafa forstöðumenn vilja til að taka upp eða bæta verklag vegna þeirra atriða sem hér eru til umfjöllunar þar sem það var ekki í nægjanlega góðu horfi

Heildarfjárheimildir stofnana og annarra fjárlagaliða í A-hluta fjárlaga á árinu 2002 námu 256,0 ma.kr. að meðtöldum rekstrar- og mörkuðum tekjum, en

þær fyrirtölu námu tæpum 4,7 ma.kr. og þær síðartöldu 40,9 ma.kr. Heildarriksframlag á árinu 2002 nam því samtals 210,4 ma.kr. Samsvarandi útgjöld ríkisins á árinu 2002 námu hins vegar 219,5 m.kr. og voru þannig 9,1 ma.kr. umfram ríkisframlagið eða 4,33%.

Flestar stofnanir virtu þær fjárheimildir sem þeim eru ætlaðar og höguðu rekstri í samræmi við þær á árinu 2002. Það liggur engu að síður fyrir að um fimmtungur fjárlagaliða fór fram úr þeim 4% mörkum sem ákveðin eru í reglugerð nr. 116/2001 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A- hluta. Hluti þessara fjárlagaliða eru tilfærsluliðir, sjóðir og aðrir án eiginlegs rekstrar og safnliðir. Eftir stendur að um 80 stofnanir og aðalskrifstofur ráðuneyta fóru fram úr áðurnefndum 4% mörkum. Í sumum tilvikum var stofnað til útgjalda langt umfram þessi mörk. Rekstur margra stofnana fór yfir fjárheimildir á árinu 2002 án þess að fyrir hafi legið að þeim yrðu tryggðar auknar heimildir eða þeim verið gert að draga saman kostnað og hefur ákvæðum reglugerðarinnar því ekki verið framfylgt að þessu leyti. Í nokkrum tilfellum hefur verið bent á að stofnanir hafi ekki náð að aðlaga sig tekjuskerðingu vegna lækkandi sértekna eða tekna sem ekki hefur tekist að innheimta. Í fleiri tilvikum liggur þó fyrir að stjórnendur stofnana og ráðuneyti sem í hlut eiga hafa ekki treyst sér til að gripa til sparnaðarráðstafana sem koma niður á þjónustu viðkomandi stofnana. Þetta er sérstaklega áberandi hvað varðar rekstur stofnana innan mennta- og heilbrigðiskerfisins.

Endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2002 var að mestu hagað með sama hætti og í fyrra. Hægt er að skipta endurskoðuninni í nokkra þætti. Endurskoðun á A-hluta ríkisreiknings felst í stórum dráttum í staðfestingum og afstemmingum á eigna- og skuldaliðum sem tilgreindir eru í efnahagsreikningi ríkissjóðs. Skatttekjur og aðrar tekjur sem tilgreindar eru í rekstrarreikningi ríkissjóðs eru stemmdar af við bókhaldskerfi og skilagreinar frá innheimtumönnum ríkissjóðs. Afskriftir skattkrafna eru athugaðar sérstaklega. Þá felst endurskoðun á A-hluta í athugun á bókhaldi og fjárreiðum þeirra stofnana sem teljast til þessa hluta ríkisreiknings og beinist hún að gjaldaliðum, tekjum og eignaskráningu. Núna hefur því markmiði verið náð að geta endurskoðað árlega sem næst allar stofnanir ríkisins. Endurskoðun sem framkvæmd er hjá stofnun er misjafnlega ítarleg. Í sumum tilvikum er látið nægja að staðfesta að ársreikningur gefi rétta mynd af rekstri og efnahag, en í öðrum fer jafnframt fram yfirgripsmikil skoðun á innra eftirliti, færslu bókhalds og meðferð fjármuna.

Efnistöð í skýrslunni eru þannig að á eftir þessum inngangi er fjallað um afkomu ríkissjóðs og fjárhagsstöðu á árinu 2002, auk þróunar síðustu árin. Þá kemur kafla um áherslur í eftirlitsumhverfi og áhersluatriði við endur-

skoðun vegna ársins 2002. Þar á eftir er umfjöllun um endurskoðun á efnahag ríkissjóðs, tekjum ríkissjóðs og einstökum málaflokkum í A-hluta ríkisreiknings. Því næst er fjallað um endurskoðun stofnana og fyrirtækja í B-, C-, D- og E-hluta ríkisreiknings. Loks eru kaflar um endurskoðun aðila sem eru að hluta í ríkisreikningi og framkvæmd fjárlaga á árinu 2002.

2 Afkoma og fjárhagsstaða ríkissjóðs

Á árinu 2002 var ríkissjóður rekinn með 8,1 ma.kr. halla en í fjárlögum hafði verið ráðgert að hann skilaði 18,5 ma.kr. rekstrarafgangi. Þetta eru einnig umskipti frá árinu á undan þegar ríkissjóður skilaði 8,6 ma.kr. afgangi.

Tekjur ríkissjóðs hækkuðu um 21,9 ma.kr. á milli árana 2001 og 2002 eða um 9,2%. Um helmingur hækkunarinnar skýrist af eignasölu á árinu 2002 sem nam samtals 11,7 ma.kr. Tekjurnar voru sem næst því sem áætlað var í fjárlögum, urðu 1,3 ma.kr. eða 0,5% hærri en þar var áætlað.


Gjöld ríkissjóðs hækkuðu á árinu 2002 um 38,6 ma.kr. eða um 16,9% frá árinu á undan. Frávik frá fjárlögum nam 28,0 ma.kr. eða 11,7%. Um helmingur fráviksins skýrist af tveimur fjárlagaliðum, annars vegar af gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga sem var um 10 ma.kr. meiri en fram kom í fjárlögum og hins vegar af afskriftum á skattkröfum ríkissjóðs sem námu 10,1 ma.kr. á árinu en voru áætlaðar 4,0 ma.kr. í fjárlögum.

Tafla 2 Rekstur og efnahagur ríkissjóðs (A-hluta) 1998-2002

<i>Í m.kr.</i>	<i>Tekjur</i>	<i>Gjöld</i>	<i>Tekjuafgangur (tekjuhalli)</i>	<i>Eignir</i>	<i>Skuldir</i>	<i>Eigið fé</i>
2002	259.210	267.332	(8.121)	266.957	488.915	(221.958)
2001	237.356	228.713	8.643	266.691	491.482	(224.791)
2000	224.715	229.001	(4.286)	214.847	412.948	(198.101)
1999	222.633	199.002	23.631	212.240	383.848	(171.609)
1998	180.846	189.636	(8.789)	184.502	380.921	(196.420)

Eiginfjárstaða ríkissjóðs eða höfuðstóll batnaði um 2,8 ma.kr. á árinu 2002, en bókfært eigið fé ríkissjóðs sýnir mismun á annars vegar peningalegum eignum og eignarhlutum ríkissjóðs í ríkisfyrirtækjum og hlutafélögum og hins vegar skuldum ríkissjóðs. Að vissu leyti má segja að neikvætt eigið fé jafngildi ráðstöfun á framtíðartekjum ríkissjóðs. Þrátt fyrir hallarekstur á árinu 2002 rýrnaði ekki eigið fé þar sem ríkissjóður naut góðs af gengismun erlendra skulda vegna styrkingar krónunnar. Erlendar langtímaskuldir ríkissjóðs lækkuðu þannig um 26,8 ma.kr. vegna endurmats, en innlendar langtímaskuldir hækkuðu hins vegar um 930 m.kr. Endurmatshækkun lífeyrisskuldbindinga nam 14,5 ma.kr.

Mynd 1 Eigið fé (höfuðstóll) ríkissjóðs 1995 – 2002



Yfirlit um tekjur ríkissjóðs

Heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2002 námu alls 259,2 ma.kr. en voru 237,4 ma.kr. á árinu 2001. Nemur aukningin 21,9 ma.kr. eða 9,2%. Um helmingur af tekjuaukanum verður rakinn til sölu eigna en auk þess jukust tekjur af virðisaukaskatti um 4,1 ma.kr. og af skatti á tekjur einstaklinga um 2,5 ma.kr.

Tafla 3 Heildartekjur ríkissjóðs

Í m.kr.	2002	2001	Breyt.	%
Skatttekjur				
Skattar á tekjur einstaklinga	55.053	52.506	2.547	4,9
Skattar á tekjur lögaðila	8.807	9.551	(744)	(7,8)
Fjármagnstekjuskattur	6.958	6.227	731	11,7
Tryggingagjald	23.397	21.909	1.487	6,8
Eignarskattar	11.001	10.596	405	3,8
Virðisaukaskattur	76.271	72.147	4.123	5,7
Vörugjöld, aðrir sért., veltuskattar	28.349	28.909	(560)	(1,9)
Aðrir skattar á vörur og þjónustu	9.121	8.557	564	6,6
Aðrir skattar	1.554	1.327	227	17,1
Skatttekjur alls	220.5110	211.729	8.783	4,1
Rekstrartekjur				
Arðgreiðslur	3.095	1.917	1.178	61,5
Vextir og aðrar eignatekjur	15.629	14.727	902	6,1
Neyslu- og leyfisgjöld	6.313	5.782	531	9,2
Sektir	745	848	(102)	(12,1)
Rekstrartekjur alls	25.782	23.274	2.509	10,8
Aðrar tekjur				
Sala eigna	11.722	1.065	10.657	---
Fjárframlög	1.196	1.288	(92)	(7,2)
Aðrar tekjur alls	12.918	2.353	10.565	---
Ríkissjóðstekjur samtals	259.210	237.355	21.855	9,2

Innheimta ríkissjóðstekna nam 244,3 ma.kr. á árinu 2002 en var 224,0 ma.kr. á árinu áður og nemur aukningin 9,1%. Innheimta tekju- og eignarskatts var 3,5 ma.kr. hærri en árið áður og innheimta tryggingagjalds varð 1,5 ma.kr. hærri. Sala eigna skilaði 10,0 ma.kr. hærri tekjum í ríkissjóð en á fyrra ári og innheimta virðisaukaskatts jókst um 3,5 ma.kr.

Tekjuskattur og staðgreiðsla opinberra gjalda

Skattar á tekjur og hagnað einstaklinga námu alls 55,1 ma.kr. á árinu 2002 og jukust um 2,5 ma.kr. frá fyrra ári eða um 4,9%. Innheimt staðgreiðsla jókst um 7,9 ma.kr. á milli ára eða um 8,0%. Tekjuskattshlutfall lækkaði á árinu 2002 um 0,33 prósentustig og var 25,75% samanborið við 26,08% árið 2001. Vegið meðaltal útsvars hækkaði hins vegar um 0,11 prósentustig og var 12,79% á árinu 2002 samanborið við 12,68% árið 2001. Persónuafsláttur hækkaði um 3,6% á milli ára.

Samkvæmt upplýsingakerfi ríkisskattstjóra námu launagreiðslur á árinu 2002 462,8 ma.kr. samanborið við 430,9 ma.kr. á árinu 2001. Nemur hækkunin á milli ára um 7,4%. Á sama tíma hefur launavísitalan hækkað um 7,1%. Á undanförunum árum hefur hlutur ríkissjóðs í innheimtri staðgreiðslu hækkað meira en nemur hækkun launavísitölu sem skýrist af því að persónuafsláttur hefur ekki fylgt launaþróun. Á árinu 2002 vegur hins vegar á móti að reiknað endurgjald lækkaði frá fyrra ári um 8,8% sem skýrist af því að þeim sem reikna sér endurgjald vegna vinnu við eigin atvinnurekstur fækkaði úr 22,4 þús. í 19,8 þús eða um 11,5%

Virðisaukaskattur

Tekjur af virðisaukaskatti námu alls 76,3 ma.kr. á árinu 2002 samanborið við tæpa 72,1 ma.kr. árið á undan og nemur aukningin 5,7%. Virðisaukaskattur af innflutningi dróst saman um 8,5% en virðisaukaskattur af vörusölu og þjónustu jókst um 29,3%

Endurgreiðslur virðisaukaskatts námu alls 5,8 ma.kr. á árinu 2002 og breytast þær í heild lítið á milli ára. Endurgreiðslur vegna skattskyldrar starfsemi opinberra aðila hækkuðu um 333 m.kr. á milli ára og námu 2,8 ma.kr. Á móti vegur að endurgreiddur virðisaukaskattur vegna Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. lækkaði um 434 m.kr.

Tryggingagjald

Tekjur af tryggingagjaldi námu 23,4 ma.kr. á árinu 2002 samanborið við 21,9 ma.kr. á árinu 2001 og nemur aukningin 6,8%. Eins og fram kemur hér að framan hækkuðu laun á milli ára um 7,4%. Staðgreiðsluskylt tryggingagjald var 5,23%, hið sama fyrir öll greidd laun. Sérregla á þó við um laun sjómanna á fiskiskipum, en þar bætist við sérstakt slystryggingagjald sem er 0,65%. Réttthafar tryggingagjalds voru 9 á árinu 2002. Þeirra stærstir eru Atvinnuleysistryggingasjóður sem fær 0,8% af stofni til tryggingagjalds og Fæðingarorlofssjóður sem fær 0,85% af gjaldstofni. Þegar tekjum af tryggingagjaldi hefur verið ráðstafað til réttthafa rennur það sem eftir stendur til að fjármagna lífeyris- og slystryggingar hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Vörugjöld og aðrir sértækir veltuskattar

Tekjur af vörugjöldum og öðrum sértækum veltusköttum námu 28,3 ma.kr. á árinu 2002 og drógust saman um 0,6 ma.kr. miðað við fyrra ár eða um 1,9%. Aðflutningsgjöld lækkuðu um 0,5 m.kr. og rekstrarhagnaður ÁTVR, hluti tóbaksgjalds, lækkaði um 0,2 m.kr. Á móti vegur að almennt vörugjald hækkaði um 0,1 m.kr.

Sala á hlutabréfum, fasteignum, jörðum og jarðarhlutum

Tekjur þessar greinast sem hér segir á árunum 2002 og 2001.

Tafla 4 Tekjur af sölu eigna

Í m.kr.	2002	2001	Breyt.
Hlutabréf	10.545	535	10.010
Fasteignir	189	140	49
Jarðir og jarðarhlutar	988	343	645
Önnur sala	0	46	(46)
Samtals	11.722	1.065	10.657

Á árinu 2002 seldi ríkissjóður 65,8% hlut í *Landsbanka Íslands hf.* fyrir 15.971 m.kr. Bókfært verð heildarhlutar ríkissjóðs í ársbyrjun var 5.669 m.kr. en nafnverð var 4.675 m.kr. Bréfin voru seld í tveimur hlutum. Annars vegar 20% í júní 2002 og nam söluverð þess hlutar 4.792 m.kr. Hins vegar voru 45,8% seld í lok ársins og nam söluverð 11.257 m.kr. Endurmat innan ársins nam 97 m.kr. Söluhagnaður nam því 10.493 m.kr. Kostnaður vegna sölunnar í júní nam 55 m.kr. og er færður sem kostnaður við einkavæðingu.

Þá var seldur 10,5% eignarhlutur ríkisins í *Íslenska járnblendinu hf.* fyrir 132 m.kr. Bókfært verð hlutabréfanna var 344 m.kr. en niðurfærsla og tap í tengslum við sölu þeirra nam 212 m.kr.

Á árinu 2002 var seldur rúmlega 30% eignarhlutur í *Steinullarverksmiðjunni hf.* fyrir 220 m.kr. Bókfært verð bréfanna nam 104 m.kr. og því varð 116 m.kr. hagnaður af sölnni.

Seldar voru 10 fasteignir og eignarhlutar á árinu 2002 fyrir 91 milljón króna. Þá var einnig selt bráðabirgðahúsnaði vegna jarðskjálfta á Suðurlandi. Seld voru 14 færanleg timburhús og tvö raðhús fyrir 96 milljónir króna.

Í árslok 2002 greiddi Landsvirkjun 164 m.kr. vegna vatnsréttinda í Blöndu í framhaldi af dómi Hæstaréttar þar sem staðfestur var réttur íslenska ríkisins samkvæmt samningi frá 11. ágúst 1982 til að semja um gjaldtöku vegna vatnsréttinda í Blöndu í Blöndudal fyrir almenninga og afréttarlönd Auðkúluheiðar og Eyvindarstaðarheiðar. Skipuð var sérstök matsnefnd til að meta og ákveða bætur fyrir vatnsréttindi. Í niðurstöðu nefndarinnar frá 10. ágúst 1992 var hlutur ríkissjóðs ákveðinn 50,8 m.kr. Mismunur á þessari fjárhæð og þeirri sem greidd var (164 m.kr.) eru vextir og verðbætur frá ágúst 1992 til greiðsludags og byggja á útreikningi Landsvirkjunar. Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið staðfesti 19. júní 2002, að höfðu samráði við fjármálaráðuneytið, útreikninga Landsvirkjunar.

Alls voru seldar jarðir og jarðarhlutar fyrir 818 m.kr. á árinu 2002. Auk sölu á landi við Vatnsenda og Fífuhvamm, sem gerð er grein fyrir hér á eftir, voru seldar 24 jarðir og jarðarpartar fyrir 128 m.kr.

Stærsta einstaka salan var sala ríkisins á landi við Vatnsenda og Fífuhvamm fyrir 700 m.kr. Annars vegar er um að ræða 100,22 ha úr landi jarðarinnar Vatnsenda í Kópavogi og hins vegar 51,5 ha úr landi jarðarinnar Fífuhvamms í Kópavogi. Söluverð var ákveðið í einu lagi og verður greitt með skuldabréfi til 15 ára með 15 jöfnum afborgunum, þeirri fyrstu 28. apríl 2003, með 5,0% föstum vöxtum frá 8. mars 2002 sem greiðast árlega á sömu gjalddögum og afborganir og verðtryggt með vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu í mars 2002.

Loks var bakfærð sala á lóðarskika við Seljaveg 32 frá árinu 1998 að fjárhæð 9,7 m.kr. Skv. bréfi fjármálaráðuneytisins frá 8. febrúar 2002 var ákveðið að söluandvirðið skyldi renna í Landhelgissjóð Íslands en ekki í ríkissjóð þar sem sjóðurinn var þinglýstur eigandi landspildunnar við sölu hennar.

Yfirlit um gjöld ríkissjóðs

Gjöld ríkissjóðs námu samtals 267,3 ma.kr. á árinu 2002 en voru 228,7 ma.kr. árið 2001. Hækkun milli ára nam því 16,9%.

Tafla 5 Gjöld ríkissjóðs

<i>Í m.kr.</i>	2002	2001	Breyt.	%
Rekstrargjöld				
Laun	71.456	62.279	9.177	14,7
Lífeyrisskuldbindingar	16.321	2.612	13.709	524,8
Önnur gjöld	50.038	43.201	6.837	15,8
Sértekjur stofnana	(21.040)	(16.414)	(4.626)	28,2
Fjármagnskostnaður	16.005	17.923	(1.918)	(10,7)
Rekstrargjöld alls	132.779	109.601	23.179	21,1
Rekstrar- og neyslutilfærslur				
Lífeyristryggingar	22.190	19.944	2.246	11,3
Bætur skv. lögum um félagsl. aðstoð	6.240	5.823	417	7,2
Sjúkratryggingar	12.659	11.663	996	8,5
Daggjaldastofnanir	5.295	3.656	1.639	44,8
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu	7.718	7.295	423	5,8
Afskriftir skattkrafna	10.103	5.944	4.159	70,0
Barnabætur	4.756	4.559	197	4,3
Vaxtabætur	5.117	4.721	396	8,4
Framlag í jöfnunarsjóð sveitarfélaga	5.800	5.763	37	0,6
Atvinnuleysistryggingasjóður	3.002	1.592	1.410	88,6
Lánasjóður íslenskra námsmanna	2.645	2.420	225	9,3
Ríkisútvarpið	2.248	1.938	310	16,0
Sóknargjöld	1.392	1.450	(58)	(4,0)
Aðrar rekstrar- og neyslutilfærslur	23.449	19.339	4.110	21,3
Rekstrar- og neyslutilfærslur alls	112.614	96.107	16.507	17,2
Önnur gjöld				
Viðhald	6.136	5.679	457	8,0
Stofnkostnaður	10.715	12.237	(1.522)	(12,4)
Fjármagnstilfærslur	5.088	5.089	(1)	(0,0)
Önnur gjöld alls	21.939	23.005	(1.066)	(4,6)
Gjöld samtals	267.332	228.713	38.620	16,9

Rekstrargjöld

Rekstrargjöld ríkissjóðs hækkuðu á árinu 2002 um 23,2 ma.kr. frá árinu á undan eða um 21,1%. Hækkun lífeyrisskuldbindinga og aukinn launakostnaður vega þar þyngst. Launakostnaður var 71,5 ma.kr. og hækkaði um 14,7% frá fyrra ári. Gjaldfærsla vegna lífeyrisskuldbindinga nam 16,3 ma.kr. og meira en sexfaldaðist á milli ára. Fjármagnskostnaður lækkaði hins vegar miðað við árið á undan, einkum vegna gengishagnaðar á erlendum skuldum

ríkissjóðs. Nánar er fjallað um fjármagnskostnað ríkissjóðs á öðrum stað í skýrslunni.

Rekstrar- og neyslutilfærslur

Stærstu liðir sem falla undir rekstrar- og neyslutilfærslur eru útgjöld almannatrygginga, þ.e. lífeyris- og sjúkratryggingar, bótagreiðslur skv. lögum um félagslega aðstoð og framlög (daggjöld) til reksturs hjúkrunar- og sjúkrastofnana sem ekki fá fastar greiðslur á fjárlögum. Framlög vegna lífeyristrygginga hækkuðu um 11,3%. Aðrir útgjaldaliðir almannatrygginga hækkuðu hlutfallslega minna ef frá eru talin framlög til daggjaldastofnana sem hækkuðu um 44,8%, en þær fengu aukið fé í fjárukalögum á árinu 2002 til að gera upp rekstrarhalla. Af öðrum liðum hækkuðu afskriftir skattkrafna og framlög vegna Atvinnuleysistryggingasjóðs einnig hlutfallslega mikið.

Önnur gjöld

Önnur gjöld eru viðhaldskostnaður, stofnkostnaður og fjármagnstilfærslur. Í heild lækkuðu þessir útgjaldaliðir um rúman milljarð króna á milli ára eða 4,6%. Um helmingur gjalda á árinu 2002 er vegna vegagerðar, en aðrir kostnaðarsamir gjaldaliðir eru hafnargerð, og stofnkostnaðar við byggingu sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva og skóla. Helstu breytingar frá fyrra ári fólust í lægri stofnkostnaði vegna flugvallagerðar en á móti hækkuðu framlög vegna hafnarmála.

Yfirlit um efnahag ríkissjóðs

Efnahagsreikningur ríkissjóðs sýnir stöðu veltufjármuna, langtímakrafna og eignarhluta í fyrirtækjum sem ríkið á hlut í. Varanlegir rekstrarfjármunir, t.d. fasteignir, bifreiðar, áhöld og tæki, eru hins vegar ekki eignfærðir í reikningskil ríkissjóðs heldur er kaupverð að fullu fært til gjalda á því ári sem þeirra er aflað. Verðmæti allra bókfærðra eigna ríkissjóðs sem færðar eru í efnahagsreikningi nam 270,0 ma.kr. í árslok 2002. Efnahagsreikningurinn sýnir enn fremur stöðu allra skulda sem ríkissjóður hefur stofnað til en þær námu samtals 488,9 ma.kr. í árslok 2002. Mismunur eigna og skulda svarar til bókfærðs eigin fjár (höfuðstóls) ríkissjóðs sem var neikvætt um 222,0 ma.kr. í árslok 2002. Eigið fé ríkissjóðs batnaði um 2,8 ma.kr. á árinu 2002 þrátt fyrir halla sem var á rekstri ríkissjóðs og skýrist þetta af gengishagnaði vegna skulda. Frá árinu 1998 hefur eigið fé ríkissjóðs lækkað samtals um 25,5 ma.kr.

Í efnahagsreikningi ríkissjóðs er endurmat fært beint á eigið fé (höfuðstól) en ekki í rekstrarreikning eins og tíðkast hefur í reikningsskilum fyrirtækja. Á

móti kemur að verðbreytingafærsla er ekki sýnd í rekstrarreikningi. Endurmatsbreytingar sem ekki koma fram í rekstrarreikningi geta haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu ríkissjóðs á hverjum tíma. Breyting á höfuðstól gefur allgóða mynd af þróun fjárhagsstöðu ríkissjóðs frá ári til árs.

Tafla 6 Efnahagur ríkissjóðs

<i>Í m.kr.</i>	2002	2001	Breyt.	%
Eignir				
Langtímakröfur	71.731	79.013	(7.282)	(9,2)
Hlutabréf og stofnfjárframlög	93.323	92.779	544	0,6
Veltufjármunir	101.902	94.899	7.003	7,4
Eignir samtals	266.957	266.691	264	0,1
Eigið fé og skuldir í árslok				
Höfuðstóll	(221.958)	(224.791)	2.833	(1,3)
Lífeyrisskuldbindingar	183.230	167.746	15.484	9,2
Langtímaskuldir	237.022	258.557	(21.535)	(8,3)
Skammtímaskuldir	68.663	65.177	3.483	5,3
Skuldir samtals	488.915	491.480	(2.568)	(0,5)
Skuldir og höfuðstóll samtals	266.957	266.691	264	0,1

Langtímakröfur

Á eignahlið efnahagsreikningsins vega þýngst langtímakröfur, eignarhlutir í fyrirtækjum og óinnheimtar ríkistekjur. Langtímakröfur ríkissjóðs námu 80,9 ma.kr. í árslok 2002 og eru það einkum lán til ýmissa ríkisfyrirtækja og lánastofnana í B-, C- og D-hluta ríkisreiknings, t.d. vegna Flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli, Lánasjóðs íslenskra námsmanna, Íbúðalánasjóðs, Byggðastofnunar og Seðlabanka Íslands. Undanfarin ár hafa nýjar lántökur og afborganir sem innheimtast af eldri lánnum oftast haldist að mestu í hendur. Árið 2002 voru hins vegar nýjar lánveitingar ríkissjóðs minni og afborganir meiri en áður hefur verið. Þetta ásamt neikvæðu endurmati gerði það að verkum að staða langtímakrafna lækkaði í árslok 2002.

Tafla 7 Langtímakröfur ríkissjóðs (A-hluta) 1998-2002

<i>Í m.kr.</i>	<i>Ný lán</i>	<i>Afborganir</i>	<i>Endurmat</i>	<i>Staða í árslok</i>
2002	4.682	(15.992)	(865)	80.874
2001	20.886	(8.275)	9.518	93.049
2000	5.439	(7.689)	3.822	70.919
1999	10.375	(8.823)	3.056	69.347
1998	7.809	(10.209)	1.860	64.738

Eignarhlutir í fyrirtækjum og stofnunum

Bókfært verðmæti eignarhluta ríkissjóðs í fyrirtækjum og stofnunum nam 93,3 ma.kr. í árslok 2002. Stærstu eignarhlutar voru í Seðlabanka Íslands og var hann bókfærður á 30,1 ma.kr., í Landsvirkjun á tæpa 15,0 ma.kr., í Landssíma Íslands hf. á 8,6 ma.kr., í Íbúðalánasjóði á 6,4 ma.kr. og í Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins á 6,0 ma.kr. Kaupin árið 2002 eru að mestu 4,5 ma.kr. eiginfjárframlag til Seðlabanka Íslands. Á árinu var bókfærð sala á hlutabréfum í Landsbanka Íslands fyrir tæpa 16,0 ma.kr.

Tafla 8 Eignarhlutar ríkissjóðs (A-hluta) 1998-2002

<i>Í m.kr.</i>	<i>Kaup</i>	<i>Sala</i>	<i>Hagnaður (tap)</i>	<i>Endurmat og niðurfærsla</i>	<i>Staða í árslok</i>
2002	5.355	(16.385)	10.328	1.247	93.323
2001	11.702	(786)	535	6.671	92.779
2000	3.246	(57)	(24)	3.099	74.657
1999	165	(6.430)		8.318	68.393
1998	3.641	(7.733)	2.071	37.536	66.340

Óinnheimtar ríkistekjur

Óinnheimtar ríkistekjur námu 58,2 ma.kr. í árslok 2002. Á síðustu fimm árum hafa skattkröfur samtals að fjárhæð 36,7 ma.kr. verið afskrifaðar, þar af 27,4 ma.kr. á undanförunum þremur árum. Í ljós hefur komið að álagning stórs hluta þeirra krafna sem voru afskrifaðar byggðist á áætlunum sem síðan kom í ljós að ekki var hægt að innheimta, t.d. þar sem lögaðilar voru hættir starfsemi. Það skal samt hafa hugfast að lögum samkvæmt ber skattstjórum að áætla skatta þeirra aðila sem ekki standa skil á framtölum og skal áætlun vera svo rífleg að ekki sé hætt við að skattfjárhæð sé áætluð lægri en hún er í raun og veru. Ítarlega er fjallað um eftirstöðvar ríkissjóðstekna síðar í þessari skýrslu.

Tafla 9 Óinnheimtar ríkistekjur 1998-2002

<i>Í m.kr.</i>	<i>Tekjur ársins</i>	<i>Innheimtar tekjur</i>	<i>Afskriftir og efnahagsfærslur</i>	<i>Staða í árslok</i>
2002	259.210	(244.338)	(10.103)	58.170
2001	237.356	(224.042)	(5.944)	53.400
2000	221.547	(210.709)	(11.350)	46.032
1999	206.555	(190.064)	(4.542)	46.543
1998	176.801	(163.582)	(4.758)	34.595

Hreint veltufé

Hreint veltufé eru veltufjármunir að frádregnum skammtímaskuldum. Hreint veltufé ríkissjóðs nam 33,2 ma.kr. í árslok 2002. Á undanförunum árum hefur veltufjárhluftfall ríkissjóðs yfirleitt verið um 1,5.

Tafla 10 Veltufjármunir og skammtímaskuldir ríkissjóðs (A-hluta) 1998-2002

<i>Í m.kr.</i>	<i>Veltu- fjármunir</i>	<i>Skammtíma- skuldir</i>	<i>Hreint veltufé</i>	<i>Veltufjár- hluftfall</i>
2002	101.902	68.663	33.239	1,5
2001	94.899	65.179	29.720	1,5
2000	77.567	48.970	28.597	1,6
1999	81.815	54.722	27.093	1,5
1998	60.599	58.052	2.547	1,0

Varanlegir rekstrarfjármunir ríkissjóðs án fasteigna

Varanlegir rekstrarfjármunir eru ekki færðir til eignar í efnahagsreikningi ríkissjóðs, en upplýsingar um varanlega rekstrarfjármuni aðra en fasteignir eru birtar í séryfirliti (nr. 12) með ríkisreikningi. Þar kemur fram að í árslok 2002 hafi bókfært verðmæti eigna í eignaskrá numið 16,0 ma.kr. eftir að verðmæti þeirra hefur verið framreiknað með byggingarvísitölu og reiknaðar afskriftir dregnar frá. Hins vegar liggja ekki fyrir upplýsingar um heildarverðmæti fasteigna í eigu ríkissjóðs og hefur yfirlit um verðmæti þeirra ekki verið birt með ríkisreikningi þrátt fyrir að ákvæði 15. gr. laga nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins kveði á um að slíkt skuli gert. Verðmæti fasteigna nemur ef að líkum lætur mun hærri fjárhæð en þegar hefur verið færð í eignaskrá ríkisins.

Tafla 11 Varanlegir rekstrarfjármunir ríkissjóðs (A-hluta) árið 2002 án fasteigna

<i>Í m.kr.</i>	<i>Kaup ársins</i>	<i>Afskriftir ársins</i>	<i>Verðmæti í árslok</i>
Hús- og skrifstofubúnaður	801	(782)	2.799
Áhöld og tæki	223	(294)	1.189
Lækninga- og rannsóknatæki	411	(779)	3.694
Skip og flugvélar	0	(409)	5.398
Bifreiðar	531	(206)	1.517
Vinnuvélar og tæki	98	(93)	755
Aðrar eignir	60	(3)	645
	2.123	(2.565)	15.997

Langtímaskuldir

Á árinu 2002 lækkuðu langtímaskuldir ríkissjóðs¹, þ.e. tekin löng lán og lifeyrisskuldbindingar, um 19,7 ma.kr. eða tæp 4,5%. Þær námu samtals 443 ma.kr. í árslok 2002. Skýringin á lækkun skulda á árinu 2002 felst einkum í áhrifum jákvæðs gengismunar vegna styrkingar íslensku krónunnar á árinu.


Tafla 12 Langtímaskuldir ríkissjóðs (A-hluta) 1998-2002

<i>Í m.kr.</i>	<i>Ný lán og skuldbindingar</i>	<i>Afborganir</i>	<i>Endurmat</i>	<i>Staða í árslok</i>
2002	78.041	(63.562)	(11.363)	443.053
2001	68.794	(48.503)	50.565	439.937
2000	64.715	(55.834)	27.934	369.082
1999	40.117	(48.733)	11.597	332.268
1998	47.138	(40.003)	13.812	329.287

Langtímaskuldir hafa vaxið á síðustu árum, einkum vegna aukinna lifeyrisskuldbindinga, en hins vegar hafa aðrar langtímaskuldir verið greiddar niður. Myndin að neðan sýnir langtímaskuldir ríkissjóðs árin 1995 til 2002.

¹ Hér er fjallað um tekin löng lán ríkissjóðs en afborgunum næsta árs og langtíma vöxtum er sleppt.

Mynd 2 Langtímaskuldir ríkissjóðs 1995–2002



Aðrar langtímaskuldir ríkissjóðs en lífeyrisskuldbindingar námu 260 ma.kr. í árslok 2002 sem er 9,3 ma.kr. lækkun frá árinu á undan. Hlutfall innlendra skulda af heildarupphæð langtímaskulda (þ.e. án lífeyrisskuldbindinga) nam um 30% árið 2002 og hlutfall erlendra skulda var þá um 70%. Þrátt fyrir að nýjar lántökur á árinu hafi verið meiri en afborganir lækkuðu skuldarnar vegna gengishækkunar íslensku krónunnar.

Tafla 13 Langtímaskuldir ríkissjóðs (A-hluta) án lífeyrisskuldbindinga 1998-2002

Í m.kr.	Ný lán	Afborganir	Endurmat	Staða í árslok
2002	61.721	(48.228)	(25.861)	259.823
2001	66.182	(30.496)	30.431	272.191
2000	39.838	(44.070)	15.378	206.075
1999	27.244	(38.454)	1.998	194.930
1998	25.140	(37.538)	3.122	204.142

Taflan hér á eftir sýnir breytingar sem orðið hafa á lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs á hverju ári frá 1998 og stöðu þeirra í lok hvers árs. Gríðarleg hækkun hefur orðið á lífeyrisskuldbindingum á þessu tímabili, m.a. vegna breytinga á launakerfi ríkisins sem fólu í sér að fastar aukagreiðslur af ýmsu tagi voru felldar inn í föst mánaðarlaun, en reglur um lífeyrisgreiðslur meirihluta ríkisstarfsmanna kveða á um að lífeyrir skuli reiknast sem ákveðið hlutfall fastra launa. Á síðustu fimm árum hafa bæst við nýjar lífeyrisskuld-

bindingar samtals að fjárhæð 78,7 ma.kr. auk þess sem eldri skuldbindingar hafa hækkað um 67,5 ma.kr. vegna endurmats. Á sama tíma hefur ríkissjóður greitt niður skuldbindingar sínar við lífeyrissjóði opinberra starfsmanna um 50,0 m.kr.

Tafla 14 Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs (A-hluta) 1998-2002

<i>Í m.kr.</i>	<i>Nýjar á árinu</i>	<i>Greitt</i>	<i>Endurmat</i>	<i>Staða í árslok</i>
2002	16.320	(15.334)	14.499	183.230
2001	2.612	(18.007)	20.134	167.746
2000	24.877	(11.764)	12.556	163.007
1999	12.873	(2.416)	9.599	137.338
1998	21.998	(2.465)	10.690	125.145

Eigið fé

Eigið fé ríkissjóðs eða höfuðstóll var neikvætt um 222,0 ma.kr. í árslok 2002 og hafði þá batnað um 2,8 ma.kr. á árinu.

Í skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2001 var bent á að verðbreytingafærsla hafi verið afnumin með breytingu á ársreikningalögum en veittur 2 ára aðlögunartími. Ekki væri heldur lengur gert ráð fyrir reglubundnum uppfærslum eigna samkvæmt vísitölu. Var þeirri spurningu varpað fram hvort ríkissjóður yrði ekki að breyta færslum á endurmatsreikningi til samræmis við þessi nýju ákvæði. Mál þetta er ennþá í athugun og hefur ekki verið tekin ákvörðun um með hvaða hætti verði brugðist við.

Tafla 15 Eigið fé (höfuðstóll) ríkissjóðs

<i>Í m.kr.</i>	2002	2001	Breyt.	%
Staða í ársbyrjun	(224.791)	(198.101)	(26.690)	13,5
Leiðrétting höfuðstóls í ársbyrjun		(68)	68	(100,0)
Endurmat:				
Veltufjármunir og skammtímaskuldir	(459)	193	(652)	(337,8)
Langtímakröfur	(865)	9.518	(10.383)	(109,1)
Langtímaskuldir	11.031	(51.647)	62.678	(121,4)
Endurmat peningalegra liða samtals	9.707	(41.936)	51.643	(123,1)
Endurmat hlutabréfa og stofnfjár	1.247	6.671	(5.424)	(81,3)
Endurmat samtals	10.954	(35.265)	46.219	(131,1)
Tekjujöfnuður	(8.121)	8.643	(16.764)	(194,0)
Staða í árslok	(221.958)	(224.791)	2.833	(1,3)

Í töflunni að neðan er sýnd þróun bókfærðs eigin fjár (höfuðstóls) ríkissjóðs undanfarin fimm ár.

Tafla 16 Eigið fé ríkissjóðs (A-hluta) 1998-2002

<i>Í m.kr.</i>	<i>Endurmat og leiðr.</i>	<i>Tekjujöfnuður</i>	<i>Staða í árslok</i>
2002	10.955	(8.121)	(221.958)
2001	(35.333)	8.643	(224.791)
2000	(22.206)	(4.286)	(198.101)
1999	1.180	23.631	(171.608)
1998	43.764	(8.789)	(196.419)

Yfirlit um sjóðstreymi ríkissjóðs

Yfirliti um sjóðstreymi, sem er hluti ríkisreikningsins, er m.a. ætlað að veita upplýsingar um greiðsluhreyfingar ársins. Sjóðstreymið sýnir handbært fé frá rekstri, en það eru þeir fjármunir sem rekstur ríkissjóðs á árinu skilar eftir að tekið hefur verið tillit til reiknaðra rekstrarliða sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi og breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum. Handbært fé frá rekstri svarar þannig til þess sem kalla má greiðsluafkomu ríkissjóðs. Á árinu 2002 var handbært fé ríkissjóðs neikvætt um 12,3 m.kr.

Tafla 17 Handbært fé frá rekstri 1998-2002

<i>Í m.kr.</i>	<i>Tekjuafgangur (tekjuhalli)</i>	<i>Handbært fé frá rekstri</i>
2002	(8.121)	(12.274)
2001	8.643	514
2000	(4.286)	17.506
1999	23.631	17.015
1998	(8.789)	11.657

Lánsfjárjöfnuður

Í umfjöllun um ríkisfjármál ber hugtökin lánsfjárjöfnuð, lánsfjárþörf og lánsfjárafgang jafnan á góma. Lánsfjárjöfnuður getur bæði verið jákvæður og neikvæður. Lánsfjárþörf er neikvæður lánsfjárjöfnuður og er notuð til að lýsa þörf ríkissjóðs fyrir lánsfé til að fjármagna greiðsluhalla, nýjar lánveitingar umfram innheimtar afborganir, greiðslu afborgana af skuldum og breytingu á handbæru fé. Lánsfjárafgangur er hins vegar jákvæður lánsfjárjöfnuður og er mælikvarði á hversu mikið fé ríkissjóður hefur til ráðstöfunar til að greiða niður skuldir á árinu.

Rétt er að fram komi að lánsfjárfnuður byggir á greiðsluhreyfingum þannig að einungis lánahreyfingar sem hafa áhrif á sjóðstöðu ríkissjóðs eru teknar með. Hækkun reiknaðra skuldaliða, eins og lífeyrisskuldbindinga, hefur ekki áhrif á lánsfjárfnuðinn. Þá eru brúttó tölur fyrir innlenda ríkisvíxla inni í fjárhæðum fyrir lántökur og afborganir í töflu sem hér fylgir.

Árin 1998 til 2000 varð umtalsverður lánsfjárafgangur hjá ríkissjóði. Mestur varð hann árið 1999, 19,1 ma.kr. eða 3,1% af landsframleiðslu. Árið 2001 snerist hins vegar dæmið við úr lánsfjárafgangi í 40,2 ma.kr. lánsfjárförf. Þetta skýrist m.a. af gengislækkun krónunnar og uppbyggingu gjaldeyrisvarasjóðs. Lánsfjárförfin árið 2002 nam 14,6 ma.kr. sem má mestmegnis skýra með 8,1 ma.kr. rekstrarhalla ríkissjóðs.

Tafla 18 Lánsfjárfnuður ríkissjóðs (A-hluta) 1998-2002

<i>Í m.kr.</i>	<i>Lántökur</i>	<i>Afborganir</i>	<i>Lántökur umfram afborganir</i>	<i>Lækkun (hækkun) á handbæru fé</i>	<i>Lánsfjárförf (lánsfjárafgangur)</i>
2002	85.726	(72.260)	13.466	1.175	14.641
2001	90.208	(48.567)	41.641	(1.386)	40.255
2000	80.932	(89.112)	(8.180)	(1.294)	(9.474)
1999	61.613	(78.250)	(16.637)	(2.482)	(19.119)
1998	71.021	(80.531)	(9.510)	(7.316)	(16.826)

Tafla 19 Rekstrarreikningur ríkissjóðs (A-hluta)

<i>Í m.kr.</i>	2002	2001	Breyt.	%
Tekjur				
Skatttekjur:				
Skattar á tekjur einstaklinga	55.053	52.506	2.547	4,9
Skattar á tekjur lögaðila	8.807	9.551	(744)	(7,8)
Aðrir skattar á tekjur	7.709	6.839	870	12,7
Tryggingagjöld	23.397	21.909	1.488	6,8
Eignarskattar	11.001	10.596	405	3,8
Virðisaukaskattur	76.271	72.147	4.124	5,7
Vörugjöld og aðrir sértækir veltuskattar	28.349	28.909	(560)	(1,9)
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	9.121	8.557	564	6,6
Aðrir skattar	803	714	89	12,5
Skatttekjur alls	220.510	211.729	8.783	4,1
Rekstrartekjur:				
Arðgreiðslur	3.095	1.917	1.178	61,5
Vextir og aðrar eignatekjur	15.629	14.727	902	6,1
Neyslu- og leyfisgjöld	6.313	5.782	531	9,2
Sektir	745	848	(103)	(12,1)
Rekstrartekjur alls	25.782	23.274	2.508	10,8
Sala eigna	11.722	1.065	10.657	1.000,7
Fjárframlög	1.196	1.288	(92)	(7,1)
Tekjur samtals	259.210	237.356	21.854	9,2
Gjöld				
Æðsta stjórn ríkisins	2.596	2.111	485	23,0
Forsætisráðuneyti	1.444	1.146	298	26,0
Menntamálaráðuneyti	30.173	26.803	3.370	2,0
Utanríkisráðuneyti	5.489	4.965	524	10,6
Landbúnaðarráðuneyti	11.610	11.039	571	5,2
Sjávarútvegsráðuneyti	2.883	2.813	70	2,5
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	13.883	12.901	982	7,6
Félagsmálaráðuneyti	20.695	16.767	3.928	23,4
Heilbrigðis- og tryggingamálar.	96.361	84.559	11.802	14,0
Fjármálaráðuneyti	41.963	23.706	18.257	77,0
Samgönguráðuneyti	15.902	15.869	33	0,2
Iðnaðarráðuneyti	2.891	2.972	(81)	(2,7)
Viðskiptaráðuneyti	1.468	1.450	18	1,2
Hagstofa Íslands	500	399	101	25,3
Umhverfisráðuneyti	3.469	3.290	179	5,4
Fjármagnskostnaður	16.005	17.923	(1.918)	(10,7)
Gjöld samtals	267.332	228.713	38.619	16,9
Tekjuafgangur (tekjuhalli)	(8.121)	8.643	(16.765)	(194,0)

Tafla 20 Efnahagsreikningur ríkissjóðs (A-hluta) 31. desember

<i>Í m.kr.</i>	2002	2001	Breyt.	%
Eignir				
Langtímakröfur og áhættufjármunir:				
Veitt löng lán	80.874	93.049	(12.175)	(13,1)
Næsta árs afborganir fluttar á skammtímakröfur	(9.143)	(14.036)	4.893	(34,9)
Hlutabréf og stofnfjárframlög	93.323	92.779	544	0,6
Langtímakröfur og áhættufjármunir alls	165.055	171.792	(6.738)	(3,9)
Veltufjármunir:				
Vöru- og efnisbirgðir	988	903	85	9,4
Óinnheimtar ríkistekjur	58.170	53.400	4.770	8,9
Skammtímakröfur, aðrar	17.133	8.514	8.619	101,2
Næsta árs afborganir af veittum löngum lánum	9.143	14.036	(4.893)	(34,9)
Handbært fé, nettó	16.468	18.046	(1.578)	(8,7)
Veltufjármunir samtals	101.902	94.899	7.003	7,4
Eignir samtals	266.957	266.691	264	0,1
Skuldir og höfuðstóll				
Höfuðstóll:				
Höfuðstóll í ársbyrjun	(224.791)	(198.101)	(26.690)	13,5
Höfuðstóll í ársbyrjun, leiðrétting		(68)	68	(100,0)
Endurmat	10.955	(35.265)	46.220	(131,1)
Tekjujöfnuður	(8.121)	8.643	(16.764)	(194,0)
Höfuðstóll í árslok	(221.958)	(224.791)	2.833	(1,3)
Lífeyrisskuldbindingar	183.230	167.746	15.484	9,2
Langtímaskuldir:				
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	9.152	13.962	(4.810)	(34,5)
Tekin löng innlend lán	77.818	73.902	3.916	5,3
Tekin löng erlend lán	182.005	198.289	(16.284)	(8,2)
Næsta árs afborganir fluttar á skammtímaskuldir	(31.953)	(27.596)	(4.357)	15,8
Langtímaskuldir samtals	237.022	258.557	(21.535)	(8,3)
Skammtímaskuldir:				
Krafa á ríkistekjur	1.267	1.132	135	11,9
Ógreidd gjöld (án vaxta)	7.176	6.081	1.095	18,0
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	7.380	7.898	(518)	(6,6)
Tekin stutt lán	12.133	12.160	(27)	(0,2)
Aðrar skammtímaskuldir	8.754	10.311	(1.557)	(15,1)
Næsta árs afborganir langtímaskulda	31.953	27.596	4.357	15,8
Skammtímaskuldir samtals	68.663	65.177	3.483	5,3
Skuldir samtals	488.915	491.480	(2.568)	(0,5)
Skuldir og höfuðstóll samtals	266.957	266.691	264	0,1

Tafla 21 Sjóðstreymi ríkissjóðs (A-hluta)

<i>Í m.kr.</i>	2002	2001	Breyt.	%
Rekstrarhreyfingar:				
Tekjujöfnuður	(8.121)	8.643	(16.764)	(194,0)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé:				
Lífeyrisskuldbindingar	11.878	(1.119)	12.997	(1.161,5)
Afföll af teknum lánum	3.461	2.663	798	30,0
Áfallin ógjaldfallin vaxtagjöld langtímaskulda	(5.141)	(3.370)	(1.771)	52,6
Gjaldfærð ríkisábyrgð	(77)	450		0,0
Söluhagnaður af eignum	(10.539)	(535)	(10.004)	1.869,9
Tekjufærsla v/sölu lands	(700)		(700)	
Tekjufærsla v/endurmats félaga		(90)	90	(100,0)
	(1.118)	(2.001)	1.410	(70,5)
Breyting rekstartengdra eigna og skulda:				
Afskrifaðar skattkröfur	10.103	5.944	4.159	70,0
Viðskiptakröfur	(12.367)	(9.936)	(2.431)	24,5
Viðskiptaskuldir	(769)	(2.136)	1.367	(64,0)
Handbært fé frá rekstri	(12.274)	514	(12.259)	(2.385,0)
Fjárfestingarhreyfingar:				
Lánveitingar	(3.982)	(20.766)	16.784	(80,8)
Afborganir veittra lána	15.992	8.275	7.717	93,3
Fyrirfram greitt upp í langtímakostnað	(10.892)	(14.276)	3.384	(23,7)
Kaup hlutabréfa og eiginfjáframlög	(5.355)	(11.675)	6.320	(54,1)
Sala hlutabréfa og eignarluta	5.329	338	4.991	1.476,6
Fjárfestingarhreyfingar samtals	1.091	(38.104)	39.196	(102,9)
Fjármögnunarhreyfingar:				
Tekin stutt lán, nettó	(28)	5.955	(5.983)	(100,5)
Tekin löng lán	61.721	66.182	(4.461)	(6,7)
Afborganir lána	(51.689)	(33.160)	(18.529)	55,9
Gengismunur og endurmat sjóðs- og bankareikninga	(400)	(171)	(229)	133,9
Fjármögnunarhreyfingar samtals	9.605	38.806	(29.202)	(75,3)
Breyting handbærs fjár	(1.578)	1.216	(2.794)	(229,8)
Handbært fé í ársbyrjun	18.046	16.830	1.216	7,2
Handbært fé í árslok	16.468	18.046	(1.578)	(8,7)

3 Sérstakar áherslur í endurskoðun árið 2002

Venjubundinni fjárhagsendurskoðun er að mestu hagað í samræmi við endurskoðunaráætlanir sem taka mið af mati endurskoðandans á mikilvægi og áhættu hinna ýmsu liða í bókhaldi og fjárvörslu stofnana. Þá eru niðurstöður frá endurskoðun fyrri ára mjög ráðandi um áhersluatriði við endurskoðunina.

Á undanförunum árum hefur Ríkisendurskoðun lagt aukna áherslu á að kanna sérstaklega valin atriði er varða ýmis rekstrarútgjöld, fyrirkomulag og ástand bókhalds, reikningsskil, fjárreiður og innra eftirlit. Þessi athugun nær til allra stofnana sem endurskoðaðar eru. Við endurskoðun vegna ársins 2002 var ákveðið að athuga sérstaklega eftirtalin fjögur atriði:

- Áhættustjórnun.
- Launaákvarðanir og starfsmannamál.
- Kaup á vöru og þjónustu.
- Styrki.

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum úr þessari endurskoðun.

Áhættustjórnun

Áhættustjórnun gerir kröfu um kerfisbundið ferli til að meta og bregðast á hagkvæman hátt við áhættu og starfsfólk með viðeigandi hæfni til að greina og meta líkurnar á henni. Ríkisendurskoðun hefur lagt á það áherslu að stofnanir geri grein fyrir og meti þá áhættu sem þær standa frammi fyrir og viti jafnan með hvaða hætti bregðast skuli við tilteknum áhættuþáttum.

Athugunin sýndi að hugtakið áhættustjórnun er ekki mjög þekkt hjá ríkisaðilum og formleg áhættugreining er ekki fyrir hendi. Þegar nánar er skoðað sést að áhættustjórnun er innbyggð í ýmsar aðgerðir ríkisstofnana þó svo að þetta sé ekki nefnt áhættustjórnun. Almenn er ekki gerð formleg áhættugreining á þeim þáttum sem komið geta í veg fyrir að stofnun nái settum markmiðum. Óformleg áhættugreining er hins vegar oft innbyggð í markmiðasetningu og þær aðgerðir sem gripið er til þess að ná settum

markmiðum. Þá má nefna að framhaldsskólarnir eru með „sjálfsmatskerfi“ sem að hluta felur í sér innbyggt áhættumat. Að lokum hafa ýmsar stofnanir stundað áhættumat hver á sinn hátt, s.s. Flugmálastjórn, Tollstjórinn í Reykjavík og Íslandspóstur hf.

Innra eftirlit hjá stofnun eða fyrirtæki getur einungis talist vera gott ef það tekur á helstu áhættuþáttum sem snerta viðkomandi starfsemi, hvort heldur þessir þættir eru fjárhagslegs eða annars eðlis. Áður en innra eftirlitskerfi er byggt upp eða það endurskoðað verður því að liggja fyrir mat á helstu áhættuþáttum starfseminnar.

Sjaldnast er hægt að eyða áhættuþáttum með öllu og yfirleitt getur gott innra eftirlit einungis minnkað líkur á að stofnun eða fyrirtæki verði fyrir skakka-föllum. Með áhættustjórnun er hins vegar á kerfisbundinn hátt leitast við að beina áhættuþáttunum í heppilegan farveg, nýta sér tækifærin sem þeir veita en takmarka hættuna sem þeir bera með sér. Þetta geta fyrirtæki og stofnanir gert með því að greina þá áhættuþætti sem felast í rekstri þeirra, flokka þá og forgangsraða eftir eðli og umfangi, mikilvægi og fjárhagslegum hagsmunum og meta hvaða áhætta er ásættanleg eða jafnvel eðlileg. Að því búnu er hægt að taka afstöðu til þess hvernig bregðast skuli við ótvíræðum veikleikum, koma í veg fyrir áföll og lágmarka tjón ef eitthvað fer úrskeiðis eða taka meðvitaða ákvörðun um að gera ekki neitt.

Mikilvægt er að áhættumat og áhættustjórnun tengist náið gerð áætlana, enda er áhættustjórnun hluti af viðleitni stjórnenda til að ná þeim markmiðum eða árangri sem stefnt er að með starfseminni. Þess vegna þarf markmiðasetning jafnan að vera skýr og sama gildir um áætlanir um væntanlegan árangur af verkefnum.

Til þess að hægt sé að greina þá áhættuþætti sem skipta mestu máli fyrir viðkomandi stofnun verður stofnun að hafa skýr markmið. Í lögum og reglugerðum er kveðið á um hlutverk og tilgang starfseminnar. Með þetta í huga setja stjórnendur sér markmið. Í þessu sambandi má benda á erindisbréf og árangursstjórnunarsamninga þar sem markmiðin eru oft nefnd. Um 84% stofnana hafa sett sér heildarmarkmið.

Auk heildarmarkmiðs þarf einnig að skilgreina markmið einstakra deilda eða sviða stofnunar. Um 70% ríkisstofnana hafa sett einstökum deildum eða sviðum markmið sem tengjast heildarmarkmiðum stofnananna.

Nauðsynlegt er að allir starfsmenn, jafnt stjórnendur sem aðrir, séu meðvitaðir um markmið stofnunarinnar og hvaða skyldum þeir gegna við að ná

þeim. Í 78% tilvika töldu forstöðumenn að starfsmönnum hefðu verið kynnt markmið stofnunarinnar með fullnægjandi hætti og að þeir væru meðvitaðir um hlutverk sitt.

Forstöðumenn 81% ríkisstofnana telja sig hafa mælanleg markmið í rekstrinum. Fyrst og fremst var um fjárhagsleg markmið að ræða en einnig voru nefnd markmið um árangur sem tengdust ekki endilega fjárhagslegum markmiðum. Í nýlegri stjórn-sýsluendurskoðun Ríkisendurskoðunar sem nefnist "Náðist árangur" (júní 2003) kom fram að tiltölulega lítill hluti stofnana vinnur að markmiðssetningu í anda árangursstjórnunar. Auk þess voru þessir mælikvarðar aðeins skráðir í rúmlega helmingi tilfella.

Í skýrslunni kom einnig fram að 2/3 stofnana hafa ekki flokkað hugsanlega áhættu eftir eðli hennar, þ.e. í ytri áhættu, fjárhagslega áhættu, rekstrarlega áhættu og starfsmannaáhættu.

Rúmlega 70% ríkisaðila töldu að áhættugreining þeirra tæki mið af markmiðum rekstrarins. Þetta þýðir að stjórnendur hafi gert sér grein fyrir helstu áhættuþáttum, bæði innan og utan stofnunar, sem geta komið í veg fyrir að markmið náist.

Meginniðurstaðan er sú að flestir forstöðumenn stofnana séu meðvitaðir um þá áhættu sem steðjar að rekstri stofnana þeirra. Þeir hafa hins vegar í fæstum tilfellum skjalfest áhættugreininguna og þar af leiðandi er erfitt að staðreyna hvort hún beinist að þeim þáttum þar sem áhættan er mest.

Launaákvörðanir og starfsmannamál

Við endurskoðun fjárhagsársins 2001 var lögð sérstök áhersla á að athuga laun yfirmanna og hvernig þau eru ákveðin. Við endurskoðun fjárhagsársins 2002 var í eðlilegu framhaldi af þessu lögð áhersla á að skoða hvernig laun almennra starfsmanna eru ákveðin. Auðveldara er að athuga hvernig laun æðstu stjórnenda stofnana eru ákveðin þar sem Kjaranefnd kveður á um þau í mörgum tilvikum. Því er nokkuð samræmi á milli einstakra stofnana. Það sama gildir ekki um ákvarðanir á launum almennra starfsmanna.

Þá má benda á að ákvarðanir um laun hafa á undanförunum árum flust í æ ríkari mæli til einstakra forstöðumanna og samræmt eftirlit með launaákvörðunum því ekki lengur til staðar.

Ákvörðun um viðbótarlaun byggir á 9. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna enda sé ekki um kjarasamningsbundnar

greiðslur að ræða. Í greininni segir að forstöðumenn stofnana geti ákveðið að greiða einstökum starfsmönnum, öðrum en embættismönnum og þeim sem kjaranefnd ákvarðar laun, laun til viðbótar grunnlaunum, sem samið er um skv. kjarasamningum, vegna sérstakrar hæfni er nýttist í starfi eða sérstaks álags í starfi, svo og fyrir árangur í starfi.

Þá segir að ákvarðanir forstöðumanna um viðbótarlaun skulu taka mið af reglum sem fjármálaráðherra setur, þar sem meðal annars sé kveðið á um að karlar og konur hafi sömu möguleika á að fá viðbótarlaun. Fjármálaráðherra skuli hafa eftirlit með framkvæmd þessara reglna. Þar á meðal getur hann að eigin frumkvæði breytt ákvörðunum um viðbótarlaun ef þær brjóta í bága við reglurnar og afnumið heimild einstakra forstöðumanna til að ákvarða starfsmönnum viðbótarlaun ef rekstrarútgjöld og rekstrarafkoma stofnunar er ekki í samræmi við fjárlög. Ráðuneytið hefur ekki sett þær reglur sem um er getið í 9. greininni og af þeim sökum skortir forstöðumenn leiðbeiningar um hvað sé eðlilegt í þessu sambandi.

Spurt var hvort stofnanir beiti einhverju kerfi við að ákvarða starfsmönnum laun eftir ábyrgð, verkefnum og reynslu og kom í ljós að 53% stofnana gera það. Þegar kannað var hvaða reglur gilda um ákvörðun viðbótarlauna voru svör hins vegar ekki mjög skýr. Í 41% stofnana eru viðbótarlaun ákveðin út frá reglum sem samið hefur verið um í samningum einstakra stofnana við stéttarfélag. Hjá 11% stofnana gilda einstaklingssamningar milli forstöðumanns og starfsmanna. 25% stofnana virðast ekki hafa skýrar reglur um ákvörðun viðbótarlauna.

Frammistaða og afköst starfsmanna geta verið einn af þeim þáttum sem ráða greiðslu viðbótarlauna. Ríkisaðilar virðast þó almennt ekki nota slíkt kerfi. Í könnuninni kom fram að aðeins tæplega 23% stofnana hafa eitthvert slíkt formlegt kerfi. Hér þarf að taka tillit til þess að margar ríkisstofnanir eru það fámennar að sérstök mælingarkerfi eru ekki hagkvæm.

Starfsmannaviðtöl eru góð leið þess að leysa úr ýmsum málum sem koma upp í samskiptum starfsmanna á vinnustað. Æskilegt er talið að yfirmenn eigi starfsmannaviðtöl við starfsmenn sína einu sinni á ári. Í könnuninni var ekki gerður greinarmunur á starfsmannaviðtölum eftir því hvort í þeim var fjallað um launakjör eða ekki. Í 48% stofnana eru starfsmannaviðtöl viðhöfð. Þetta verður að teljast nokkuð lágt hlutfall. Æskilegra væri að fleiri stofnanir tækju upp starfsmannaviðtöl sem hluta af eðlilegri starfsemi sinni enda er gildi starfsmannaviðtala talið ótvírátt í góðri starfsmannastjórnun.

Rúmlega helmingur stofnana (53%) gerir mannaflaáætlanir í einu eða öðru formi. Í sumum tilvikum er um skammtímaáætlanir að ræða svo sem áætlanir um tímabundnar ráðningar vegna sumararfleysinga. Einnig hafa skólar yfirleitt mannaflaáætlanir, t.d. vegna tímabundinna ráðninga kennara til þess að sinna kennslu í hlutastarfi í ákveðnum námsgreinum.

Starfslýsingar eru einn af þeim þáttum sem stuðla að skýrri verkaskiptingu sem aftur bætir innra eftirlit stofnana. Í könnuninni kom fram að 65% stofnana höfðu starfslýsingar sem eru í samræmi við stjórnskipulag þeirra. Þetta hlýtur að teljast mjög góð niðurstaða í ljósi þess að margar stofnanir eru mjög fámennar og því stundum ekki mikið lagt upp úr því að gera nákvæmar starfslýsingar.

Tæplega 65% stofnana hafa sérstök námskeið fyrir nýja starfsmenn. Einungis 30% stofnana hafa gert formlega áætlun um endurmenntun starfsmanna. Þrátt fyrir þetta leggja flestar stofnanir mikla áherslu á endurmenntun. Fyrir þróun og framfarir í stjórnsýslunni er mikilvægt að vel sé hugað að endurmenntun starfsmanna.

Aðkeyptar vörur og þjónusta

Vörukaup

Leitast var við að sannreyna að eðlilega sé staðið að kaupum á vörum með tilliti til hagsýni og hagkvæmni, að varan sé afhent og að vörukaupin séu viðeigandi miðað við rekstur aðila.

Um innkaup ríkisins gilda lög nr. 94/2001. Auk þess er nauðsynlegt að stofnanir hafi skýrar verklagsreglur um innkaup. Spurt var hvort stofnanir hefðu sett sér skriflegar reglur um innkaup, s.s. hverjir mættu kaupa hvað, og kom í ljós að 31% stofnana hafa slíkar reglur. Hér ber að hafa í huga að mjög margar stofnanir eru fámennar og því hafa forstöðumenn góða yfirsýn um vörukaupin og telja því ekki nauðsyn á skriflegum reglum

Kannað var hverjir hafa heimild til að gera innkaup og kom í ljós að hjá 54% stofnana einskorðast slík heimild við yfirmenn. Í 21% stofnana er sérstakur innkaupastjóri sem sér um innkaup. Hjá 18% stofnana hafa þeir starfsmenn sem þurfa starfs síns vegna að gera innkaup heimild til þess. Hjá einungis 3% stofnana hafa allir heimildir til innkaupa en þessar stofnanir eru fámennar.

Áskrift að rammasamningum Ríkiskaupa var könnuð og voru 78% stofnana aðilar að þeim. Í ljósi laga um opinber innkaup nr. 91/2001 telur Ríkisendurskoðun mjög mikilvægt að sem flestar stofnanir séu aðilar að samningunum og kaupi þá vöruflokka sem eru í boði.

Aðeins 4% stofnana hafa þá reglu að bjóða vörukaup út eða leita eftir tilboðum utan rammasamninga. 26% leita frekar tilboða en að fara í útboð. 36% stofnana gera samninga um vörukaup utan rammasamninga. Um 20% stofnana gera samninga við stærstu birgja um greiðslukjör og 17% stofnana sögðust gera slíka samninga við suma birgja.

Auk þess að kanna innkaupaferilinn var athugað hvernig innra eftirliti með innkaupum væri hagað. Í 80% stofnana þarf samþykki yfirmanns fyrir öllum vörukaupum. Hjá 8% stofnana í viðbót tryggir verkaskipting starfsmanna viðeigandi staðfestingu.

Kannað var hvaða staðfestingarmiðlar væru notaðar við vörukaup og kom í ljós að beiðnakerfi er notað í 41% stofnana. 35% stofnana voru handhafar Innkaupakorta Ríkiskaupa eða notuðu önnur greiðslukort.

Afar mikilvægt er að hægt sé að staðfesta að keypt vara komi í hús. 28% ríkisaðila staðfesta að pöntuð vara hafi verið móttekin og 67% gera samanburð á mótttekinni vöru og reikningi.

Aðkeypt þjónusta

Kannað var hvort eðlilega væri staðið að kaupum á þjónustu með tilliti til hagsýni og hagkvæmni, hvort þjónustan hafi verið innt af hendi og niðurstöður afhentar og hvort þjónustukaupin væru viðeigandi með tilliti til reksturs viðkomandi stofnunar.

Í ljós kom að einungis 25% stofnana hafa skriflegar reglur um innkaup. Þessa niðurstöðu verður þó að skoða í ljósi þess að margar ríkisstofnanir eru það litlar að forstöðumenn hafa fulla yfirsýn um reksturinn og telja því ekki þörf á skriflegum reglum.

Niðurstaða könnunarinnar bendir til þess að í flestum tilvikum (yfir 60%) sé staðið faglega að kaupum á þjónustu, þ.e. verkefnið er boðið út eða leitað tilboða, lagt er faglegt mat á hæfni þjónustuaðila og gerður skriflegur samningur um þjónustuna. Þá var í 75% tilfella lagt mat á að veitt þjónusta væri viðeigandi.

Einungis um þriðjungur stofnana hafði innra eftirlitskerfi sem staðfesti að þjónustan skilaði sér eins og til var ætlast og um samið. Í rúmlega 40% tilvika lagði verkkaupi þó formlegt mat á gæði og kostnað í lok verks.

Könnunin sýnir að í um 75% tilvika eru reikningar vegna aðkeyptrar þjónustu bornir saman við gerða samninga og ef um tímagjald er að ræða þá eru unnir tímar bornir saman við reikninga.

Þegar á heildina er litið er eftirlit með aðkeyptri þjónustu viðunandi. Þó þarf að leggja ríkari áherslu á að kannað sé hvort þjónustan skilar sér eins og til er ætlast. Það sem einkennir oft kaup opinberra stofnana á þjónustu er að þörfin fyrir hana er ekki nægjanlega skilgreind og að verkefnið er ekki afmarkað með skýrum hætti.

Styrkir

Styrkveitingar voru kannaðar hjá 49 stofnunum og fyrirtækjum ríkisins sem veittu styrki í einu eða öðru formi á árinu 2002. Upplýsinga var ýmist aflað með viðtölum eða skriflegum svörum stofnananna. Svörin voru sannreynd með úrtakskönnun í 40% þeirra stofnana sem könnunin náði til.

Gera verður þá kröfu að styrkveitingar ríkisaðila taki mið af ákvæðum stjórnarsýslulaga um eðlilega málsmeðferð. Hjá flestum ríkisaðilum sem hafa það hlutverk skv. lögum eða reglugerðum að veita styrki eru þessi atriði í góðu lagi. Hins vegar er hætt við því að ekki sé tekið tillit til jafnræðis- og sanngirnissjónarmiða þegar einstakar stofnanir veita styrki til einstaklinga og félagasamtaka. Mikilvægt er að persónuleg áhugamál forstöðumanna ráði ekki styrkveitingum.

Í fjárlögum eru víða safnliðir þar sem félagasamtökum er ætlað fé til reksturs. Einnig ákveður fjárlaganefnd ýmis styrktarframlög til einstaklinga og félagasamtaka. Líta verður svo á að þar með sé Alþingi búíð að ákveða hvaða styrki eigi að veita á viðkomandi ári. Ríkisendurskoðun telur því óeðlilegt að stofnanir noti hluta rekstarfjár síns til að styðja félagasamtök. Þá er einnig óeðlilegt að félagasamtök sem hafa fengið úthlutað fé í fjárlögum skuli eftir sem áður leita eftir frekari stuðningi einstakra stofnana.

Styrkir geta verið af ýmsum toga og eru helstu flokkar þeirra eftirfarandi:

- 1) Styrkir til atvinnugreina, t.d. til landbúnaðar eða kvikmyndagerðar.
- 2) Styrkir til menningarmála.
- 3) Rannsóknarstyrkir.

- 4) Félagslegir styrkir.
- 5) Ýmsir smástyrkir sem veittir eru af rekstrarfé ríkisaðila og af safnliðum ráðuneyta.

Síðasti liðurinn getur t.d. falið í sér styrkveitingu í formi styrktarlínu eða auglýsingar í fréttabréfum félagasamtaka. Slíkur kostnaður er iðulega bókfærður sem auglýsingakostnaður en þó má ljóst vera að stundum er frekar um að ræða styrk, enda hafa fréttabréfin oft takmarkaða útbreiðslu og auglýsingagildi fyrir markhópa stofnunarinnar.

Af þeim 49 stofnunum sem veittu styrki gátu 25 ekki vísað til beinna laga eða reglugerðarheimilda fyrir styrkveitingunum. Spurt var hvort styrkveitingar væru viðeigandi m.t.t. starfsemi viðkomandi stofnunar og töldu 42 að svo væri. Í 4 tilvikum var þetta atriði ekki kannað sérstaklega og í 3 tilvikum voru slíkar styrkveitingar ekki taldar vera viðeigandi.

Þegar skoðað var hvaða málsmeðferð var notuð við að ákvarða styrki kom í ljós að hún var mjög mismunandi hjá einstökum stofnunum. 45% auglýstu styrkveitingar sínar, 43% höfðu þar til gerð eyðublöð fyrir umsóknir um styrki, hjá 53% var til skrifleg greinargerð um markmið verkefnisins.

Við úrvinnslu umsókna fer fram formlegt mat á markmiðum viðkomandi verkefnis í 76% tilvika. Mismunandi er hvort aðrir þættir eru teknir inn í mat á umsóknum en atriði eins og kostnaðaráætlanir og tímaáætlanir eru hafðar til hliðsjónar í 25% tilvika.

Einnig var kannað hvort eitthvað er gert eftir að styrkir eru veittir, t.d. hvort fylgst sé með verkefnum eða óskað eftir greinargerðum frá þeim sem fá styrki þar sem þeir gera grein fyrir árangri styrkveitingarinnar. 35% stofnana sem veittu styrki óskuðu eftir einhvers konar áfanga- og/eða lokaskýrslu. Hins vegar vekur athygli að 57% stofnana meta ekki árangur styrkveitinga. Að hluta til á þetta sér eðlilegar skýringar þar sem eðli styrkjanna er þannig að veiting þeirra kallar ekki á eftirfylgni.

4 Endurskoðun á efnahag ríkissjóðs

Í þessum kafla er greint frá endurskoðun efnahags A-hluta ríkissjóðs fyrir árið 2002 og fjallað um helstu stærðir í efnahagsreikningi ríkissjóðs 2002 með samanburði við fyrra ár. Fyrst er vikið að handbæru fé, skammtíma-kröfum og skammtímaskuldum. Því næst er umfjöllun um veitt og tekin lán hjá Endurlánum ríkissjóðs og þau lán sem fjármálaráðuneytið hefur sjálft umsjón með og bókfærð eru beint hjá Fjársýslu ríkisins. Fjallað er um afskriftir krafna, annarra en skattkrafna, og um afskriftareikning ríkissjóðs. Að lokum er fjallað um langtímaskuldir ríkissjóðs.

Eftirfarandi endurskoðunaraðgerðum var beitt við endurskoðun efnahags ríkissjóðs fyrir árið 2002:

- Sjóður hjá ríkisféhirði var talinn um áramót.
- Farið var yfir afstemmingar bankareikninga.
- Við mat á innra eftirliti var einkum stuðst við fyrri athuganir stofnunarinnar.
- Farið var yfir viðskiptareikninga hjá Endurlánum ríkissjóðs.
- Farið var yfir veitt lán ríkissjóðs í umsjá fjármálaráðuneytisins.
- Uppgjör spariskirteina og annarra ríkisverðbréfa var kannað hjá Lánasýslu ríkisins.
- Staða bókhalds og lána hjá Endurlánum ríkissjóðs var könnuð í lok september 2002.
- Skammtímakröfur og -skuldir voru kannaðar.

Handbært fé ríkissjóðs

Handbært fé ríkissjóðs og ríkisstofnana í A-hluta nam alls 16,5 ma.kr. í árslok 2002 en var 18 ma.kr. árið á undan. Mestur hluti handbærs fjár ríkissjóðs er á bankareikningum hjá Seðlabanka Íslands. Talning á sjóði hjá Fjársýslu ríkisins um áramót og úrtaksathugun á verðbréfum sem þar eru varðveitt sýnir að sjóðvarsla og innheimta stofnunarinnar eru í góðu lagi, en gerðar voru nokkrar athugasemdir við vörslu, skráningu og meðferð annarra verðbréfa í eigu ríkissjóðs.

Skammtímakröfur

Skammtímakröfur ríkissjóðs námu 75 ma.kr. í árslok 2002 en kröfur að frátöldum óinnheimtum ríkissjóðstekjum námu 17 ma.kr. Eftirfarandi tafla sýnir breytingarnar milli ára.

Tafla 22 Skammtímakröfur ríkissjóðs

<i>Í m.kr.</i>	2002	2001	Breyt.	%
Aðrar skammtímakröfur	17.133	8.514	8.619	101,2
Óinnheimtar ríkistekjur	58.170	53.400	4.770	8,9
Samtals	75.303	61.914	13.389	21,6

Í þessari töflu kemur fram að útistandandi kröfur A-hluta stofnana hækkuðu milli ára um 13,4 ma.kr. eða 21,6%. Hækkunin skýrist að mestu af hærri skammtímakröfum vegna sölu á hlutabréfum ríkisins í Landsbanka Íslands hf. í árslok. Á móti kemur 2,1 ma.kr. lækkun skuldaviðurkenninga hjá Tollstjóranum í Reykjavík til tryggingar á aðflutningsgjöldum af erlendum listaverkum á sýningum hér á landi árið 2001. Óinnheimtar ríkistekjur hækkuðu um 4,8 ma.kr. á árinu 2002 eða 9%.

Þegar innheimtumenn ríkisins krefjast gjaldþrotaskipta þurfa þeir að greiða 150 þús.kr. tryggingarfé til viðkomandi héraðsdóms sem síðan er afhent skiptastjóra eftir að hann er skipaður. Í árslok 2002 námu kröfur ríkissjóðs á hendur skiptastjórum vegna gjaldþrotaskipta um 115 m.kr. og jukust þær um 13 m.kr. frá fyrra ári. Kröfurnar ná aftur til ársins 1993. Á árinu 2002 lauk skiptum á 213 búum vegna árána 2001 og fyrr, en í árslok höfðu 320 ný bú verið tekin til skipta. Hafa verður þann fyrirvara á þessum tölum að búskiptum getur verið lokið án þess að skiptastjóri hafi gert upp tryggingafé og einnig að innheimtuembætti eigi eftir að senda gögn um lok skipta til bókonar hjá Fjársýslunni.

Tafla 23 Aldursdreifing á kröfum ríkissjóðs vegna gjaldþrotaskipta

<i>Í þús. kr.</i>	Árslok 2002		Árslok 2001	
	<i>Fjöldi búa</i>	<i>Fjárhæð</i>	<i>Fjöldi búa</i>	<i>Fjárhæð</i>
1993	21	3.150	27	3.975
1994	34	4.950	42	5.550
1995	19	2.675	25	2.975
1996	22	3.300	29	3.150
1997	17	2.700	27	2.850
1998	46	7.050	55	9.150
1999	93	14.025	105	15.975
2000	118	17.250	161	26.100
2001	109	15.900	217	32.550
2002	320	44.850		
Samtals	799	115.850	688	102.275

Árið 2002 greiddu innheimtumenn ríkissjóðs tryggingafé vegna beiðna um gjaldþrotaskipti á 501 búi. Í nokkrum tilfellum er krafist gjaldþrotaskipta á tiltöluleg ungum fyrirtækjum, jafnvel innan árs frá því þau voru stofnuð. Nefna má að krafist var skipta á 9 fyrirtækjum sem stofnuð voru 2001, 48 fyrirtækjum sem stofnuð voru 2000 og 168 fyrirtækjum sem stofnuð voru á árunum 1997 til 1999.

Skv. upplýsingum frá Lánstrausti fjölgaði gjaldþrotum fyrirtækja um 56,5% á milli árunna 2001 og 2002 eða úr 361 í 565 fyrirtæki. Til samanburðar má geta þess að árið 1998 urðu 240 fyrirtæki gjaldþrota. Þá kemur einnig fram að árangurslausum fjárnámum einstaklinga fjölgaði um 26,1% á milli árunna 2001 og 2002 og árangurslausum fjárnámum hjá fyrirtækjum fjölgaði um 25,6% á milli sömu ára. Árangurslaus fjárnám voru 9.932 á árinu 2002 en 3.670 á árinu 1998 og hafa því tæplega þrefaldast á þessu árabili.

Þá má nefna að gjaldþrotum einstaklinga og lögaðila fjölgaði um 61% fyrstu fjóra mánuði ársins 2003 miðað við sama tímabil 2002. Gjaldþrotaúrskurðir voru 932 á árinu 2002 en á fyrstu fjórum mánuðum ársins 2003 voru skráð 425 gjaldþrot. Þetta endurspeglast m.a. í aukningu á útistandandi kröfum ríkissjóðs vegna þrotabúa en í lok september 2003 námu þær 132 m.kr.

Í skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2001 gagnrýndi Ríkisendurskoðun seinadrátt við búskipti og afskiptaleyzi innheimtumanna gagnvart skiptastjórum, m.a. með hliðsjón af 76. og 78. grein laga nr. 12/1991 um gjaldþrotaskipti.

Í lok október 2002 sendi Fjársýsla ríkisins 19 innheimtumönnum bréf vegna óuppgerðs tryggingafjár hjá skiptastjórum. Sérstakt yfirlit var gert um bú sem tekin voru til gjaldþrotaskipta á árunum 1993 til 2000. Átti að senda athugasemdir og greinargerð um stöðu þrotabúanna til stofnunarinnar eigi síðar en 5. desember 2002. Svör bárust frá 13 embættum, en 6 innheimtu-embætti svöruðu ekki, þar af tvö af stærstu embættunum, Tollstjórinn í Reykjavík og Sýslumaðurinn á Akureyri. Ekki er vafi á að framangreint bréf bar nokkurn árangur því að árið 2002 lauk skiptum á 58 búum sem hafist höfðu 1999 eða fyrr. Sum embættin létu þess getið að skiptastjórar hafi ítrekað hunsað fyrirspurnir þeirra. Skiptum var í sumum tilfellum löngu lokið en „láðst“ hafði að senda uppgjör á tryggingafé og jafnvel að birta skiptalok í Lögbirtingablaðinu. Fyrirspurnin leiddi einnig til þess í nokkrum tilfellum að innheimtumenn sendu skriflega kvörtun til viðkomandi héraðsdóms í samræmi við ákvæði 76. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti.

Að mati Ríkisendurskoðunar er nauðsynlegt að taka til endurskoðunar ákvörðun og greiðslu tryggingafjár. Heimild til að krefjast tryggingar er að finna í 2. mgr. 67. gr. áðurnefndra laga. Þar segir m.a.: „Ef framkomin gögn taka ekki af tvímæli um að eignir skuldarans muni nægja fyrir greiðslu skiptakostnaðar, ef krafan yrði tekin til greina, skal héraðsdómari krefja þann sem hefur gert hana um tryggingu tiltekinnar fjárhæðar fyrir kostnaðinum áður en krafan verður tekin fyrir, ...“. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að í þessari málsgrein sé gert ráð fyrir nánari reglum en í þágildandi lögum um hvernig staðið verði að ákvörðun um þá tryggingu fyrir skiptakostnaði sem sá sem krefst gjaldþrotaskipta kann að vera krafinn um og um setningu tryggingarinnar. Ekki verður séð að löggin séu jafn skýr og lesa má út úr greinargerðinni. Löggin kveða hvorki á um tiltekna fjárhæð né heldur um form tryggingar, t.d. hvort setja megi bankatryggingu.

Í handbók um gjaldþrotaskipti o.fl., sem gefin var út af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu í júní 2002, er fjallað um þessa tryggingu. Þar kemur fram að hún verði almennt að vera í formi peninga því að dómari varðveiti ekki trygginguna heldur afhendi hana skiptastjóra sem þarf að geta gengið á hana eftir því sem þörf er á, t.d. vegna útlagðs kostnaðar. Ríkisendurskoðun telur að þetta fyrirkomulag orki mjög tvímælis. Trygging á sér tvær hliðar. Annars vegar er henni ætlað að tryggja að skiptastjóri fái greiddan skiptakostnað að því marki sem hann greiðist ekki af eignum búans. Á hinn bóginn ætti sá sem trygginguna setur ekki að þurfa að greiða fyrir en til kostnaðar hafi verið stofnað af viðkomandi skiptastjóra.

Nýverið ákvað héraðsdómur Reykjavíkur að hækka trygginguna úr 150 þús. kr. í 250 þús. kr. Miðað við þau 500 bú sem innheimtumenn ríkissjóðs kröfðust skipta á árið 2002 hefði tryggingaféð orðið 50 m.kr. hærra en greitt var. Þetta kallar enn frekar á endurskoðun á þessu fyrirkomulagi. Auka þarf ábyrgð og skyldur skiptastjóra og kemur í því sambandi til álita að auka eftirlitsskyldu viðkomandi dómara þar sem hann tekur ákvörðun um að greiða trygginguna út. Einnig kemur til álita að greiða ekki út trygginguna fyrir en í fyrsta lagi að lokinni innköllun skiptastjóra og yrði það þá háð mati dómara hvort ástæða væri til að greiða út hluta tryggingar eða hana alla.

Skammtímaskuldir

Í heild námu skammtímaskuldir ríkissjóðs tæplega 69 ma.kr. í árslok 2002 sem er 3 ma.kr. hækkun frá 2001. Stærsti liðurinn eru áætlaðar afborganir langtímalána að fjárhæð 32 ma.kr. Meðfylgjandi tafla sýnir sundurliðun skammtímaskulda.

Tafla 24 Skammtímaskuldir ríkissjóðs

<i>Í m.kr.</i>	2002	2001	Breyt.	%
Krafa á ríkistekjur	1.267	1.132	135	11,9
Ógreidd gjöld	7.176	6.081	1.095	18,0
Áfallnir, ógjaldfallnir vextir	7.380	7.898	(518)	(6,6)
Tekin stutt lán	12.133	12.160	(27)	(0,2)
Aðrar skammtímaskuldir	8.754	10.311	(1.557)	(15,1)
Næsta árs afborganir langtímalána	31.953	27.596	4.357	15,8
Samtals	68.663	65.179	3.485	5,3

Næsta árs afborganir af teknum langtímalánum eru fluttar af langtímaskuldum á efnahagsreikningi í árslok. Fjárhæðin er áætluð og eru 18 ma.kr. af henni vegna innlendra lána og 14 ma.kr. vegna erlendra lána.

Krafa á ríkistekjur er skuld ríkissjóðs við ýmsa aðila sem innheimta markaðar tekjur og aðrar rekstrartekjur. Krafan nam 1,1 ma.kr. í árslok 2001 en var 1,3 ma.kr. í árslok 2002 sem er 12% hækkun frá árinu á undan. Liðurinn ógreidd gjöld nam tæplega 7,2 ma.kr. í árslok 2002. Hér er um að ræða ógreiddan almennan rekstrarkostnað vegna ársins 2002. Hækkunin var um 1,1 ma.kr. frá fyrra ári eða 18%. Skýrist sú hækkun að mestu leyti af hækkun skulda sjúkrahúsa og sjúkrastofnana.

Áfallnir ógjaldfallnir vextir námu 7,49 ma.kr. í árslok 2002. Þetta eru vextir sem koma til greiðslu innan eins árs. Þeir lækkuðu um 518 m.kr. frá árinu á undan. Lækkunin skýrist að mestu af lækkun vaxtagjalda af erlendum lánum bæði vegna lægri vaxta og gengisbreytinga.

Aðrar skammtímaskuldir lækkuðu um 1,6 ma.kr. frá fyrra ári og námu alls 8,8 ma.kr. í árslok. Þessi liður samanstendur af skuldum á almennum viðskiptareikningum. Eins og fyrr segir skýrist lækkunin að mestu af niðurfellingu skuldaviðurkenningar sem tengist tryggingu á aðflutningsgjöldum af erlendum listaverkum sem flutt voru tímabundið til landsins til sýninga árið 2001.

Veitt lán ríkissjóðs

Stærsti hluti veittra lána ríkissjóðs er færður í bókhald Endurlána ríkissjóðs hjá Lánasýslu ríkisins en einnig er nokkur hluti þeirra í beinni umsjá Fjársýslu ríkisins. Auk þess eru nokkrar langtímakröfur færðar beint hjá A-hluta stofnunum.

Tafla 25 Veitt lán ríkissjóðs, heildaryfirlit

<i>Í m.kr.</i>	2002	2001	Breyt.	%
Staða í ársbyrjun	93.049	70.919	22.130	31,2
Ný lán á árinu	4.682	20.886	(16.204)	(77,6)
Afborganir	(15.992)	(8.275)	(7.717)	93,3
Endurmat ársins	(865)	9.518	(10.383)	(109,1)
Staða í árslok	80.874	93.049	(12.175)	(13,1)

Veitt lán ríkissjóðs lækkuðu verulega árið 2002 eða um 13% eins og fram kemur í töflunni hér að framan. Ný lán námu 5 ma.kr. sem er veruleg lækkun frá árinu á undan en þá námu nýjar lánveitingar rúmlega 21 ma.kr. Afborganir lána á árinu 2002 voru rúmlega 16 ma.kr. en árið á undan voru þær 8 ma.kr. Hafa ber í huga að framangreindar fjárhæðir og stöðutölur eru sýndar hér „nettó“, þ.e. eftir að fjárhæðir á afskriftareikningi hafa verið dregnar frá. Endurmat er neikvætt í heild sinni vegna þess að stór hluti lánanna er tryggður í erlendri mynt sem hefur lækkað miðað við gengi íslensku krónunnar. Veitt lán eru ýmist færð hjá Endurlánum ríkissjóðs, Fjársýslu ríkisins eða hjá A-hluta stofnunum með aðskilinn efnahag.

Veitt endurlán

Veitt innlend endurlán eru í umsjá Lánasýslu ríkisins. Taflan hér að neðan sýnir stöðu lánanna og helstu breytingar á þeim 2002 og 2001.

Tafla 26 Staða veittra lána ríkissjóðs hjá Endurlánum

<i>Í m.kr.</i>	2002	2001	Breyt.	%
Staða í ársbyrjun	46.379	41.701	4.677	11,2
Ný lán á árinu	3.644	4.043	(399)	(9,9)
Afborganir	(6.266)	(4.373)	(1.893)	43,3
Endurmat ársins	(1.403)	5.008	(6.411)	(128,0)
Staða í árslok	42.353	46.379	(4.026)	(8,7)

Langtímakröfur hjá Endurlánum námu alls 42,4 ma.kr. í árslok 2002 í samanburði við 46,4 ma.kr. árið 2001. Endurmat lána lækkaði verulega á árinu eða um 1,4 ma.kr. Skýrist sú lækkun af því að hluti lánanna er í Bandaríkjadöllum en gengi dalsins lækkaði verulega á árinu 2002. Alls voru veitt ný lán á árinu 2002 að fjárhæð 3,6 ma.kr. samanborið við 4,0 ma.kr. árið á undan. Árinu 2002 var mest lánað til Lánasjóðs íslenskra námsmanna.

Vanskil lána hjá Endurlánum ríkissjóðs

Vanskil lána hjá Endurlánum ríkissjóðs lækkuðu verulega á árinu 2002. Í upphafi ársins námu þau 185 m.kr. en voru 81 m.kr. í árslok. Lækkunin var því um 56%. Þess má einnig geta að samkvæmt stöðulista í september 2003 nema vanskilin nú um 85 m.kr. Vanskil lækkuðu verulega við uppgjör í tengslum við kaup ríkisins á Hótel Valhöll á Þingvöllum sem gengið var frá á árinu 2002. Öll vanskilin eru tilkomin vegna veittra lána sem voru yfirtekin þegar Framkvæmdasjóður Íslands var lagður niður.

Veitt lán önnur en hjá Endurlánum ríkissjóðs

Eftirfarandi tafla sýnir stöðu lánveitinga ríkissjóðs sem bókfærðar eru hjá Fjársýslu ríkisins án milligöngu Lánasýslu ríkisins. Þess skal getið að lánveitingar A-hluta stofnana með aðskilinn efnahag eru ekki taldar hér með.

Tafla 27 Veitt löng lán ríkissjóðs, án endurlána

<i>Í m.kr.</i>	2002	2001	Breyt.	%
Staða í ársbyrjun	44.002	28.509	15.493	54,3
Ný lán á árinu	795	16.602	(15.808)	(95,2)
Afborganir	(8.903)	(3.506)	(5.397)	153,9
Endurmat ársins	539	2.397	(1.858)	(77,5)
Staða í árslok	36.432	44.002	(7.570)	(17,2)

Veitt langtímalán ríkissjóðs, án endurlána, námu 36 ma.kr. í árslok 2002. Staða lánanna í árslok var um 7,6 ma.kr. lægri en árið á undan eða 17%. Nýjar lánveitingar ríkissjóðs án endurlána á árinu 2002 námu 795 m.kr. Mest munar þar um skuldabréf Kópavogskaupstaðar að fjárhæð 700 m.kr. vegna sölu á Vatnsenda- og Fífuhvammislandi. Önnur ný lán á árinu 2002 voru m.a. vegna uppgjörslíða, skilmálabreytinga og skattskulda.

Rétt er að geta þess hér að lokauppgjör hlutdeildarskírteina við hlutafjárdeild Próunarsjóðs sjávarútvegsins á árinu 2002 hefur ekki verið fært. Stefnt er að því að færa uppgjórið á þessu ári.

Afskriftir lána hjá ríkissjóði

Meðfylgjandi tafla sýnir stöðu afskriftareiknings ríkissjóðs fyrir 2002 og 2001. Afskriftareikningurinn er mótreikningur sem myndaður er vegna þeirrar áhættu sem talin er vera fólgin í þeim skuldabréfum og viðskipta-kröfum sem ríkissjóður hefur fært til eignar. Afskriftareikningurinn byggist á mati og sýnir líkleg útlánatöp. Þess ber að geta að reikningurinn sýnir ekki

áætluð töp vegna skattkrafna. Um þau töp er fjallað á öðrum stað í skýrslunni. Í árslok 2002 voru 398 m.kr. á afskriftareikningi og hafði það ekki breyst mikið frá fyrra ári. Hér verður fjallað nánar um einstaka liði afskriftareikningsins í meðfylgjandi töflu.

Tafla 28 Skipting afskriftareiknings ríkissjóðs 2002 og 2001

<i>Í m.kr.</i>	2002	2001	Breyt.	%
Fiskeldislán hjá Byggðastofnun	129	123	6	5,0%
Hlutfjárdeild Próunarsjóðs sjávarútv.	175	175	0	0,0%
Endurlán ríkissjóðs	67	67	0	0,0%
Önnur veitt lán ríkissjóðs	27	27	0	0,0%
Samtals	398	392	6	1,6%

Afskriftareikningur fiskeldislána hjá Byggðastofnun er tilkominn vegna sérstakra fiskeldislána á vegum landbúnaðarráðuneytisins. Lánin eru í umsjá Byggðastofnunar. Í upphafi ársins 2002 var staða afskriftareiknings lánanna 123 m.kr. en ákveðið var að hækka afskriftareikninginn um 6 m.kr. á árinu og endaði hann í 129 m.kr.

Afskriftareikningur hlutfjárdeildar Próunarsjóðs sjávarútvegsins að fjárhæð 175 m.kr. er tilkominn vegna hlutdeildarskírteina í eigu ríkissjóðs. Þar sem lokauppgjör liggur fyrir þarf að færa þessa afskrift út úr bókum ríkisins og lækka afskriftareikninginn sem því nemur.

Afskriftareikningur Endurlána ríkissjóðs breyttist ekki á árinu 2002. Hann hækkaði á árinu 1999 vegna yfirtöku endurlána á veittum lánum Framkvæmdasjóðs Íslands. Staðan á afskriftareikningi endurlána nam því 67 m.kr. í árslok 2002 sem er óbreytt staða frá fyrra ári.

Afskriftareikningur vegna annarra veittra lána er í umsjá afskriftanefndar. Lagt er mat á afskriftaþörf veittra lána í bókhaldi ríkisins. Niðurstaða afskriftanefndar fyrir árið 2002 var sú að ekki sé ástæða til að breyta afskriftareikningnum frá því sem hann var í árslok 2002 en þá var hann rúmlega 27 m.kr.

Langtímaskuldir

Langtímaskuldir ríkissjóðs námu 443 ma.kr. í árslok 2002 en voru 440 ma.kr. í árslok 2001. Hækkunin var því rúmlega 3 ma.kr. eins og fram kemur í töflunni hér að neðan.

Tafla 29 Staða langtímaskulda og skuldbindinga ríkissjóðs 2002 og 2001

Í m.kr.	2002	2001	Breyt.	%
Lífeyrisskuldbindingar	183.230	167.746	15.484	9,2
Tekin löng innlend lán	77.818	73.902	3.916	5,3
Tekin löng erlend lán	182.005	198.289	(16.284)	(8,2)
Samtals	443.053	439.937	3.116	0,7

Tekin löng erlend lán lækkuðu verulega á árinu 2002, þ.e. úr 198 ma.kr. í 182 ma.kr. Þetta eru rúmlega 16 ma.kr. eða 8%. Lífeyrisskuldbindingar hækkuðu um 15 ma.kr. eða 9%. Innlend lán hækkuðu minna. Nánar verður fjallað um lífeyrisskuldbindingar og lántökur í sérstökum köflum hér á eftir.

Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs námu 183 ma.kr. í árslok 2002 en 168 ma.kr. árið á undan. Hækkunin milli ára var um 15 ma.kr. eða 9%.

Tafla 30 Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs 2002 og 2001

Í m.kr.	2002	2001	Breyt.	%
Staða í ársbyrjun	167.746	163.007	4.739	2,9
Nýjar skuldbindingar á árinu	30.819	22.746	8.073	35,5
Greiðslur ríkissjóðs á árinu	(15.334)	(18.007)	2.673	(14,8)
Staða í árslok	183.230	167.746	15.485	9,2

Nýjar skuldbindingar námu tæplega 31 ma.kr. á árinu 2002 en 23 ma.kr. á árinu 2001. Ástæður hækkunarinnar eru tvær. Annars vegar stafa þær af spám um auknar lífslíkur sem notaðar eru við tryggingafræðilega útreikninga og hins vegar af slakri ávöxtun eigna. Báðir þessir þættir verða til að hækka lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs. Skuldbindingarnar í heild hækkuðu því mun meira árið 2002 eða um 9% samanborið við tæplega 3% hækkun árið á undan. Af hækkun nýrra skuldbindinga á árinu 2002 voru 16,3 ma.kr. færðar til gjalda í rekstrarreikningi en 14,5 ma.kr. fóru á endurmatsreikning. Ríkisendurskoðun hefur áður gagnrýnt í endurskoðunarskýrslum að færsla á endurmatsreikning taki ekki mið af almennum verðlagsbreytingum heldur af launabreytingum opinberra starfsmanna.

Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs skiptust milli lífeyrissjóða árið 2002 þar sem samtímaiðgjöld standa einungis að hluta til undir fjármögnum sjóðanna. Eftirfarandi tafla sýnir skiptinguna árin 2002 og 2001.

Tafla 31 Skipting lífeyrisskuldbindinga milli lífeyrissjóða 2002 og 2001

<i>Í m.kr.</i>	2002	2001	Breyt.	%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (B-deild)	155.187	141.388	13.799	9,8
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	12.964	12.535	429	3,4
Lífeyrissjóður alþingismanna	4.005	3.642	363	10,0
Lífeyrissjóður ráðherra	852	765	87	11,4
Skuldbindingar v. hæstaréttardómara o.fl.	1.536	1.458	78	5,3
Eftirlaun fyrrum starfsmanna Útvegsbanka	3.162	2.907	255	8,8
Lífeyrissj. sveitarfélaga v. samrekstrarstofnana	5.525	5.052	473	9,4
Samtals	183.230	167.746	9,2	9,2

Eins og fram kemur í töflunni eru um 84,7% lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs tilkomin vegna B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins en 7% vegna Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga. Hlutdeild skuldbindinga B-deildar hefur heldur farið vaxandi í heildarskuldbindingum en hlutur Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga hefur heldur minnkað. Skuldbindingar vegna B-deildar jukust um 14 ma.kr. frá fyrra ári eða um 10%. Skuldbindingar vegna Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga jukust um 3% milli ára. Loks má nefna að skuldbindingar vegna Lífeyrissjóðs alþingismanna jukust um 10% milli ára og vegna Lífeyrissjóðs ráðherra um 11%. Skuldbindingar vegna Lífeyrissjóðs sveitarfélaga v. samrekstrarstofnana voru metnar á 5,5 ma.kr.

Samkvæmt lögum um B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins endurgreiða launagreiðendur sjóðnum þann hluta lífeyris sem nemur hækkun á úrskurðuðum lífeyri. Hluti launagreiðenda hefur þegar gert upp áfallnar skuldbindingar sínar við B-deild og verður sjóðurinn að standa að fullu undir þessum hluta skuldbindinganna með eignum sínum. Í árslok 2002 nam reiknuð óuppgerð áfallin skuldbinding 250 ma.kr. en eignir upp í óuppgerða skuldbindingu námu 17,6 ma.kr. eða um 7% af skuldbindingum. Þetta hlutfall lækkaði verulega á árinu 2002, en í árslok 2001 var samsvarandi hlutfall 10,5%. Skýringin á lækkuninni er að skuldbindingar deildarinnar hafa hækkað meira en sem nemur ávöxtun eigna. Samsvarandi hlutfall fyrir Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga var 21,4% í árslok 2002 sem er lækkun frá árinu á undan en þá var hlutfallið 23,4%.

Innborganir ríkissjóðs til LSR og LH

Aukaframlög ríkissjóðs byggjast á ákvörðun fjármálaráðherra frá 1999 um að ríkissjóður skyldi hefja greiðslur inn á framtíðarskuldbindingar sínar við Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga. Gerður var sérstakur samningur um þessar innborganir til lífeyrissjóðanna. Aukaframlögin voru á síðasta ári bein fjárframlög en auk þess komu til skil ríkissjóðs á viðbótarframlagi sveitarfélaga vegna grunnskólakennara og

viðbótariðgjöldum samkvæmt sérstakri ákvörðun. Á árinu 1999 var undirritaður sérstakur samningur milli Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðherra um hvernig farið skyldi með þessar greiðslur.

Bein aukaframlög ríkissjóðs námu samtals 10,9 ma.kr. á árinu 2002 sem er lækkun frá árinu á undan um 3,4 ma.kr. eða 23,7%. Viðbótariðgjald A-hluta ríkissjóðs nam um 1,4 ma.kr. Viðbótarframlag vegna grunnskólakennara, sem tengist eingöngu B-deild Lífeyrissjóðsins, nam 479 m.kr. Verðbætur og vextir sem reiknaðir voru á stöðuna í árslok námu alls 392 m.kr.

Tafla 32 Innborganir ríkissjóðs 2002 vegna lífeyrisskuldbindinga

<i>í m.kr.</i>	<i>Greitt til LSR</i>	<i>Greitt til LH</i>	<i>Greiðslur samtals</i>
Aukaframlög ríkissjóðs	8.100	900	9.000
Viðbótariðgjöld A-hluta ríkissjóðs	1.256	158	1.414
Viðbótarframlag vegna grunnskólakennara	479		479
	9.834	1.058	10.892
Verðbætur og vextir til ársloka 2002	416	(24)	392
Samtals	10.250	1.034	11.284

Langtímafjármögnun ríkissjóðs

Tekin löng lán ríkissjóðs lækkuðu um 17 ma.kr. á árinu 2002 eða úr 286 ma.kr. í 269 ma.kr. á árinu 2001. Lækkunin nam um 6%. Innlendar skuldir lækkuðu um 894 m.kr. og erlendar skuldir um 16 ma.kr. eða 8%. Meginskýring á lækkun erlendra skulda var gengishækkun krónunnar. Hlutfall erlendra lánsfjármögnunar ríkissjóðs til langs tíma lækkaði því úr 69,3% í 67,7% af teknum löngum lánnum samtals. Eftirfarandi tafla sýnir þessa skiptingu nánar.

Tafla 33 Langtímafjármögnun ríkissjóðs 2002-2001

<i>Í m.kr.</i>	2002	2001	<i>Breyt.</i>	%
Innlend fjármögnun	86.970	87.864	(894)	(1,0%)
Erlend fjármögnun	182.005	198.289	(16.284)	(8,2%)
Samtals	268.975	286.153	(17.178)	(6,0%)

Innlend lántaka

Lántökukostnaður vegna tekinnna innlendra lána

Lántökukostnaður ríkissjóðs, sem færður er í bókhaldi Endurlána ríkissjóðs, lækkaði frá árinu á undan. Hafa ber í huga að hér er eingöngu um að ræða lántökukostnað vegna innlendra lántöku ríkissjóðs.

Árið 2002 var lántökukostnaðurinn 272 m.kr. en 615 m.kr. árið 2001. Skýringarnar eru þær² að gerðir voru sérstakir samningar við verðbréfafyrirtækin um viðskiptavakt fyrir spariskírteini og ríkisbréf vegna sérstakra aðstæðna á innlendum skuldabréfamarkaði vorið 2000. Þóknarir til verðbréfafyrirtækjanna voru miðaðar við veltu en að öðru leyti voru sett nokkur önnur skilyrði um viðskiptin. Gjaldfærsla skv. samningunum átti sér ekki stað fyrir en síðla árs 2000 en kom síðan af miklum þunga á árið 2001 sem skýrir hina tiltölulega háu þóknun það ár. Allir samningar sem nú hafa verið gerðir við verðbréfafyrirtækin og giltu árið 2002 hafa miðast við að takmarka þóknunina frá því sem hún var auk þess sem sett hefur verið þak á hana. Þessi atriði skýra bæði mikla hækkun þóknunar á árinu 2001 og sömuleiðis lækkunina árið 2002. Auk þessara atriða sem hér hafa verið rakin má nefna að þóknarir til Seðlabanka lækkuðu verulega árið 2002 frá árinu 2001.

Spariskírteini

Spariskírteini ríkissjóðs eru í umsjón Lánasýslu ríkisins og færð í bókhaldi Endurlána ríkissjóðs. Auk þess fer Seðlabanki Íslands með nokkra þætti varðandi spariskírteinin m.a. innlausn þeirra.

² Eins og fram kom í Endurskoðunarskýrslu með Ríkisreikningi fyrir árið 2001.

Tafla 34 Staða spariskírteina í árslok 2002 og 2001 skv. bókhaldi Endurlána ríkissjóðs

<i>Í m.kr.</i>	2002	2001	Breyt.	%
Staða spariskírteina án vaxta	53.886	63.339	(9.453)	(14,9)
Frá dregst: Afföll	(18.409)	(13.143)	(5.267)	28,6
Við bætist: Gengisauki	5	84	(79)	(93,6)
Við bætast: Áfallnir vextir	13.581	18.657	(5.076)	(27,2)
Heildarstaða spariskírteina	49.063	68.937	(19.874)	(28,8)

Spariskírteinasuld ríkissjóðs í heild lækkaði verulega frá árinu á undan eða um 20 ma.kr. sem er 29% lækkun. Staða spariskírteina án vaxta lækkaði um 9,5 ma.kr. og áfallnir vextir lækkuðu um 5 ma.kr. Lækkunin er mun meiri en árið á undan. Meginskýringin er sú að engin útgáfa eða sala á spariskírteinum átti sér stað á síðasta ári.

Tafla 35 Staða spariskírteina ríkissjóðs: Þróun 1995-2002

<i>Í m.kr.</i>	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002
Heildarstaða	77.072	76.643	86.143	84.874	84.189	73.125	68.937	49.063

Ef litið er á heildarstöðu útistandandi spariskírteina ríkissjóðs s.l. átta ár á verðlagi hvers árs sést að spariskírteinasuld ríkissjóðs fór vaxandi allt til ársins 1998. Síðan hefur skuldin farið ört lækkandi eins og fram kemur í neðangreindri töflu. Sé hins vegar miðað við fast verðlag hefur heildarspariskírteinasuld ríkissjóðs lækkað um 54% frá því sem hún var hæst en það var á árinu 1997.

Ríkisbréf og ríkisvixlar

Tafla 36 Staða ríkisbréfa og ríkisvixla í bókhaldi Endurlána ríkissjóðs 2002 og 2001

<i>Í m.kr.</i>	2002	2001	Breyt.	%
Ríkisbréf:				
Staða nafnverðs	38.459	25.669	12.790	49,8
Áfallnir vextir	417			
Frá dregst: Afföll	(5.978)	(6.081)	103	(1,7)
Heildarstaða	32.898	19.588	12.893	65,8
Ríkisvixlar:				
Staða nafnverðs	12.003	12.002	1	0,0
Frá dregst: Afföll	(206)	(303)	97	(32,0)
Heildarstaða	11.797	11.699	98	0,8
Samanlögð staða	44.695	31.287	12.991	41,5

Skuldastaða ríkissjóðs í ríkisvixlum og ríkisbréfum hækkaði á árinu 2002 úr 31 ma.kr. í 45 ma.kr. eða um 41% þegar tekið hefur verið tillit til affalla, þ.e. nettó stöðu. Nýr flokkur ríkisbréfa var seldur á árinu með endurgreiðslu árið 2013. Sá flokkur ber 7,25% nafnvexti. Skuldastaðan í ríkisbréfum árið 2002 hækkaði um 13 ma.kr. milli ára en staðan í ríkisvixlum var óbreytt á sama tíma.

Erlend lántaka

Verkefni Seðlabanka Íslands við erlendar lántökur ráðast af sérstökum samningi milli fjármálaráðherra og bankans. Seðlabankinn sér bæði um að framkvæma ákvarðanir um lántökur og hefur umsjón með bókhaldi lánanna fyrir ríkissjóð. Skv. 9. gr. laga nr. 43/1990 um Lánasýslu ríkisins segir að heimilt sé „að semja við Seðlabanka Íslands um að hann annist framkvæmd erlendra lánamála, ríkisábyrgða- og endurlánamála“.

Ríkisendurskoðun sá um fjárhagsendurskoðun á teknum erlendum lánunum hjá Seðlabanka fyrir árið 2002 en endurskoðunardeild Seðlabankans fer með innri endurskoðun vegna tekinnna erlendra lána ríkissjóðs eins og lög og reglur mæla fyrir um.

Við endurskoðun erlendra lána 2002 komu ekki fram neinar sérstakar athugasemdir en þó má benda á að huga þyrfti að lagfæringum í sambandi

við Skil kerfið sem heldur utan þessi lán. Á það einkum við lagfæringu á gengisendurmati tiltekinna lána.

Erlendar lántökur árið 2002

Tvö ný erlend langtímalán voru tekin hjá Citibank á árinu 2002, samtals að fjárhæð 34,4 ma.kr., samanborið við 47,6 ma.kr. árið 2001. Bæði lánin voru tekin í evrum og voru skiptikjaralán tekin á móti hluta af öðru láninu. Auk þess voru tekin veltilán í Bandaríkjadöllum, svissneskum frönskum, japönskum jenum, og evrum.

Staða erlendra lána í árslok

Erlendra lán ríkissjóðs að meðtöldum áföllnum vöxtum, gengisauka og afföllum námu 185 ma.kr. í árslok 2002. Árið 2001 var sambærileg fjárhæð 202 ma.kr. Þannig lækkuðu erlendar skuldir ríkissjóðs um 16,6 ma.kr. eða 8% á árinu 2002. Áfallnir vextir lækkuðu um 345 m.kr. á árinu eða um 10% bæði vegna vaxtalækkana og hagstæðs gengis.

Tafla 37 Staða erlendra lána með áföllnum fjármagnskostnaði

<i>Í m.kr.</i>	<i>2002</i>	<i>2001</i>	<i>Breyt.</i>	<i>%</i>
Staða tekinna lána	182.225	198.317	(16.092)	(8,1)
Afföll af lánum	(249)	(77)	(172)	223,4
Áfallnir vextir	3.096	3.441	(345)	(10,0)
Samtals	185.072	201.681	(16.609)	(8,2)

Hreyfingar og staða erlendra lána 2002 eftir myntum

Vægi lána í Bandaríkjadal minnkaði á árinu. Í meðfylgjandi töflu er sýnt yfirlit yfir erlend lán ríkissjóðs árið 2002 eftir myntum.

Tafla 38 Yfirlit yfir helstu erlend lán ríkissjóðs 2002

<i>Í m.kr.</i>	<i>Eftirstöðvar 31.12.2001</i>	<i>Ný lán á árinu</i>	<i>Afborganir</i>	<i>Endurmat</i>	<i>Eftirstöðvar 31.12.2002</i>
USD					
Langtímalán í USD	35.695	0	2.012	(7.613)	26.070
Veltílán í USD	44.897	134.425	141.385	(7.902)	30.036
Lán í USD samtals	80.593	134.425	143.397	(15.515)	56.106
GBP					
Langtímalán í GBP	19.490	0	0	(2.536)	16.953
CHF					
Langtímalán í CHF	6.186	5.835	5.859	(315)	5.847
DEM					
Langtímalán í DEM	10.536	0	10.088	(448)	0
JPY					
Langtímalán í JPY	14.182	3.550	2.121	(1.960)	13.650
Veltílán í JPY	0	15.691	12.646	(442)	2.603
Lán samtals í JPY	14.182	19.240	14.768	(2.402)	16.253
EUR					
Langtímalán í EUR	67.331	24.988	0	(5.254)	87.065
Veltílán í EUR	0	30.206	29.865	(340)	0
Lán samtals í EUR	67.331	55.194	29.865	(5.594)	87.065
Erlend lán samtals	198.317	214.694	203.977	(26.809)	182.225

Gengismunur erlendra lána ríkissjóðs

Á árinu 2002 varð mikill gengishagnaður af erlendum lánnum ríkissjóðs eða tæpir 27 ma.kr. samanborið við rúmlega 25 ma.kr. tap árið á undan eins og fram kemur í eftirfarandi töflu. Gengishagnaðurinn sem hlutfall af meðalstöðu erlendra skulda var 14,1% árið 2002 samanborið við 14,8% árið 2001.

Í eftirfarandi töflu kemur fram sundurliðun á gengismun eftir myntum árin 2002 og 2001. Mestur gengishagnaður árið 2002 varð af lánnum í Bandaríkjadal, eða 15,5 ma.kr., og í evrum 6 ma.kr. Á sama tíma varð 2,5 ma.kr. hagnaður af lánnum í breskum pundum.

Tafla 39 Gengismunur erlendra lána ríkissjóðs 2002 og 2001 eftir myntum

<i>Í m.kr.</i>	2002		2001	
	Gengis- munur:	% af meðal- stöðu:	Gengis- munur:	% af meðal- stöðu:
Myntir:				
Bandaríkjadalur	15.504	22,7%	(11.947)	(18,7)
Japanskt jen	2.401	15,8%	(740)	(4,7)
Bresk pund	2.534	13,9%	(3.033)	(16,9)
Svissneskir frankar	315	5,2%	(1.688)	(19,6)
Evra	6.038	7,3%	(7.622)	(12,1)
Gengishagnaður / (tap)	26.792	14,1%	(25.030)	(14,8)

Ríkisábyrgðir

Ríkissjóður hefur gengist í ábyrgðir fyrir lántökum ýmissa aðila. Þessar skuldbindingar koma ekki fram í efnahag ríkissjóðs. Um ríkisábyrgðir gilda lög nr. 121/1997.

Tafla 40 Skráðar ábyrgðir ríkissjóðs 2002 og 2001

<i>Í m.kr.</i>	2002	2001
Íbúðalánasjóður	362.968	305.634
Landsvirkjun	37.880	43.856
Lánasjóður landbúnaðarins	14.045	12.718
Byggðastofnun	10.473	9.610
Landsbanki Íslands hf.	7.929	7.881
Landsíminn hf.	4.177	4.184
Rafmagnsveitur ríkisins	3.650	3.236
Búnaðarbanki Íslands	3.616	3.891
Ríkisútvarpið	3.330	3.377
Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf.	2.628	470
Akureyrarbær	1.755	2.185
Íslandsbanki hf.	1.366	2.006
Ferðamálasjóður	1.086	1.416
Hitaveitur	893	1.232
Íslandspóstur hf.	677	679
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	438	460
Sementsverksmiðjan hf.	363	365
Norðurál hf.	241	332
Skýrr hf.	129	130
Samábyrgðin	115	114
Síldarútvegsnefnd	62	62
Lyfjabúð Háskólans	54	53
Minjavernd hf.	37	40
Orkubú Vestfjarða hf.	9	11
Baktrygging vegna vátrygginga á flugvélum		227.590
Lyfjaverslun ríkisins		23
Samtals	457.921	631.555

Taflan gefur yfirlit um það sem nefnt er skráðar ríkisábyrgðir hjá Ríkisábyrgðasjóði. Ríkisábyrgðasjóður hjá Lánasýslu ríkissjóðs skráir og fylgist með ríkisábyrgðum, sbr. lög nr. 121/1997 um ríkisábyrgðir. Listinn yfir ábyrgðir er að hluta með breyttu sniði frá því sem verið hefur. Heildarfjárhæð ábyrgða í árslok 2002 nam því 458 ma.kr. og hafði lækkað um 174 ma.kr. frá árinu á undan. Stærsti einstaki liðurinn er Íbúðalánasjóður sem tók við af Húsnæðisstofnun ríkisins. Ábyrgðarskuldbindingin þar jókst um 57 ma.kr. eða 19% frá árinu á undan. Á árinu 2001 kom til tímabundin sérstök 227,6 ma.kr. ábyrgðaveiting vegna váttryggingar á flugvélum íslenskra flugrekenda. Þessi ábyrgð er nú fallin úr gildi. Ef horft er framhjá þessari sérstöku ábyrgð hækkuðu ríkisábyrgðir um 54 ma.kr. frá árinu 2001.

Ábyrgð vegna Landsvirkjunar nam 38 ma.kr., vegna Lánasjóðs landbúnaðarins 14 ma.kr. og vegna Byggðastofnunar 10 ma.kr. Ábyrgðir vegna Landsbanka Íslands hf. nema 8 ma.kr. Þá má einnig nefna ríkisábyrgð á skuldabréfum vegna uppgjörs Landsíma Íslands hf. og Íslandspósts hf. á lífeyrisskuldbindingum við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins sem námu samtals tæplega 5 ma.kr. í árslok 2002.

5 Endurskoðun ríkissjóðstekna

Framkvæmd endurskoðunar

Endurskoðun ríkissjóðstekna var með hefðbundnu sniði á árinu 2002. Lögð var áhersla á þrjú meginviðfangsefni. Í fyrsta lagi útreikning á stofnum vegna niðurfærslu á útistandandi kröfum í árslok. Í öðru lagi endurskoðun á uppgjöri tryggingagjalds á milli níu rétthafa en það uppgjör er flókið m.a. vegna þess að gjaldstofnar eru endurreiknaðir mörg ár aftur í tímann. Í þriðja lagi endurskoðun á uppgjöri virðisaukaskatts. Önnur endurskoðun fól í sér samanburð á milli ára, greiningu eftirstöðva og skoðun á afskriftum.

Yfirlit um tekjur og eftirstöðvar

Heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2002 námu 259,2 ma.kr. Þær skiptast þannig að skatttekjur námu 220,1 ma.kr., aðrar rekstrartekjur 25,8 ma.kr. og aðrar tekjur 12,9 ma.kr. Til innheimtu á árinu voru 302,5 ma.kr. og upp í þá fjárhæð innheimtust 244,3 ma.kr. eða 80,8%.

Tafla 41 Yfirlit um tekjur og eftirstöðvar ríkissjóðstekna

<i>Í m.kr.</i>	<i>Eftirst. 1/1</i>	<i>Álagning</i>	<i>Breytingar</i>	<i>Tekjur 2002</i>	<i>Innheimt</i>	<i>Afskrifað</i>	<i>Eftirst. 31/12</i>
Skatttekjur	42.819	244.764	(24.254)	220.510	(212.407)	(5.154)	45.768
Skattar á tekjur og hagnað	19.955	75.396	(3.827)	71.569	(67.083)	(2.704)	21.737
Tryggingagjöld	2.961	23.493	(96)	23.397	(22.759)	(313)	3.286
Eignarskattar	1.499	12.221	(1.220)	11.001	(11.136)	(11)	1.353
Virðisaukaskattur	15.721	93.784	(17.513)	76.271	(73.506)	(1.985)	16.501
Aðrir skattar	2.683	39.870	(1.598)	38.272	(37.923)	(141)	2.891
				0			0
Aðrar rekstrartekjur	10.577	27.909	(2.127)	25.782	(19.013)	(4.949)	12.397
Vaxtatekjur	8.858	17.421	(1.792)	15.629	(9.341)	(4.829)	10.317
Neyslu- og leyfisgjöld	952	6.315	(2)	6.313	(6.392)	(5)	868
Aðrar rekstrartekjur	767	4.173	(333)	3.840	(3.280)	(115)	1.212
				0			0
Sala eigna	0	11.722	0	11.722	(11.722)	0	0
Sala fasteigna og söluhagn.	0	10.734	0	10.734	(10.734)	0	0
Sala á landi og réttindum	0	988	0	988	(988)	0	0
				0			0
Fjárframlög	6	1.196	0	1.196	(1.196)	0	6
Fjárframlög	6	1.196	0	1.196	(1.196)	0	6
				0			0
Tekjur samtals	53.402	285.591	(26.381)	259.210	(244.338)	(10.103)	58.171

Bókfærðar eftirstöðvar námu 58,2 ma.kr. og hækkuðu um 4,8 ma.kr. eða 8,9%. Af þessari fjárhæð eru um 21,6 ma.kr. ógjaldfallnar eftirstöðvar. Samkvæmt innheimtukerfi ríkissjóðs (TBR) eru gjaldfallnar eftirstöðvar tæpar 100 ma.kr. (að meðtöldu útsvari). Af þeirri fjárhæð hafa um 25 ma.kr. verið færðar á niðurfærslureikning og um 25 ma.kr. af áætluðum höfuðstól virðisaukaskatts. Af dráttarvöxtum hafa 11,3 ma.kr. ekki verið tekjufærðar.

Að mati Ríkisendurskoðunar er nauðsynlegt að endurskoða þann tekjugrunn sem birtist í ríkisreikningi. Ljóst er að áætlanir í virðisaukaskatti hefðu skekkt verulega tekjugrunninn ef ekki hefði verið gripið til þess að tekjufæra ekki 95% af áætlunum. Áætlanir eru einnig verulegar í fleiri gjöldum. Á árinu 2002 námu t.d. áætlanir í opinberum gjöldum við álagningu um 30 ma.kr. og álag nam um 2,2 ma.kr. Þó svo að hluti af þessum áætlunum gangi til baka er samt eftir nægjanlega stór hluti til að skekkja tekjugrunninn.

Ástæða þessa er m.a. að á virðisaukaskattskrá og álagningarskrá opinberra gjalda eru fjölmargir lögaðilar sem nú stunda enga starfsemi en fá áætlanir vegna þess að ekki er skilað inn gögnum vegna þeirra. Erfitt er að losna við þessi fyrirtæki af skrá þar sem forráðamenn finnast ekki og ekki er talið svara kostnaði að krefjast gjaldþrotaskipta á þeim. Á meðan safna þessi fyrirtæki skattskuldum sem er vaxtareiknaðar reglulega.

Á árinu 2003 starfaði vinnuhópur á vegum fjármálaráðuneytisins þar sem þetta vandamál var til umfjöllunar. Þar var reynt að finna leiðir til að afskrá þessi fyrirtæki m.a. með því að beita ákvæðum hlutafélaga- og einkahlutafélagalaga. Að mati Ríkisendurskoðunar er afar brýnt að halda þessu starfi áfram svo að fækka megi „dauðum“ fyrirtækjum á skrá.

Annað sem skapar vandamál er sá tími sem tekur að ljúka gjaldþrotaskiptum. Allan þann tíma sem gjaldþrotaskipti standa yfir eru reiknaðir dráttarvextir á skuldina sem síðan eru færðir niður í árslok sem óbein afskrift.

Virðisaukaskattur

Endurskoðun virðisaukaskatts beindist fyrst og fremst að meðferð áætlana í uppgjöri fyrir árið 2002. Eins og fram kemur síðar í þessari skýrslu eru áætlanir verulega á árunum 1999 til 2001. Að stærstum hluta var um að ræða óraunverulegar áætlanir og var tekin sú ákvörðun að bókfæra ekki alla þá álagningu sem virðisaukaskattskerfið sendi til innheimtu í tekjubókhaldskerfið. Fjárhæðir í grunnkerfi (TBR) voru raktar inn í bókhaldskerfið (BÁR). Eftirstöðvar voru aldursgreindar og könnuð staða innheimtunnar hjá stærstu

skuldurum. Þá var farið yfir afstemmingar á sendingum á milli virðisaukaskattkerfisins og tekjubókhaldskerfisins.

Höfuðstóll

Tekjur af virðisaukaskatti námu 76,2 ma.kr. á árinu 2002 samanborið við 72,1 ma.kr. árið 2001 og nemur aukningin 5,7%. Innheimtar voru 73,5 ma.kr. og er það um 5,0% hækkun frá árinu 2001. Bókfærðar eftirstöðvar námu 16,5 ma.kr. sem er 779 m.kr. hækkun frá fyrra ári.

Eins og undanfarin ár var ákveðið að tekjufæra ekki 95% af eftirstöðvum áætlana í virðisaukaskatti. Þess vegna hafa ekki verið tekjufærðar 25,6 ma.kr.

Dráttarvextir og álag

Tekjur af dráttarvöxtum námu alls 989 m.kr. samanborið við 968 m.kr. árið 1999 og nemur aukningin 1,1%. Innheimtar voru 801 m.kr. sem er 280 m.kr. hærri fjárhæð en árið á undan.

Eftirstöðvar hækkuðu um 881 m.kr. og námu í árslok 2002 4,5 ma.kr. Af sömu ástæðu og greint var frá hér að framan var ákveðið að tekjufæra ekki 11,3 ma.kr. af dráttarvöxtum og álagi sem reiknuð voru á áætlaðar skuldir vegna áranna 1999 til 2002.

Uppgjör virðisaukaskatts

Vegna þess hve áætlanir hafa verið háar undanfarin ár hefur þurft að gera verulegar leiðréttingar á bókfærðu uppgjóri virðisaukaskatts. Nettó áhrif þessara leiðréttinga á eftirstöðvum nema um 10 ma.kr. á árinu 2002. Um 26. ma.kr. hafa ekki verið tekjufærðar en á móti kemur að niðurfærslan hefur verið leiðrétt um tæpa 15 ma.kr.

Tafla 42 Uppgjör virðisaukaskatts

<i>Í m.kr.</i>	<i>Skv. BÁR</i>	<i>Leiðr. v/ áætlana</i>	<i>Bókfært</i>
Eftirstöðvar 1/1	46.437	(26.480)	19.957
Óbein afskrift	(19.036)	14.800	(4.236)
	27.401	(11.680)	15.721
Álagning	92.933	880	93.813
Breytingar	(17.542)		(17.542)
Tekjur ársins	75.391	880	76.271
Afskrifað	(2.519)	534	(1.985)
Til innheimtu	100.273	(10.266)	90.007
Innheimt	(73.507)	0	(73.507)
Eftirstöðvar 31/12	26.767	(10.266)	16.501

Eins og fram kemur hér á eftir er reiknað með að leiðréttingar á eldri áætlunum vegna tímabilsins 1999-48 til 2001-24 nemi um 22 ma.kr. auk 1,1 ma.kr. álags. Ef næst að leiðrétta þetta fyrir næstu áramót má búast við að mjög dragi úr þörf fyrir leiðréttingar við uppgjör ársins 2003.

Áætlanir í virðisaukaskatti

Síðla árs 1999 var tekið í notkun nýtt tölvukerfi fyrir álagningu virðisaukaskatts. Þegar þetta kerfi var hannað var byggt inn í það reiknilíkan sem gerir vélrænt tillögur að áætlunarfjárhæðum. Þetta eru fyrst og fremst tillögur og hafa skattstjórar heimild til að velja hvort þeir fara að þeim eða víkja frá þeim. Í bréfi ríkisskattstjóra kemur fram að í reynd hafi skattstjórar einungis vikið frá tillögum í 5% tilfella.

Í líkaninu var hverju sinni miðað við fjárhæðir úr álagningu síðustu 12 mánaða. Fundinn var annars vegar lægsti ákvarðaði innskattur og hins vegar hæsti ákvarðaði útskattur. Þannig var fundin hæsta fjárhæð til greiðslu á viðmiðunartímabilinu. Á þessa fjárhæð var síðan beitt ákveðnum útreikningi sem síðar var breytt vegna þess að aðgerðin þótti leiða til óeðlilega hárrar áætlunarfjárhæðar, einkum þegar sami aðili sætti áætlun tímabil eftir tímabil. Jafnframt var sett sú forsenda í líkanið að stæði áætlun fyrir fyrri uppgjörstímabil skyldi næst áætla sömu fjárhæð.

Ríkisendurskoðun kannaði hvernig áætlanir hafa þróast á undanförunum árum og er miðað við stöðuna í byrjun október 2003. Á árabílinu 1995 til 1998 nam áætluð velta um 0,5% af skattskyldri veltu en komst hæst í 5,7% á árinu 2000.

Tafla 43 Áætlanir virðisaukaskatts

<i>Í m.kr.</i>	<i>Áætlun</i>	<i>Hlutf.</i>
1995	2.512	0,5%
1996	2.529	0,4%
1997	3.303	0,5%
1998	4.158	0,6%
1999	9.927	1,3%
2000	45.342	5,7%
2001	34.473	3,8%
2002	25.412	2,9%

Ljóst er að þessar gífurlegu áætlanir hafa valdið miklum vandræðum vegna uppgjörs á virðisaukaskatti auk þess sem veltutölu einstakra atvinnugreina hafa skekkst mikið. Þessar veltutölur eru m.a. notaðar hjá fjármála-ráðuneytinu og ýmsum fjármálastofnunum við ýmiss konar greiningar.

Samkvæmt upplýsingum frá embætti ríkisskattstjóra er nú verið að vinna að því að leiðrétta áætlanir vegna uppgjörstímabilanna 1999-48 til og með 2001-24. Líklegt er að áætlanir vegna ársins 2001 muni lækka um 2,9 ma.kr. í útskatt fyrir næstu áramót og verður lækkunin á útskatti alls um 22,0 ma.kr. Þetta hefur m.a. þau áhrif að álag kemur til með að lækka um 1,1 ma.kr. auk þess sem dráttarvextir munu einnig lækka um nokkra milljarða króna.

Afskriftir, niðurfærsla og eftirstöðvar ríkissjóðstekna

Á undanförunum árum hafa 5-10 ma.kr. verið gjaldfærðar árlega í ríkis-reikningi vegna afskrifta á ríkissjóðstekjum. Á árinu 2002 voru 10 ma.kr. gjaldfærðar sem skiptast þannig að beinar afskriftir námu 6,4 ma.kr. en óbeinar afskriftir 3,6 ma.kr. Beinar afskriftir hækkuðu verulega frá fyrra ári eða um 4,8 ma.kr., einkum vegna þess að afskriftarbeiðnir vinnast nú betur og hraðar í nýju kerfi en áður.

Gjaldfallnar eftirstöðvar ríkissjóðstekna hafa farið vaxandi á undanförunum árum og í árslok voru tæplega 100 ma.kr. óinnheimtir í innheimtakerfi ríkissjóðs (TBR). Af þessari fjárhæð voru 38 ma.kr. ekki tekjufærðir vegna áætlana í virðisaukaskatti. Um helmingur krafanna eru í gjaldþrotameðferð.

Endurskoðunin fólst í því að afla upplýsinga um allar skuldir gjaldenda í innheimtakerfinu. Unnir voru þrjár lista þar sem fram kom m.a. innheimtu-embætti, kennitala, nafn, ár, gjaldflokkur og staða innheimtunnar. Fyrsti listinn geymdi kröfur sem komnar voru í gjaldþrotameðferð, annar listinn

kröfur sem voru í annarri innheimtumeðferð og þriðji listinn kröfur þar sem innheimtuaðgerðir voru ekki hafnar. Þessar upplýsingar voru síðan notaðar til að mynda stofna til niðurfærslu tiltekinna gjaldflokka, aldursgreina skuldir og skoða stöðu innheimtu hjá stærstu skuldurum.

Afskriftir

Í afskriftarnefnd sem skipuð er af fjármálaráðherra eiga sæti fulltrúar frá tollstjóranum í Reykjavík, fjármálaráðuneytinu, ríkisskattstjóra og Ríkisendurskoðun.

Í skipunarbréfinu eru nefndinni meðal annars falin eftirtalin verkefni:

- Að fylgja því eftir að innheimtumenn sendi reglulega inn afskriftabeirðir.
- Að afgreiða afskriftabeirðir innheimtumanna ríkissjóðs. Markmiðið er að afskrifa fyrndar kröfur og óinnheimtanlegar eða færa fyrndar kröfur á biðreikning í samræmi við gildandi reglur hverju sinni.
- Nefndin skal jafnframt sjá um afskriftir á sektum, sakarkostnaði, tollkröfum og öðrum þeim kröfum sem ráðuneytið ákveður að fela afskriftarnefnd til meðferðar.
- Að útbúa og viðhalda verklagsreglum um afskriftir handa innheimtumönnum ríkissjóðs.
- Nefndin skal leiðbeina innheimtumönnum ríkissjóðs við afskriftir og fylgjast með hvort þeir fari að vinnureglum.
- Nefndin skal reglulega, eða ef sérstakar ástæður eru taldar til, heim-sækja innheimtumenn ríkissjóðs og fara yfir afskriftarmál hjá þeim.
- Í framhaldi af því skal nefndin semja skýrslu um stöðu mála hjá þeim og senda endurrit til fjármálaráðuneytisins, tollstjórans í Reykjavík og Ríkisendurskoðunar.
- Loks skal nefndin skila fjármálaráðuneytinu skýrslu, þann 15. febrúar ár hvert um störf næstliðins árs.

Afskriftarnefnd skilaði í febrúar 2003 skýrslu um störf sín á árinu 2002 þar sem gerð var grein fyrir afskriftum á því ári. Hér á eftir fara helstu niðurstöður skýrslunnar.

Á árinu 2002 afgreiddi afskriftarnefnd kröfur sem að höfuðstóli námu 3,5 ma.kr. Dráttarvextir og kostnaður námu 2,9 m.kr. Samtals afgreiddi nefndin kröfur að fjárhæð 6,5 ma.kr.

Tafla 44 Afgreiðsla afskriftarbeiðna

<i>Í m.kr.</i>	<i>Höfuðstóll</i>	<i>Dráttarv.</i>	<i>Kostnaður</i>	<i>Samtals</i>
Samþykkt	3.216,5	2.448,9	12,7	5.678,1
Synjað	116,7	129,0	1,0	246,7
Á biðreikning	205,4	323,8	8,0	537,2
Nauðasamningar	8,9	4,7	0,0	13,7
	3.547,5	2.906,4	21,7	6.475,7

Ein af meginbreytingunum sem nýtt kerfi hafði í för með sér er að nú er hægt að setja kröfur á svokallaðan biðreikning. Þetta þýðir að kröfur eru merktar sérstaklega þannig að þær koma ekki fram á skuldalistum embættanna en birtast á öllum yfirlitum sem gjaldandinn fær. Ástæða þessa er sú að oft hafa innheimtumenn fullreynt innheimtu en ekki fengið heimild til afskrifta. Á þetta sérstaklega við um einstaklinga sem þá sátu áfram á öllum innheimtulistum og voru því virkri innheimtu til trafala. Við þessa breytingu sitja kröfurnar á biðreikningi þar til þær fyrnast. Sá varnagli er þó hafður að allar breytingar, innborganir og skuldajafnanir geta haft þau áhrifa að krafan afmerkist og komi inn í virka innheimtu á ný. Þá mun einnig verða svo búið um hnútana að þegar krafa er sett á biðreikning beri að skrá fyrningardagsetningu. Í framtíðinni mun svo kerfið með reglubundnum hætti vekja athygli á kröfum sem koma til með að fyrnast á næstu sex mánuðum. Ber þá innheimtumönnum að kanna hvort þær breytingar hafi orðið á högum gjaldandans að rétt sé að taka kröfuna aftur í virka innheimt. Ef svo reynist ekki er krafan endanlega afskrifuð og hverfur út úr kerfinu.

Í skýrslu nefndarinnar kemur fram að oft á tíðum vantaði töluvert upp á að afskriftarbeiðnir frá innheimtumönnum ríkissjóðs stæðust kröfur um form og efni. Varð þetta til þess að verulegar tafir urðu á úrvinnslu og afgreiðslu erindanna. Tilgreind eru nokkur dæmi um athugasemdir sem nefndin gerði við afskriftarbeiðnir:

- Forvinnu beiðnanna var sleppt þannig að við yfirferð afskriftar-nefndar kom í ljós að kröfurnar voru ófyrndar.
- Eignastaða gjaldenda hafði ekki verið könnuð nægjanlega vel.
- Ekki hafði verið kannað hvort beita mætti launaafdrætti eða ganga að eignum maka.
- Engar upplýsingar um innheimtutilraunir voru færðar í kerfið þannig að ekki var unnt að staðfesta hvort krafa var töpuð.

Þá eru í skýrslu nefndarinnar rakin nokkur vandamál sem snúa að afskriftar-kerfinu og talið er nauðsynlegt að bæta úr. Um er að ræða atriði sem lúta

m.a. að skuldajöfnuði, eignakönnun, afstemmingum og innheimtusögu. Í árslok 2002 hóf afskriftarnefnd að afskrifa kröfur í tollakerfinu, sektir og málskostnað. Þá var á árinu hafist handa við að semja nýja útgáfu af verklagsreglum.

Beinar afskriftir á árinu 2002

Beinar afskriftir ríkissjóðstekna á árinu 2002 námu rúmum 6,4 ma.kr. samanborið við 1,6 ma.kr. árið 2001. Afskriftir hafa því rúmlega þrefaldast á milli ára. Alls voru afskrifaðir 4.9 ma.kr. hjá 601 lögaðila og 1,6 ma.kr. hjá 1.452 einstaklingum.

Tafla 45 Beinar afskriftir ríkissjóðstekna

<i>Í m.kr.</i>	2002	2001	<i>Breyt.</i>
Skattar á tekjur og hagnað, einstaklingar	445,9	80,5	365,5
Skattar á tekjur og hagnað, lögaðilar	372,6	108,5	264,1
Fjármagnstekjuskattur	20,5	12,1	8,4
Eignarskattar	16,2	7,1	9,1
Tryggingagjald og skattar á laun	62,4	20,0	42,4
Virðisaukaskattur	2.518,4	598,3	1.920,2
Bifreiðagjöld	40,2	13,3	26,9
Aðrir skattar	24,5	2,0	22,5
Dráttarvextir og álag	2.917,5	750,2	2.167,3
Aðrar tekjur	34,6	16,5	18,1
	6.454,8	1.608,6	4.846,3

Afskriftir hjá einstaklingum eru að stærstum hluta vegna fyrninga. Ef afskrifaðar eru ófyrndar kröfur er annars vegar um að ræða nauðasamninga eða að viðkomandi gjaldandi er látinn. Skipting afskrifta eftir árum endurspeglar þessa staðreynd.

Tafla 46 Skipting afskrifta hjá einstaklingum eftir árum

<i>Í m.kr.</i>	<i>Fjárhæð</i>
1987 til 1991	94,3
1992 til 1997	1.479,0
1998 til 2001	35,2
	1.608,5

Af þeim 1,6 ma.kr. sem hafa verið afskrifaðir hjá einstaklingum nemur höfuðstóll um 600 m.kr. en vextir og kostnaður 1 m.kr. Um 2/3 afskrifaðra krafna tengjast beint atvinnurekstri. Þannig var afskrifaður 1,1 ma.kr. í virðisaukaskatti á móti um 500 m.kr. í opinberum gjöldum.

Hjá lögaðilum er mest afskrifað vegna virðisaukaskattsins eða 3,4 ma.kr., vegna opinberra gjalda um 700 m.kr. og vegna vanskila á kaupgreiðanda-greiðslum (staðgreiðslu) um 500 m.kr. Mestur þungi afskrifta hjá lögaðilum fellur á fjögur ár, 1998 til 2001, eða 4,2 ma.kr. Flestir lögaðilar sem afskrifað var hjá á árinu 2002 voru stofnaðir fyrir 10 árum og síðar.

Tafla 47 Skipting afskrifta hjá lögaðilum eftir árum

<i>Í m.kr.</i>	<i>Fjöldi</i>	<i>Fjárhæð</i>
til 1991	215	1.110,8
1992 til 1995	202	1.269,3
1996 til 1999	184	2.511,3
	601	4.891,4

Óneitanlegar vekur athygli hversu miklum skuldum þessi fyrirtæki geta safnað á ekki fleiri árum. Vissulega vega hér þungt áætlanir í virðisaukaskatti en þær skýra ekki að öllu leyti mikla skuldasöfnun.

Á árinu voru afskrifaðar kröfur allt aftur til ársins 1986 og er þar um að ræða afskriftir á launaskatti. Mest var afskrifað vegna árána 1999 til 2001 eða um 4,0 ma.kr. Staða á niðurfærslureikningi í árslok 2002 nam rúmum 25 ma.kr. Þannig að fyrirsjáanlegt er að beinar afskriftir eiga enn eftir að aukast á næstu árum en væntanlega vegur á móti minni þörf á niðurfærslu. Heildargjaldfærslan ætti ekki að hækka og jafnvel að fara lækkandi.

Niðurfærslur á árinu 2002

Niðurfærsla krafna í árslok 2002 er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða skuldir aðila sem eru í gjaldþrotaskiptum eða þar sem gjaldþrotaskiptum er lokið. Þessar kröfur eru færðar niður um 80% (Niðurfærsla 1). Hins vegar er um að ræða kröfur þar sem önnur innheimtumerking er til staðar, fyrst og fremst fjárnámsmerkingar. Þessar kröfur eru almennt færðar niður um 75%. Undantekning frá þessu eru kröfur, aðrar en dómsektir, vegna ársins 2002 sem eru færðar niður um 40% (Niðurfærsla 2).

Niðurfærslan árið 2002 byggir alfarið á rauntölum og er unnin upp úr þremur eftirstöðvalistum sem lýst er hér að framan. Þessum upplýsingum var síðan safnað saman í einn gagnagrunn. Þannig var tryggt að allar skuldir viðkomandi kennitölu komu inn í niðurfærsluna þó svo að aðeins einn gjaldflokkur væri gjaldþrota- eða innheimtumerktur.

Gallinn við núverandi kerfi er m.a. að stofninn nær ekki yfir tapaðar skuldir sem ekki hafa innheimtumerkingu vegna þess að ekki hefur náðst í viðkomandi gjaldanda. Algengasta skýringin á því er að hann er erlendis. Eru hér um umtalsverðar skuldir að ræða eins og vikið verður að síðar.

Niðurfærðar kröfur í árslok 2002 námu 25,2 ma.kr. og hafa hækkað um 3,6 ma.kr. frá árinu á undan.

Tafla 48 Niðurfærsla ríkissjóðstekna

<i>Í m.kr.</i>	2002	2001	Breyt.	%
Skattar á tekjur og hagnað, einstaklingar	5.582	4.644	938	20,2
Skattar á tekjur og hagnað, lögaðilar	2.425	1.505	921	61,2
Skattar og tekjur og hagnað, annað	47	42	5	11,9
Tekjuskattar alls	8.054	6.191	1864	30,1
Skattar á eignir, einstaklingar	653	646	7	1,1
Skattar á eignir, lögaðilar	423	436	(13)	(3,0)
Aðrir sértækir eignarskattar	1	1	0	0
Eignarskattar alls	1077	1083	6	(0,5)
Tryggingagjald og skattar á laun	869	616	253	41,1
Virðisaukaskattur	3.709	4.243	(534)	(12,6)
Bifreiðaskattar	296	254	42	16,5
Aðrir skattar	112	72	40	55,5
Dráttarvextir og álag	10.932	9.053	1.879	20,8
Sektir	194	105	89	84,8
Aðrir skattar og ríkissjóðstekjur alls	16.112	14.343	1.769	12,3
Samtals niðurfært í árslok	25.243	21.617	3.626	16,8

Í árslok 2002 höfðu 30,3% af heildareftirstöðvum ríkissjóðstekna verið færðar á niðurfærslureikning. Sambærilegt hlutfall fyrir árið 2001 er 28,8%. Ef eingöngu eru teknir þeir gjaldflokkar sem niðurfærslan tekur til eru hlutföllin 34,6% og 34,2% samsvarandi. Niðurfærslan á árinu 2002 er því nánast óbreytt sem hlutfall af eftirstöðvum.

Mjög mismunandi er hve stórt hlutfall eftirstöðva stendur á afskriftar-reikningi og eru á þessu ýmsar skýringar. Sum gjöld eru gömul og ekki innheimt lengur. Má þar nefna launaskatt, söluskatt og eftirstöðvar eldri bifreiðagjalda. Sum gjöld eru eingöngu innheimt hjá lögaðilum og eru því viðkvæmari í innheimtu en gjöld einstaklinga vegna þess að kröfur á hendur lögaðilum falla niður við gjaldþrotaskipti en slíkt gerist ekki að öllu leyti hjá einstaklingum. Hér má nefna staðgreiðslu, vanskil kaupgreiðanda og

tryggingagjald. Reynslan hefur sýnt að innheimtist þessi gjöld ekki innan tveggja ára frá því þau voru lögð á eru yfirgnæfandi líkur á að þau tapist.

Tafla 49 Hlutfall eftirstöðva ríkissjóðstekna

Í m.kr.	Hlutfall af eftirstöðvum	
	2002	2001
Skattar á tekjur og hagnað, einstaklingar	23,6%	21,9%
Skattar á tekjur og hagnað, lögaðilar	32,5%	30,6%
Skattar og tekjur og hagnað, annað	41,8%	44,0%
Tekjuskattar alls	25,8%	23,6%
Skattar á eignir, einstaklingar	55,9%	53,7%
Skattar á eignir, lögaðilar	54,8%	46,5%
Eignarskattar alls	55,5%	50,6%
Tryggingagjald og skattar á laun	30,1%	22,0%
Virðisaukaskattur	21,6%	27,0%
Bifreiðaskattar	42,7%	35,1%
Aðrir skattar	20,6%	14,2%
Dráttarvextir og álag	60,8%	61,7%
Sektir	35,7%	21,1%
Aðrir skattar	32,4%	31,5%
Samtals niðurfært í árslok	34,6%	34,2%

Niðurfærsla eftirstöðva hefur jafnan sveiflast nokkuð á milli ára. Í mörgum tilfellum jafnast þessar sveiflur út á móti breytingum á beinum afskriftum þannig að heildargjaldfærslan breytist ekki mikið. Skýringin er sú að töluvert er um að kröfur sem hafa verið niðurfærðar séu lækkaðar eða felldar niður sem breyting. Í sumum tilfellum eru sendar inn kærur og leiðréttingar meðan á gjaldþrotaskiptum stendur.

Til þess að fá raunhæfari mynd af breytingum á gjaldfærslunni þarf að taka tillit til breytinga sem verða á skattkröfum vegna fyrri ára. Flestar breytingar skattfyrivalda falla á álagningarárið og árið þar á undan. Breytingar vegna eldri ára eru þá annaðhvort vegna rannsóknar skattfyrivalda eða vegna þess að einstaklingar og lögaðilar sem áætlað hefur verið á eru að skila inn skýrslum. Ekki er ólíklegt, alla vega í síðara tilfallinu, að kröfur viðkomandi séu með innheimtumerkingu sem leiðir til þess að þær eru teknar með í niðurfærslu.

Eftirstöðvar

Samkvæmt tekjubókhalddskerfi ríkisins námu gjaldfallnar eftirstöðvar 99,6 ma.kr. Inn í þessari fjárhæð er útsvar til sveitarfélaga og allar áætlanir í virðisaukaskatti. Af fjárhæðinni eru 52,2 ma.kr. gjaldþrotamerkar, 25,1 ma.kr. hafa aðra innheimtumerkingu og 22,3 ma.kr. hafa enga innheimtumerkingu. Af þessu má sjá að rúmur helmingur krafanna er í verulegri tapshættu og 1/3 hlutinn er vafasamur. Þó svo að 22,3 ma.kr. hafi enga innheimtumerkingu þýðir það ekki að þær kröfur muni innheimtast. Oft á tíðum er ekki hægt að gera fjárnám fyrir kröfunni þar sem gjaldandi finnst ekki eða er erlendis.

Í byrjun árs 2002 var ákveðið að senda öllum gjaldendum sem voru í vanskilum sérstakt áskorunarbréf þar sem komu fram allar gjaldfallnar skuldir þeirra. Bréfið var tvískipt, annars vegar birtist þar yfirlit yfir kröfur sem gjaldfallið höfðu frá því að síðasta greiðsluáskorun var birt og hins vegar var yfirlit um eldri gjaldfallnar skuldir. Í bréfinu komu fram upplýsingar um innheimtuúrræði sem má beita vegna viðkomandi gjalds og hvaða kostnaður væri því samfara. Eftirfarandi tafla sýnir fjölda bréfa sem send voru á hverju tímabili.

Tafla 50 Fjöldi áskorunarbréfa

Mánuður	2002	2003	Breyting
Janúar	49.558	38.289	(11.269)
Febrúar	53.947	47.314	(6.633)
Mái	39.955	34.505	(5.450)
September	55.595	49.839	5.756
Alls	199.055	169.947	(29.108)
Nóvember	44.650		
Allt árið	243.705		

Eins og taflan sýnir fækkaði útsendum bréfum verulega á milli ára og geta ýmsar skýringar verið á því. Í fyrsta lagi að gjaldendur hafi greitt skuld sína, í öðru lagi að gjaldendur hafi skilað inn gögnum til skattýfirvalda og fengið lækun eða að kröfur hafi verið afskrifaðar. Tilteknir flokkar gjaldenda hafa ekki fengið send áskorunarbréf, þ.e. börn undir 18 ára aldri, dánarbú, aðilar í gjaldþrotameðferð, lögaðilar sem hætt hafa rekstri og gjaldendur búsettir erlendis. Samtals nema kröfur á hendur þessum gjaldendum tæpum 32 ma.kr. í september 2003 og höfðu þær aukist um 1,8 ma.kr. frá áramótum.

Tafla 51 Eftirstöðvar gjaldenda sem ekki fengu áskorunarbréf

<i>Í m.kr.</i>	<i>Jan 2003</i>	<i>Sept 2003</i>	<i>Breyting</i>
Börn undir 18 ára aldri	11,0	9,9	(1,1)
Dánarbú	1.211,0	818,9	(392,0)
Gjaldþrot	19.175,8	21.738,9	2.563,1
Hætt rekstri	263,3	529,9	266,6
Búsettir erlendis	9.102,9	8.470,7	(632,1)
Samtals	29.764,3	31.568,3	1.804,0

Eins og taflan ber með sér hefur orðið veruleg aukning á kröfum á hendur lögaðilum, bæði þeim sem eru í gjaldþrotaskiptum og hafa hætt rekstri. Þetta er í samræmi við þá fjölgun gjaldþrota sem orðið hefur á undanförunum mánuðum.

Inneignir án kröfu

Þegar rætt er um inneignir án kröfu er átt við að ekki hafi komið álagning frá skattfyrvöldum á móti greiðslu gjaldandans. Í lok ágúst 2003 námu slíkar inneignir rúmum 214 m.kr., þar af námu inneignir útlendinga tæpum 3,4 m.kr. Um 140,3 m.kr. eru greiddar á árinu 2003 en mismunurinn er vegna árána 1999 til 2002. Samkvæmt eftirfarandi töflu skera 3 gjaldflokkar sig nokkuð úr hvað þetta varðar:

Tafla 52 Inneignir án kröfu

<i>Gjaldflokkur</i>	<i>Heiti</i>	<i>Fjárhæð (m.kr.)</i>
SK	Staðgreiðsla, kaupgreiðandi	86,0
FT	Fjármagnstekjuskattur	62,6
VA	Virðisaukaskattur	45,9
VF	Vörugjald af ökutækjum	5,2
AB	Opinber gjöld	4,8
	Aðrir gjaldflokkar	9,9
		<u>214,4</u>

Inneignir vegna ársins 1999 nema 5,2 m.kr. Um er að ræða 19 einstaklinga og lögaðila og eru flestir með lágar fjárhæðir.

Inneignir vegna ársins 2000 nema 6,5 m.kr. Af þeirri fjárhæð eiga 95 útlendingar 2,3 m.kr. Að stærstum hluta er um að ræða inneignir í opinberum gjöldum. Eins og á árinu 1999 eru stærstu fjárhæðirnar í fjármagnstekjuskatti, 3,2 m.kr.

Inneignir vegna ársins 2001 nema 11,5 m.kr. Stærsti hlutinn er vegna inneignar í fjármagnstekjuskatti eða 9,1 m.kr.

Þrátt fyrir að Fjársýsla ríkisins sendi skattyfirvöldum og innheimtumönnum upplýsingar um þessar inneignir með reglubundnum hætti virðist það ekki duga til. Hætta er á að þessar inneignir verði á endandum greiddar út til viðkomandi gjaldanda.

Opinber gjöld

Í innheimtukerfi ríkissjóðs er eftirstöðvum opinberra gjalda skipt upp í nokkra gjaldflokka en þeir eru:

- Opinber gjöld (AB) eru gjöld sem verða til eftir álagningu, útsvar meðtalið.
- Staðgreiðsla, kaupgreiðandi (SK) er óskiluð staðgreiðsla.
- Staðgreiðsla, reiknuð laun (SR) er óskiluð staðgreiðsla v/reiknaðra launa.
- Kaupgreiðandi, vanskil (KV) eru vanskil kaupgreiðenda eftir álagningu.

Eftirstöðvar *opinberra gjalda (AB)* ná allt aftur til ársins 1988. Tvö félög skulda frá þessum tíma og eru bæði í gjaldþrotaskiptum skv. upplýsingum úr þjóðskrá. Meginþungi eftirstöðvanna liggur hins vegar á árunum 2000 til 2002.

Tafla 53 Gjaldfallnar eftirstöðvar opinberra gjalda

<i>Í m.kr.</i>	<i>Höfuðst.</i>	<i>Dráttarv.</i>	<i>Kostnaður</i>	<i>Samtals</i>
1988–1994	556	1.327	23	1.906
1995–1999	4.515	4.573	346	9.434
2000–2002	15.551	2.620	6	10
	20.622	8.520	127	29.639

Kröfur á hendur einstaklingum námu 20,6 ma.kr. og kröfur á hendur lögaðilum 9,0 ma.kr. Þessar 30,0 ma.kr. skiptust þannig að 13,8 ma.kr. voru gjaldþrotamerktir, 7,9 ma.kr. höfðu aðra innheimtumerkingu og 8,3 ma.kr. höfðu enga innheimtumerkingu.

Vanskil *kaupgreiðenda (KV)* námu alls 1,3 ma.kr. sem skiptast þannig að kröfur að fjárhæð 987 m.kr. voru gjaldþrotamerktar, 114 m.kr. höfðu aðra innheimtumerkingu en 153 m.kr. höfðu enga innheimtumerkingu.

Tafla 54 Gjaldfallnar eftirstöðvar kaupgreiðenda

<i>Í m.kr.</i>	<i>Höfuðst.</i>	<i>Dráttarv.</i>	<i>Kostnaður</i>	<i>Samtals</i>
1988–1994	92	161	0	253
1994–1998	162	185	1	348
1999–2001	397	255	1	653
	652	600	2	1.254

Reynslan sýnir að vanskilakröfur í staðgreiðslu sem eru orðnar eldri en tveggja ára eru nánast undantekningarlaust tapaðar. Því er ljóst að þessar kröfur koma til afskrifta á næstu tveimur árum.

Rúmlega 900 aðilar skulda staðgreiðslu og nemur hæsta krafan 62 m.kr. Alls skulda 267 aðilar yfir 1,0 m.kr. og nema kröfur á hendur þeim 1.100 m.kr. Að stærstum hluta er um að ræða gjaldþrota aðila.

Eftirstöðvar *staðgreiðslu kaupgreiðanda (SK)* námu alls 3,2 ma.kr. og þar af námu eftirstöðvar höfuðstóls tæplega 2,6 ma.kr. Um 1,0 ma.kr. er vegna ársins 2001 og 2,2 ma.kr. vegna ársins 2002. Af þessum kröfum eru 1,5 ma.kr. gjaldþrotamerktar, tæplega 1 ma.kr. hafa aðra innheimtumerkingu en um 700 m.kr. hafa enga innheimtumerkingu.

Alls skulda rúmlega 3900 aðilar staðgreiðslu kaupgreiðanda og þar af skulda 670 aðilar meira en eina milljón króna og nemur hæsta krafan 68 m.kr. Samtals nema kröfur á hendur þessum aðilum 2,7 ma.kr. Tæplega helmingur þessara aðila eru í gjaldþrotameðferð og nema skuldir þeirra 1,3 ma.kr.

Eftirstöðvar *staðgreiðslu vegna reiknaðs endurgjalds (SR)* námu alls 1,4 ma.kr. og þar af námu eftirstöðvar höfuðstóls 1,2 ma.kr. Þessar kröfur eru allar vegna ársins 2002 enda breytist eðli þessara krafna við álagningu hjá einstaklingum. Kröfur sem voru gjaldþrotamerktar námu 352 m.kr. og kröfur með aðra innheimtumerkingu 536 m.kr. Kröfur sem ekki voru með innheimtumerkingu námu 518 m.kr.

Samtals skulda um 3400 einstaklingar reiknað endurgjald. Hæsta krafan er 2,4 m.kr. en 518 aðilar skulda meira en eina milljón og nema skuldir þeirra samtals tæpum 601 m.kr.

Virðisaukaskattur

Gjaldfallnar eftirstöðvar virðisaukaskatts námu 54,7 ma.kr. í árslok 2002. Eins og áður hefur komið fram var ákveðið við uppgjör að tekjufæra ekki

25,6 ma.kr. af áætluðum höfuðstól og 11,3 ma.kr. af reiknuðum dráttarvöxtum vegna áraanna 1999 til 2002.

Tafla 55 Gjaldfallnar eftirstöðvar virðisaukaskatts

<i>Í m.kr.</i>	<i>Höfuðst.</i>	<i>Dráttarv.</i>	<i>Kostnaður</i>	<i>Samtals</i>
1990 – 1993	539	1.774	10	2.323
1994 – 1998	2.718	4.085	30	6.834
1999 – 2002	30.770	14.697	58	45.525
	34.026	20.556	99	54.681

Gjaldþrotamerktar kröfur námu 32,9 ma.kr., kröfur sem höfðu aðra innheimtumerkingu námu 13,3 ma.kr. og kröfur sem ekki höfðu innheimtumerkingu námu 7,2 ma.kr. Það er því ljóst að ekki er að búast við að innheimta eftirstöðva skili miklum árangri á næstu árum.

Ein afleiðing ofáætlunar skattfyrivalda er að í árslok skulduðu 1.117 gjaldendur yfir 10 m.kr. hver, eða samtals 44,2 ma.kr. Átta aðilar skulduðu yfir 200 m.kr. eða samtals 2,2 ma.kr. Stærsta krafan var á hendur einstaklingi og nam hún 497 m.kr. en hún var að mestu leiðrétt á árinu 2003. Þetta sýnir hve alvarlegar afleiðingar óraunhæfar áætlanir geta haft á tekjugrunn ríkissjóðs.

Ríkisendurskoðun kannaði í lok september 2003 hver væri staða þeirra 50 aðila sem skulduðu yfir 100 m.kr. í árslok 2002. Samtals námu skuldir þeirra 7,4 ma.kr. Skuldir 23 gjaldenda höfðu lækkað, annaðhvort með skattbreytingu eða afskrift. Þá skulduðu 27 gjaldendur enn yfir 100 m.kr. hver og alls námu kröfur á hendur þeim 4,7 ma.kr.

Tæplega 9200 aðilar skulduðu virðisaukaskatt í árslok 2002. Sambærileg tala fyrir árið 2000 er 7800. Í þessum tölum eru allar áætlanir meðtaldar. En þó svo að tekið væri tillit til þeirra er ljóst að mikil vinna fer í að greina þessar eftirstöðvar og „henda út“ kröfum sem eiga sér ekki stoð í raunveruleikanum þar sem um engan rekstur hefur verið að ræða. Þá er mikið um smáar kröfur og má sem dæmi nefna að 845 aðilar skulda innan við tíu þúsund krónur.

Tafla 56 Gjaldfallnar eftirstöðvar virðisaukaskatts eftir fjárhæð

<i>Fjárhæð</i>	<i>Fjöldi</i>
1 – 10.000	845
10.0001 – 100.000	1003
100.0001 – 1.000.000	2924
1.000.001 – 5.000.000	2640
5.000.001 – 15.000.000	936
15.000.001 – 50.000.000	609
50.000.001 – 100.000.000	186
>100.000.001	50

Tryggingagjald

Vanskil í *tryggingagjaldi (TG)* námu alls 1,7 ma.kr. og þar af námu eftirstöðvar höfuðstóls 1,1 ma.kr. Eftirstöðvarnar skiptast þannig að 938 m.kr. eru gjaldþrotamerktar, 473 m.kr. eru með aðrar innheimtumerkingar og 291 m.kr. hafa engar innheimtumerkingar.

Tafla 57 Gjaldfallnar eftirstöðvar tryggingagjalds

<i>Í m.kr.</i>	<i>Höfuðst.</i>	<i>Dráttarv.</i>	<i>Kostnaður</i>	<i>Samtals</i>
1992–1995	56	91	2	149
1996–1999	219	225	7	541
2000–2002	768	313	2	1.083
	1.043	628	11	1.683

Ljóst er að um helmingur krafanna er í verulegri tapshættu. Tæplega 10.400 einstaklingar og lögaðilar skulda tryggingagjald sem er þó nokkur fækkun frá árinu 2000 en þá skulduðu um 14.000 aðilar þetta gjald. Um 255 gjaldendur skulda 1 m.kr. eða meira og er hæsta útistandandi krafan 19 m.kr. Samtals skulda þessir 255 aðilar um 527 m.kr.

Bifreiðagjöld

Eftirstöðvar *bifreiðagjalda (BK)* námu 266 m.kr. í árslok 2002 og þar af námu eftirstöðvar höfuðstóls 177 m.kr. Kröfur vegna bifreiðagjalda ná allt aftur til ársins 1989. Af eftirstöðvunum eru 72,6 m.kr. með gjaldþrotamerkingu og 87,7 m.kr. með aðra innheimtumerkingu.

Tafla 58 Gjaldfallnar eftirstöðvar bifreiðagjalds

<i>Í m.kr.</i>	<i>Höfuðst.</i>	<i>Dráttarv.</i>	<i>Kostnaður</i>	<i>Samtals</i>
1989–1993	1	1	1	3
1994–1998	19	29	5	53
1999–2002	158	50	2	210
	177	81	8	266

Alls skulda yfir 17 þúsund aðilar bifreiðagjöld vegna rúmlega 22 þúsund bifreiða. Tekið var úrtak hjá þeim sem skulduðu mest. Í ljós kom að í flestum tilfellum voru liðin 8 til 10 ár frá síðustu skoðun bifreiðar, engin innheimtumerking var skráð og í nokkrum tilfellum var um erlenda aðila að ræða. Leiða má líkur að því að í flestum tilfellum séu þessar bifreiðar ónýtar og finnst þar af leiðandi ekki enda flestar yfir 20 ára gamlar. Hins vegar hafi eigendur þeirra trassað að afskrá bifreiðarnar og skila inn númerum. Ekki er hægt að að gera fjárnám í þessum bifreiðum.

Eftirstöðvar *bifreiðagjalda vegna uppboða (BE)* námu alls 106 m.kr. og þar af námu eftirstöðvar höfuðstóls 43 m.kr. Kröfur ná aftur til ársins 1990 og er tæpur helmingur þeirra gjaldþrotamerktur. Þessi gjaldflokkur var upphaflega notaður þegar bifreiðar voru seldar á uppboði þar sem færa þurfti gjöldin af viðkomandi bifreið vegna nýs eiganda. Því var hér bæði um að ræða almenn bifreiðagjöld og þungaskatt. Á árinu 2000 breyttist þetta og er þessi flokkur nú notaður vegna úrskurða skattyfirvalda. Eftirstöðvar eru því nánast allar frá árinu 1999 og fyrr.

Eftirstöðvar *þungaskatts (BP)* námu 666 m.kr. Kröfur að fjárhæð 225 m.kr. voru gjaldþrotamerktar og kröfur að fjárhæð 271 m.kr. höfðu aðra innheimtumerkingu.

Tafla 59 Gjaldfallnar eftirstöðvar þungaskatts

<i>Í m.kr.</i>	<i>Höfuðst.</i>	<i>Dráttarv.</i>	<i>Kostnaður</i>	<i>Samtals</i>
1989–1993	3	8	0	11
1994–1998	42	61	2	105
1999–2000	436	109	4	550
	481	178	6	666

Á 139 bifreiðum hvíldi hærri krafa en ein milljón króna og námu skuldir vegna þeirra samtals 303 m.kr. Athugað var úrtak 20 bifreiða úr þessum hópi en skuldir vegna þeirra námu samtals 99 m.kr. Í átta tilfellum hafði

viðkomandi bifreið verið tekin úr umferð og í fjórum tilfellum höfðu þær verið afskráðar. Í 6 tilfellum var ekki búið að skila inn númerum og í tveimur tilfellum höfðu bifreiðarnar skipt um eigendur og hvíldi skuldin á fyrri eiganda. Þar sem þungaskattur nýtur lögveðs í viðkomandi bifreið er nauðsynlegt að grípa strax til innheimtuaðgerða þegar vanskil verða.

Skuldbreytingar og nauðasamningar

Skv. 3. og 4. mgr. 111. gr. laga nr. 75/191 um tekjuskatt og eignarskatt er fjármálaráðherra heimilt, að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar, að samþykka skuldbreytingu á opinberum gjöldum eða nauðasamning gjaldanda við innheimtumann. Í báðum tilfellum hafa verið sett eftirfarandi skilyrði:

1. Gjaldandi sé skuldlaus í virðisaukaskatti, staðgreiðslu opinberra gjalda, tryggingagjaldi og vörugjaldi.
2. Skattkröfur séu ekki tilkomnar vegna endurákvörðunar skattfyrvalda á gjöldum vegna skattsvika.
3. Ljóst sé að hagsmunum ríkissjóðs verði betur borgið með nauðasamningi (skuldbreytingu).

Á árinu 2002 bárust Ríkisendurskoðun til umsagnar erindi 10 aðila, þar af voru tveir lögaðilar. Einu erindi var hafnað strax af fjármálaráðuneytinu þar sem það uppfyllti ekki skilyrði og barst því ekki Ríkisendurskoðun til umsagnar. Í sjö tilfellum var um að ræða beiðni um samþykki nauðasamnings og í tveimur tilfellum var óskað eftir skuldbreytingu.

Ríkisendurskoðun mælti ekki með tveimur erindum þar sem þau uppfylltu ekki skilyrði sem sett eru í áðurnefndri lagagrein. Eitt erindi var afturkallað þar sem nauðsynlegar upplýsingar bárust ekki. Eftirtaldir nauðasamningar voru samþykktir:

Aðili	Upphafleg fjárhæð	Hlutfall nauðasamninga	Niðurfellt
Einstaklingur	4.842.933	20%	3.874.346
Einstaklingur	100.347	25%	75.260
Einstaklingur	1.115.604	10%	1.004.044
Lögaðili	2.955.391	30%	2.068.774

Báðar beiðnir um skuldbreytingu voru samþykktar og var um að ræða einstakling og lögaðila. Fjárhæð skuldabréfs einstaklingsins var um 1,8 m.kr. og var til 8 ára með föstum 7,7% vöxtum og vísitölubundið með grunnvísitölu neysluverðs. Skuldabréfið er tryggt með sjálfskuldarábyrgð einstaklingsins.

Fjárhæð skuldabréfs lögaðilans var um 1,5 m.kr. og var til 6 ára og ber meðalvexti Seðlabanka Íslands á hverjum tíma og er vísitölubundið með grunnvísitölu neysluverðs. Skuldabréfið er tryggt með 3ja veðrétti í fasteign.

6 Endurskoðun stofnana og annarra fjárlagaliða í A-hluta

Endurskoðun á A-hluta stofnunum á árinu 2002 beindist einkum að því að staðfesta upplýsingar í ársreikningum þeirra. Leitað var m.a. eftir ytri staðfestingu á efnahagsliðum og gerður var samanburður við launa- og tekjuskráningarkerfi þar sem það átti við. Þá voru gerðar úrtakskannanir fylgigagna í bókhaldi m.t.t. forms, réttmætis og áritunar. Enn fremur var nú eins og á undanförunum árum lögð áhersla á að skoða með samræmdum hætti valin atriði hjá öllum aðilum sem fjárhagsendurskoðun náði til á árinu. Gerð er grein fyrir niðurstöðum þeirrar athugunar í sérstökum kafla framar í þessari skýrslu. Hér á eftir verður gerð grein fyrir nokkrum málaflokkum sem voru skoðaðir í heild sinni á árinu 2002.

Íslensk sendiráð, fastanefndir og ræðisskrifstofur

Endurskoðun náði til sendiskrifstofa Íslands erlendis á árinu 2002. Þær eru 19 talsins og skiptast í sendiráð, fastanefndir og aðalræðisskrifstofu. Sendiskrifstofurnar eru sjálfstæðar stofnanir í fjárlögum en fjármál þeirra falla undir yfirstjórn utanríkisráðuneytis sem annast áætlanagerð fyrir þær og hefur eftirlit með rekstrinum. Ráðuneytið litur frekar á rekstrarniðurstöðu sendiskrifstofanna allra í heild sem hluta af utanríkisþjónustunni í stað þess að horfa á niðurstöðu hvernar skrifstofu fyrir sig. Útgjöld í rekstri sendiskrifstofa eru að hluta til gjaldfærð utan bókhalds þeirra sjálfra og má í því sambandi nefna stofnkostnað og meiri háttar viðhald, ferðakostnað og tölvukaup en þessir þættir eru gjaldfærðir ýmist hjá aðalskrifstofu utanríkisráðuneytis eða á fjárlagaliðinn Sendiráð, almennt. Hér er aftur á móti fjallað um þá þætti rekstrar sem gjaldfærðir eru í bókhaldi sendiskrifstofanna.

Endurskoðun sendiskrifstofa fór fram á samræmdan hátt sem m.a. fólst í því að bera saman fjárheimildir og rekstrarniðurstöðu sendiskrifstofa auk þess sem tekjur og gjöld voru borin saman milli ára og frávik þar á milli skýrð. Eignir og skuldir sem fram komu í bókhaldinu voru sannreynðar með samanburði við frumgögn og skýringar fengnar þar sem við átti, skoðað var hvort launaútreikningur sendimanna og fjarvistarskráningu starfsmanna í sendiskrifstofum væru rétt og athugað var hvort forstöðumenn eða staðgenglar þeirra staðfestu réttmæti reikninga á sendiskrifstofurnar. Einnig voru skoðaðir nokkrir aðrir þættir sem stuðla að innra eftirliti í fjármálum og

bókhaldi sendiskrifstofa. Þá voru nokkrir þættir teknir til skoðunar sem féllu undir sérstök áhersluatriði í endurskoðun ársins hjá ríkisstofnunum. Þetta eru áhættustjórnun, starfsmannastjórnun og launaákvæðanir, kaup á vörum og þjónustu og styrkveitingar.

Fjárheimildir og rekstur

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstrarafkomu ársins 2002 hjá íslenskum sendiskrifstofum erlendis.

Tafla 60 Fjárheimildir og afkoma sendiskrifstofa

<i>Í m.kr.</i>	<i>Fjárlög</i>	<i>Fjárau- lög milli- færslur</i>	<i>Fjárheim- . ársins</i>	<i>Tekju- afgangur</i>	<i>Frávik</i>	<i>Frávik í %</i>
Sendiráð Íslands í Berlín	75,1	(2,4)	72,7	(70,8)	1,9	2,6
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	47,2	(1,4)	45,8	(61,3)	(15,5)	(33,8)
Sendiráð Íslands í London	88,9	(3,9)	85,0	(93,8)	(8,8)	(10,4)
Sendiráð Íslands í Moskvu	79,8	(5,5)	74,3	(79,4)	(5,1)	(6,9)
Sendiráð Íslands í Osló	50,4	1,6	52,0	(57,9)	(5,9)	(11,3)
Sendiráð Íslands í París	105,1	(3,7)	101,4	(106,3)	(4,9)	(4,8)
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	38,4	0,9	39,3	(40,4)	(1,1)	(2,8)
Sendiráð Íslands í Washington	85,2	(5,8)	79,4	(93,2)	(13,8)	(17,4)
Fastanefnd Íslands hjá S.P. N Y	147,6	(10,5)	137,1	(158,6)	(21,5)	(15,7)
Sendiráð Íslands í Brussel og EU	106,1	(3,6)	102,5	(108,0)	(5,5)	(5,4)
Fastanefnd Íslands hjá Nató	78,1	(2,4)	75,7	(80,6)	(4,9)	(6,5)
Fastanefnd Íslands hjá alþj.sto. og EFTA	78,2	(0,1)	78,1	(75,0)	3,1	4,0
Sendiráð Ísl. í Vínarborg og ÖSE	47,5	(1,5)	46,0	(47,4)	(1,4)	(3,0)
Sendiráð Íslands í Peking	81,1	(5,6)	75,5	(72,1)	3,4	4,5
Sendiráð Íslands í Ottawa	61,3	(4,1)	57,2	(54,9)	2,3	4,0
Sendiráð Íslands í Tókýó	100,8	(10,5)	90,3	(66,3)	24,0	26,6
Sendiráð Íslands í Helsinki	50,3	(1,5)	48,8	(40,7)	8,1	16,6
Fastanefnd Ísland hjá Evrópuráðinu	27,7	(0,9)	26,8	(30,7)	(3,9)	(14,6)
Sendiráð Íslands í Mapútó	20,5	(1,3)	19,2	(20,8)	(1,6)	(8,3)
Samtals	1.369,3	(62,2)	1.307,1	(1.358,2)	(51,1)	(3,9)

Framlag í fjárlögum ársins 2002 til sendiskrifstofanna nam í heild tæplega 1,4 ma.kr. Fjárlögin voru síðan lækkuð samtals um 62,2 m.kr. vegna gengisbreytinga og urðu fjárheimildir ársins 2002 því nálægt 1,3 ma.kr. Rekstrarútgjöld umfram tekjur voru heldur hærri eða tæplega 1,4 ma.kr. Þannig að rekstur sendiskrifstofa varð í heild 51,1 m.kr. umfram fjárheimildir á árinu 2002 sem svarar til 3,9% umframgjalda. Af þeim voru sex sendiskrifstofur sem skiluðu samtals 42,8 m.kr. tekjuafgangi en samtals 93,9 m.kr. tekjuhalli varð hjá þrettán sendiskrifstofum.

Staða gagnvart fjárheimildum

Eftirfarandi tafla sýnir uppsafnaða rekstrarniðurstöðu gagnvart fjárlögum og fjárheimildum í árslok 2002.

Tafla 61 Staða sendiskrifstofa gagnvart fjárheimildum

<i>Í m.kr.</i>	<i>Höfuðstóll 01.01</i>	<i>Tekju- afgangur (tekju- halli)</i>	<i>Endurmat flutt á höfuðstól</i>	<i>Ónotuð fjár- heimild 31.12</i>	<i>Notað umfram fjárheim. 31.12</i>
Sendiráð Íslands í Berlín	4,4	1,9	1,1	7,4	
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	1,2	(15,5)	0,3		(14,0)
Sendiráð Íslands í London	3,7	(8,8)	(0,7)		(5,8)
Sendiráð Íslands í Moskvu	(15,0)	(5,1)	(0,3)		(20,4)
Sendiráð Íslands í Osló	(4,0)	(5,9)	(0,1)		(10,0)
Sendiráð Íslands í París	7,9	(4,9)	(1,1)	1,9	
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	2,6	(1,1)	(0,4)	1,1	
Sendiráð Íslands í Washington	(18,6)	(13,8)	(1,1)		(33,5)
Fastanefnd Íslands hjá S.P. New York	(20,7)	(21,5)	(0,2)		(42,4)
Sendiráð Íslands í Brussel og EU	(7,3)	(5,5)	0,9		(11,9)
Fastanefnd Íslands hjá Nató	(4,0)	(4,9)	0,4		(8,5)
Fastanefnd Íslands hjá alþj.sto. og EFTA	(7,6)	3,1	0,4		(4,1)
Sendiráð Íslands í Vínarborg og ÖSE	7,2	(1,4)	0,0	5,8	
Sendiráð Íslands í Peking	(0,8)	3,4	(0,1)	2,5	
Sendiráð Íslands í Ottawa	(20,0)	2,3	0,0		(17,7)
Sendiráð Íslands í Tókýó	35,2	24,0	0,0	59,2	
Sendiráð Íslands í Helsinki	12,8	8,1	0,1	21,0	
Fastanefnd Ísland hjá Evrópuráðinu	(4,2)	(3,9)	(0,1)		(8,2)
Sendiráð Íslands í Mapútó	0,9	(1,6)	0,0		(0,7)
Samtals	(26,3)	(51,1)	(0,9)	98,9	(177,2)

Í upphafi ársins 2002 sýndi samanlagður höfuðstóll sendiskrifstofa að þær höfðu ráðstafað 26,3 m.kr. umfram fjárlög og fjárheimildir. Þegar við bættist 51,1 m.kr. tekjuhalla á árinu 2002 höfðu sendiskrifstofur þar með ráðstafað 78,3 m.kr. umfram heimildir í árslok 2002. Í þeirri fjárhæð eru einnig fólgnar 900 þús. kr. vegna endurmatsreiknings sem fluttur var á höfuðstólsreikning á árinu 2002 en sú fjárhæð hefur óveruleg áhrif á niðurstöðuna í árslok. Höfuðstóll sendiskrifstofa í árslok 2002 skiptist þannig að sjö þeirra voru með jákvæðan höfuðstól sem nam samtals 98,9 m.kr. og 12 voru með neikvæðan höfuðstól sem nam samtals 177,2 m.kr. Jákvæðustu stöðu gagnvart fjárheimildum hafði sendiráðið í Tókýó eða 59,2 m.kr. en fastanefndin í New York hafði ráðstafað mestu umfram fjárheimildir eða 42,4 m.kr. Fastanefndin í New York er dýrasta sendiskrifstofan í fjárlögum en sendiráðið í Tókýó er einnig meðal þeirra dýrari.

Ýmis útgjöld sendiráða eru gjaldfærð á fjárlagaliðinn Sendiráð, almennt, m.a. samkvæmt reglum utanríkisráðuneytis sem settar eru fram í handbók ráðuneytisins „Fyrirmæla- og leiðbeiningabók utanríkisþjónustunnar“. Af útgjöldum sem gjaldfærð eru á þennan fjárlagalið má nefna stofnkostnað og meiri háttar viðhald bygginga á vegum sendiráða auk greiðslna vegna starfsmanna, t.d. í tengslum við búferlaflutninga, orlofsferðir til Íslands og skólagjöld barna þeirra í viðkomandi gistiríkjum. Í árslok 2002 var höfuðstóll hjá Sendiráðum, almennt, jákvæður um tæpar 26,8 m.kr. sem þýðir að útgjöld hafi verið innan ramma fjárheimilda sem nemur þeirri fjárhæð. Þessi jákvæða eiginfjárstaða skiptist þannig: Ráðstafað var 65,8 m.kr. minna til stofnkostnaðar en heimildir leyfðu. Hins vegar var ráðstafað umfram heimildir 215 þús. kr. til viðhalds og liðlega 38,8 m.kr. vegna almenns rekstrar sem felur m.a. í sér framangreindan kostnað vegna starfsmanna.

Viðskipti við ríkissjóð

Eftirfarandi tafla sýnir breytingu á stöðu sendiskrifstofa gagnvart ríkissjóði á árinu 2002. Skuld við ríkissjóð felur í sér að greiðslur úr ríkissjóði hafi verið meiri en sem nemur fjárheimildum, en inneign þýðir að ríkissjóður hafi ekki innt af hendi allt ríkisframlagið sem sendiskrifstofunni var ákvarðað í fjárlögum.

Tafla 62 Greiðslustaða sendiskrifstofa gagnvart ríkissjóði

<i>Í m.kr.</i>	<i>Staða 01.01</i>	<i>Ríkis framlag</i>	<i>Greiðslur úr ríkissj.</i>	<i>Inneign 31.12</i>	<i>Skuld 31.12</i>
Sendiráð Íslands í Berlín	5,1	72,7	77,5	0,3	
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	(6,4)	45,8	65,7		(26,3)
Sendiráð Íslands í London	(12,2)	85,0	92,4		(19,6)
Sendiráð Íslands í Moskvu	(22,3)	74,3	75,2		(23,2)
Sendiráð Íslands í Osló	(15,1)	52,0	57,5		(20,6)
Sendiráð Íslands í París	(12,5)	101,4	92,1		(3,2)
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	1,4	39,3	41,0		(0,3)
Sendiráð Íslands í Washington	(31,3)	79,4	88,4		(40,3)
Fastanefnd Íslands hjá S.Þ. New York	(32,7)	137,1	167,9		(63,5)
Sendiráð Íslands í Brussel og EU	(33,9)	102,5	81,5		(12,9)
Fastanefnd Íslands hjá Nató	(23,0)	75,7	70,4		(17,7)
Fastanefnd Íslands hjá alþj.sto. og EFTA	(17,9)	78,1	71,6		(11,4)
Sendiráð Íslands í Vínborg og ÖSE	2,6	46,0	46,0	2,6	
Sendiráð Íslands í Peking	(31,5)	75,5	61,9		(17,9)
Sendiráð Íslands í Ottawa	(34,0)	57,2	44,8		(21,6)
Sendiráð Íslands í Tókýó	31,8	90,3	70,1	52,0	
Sendiráð Íslands í Helsinki	7,8	48,8	44,9	11,7	
Fastanefnd Ísland hjá Evrópuráðinu	(34,5)	26,8	10,3		(18,0)
Sendiráð Íslands í Mapútó	(0,1)	19,2	20,4		(1,3)
Samtals	(258,7)	1.307,1	1.279,6	66,6	(297,8)

Í ársbyrjun 2002 nam skuld sendiskrifstofa við ríkissjóð samtals 258,7 m.kr. Á árinu 2002 nam ríkisframlag til sendiskrifstofa alls liðlega 1,3 ma.kr. en greiðslur úr ríkissjóði voru á sama tíma 27,5 m.kr. lægri en framlagið. Lækkaði því skuld sendiskrifstofa við ríkissjóð sem því nam og var orðin 231,2 m.kr. í árslok 2002. Staða gagnvart ríkissjóði skiptist þannig að fjórar sendiskrifstofur áttu samtals 66,6 m.kr. inni hjá ríkissjóði en 15 sendiskrifstofur skulduðu ríkissjóði samtals 297,8 m.kr. Stærstu einstöku inneign hjá ríkissjóði í árslok 2002 átti sendiráðið í Tókýó eða 52 m.kr. en stærsta skuldin við ríkissjóð var hjá fastanefndinni í New York eða 63,5 m.kr. Einnig skal þess getið að inneign hjá ríkissjóði vegna framlags til fjárlagaliðarins Sendiráð, almennt, nam rúmum 4,3 m.kr. í árslok 2002.

Innra eftirlit

Rekstraráætlun er gerð fyrir sendiskrifstofur og er hún sundurliðuð eftir viðfangsefnum. Áætlunin tekur ekki alveg mið af fjárlögum fyrir hverja skrifstofu en utanríkisráðuneytið miðar við að rekstraráætlun fyrir allar sendiskrifstofur í heild geri það. Fjársýsla ríkisins annast launavinnslu mánaðarlauna fyrir útsenda starfsmenn, greiðslur tilfallandi smáútgjalda og tölvukaup sem gerð eru hér heima. Auk þess gengur Fjársýslan frá bókhaldi sendiskrifstofa í árslok. Skrifstofurnar sjálfar sjá annars um að færa fjárhagsbókhald og að greiða reikninga og önnur laun en mánaðarlaun útsendra starfsmanna. Eftir hver mánaðamót eru bókhaldsgögn send heim til ráðuneytisins og Fjársýslunnar. Ráðuneytið fylgist með rekstri sendiskrifstofa og gerir ábendingar um það sem betur mætti fara, t.d. ef draga þarf saman á einstökum útgjaldaliðum. Gerð er ferðakostnaðaráætlun í samráði við ráðuneytið. Ráðuneytið gengur ríkt eftir því að sendimenn skili risnuskýrslum eftir hvert ár.

Í lok hvers mánaðar eru bókhald, bankayfirlit og sjóðbók stemmd af. Sjóður sendiskrifstofa er yfirleitt talinn og stemmdur af reglulega og reynt að hafa jafnan sem minnst í honum. Ráðningarsamningar eru gerðir við starfsmenn og greiðslur staðaruppbóta og risnufjár fara fram eftir forskrift utanríkisráðuneytis um hver mánaðamót. Fjarvistarskrá er færð fyrir starfsmenn en misjafnt er hvernig hún er útfærð. Reikningar á sendiskrifstofur eru yfirleitt áritaðir til samþykkis af sendiherra eða staðgengli hans.

Það er mat Ríkisendurskoðunar að innra eftirlit hafi almennt verið í viðunandi horfi í sendiskrifstofum Íslands erlendis. Framangreind lýsing miðast við þætti í innra eftirliti sem yfirleitt tíðkast hjá sendiskrifstofum. Frá þessu eru þó fáeinar undantekningar og má t.d. nefna dæmi um óþarflega háa sjóðsstöðu sem stuðlað getur að óöryggi í meðferð hans. Ekki hefur verið venja að senda heim gögn um sjóðsstöðu með öðrum bókhalds-

gögnum en Ríkisendurskoðun telur að formleg sjóðstalning eigi að fara fram um hver mánaðamót og senda eigi heim sjóðstalingarblað ásamt afriti úr sjóðbók með öðrum bókhaldsgögnum. Reikningar eru almennt áritaðir til samþykkis en undantekningu mátti finna frá þessu sem Ríkisendurskoðun mæltist til að bætt yrði úr. Athugasemd kom fram við stöðu viðskiptamanna sem ekki var gengið nægilega fram í gera upp en að jafnaði er eftirlit og uppgjör viðskiptamanna ágætt hjá sendiskrifstofum.

Rekstur sendiskrifstofa

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðaðan rekstur sendiskrifstofa á árinu 2002 og samanburð við rekstrarafkomu ársins 2001.

Tafla 63 Rekstur sendiskrifstofa

<i>Í m.kr.</i>	<i>Tekjur</i>	<i>Gjöld</i>	<i>Eigna- kaup</i>	<i>Samtals</i>	<i>Árið 2001</i>	<i>Breyt.</i>	<i>Breyt. í %</i>
Sendiráð Íslands í Berlín	0,0	70,6	0,2	70,8	67,8	3,0	4,4
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	0,0	61,0	0,3	61,3	46,3	15,0	32,4
Sendiráð Íslands í London	(0,6)	94,3	0,1	93,8	91,3	2,5	2,7
Sendiráð Íslands í Moskvu	0,0	79,1	0,2	79,4	81,2	(1,8)	(2,2)
Sendiráð Íslands í Osló	(0,9)	58,4	0,4	57,9	51,6	6,3	12,2
Sendiráð Íslands í París	(0,1)	106,2	0,2	106,3	105,0	1,3	1,2
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	(0,2)	40,5	0,1	40,4	39,8	0,6	1,5
Sendiráð Íslands í Washington	(0,1)	93,0	0,3	93,2	92,6	0,6	0,6
Fastanefnd Íslands hjá S.P. NY	(0,2)	158,1	0,7	158,6	149,8	8,8	5,9
Sendiráð Ísl. í Brussel og EU	(0,1)	107,8	0,3	108,0	104,4	3,6	3,4
Fastanefnd Íslands hjá Nató	(0,1)	80,2	0,5	80,6	77,5	3,1	4,0
Fastan. Ísl. hjá alþj.s. og EFTA	(0,1)	74,7	0,4	75,0	73,4	1,6	2,2
Sendiráð Ísl. í Vínnarborg og ÖSE	(2,5)	49,8	0,1	47,4	39,7	7,7	19,4
Sendiráð Íslands í Peking	(0,1)	72,2	0,0	72,1	76,6	(4,5)	(5,9)
Sendiráð Íslands í Ottawa	0,0	54,8	0,1	54,9	62,1	(7,2)	(11,6)
Sendiráð Íslands í Tókýó	0,0	66,0	0,3	66,3	54,3	12,0	22,1
Sendiráð Íslands í Helsinki	(3,0)	40,8	2,9	40,7	42,8	(2,1)	(4,9)
Fastanefnd Ísland hjá Evrópuráðinu	0,0	30,7	0,0	30,7	31,7	(1,0)	(3,2)
Sendiráð Íslands í Mapútó	0,0	20,7	0,1	20,8	16,1	4,7	29,2
Samtals	(8,0)	1.358,9	7,2	1.358,2	1.304,0	54,2	4,2

Á árinu 2002 námu útgjöld umfram tekjur hjá sendiskrifstofum samtals rúmum 1,3 ma.kr. Önnur rekstrargjöld voru þar umfangsmesti liðurinn og nálgudust 1,4 ma.kr. Eignakaup, sem gjaldfærð eru hjá sendiskrifstofum, eru litill þáttur í rekstri þeirra en þau námu 7,2 m.kr. á árinu 2002. Sama er að segja um tekjur sem námu 8 m.kr. Hluti útgjalda hjá sendiskrifstofum er

samningsbundinn, s.s. laun, húsaleiga vegna starfsmanna eða kostnaður sem leiðir af reglulegri starfsemi, t.d. orkunotkun og símakostnaður, en einnig mætti telja til risnukostnað. Undir eignakaup í rekstri sendiskrifstofa heyrja innkaup á smærri hlutum, en utanríkisráðuneytið greiðir stærri eignakaup, stofnkostnað og meiri háttar viðhald hjá sendiskrifstofum og fellur þetta undir fjárlagaliðinn Sendiráð, almennt. Þess má geta að gjöld umfram tekjur á fjárlagaliðnum Sendiráð, almennt námu um 269 m.kr. á árinu 2002. Einnig má geta þess að ferðakostnaður sendimanna er gjaldfærður hjá aðalskrifstofu utanríkisráðuneytis. Sá kostnaður nam 37,3 m.kr. á árinu 2002. Að mati Ríkisendurskoðunar væri réttara að sýna öll útgjöld sendiskrifstofa á fjárlagaliðnum þeirra sjálfra. Til að gjöld og tekjur stæðust á yrði að millifæra fjárheimildir af Sendiráðum, almennt, og af aðalskrifstofu ráðuneytisins til einstakra sendiskrifstofa eftir því sem kostnaður félli til á hverjum stað.

Ekki var um verulegan mun að ræða á útgjöldum sendiskrifstofa frá fyrra ári og jukust þau um 54,2 m.kr. eða 4,2% milli ára. Almennt var fremur lítil breyting á útgjöldum einstakra sendiskrifstofa en mesta aukningin var þó hjá sendiráðunum í Kaupmannahöfn og Tókýó. Í fyrra tilfellinu má rekja hækkun að talsverðu leyti til þess að sendiráðið greiddi laun útsends starfsmanns sem tímabundið var við störf í danska utanríkisráðuneytinu og í síðara tilfellinu má rekja hækkun til þess að árið 2002 var fyrsta heila starfsár sendiráðsins í Tókýó.

Tekjur

Tekjur sendiskrifstofa eru almennt óverulegar og voru t.d. engar tekjur hjá sjö sendiskrifstofum á árinu 2002. Tekjur á árinu 2002 voru yfirleitt vegna endurgreiðslu á virðisaukaskatti en einnig komu fyrir vaxtatekjur af bankainnstæðum. Ríkisendurskoðun hefur mælt til þess að endurgreiðsla á virðisaukaskatti sé ekki tekjufærð í bókhaldi sendiskrifstofa heldur bakfærð á viðkomandi gjaldalykla. Auk framangreindra tekna annast sum sendiráðanna innheimtu á aukatekjum ríkissjóðs, t.d. vegna útgáfu vegabréfa og ökuskirteina. Þær tekjur eru bókfærðar til skuldar hjá sendiskrifstofum gagnvart ríkissjóði og gerð grein fyrir þeim bréflega til ráðuneytisins um hver mánaðamót. Fyrir þessum tekjum eru gefnir út lögformlegir reikningar sem haldið er utan um á skipulegan hátt.

Launagjöld

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð launagjalda milli árana 2001 og 2002 hjá sendiskrifstofum.

Tafla 64 Launagjöld sendiskrifstofa

<i>Í m.kr.</i>	2002	2001	Breyting	Breyting í %
Sendiráð Íslands í Berlín	43,4	40,4	3,0	7,4
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	40,5	30,1	10,4	34,6
Sendiráð Íslands í London	43,9	44,5	(0,6)	(1,3)
Sendiráð Íslands í Moskvu	45,4	45,1	0,3	0,7
Sendiráð Íslands í Osló	39,7	33,3	6,4	19,2
Sendiráð Íslands í París	55,8	58,0	(2,2)	(3,8)
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	27,4	28,5	(1,1)	(3,9)
Sendiráð Íslands í Washington	47,8	46,6	1,2	2,6
Fastanefnd Íslands hjá S.P. New York	68,9	63,9	5,0	7,8
Sendiráð Íslands í Brussel og EU	61,3	59,7	1,6	2,7
Fastanefnd Íslands hjá Nató	53,3	51,2	2,1	4,1
Fastanefnd Íslands hjá alþj.sto. og EFTA	50,8	49,5	1,3	2,6
Sendiráð Íslands í Vínborg og ÖSE	27,9	21,5	6,4	29,8
Sendiráð Íslands í Peking	41,0	42,3	(1,3)	(3,1)
Sendiráð Íslands í Ottawa	33,3	29,3	4,0	13,7
Sendiráð Íslands í Tókýó	43,3	19,2	24,1	125,5
Sendiráð Íslands í Helsinki	23,7	25,9	(2,2)	(8,5)
Fastanefnd Ísland hjá Evrópuráðinu	19,5	19,6	(0,1)	(0,5)
Sendiráð Íslands í Mapútó	11,4	6,5	4,9	75,4
Samtals	778,3	715,1	63,2	8,8

Launagjöld hjá sendiskrifstofum námu samtals 778,3 m.kr. á árinu 2002 og hækkuðu um 63,2 m.kr. frá árinu áður eða 8,8%. Jafnan er miðað við að grunnlaun og staðaruppbætur í erlendri mynt gistiríkis sé föst fjárhæð sem tekur mið af verðbólgu erlendis og gengisþróun íslensku krónunnar. Ríkisendurskoðun gerði úrtakskannanir þessu til staðfestingar. Föst laun flutningsskyldra starfsmanna eru greidd á Íslandi en staðaruppbætur og laun staðarráðinna eru greidd í sendiráðinu. Sendiherrar og sendifulltrúar þiggja grunnlaun samkvæmt ákvörðun kjaranefndar. Staðaruppbætur fela meðal annars í sér greiðslu námskostnaðar fyrir börn sendimanna en af því leiðir að það ræðst af fjölskyldustærð þeirra sem eru í starfi hverju sinni hver kostnaðurinn verður. Hækkun launa á árinu 2002 má t.d. rekja til fleiri unninna ársverka við sendiskrifstofurnar en breyting á fjölskyldustærð hafði einnig áhrif á launakostnaðinn.

Önnur rekstrargjöld

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð annarra rekstrargjalda milli árana 2001 og 2002 hjá sendiskrifstofum.

Tafla 65 Önnur rekstrargjöld sendiskrifstofa

<i>Í m.kr.</i>	2002	2001	Breyting	Breyting í %
Sendiráð Íslands í Berlín	27,2	27,2	0,0	0,0
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	20,5	16,0	4,5	28,1
Sendiráð Íslands í London	50,4	47,6	2,8	5,9
Sendiráð Íslands í Moskvu	33,7	34,6	(0,9)	(2,6)
Sendiráð Íslands í Osló	18,7	18,6	0,1	0,5
Sendiráð Íslands í París	50,4	46,8	3,6	7,7
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	13,1	11,1	2,0	18,0
Sendiráð Íslands í Washington	45,2	46,4	(1,2)	(2,6)
Fastanefnd Íslands hjá S.Þ. New York	89,2	85,8	3,4	4,0
Sendiráð Íslands í Brussel og EU	46,5	44,3	2,2	5,0
Fastanefnd Íslands hjá Nató	26,9	26,3	0,6	2,3
Fastanefnd Íslands hjá alþj.sto. og EFTA	23,9	23,8	0,1	0,4
Sendiráð Íslands í Vínarborg og ÖSE	21,9	19,8	2,1	10,6
Sendiráð Íslands í Peking	31,2	34,3	(3,1)	(9,0)
Sendiráð Íslands í Ottawa	21,5	19,4	2,1	10,8
Sendiráð Íslands í Tókýó	22,7	34,5	(11,8)	(34,2)
Sendiráð Íslands í Helsinki	17,1	16,8	0,3	1,8
Fastanefnd Ísland hjá Evrópuráðinu	11,2	12,1	(0,9)	(7,4)
Sendiráð Íslands í Mapútó	9,3	9,8	(0,5)	(5,1)
Samtals	580,6	575,2	5,4	0,9

Önnur rekstrargjöld hjá sendiskrifstofum námu 580,6 m.kr. á árinu 2002 og hækkuðu um 5,4 m.kr. frá árinu áður eða 0,9%. Útgjöldin eru miklu leyti bundin samningum eins og t.d. húsaleiga sem jafnan er stærsti einstaki kostnaðarliðurinn en einnig eru nokkrir fastir þættir sem ásamt húsaleigu mynda meginhluta annarra rekstrargjalda og má þar nefna símakostnað, risnukostnað og orkunotkun húsnæðis. Utanríkisráðuneytið fylgist með útgjöldum sendiskrifstofa og gerir ábendingar ef þörf er talin á. Veruleg lækkun varð á útgjöldum hjá sendiráðinu í Tókýó á árinu 2002 sem rekja má til þess að á árinu 2001 kom til sérstakra útgjalda við stofnun þess.

Efnahagur sendiskrifstofa

Eftirfarandi tafla sýnir eignir og skuldir sendiskrifstofa og stöðu eigin fjár í árslok 2002.

Tafla 66 Efnahagur sendiskrifstofa

<i>Í m.kr.</i>	<i>Eignir 31.12</i>	<i>Skuldir 31.12</i>	<i>Eigið fé 31.12</i>
Sendiráð Íslands í Berlín	7,5	0,1	7,4
Sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn	21,8	35,8	(14,0)
Sendiráð Íslands í London	15,6	21,4	(5,8)
Sendiráð Íslands í Moskvu	3,1	23,5	(20,4)
Sendiráð Íslands í Osló	10,7	20,7	(10,0)
Sendiráð Íslands í París	6,1	4,2	1,9
Sendiráð Íslands í Stokkhólmi	1,4	0,3	1,1
Sendiráð Íslands í Washington	7,8	41,3	(33,5)
Fastanefnd Íslands hjá S.Þ. New York	21,2	63,6	(42,4)
Sendiráð Íslands í Brussel og EU	4,6	16,5	(11,9)
Fastanefnd Íslands hjá Nató	9,9	18,4	(8,5)
Fastanefnd Íslands hjá alþj.sto. og EFTA	7,8	11,9	(4,1)
Sendiráð Íslands í Vínarborg og ÖSE	6,1	0,3	5,8
Sendiráð Íslands í Peking	21,2	18,7	2,5
Sendiráð Íslands í Ottawa	4,4	22,1	(17,7)
Sendiráð Íslands í Tókýó	60,1	0,9	59,2
Sendiráð Íslands í Helsinki	21,1	0,1	21,0
Fastanefnd Ísland hjá Evrópuráðinu	9,7	17,9	(8,2)
Sendiráð Íslands í Mapútó	0,6	1,3	(0,7)
Samtals	240,7	319,0	(78,3)

Í árslok 2002 námu bókfærðar eignir sendiskrifstofa 240,7 m.kr. en skuldir námu á sama tíma 319 m.kr. Eiginfjárstaða sendiskrifstofa var því neikvæð um 78,3 m.kr. í árslok 2002. Hjá sjö sendiskrifstofum voru eignir umfram skuldir og nam sú fjárhæð samtals 98,9 m.kr. Hjá 12 sendiskrifstofum voru aftur á móti skuldir umfram eignir og námu þær samtals 177,2 m.kr. Eiginfjárstaðan var best hjá sendiráðinu í Tókýó eða 59,2 m.kr. en lókust hjá fastanefndinni í New York þar sem skuldir voru 42,4 m.kr. umfram eignir. Eigið fé sendiráðsins í Tókýó má rekja til tekjuafgangs á báðum árunum 2001 og 2002 en þess má geta að sendiráðið var sett á stofn á árinu 2001. Tekjuhalli hefur hins vegar verið á rekstri fastanefndarinnar í New York síðustu árin en mest þó á árinu 2002. Við endurskoðun var t.d. gerð athugasemd við að viðskiptakröfur sendiskrifstofu væru óuppgerðar og ekki gengið nægilega eftir uppgjöri þeirra. Þar á meðal var virðisaukaskattur og fleiri opinber gjöld sem eftir var að fá endurgreidd.

Áhættustjórnun

Áhættustjórnun felur m.a. í sér að markmið sendiskrifstofa séu skilgreind og starfsmenn gerðir meðvitaðir um þau, settur sé mælikvarði á markmið svo að hægt sé að meta hvort sendiskrifstofur nái markmiðum sínum og að

áhætta sé greind til að ljóst sé hvaða áhættuþættir gætu stefnt markmiðum þeirra í hættu og til hvaða ráðstafana þurfi að grípa til að lágmarka áhættuna eða ef vandamál steðja að.

Markmið og stefna utanríkisþjónustunnar koma fram í árlegri skýrslu ráðherra til Alþingis um utanríkismál. Skýrslan er send öllum starfsmönnum og markmið einstakra deilda rækilega kynnt fyrir þeim. Sendiskrifstofur gera árlega starfsáætlun þar sem sett eru fram markmið fyrir einstök svið starfseminnar eða einstakar skrifstofur eftir atvikum. Ekki er auðvelt að setja nákvæman mælikvarða á árangur af starfsemi utanríkisþjónustunnar en ráðuneytið fylgist með því sem ávinnt. Meðal annars veita starfsmenn upplýsingar um árangur af starfi sínu. Formleg eða kerfisbundin áhættugreining hefur ekki verið gerð fyrir utanríkisþjónustuna í heild, aðeins fyrir einstök verkefni. Í daglegum störfum felst einnig áhættugreining vegna ýmissa verkefna þótt hún sé ekki lögð fram formlega. Þetta á m.a. við um öryggismál sendiráða og ráðuneytisins sem eru reglulega yfirfarin og nauðsynlegar ráðstafanir gerðar eftir því sem fjárhagur og aðrar aðstæður leyfa.

Starfsmannastjórnun og launaákvæðanir

Athugun Ríkisendurskoðunar á starfsmannastjórnun og launaákvörðunum tók m.a. til þess hvort sendiskrifstofur væru með mannaflááætlun sem nýtist t.d. við gerð rekstraráætlana. Einnig hvort þær hefðu starfslýsingar sem tengdust stjórnskipulagi sendiskrifstofa, formlegt kerfi til að ákvarða starfsmönnum laun eftir ábyrgð, verkefnum og reynslu, reglur um ákvörðun viðbótarlauna, og tæki eða kerfi til að mæla afköst eða frammistöðu starfsmanna. Lokst var kannað hvort fyrir hendi væri fast vinnulag við innsetningu nýrra starfsmanna og starfsþjálfun, starfsmannaviðtöl forstöðumanna og starfsmanna og áætlanir um endurmenntun starfsmanna.

Sendiskrifstofur hafa mannaflááætlun og er hún hluti af rekstraráætlunum utanríkisráðuneytis. Þá hafa starfsmenn sendiskrifstofa starfslýsingar og að jafnaði eru gerðar starfslýsingar fyrir staðarráðna starfsmenn þeirra. Utanríkisráðuneytið notast við ákveðið skipulag til að ákvarða starfsmönnum laun en viðbótarlaun ráðast af stofnanasamningum og einstaklingssamningum ráðuneytisins og einstakra starfsmanna. Ekki er notast við sérstakt mælingakerfi til að meta frammistöðu eða afköst starfsmanna. Ekki eru heldur sérstakar áætlanir um endurmenntun starfsmanna en hugað er að endurmenntun með ýmsum námskeiðum, s.s. Diplómataskólanum, tölvunámskeiðum og tungumálanámi sendimanna í viðkomandi gistiríkjum. Reglur ráðuneytis kveða á um starfsmannaviðtal á hverju ári og er gert ráð fyrir að haldið sé utan um niðurstöður þeirra í sérstöku tölvukerfi.

Kaup á vöru og þjónustu

Athugað var hvernig innkaupum hjá sendiskrifstofum er háttað, m.a. hvort skriflegar reglur séu til um þau, hverjir hafi heimild til innkaupa, hvort skrifstofurnar séu með samninga vegna innkaupa á vöru og þjónustu, hvort þjónusta skili sér eins og gert sé ráð fyrir eða samið um og hvort staðfest sé að reikningar séu í samræmi við það sem beðið var um og afhent.

Í Fyrirmæla- og leiðbeiningabók utanríkisþjónustunnar er tekið fram að reikningshaldarar sendiskrifstofa megi eingöngu inna af hendi greiðslur vegna nauðsynlegra útgjalda í rekstri embættanna og í samræmi við fjárveitingar. Ekki má ráðast í önnur útgjöld nema með leyfi ráðuneytisins nema þá að fyrirmæli í handbókinni mæli fyrir um slíkt. Allir reikningar á sendiskrifstofur skulu staðfestir og áritaðir af forstöðumanni eða staðgengli hans fyrir greiðslu. Útgjöld í rekstri sendiskrifstofa eru undir eftirliti utanríkisráðuneytis en mánaðarlega eru sendar heim útskriftir úr bókhaldinu sem ráðuneytið fylgist með. Sendiskrifstofur fylgjast einnig með útgjöldum sínum miðað við fjárheimildir. Að jafnaði er kostnaður sendiskrifstofa tengdur reglubundnum rekstri en ef um óreglubundinn eða óvenjulegan kostnað er að ræða er hann borinn undir ráðuneytið. Yfirleitt eru viðskipti höfð við sömu aðila þegar keyptar eru rekstrarvörur til sendiskrifstofa og ekki um sérstaka samninga að ræða enda um frekar lágar fjárhæðir að ræða hverju sinni. Tekið er á móti vörum í móttöku sendiskrifstofa og reikningar bornir saman við afhent magn. Einnig er fylgst með því að reikningar fyrir þjónustu séu í samræmi við það sem beðið er um og innt er af hendi.

Styrkir

Styrkir eru almennt ekki meðal útgjaldaliða hjá sendiskrifstofum þótt til séu undantekningar frá því af sérstökum ástæðum. Ekki er ráðist í slíkan kostnað nema með samþykki utanríkisráðuneytis.

Niðurstaða

Niðurstaða af endurskoðun sendiskrifstofa á árinu 2002 er á þá leið að í heild fóru þau 51,1 m.kr. fram úr fjárlögum á árinu 2002, heildarskuldir umfram eignir í árslok námu samtals 78,3 m.kr. og skuld við ríkissjóð umfram inneign nam samtals 231,2 m.kr. Rekstrarniðurstaða einstakra sendiskrifstofa er misjöfn. Sex þeirra skiluðu samtals 42,8 m.kr. tekjuafgangi en 93,9 m.kr. tekjuhalli varð hjá þrettán sendiskrifstofum. Eignir voru umfram skuldir hjá sjö sendiskrifstofum og námu þær samtals 98,9 m.kr. en hjá 12 sendiskrifstofum voru skuldir umfram eignir að fjárhæð 177,2 m.kr. Viðskiptastaða gagnvart ríkissjóði var þannig að fjórar sendiskrifstofur áttu

samtals 66,6 m.kr. inni hjá ríkissjóði og 15 sendiskrifstofur skulduðu samtals 297,8 m.kr.

Við endurskoðun voru gerðar nokkrar ábendingar um atriði sem lagfæra þurfti. Á meðal þeirra var ábending um óþarflega háa sjóðsstöðu sem stuðlað gat að óöryggi í meðferða fjármuna. Ríkisendurskoðun mælist til þess að sendiskrifstofur hafi eins lítið í sjóði á hverjum tíma og þær komast af með. Þá voru gerðar nokkrar athugasemdir við stöðu viðskiptamanna en þar á meðal voru útistandandi kröfur vegna endurgreiðslu á virðisaukaskatti og fleiri opinberum gjöldum sem ekki var gengið nægjanlega eftir að fá greidd. Þrátt fyrir framangreint sýnir endurskoðunin að innra skipulag í fjármálum sendiskrifstofa og eftirlit með rekstri sé almennt vel viðunandi þótt árangur teljist ekki fullnægjandi nema stofnanir séu innan ramma fjárheimilda. Hafa skal í huga að utanríkisráðuneytið lítur til sendiskrifstofanna sem einnar rekstrarheildar og miðar greiðslur til þeirra við raunverulegar þarfir eða mat á þeim, t.d. þegar nýtt sendiráð tekur til starfa. Við það getur komið upp sú staða að misvægi verði um tíma milli heimilda í fjárlögum og útgjalda í rekstri með tilheyrandi breytingu á viðskiptastöðu við ríkissjóð. Gert er ráð fyrir að þetta verði leiðrétt í seinni tíma fjárheimildum. Ríkisendurskoðun telur rétt að ráðuneytið gæti þess að hafa fjárheimildir jafnan í sem mestu samræmi við útgjöld á hverjum stað.

Utanríkisráðuneytið hefur um árábil gefið út handbók fyrir sig og undirstofnanir ráðuneytisins þar sem ítarlega er kveðið á um hvernig standa skuli að bókhaldi og fjármálum, m.a. í rekstri sendiskrifstofa erlendis. Þar er settur rammi utan um ýmis atriði, þ. á m. þau sem Ríkisendurskoðun tók til sérstakrar skoðunar vegna ársins 2002 og áður hefur verið fjallað um, s.s. áhættustjórnun, starfsmannastjórnun og launaákvæðanir, kaup á vörum og þjónustu og veitingu styrkja. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar af þeirri skoðun bendir til þess að utanríkisráðuneytið standi vel að framangreindum þáttum og hafi lagt verulega vinnu í að skapa trausta umgjörð um þá.

Rannsóknastofnanir

Endurskoðunin náði til 15 stofnana og annarra fjárlagaliða. Á meðal stofnana eru Rannsóknarráð Íslands og sjóðir í vörslu þess en þeir eru: Markáætlun um upplýsingatækni og umhverfismál, Vísindasjóður, Tækni-sjóður, Bygginga- og tækjasjóður, Rannsóknarnámssjóður og Launasjóður fræðiritahöfunda. Sjóðir í vörslu Rannís úthluta meirihluta af fjármagni sínu til rannsóknastofnana atvinnuveganna í eigu ríkisins og þótti því rétt að taka þá með í þessari umfjöllun.

Skrifstofa rannsóknastofnana atvinnuveganna (SRA) og Rannsóknarráð Íslands (Rannís) þjóna aðallega rannsóknastofnunum og þótti því rétt að taka þau með í þessari upptalningu. SRA færir bókhald fyrir flestar þessar stofnanir, nema Veiðimálastofnun og embætti veiðimálastjóra, og er hluti af rekstrarkostnaði þeirra. Rannís þjónustar sjóðina með því að halda utan um úthlutanir styrkja og auglýsa þá.

Fjárheimildir og rekstur

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum, og rekstrargjöldum umfram sértekjur ársins 2002 hjá rannsóknastofnunum.

Tafla 67 Fjárheimildir og afkoma rannsóknastofnana

Í m.kr.	Fjárlög	Fjár- aukalög og millif.	Fjár- heimild ársins	Gjöld umfram sértekjur	Frávik	Frávik í %
Rannsóknarráð Íslands	63,2	0,1	63,3	64,9	(1,6)	(2,6)
Markáætlun um uppl. og umhvmál	95,0	0,0	95,0	102,4	(7,4)	(7,8)
Vísindasjóður	210,0	0,0	210,0	222,9	(12,9)	(6,2)
Tækisjóður	201,7	0,0	201,7	189,1	12,6	6,2
Bygginga- og tækjasjóður	77,0	33,6	110,6	50,5	60,1	54,4
Rannsóknarnámssjóður	40,0	0,0	40,0	54,1	(14,1)	(35,1)
Launasjóður fræðirithöfunda	9,5	0,0	9,5	9,6	(0,1)	(0,8)
Rannsóknastofnun landbúnaðarins	186,5	10,3	196,8	204,6	(7,8)	(4,0)
Veiðimálastofnun	42,1	0,1	42,2	53,7	(11,5)	(27,3)
Embætti Veiðimálastjóra	15,3	2,0	17,3	17,7	(0,4)	(2,1)
Hafrannsóknastofnun	1.003,0	65,9	1.068,9	956,6	112,3	10,5
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	125,7	54,3	180,0	152,0	28,0	15,5
Skrifstofa rannsóknast. atvinnuv.	55,5	0,1	55,6	59,0	(3,4)	(6,1)
Iðntækisstofnun	146,3	0,4	146,7	144,4	2,3	1,6
Rannsóknastofnun byggingariðn.	79,8	0,3	80,1	90,6	(10,5)	(13,2)
Samtals	2.350,6	167,1	2.517,7	2.372,2	145,6	5,8

Fjárheimildir rannsóknastofnana skv. fjárlögum námu 2,4 ma.kr. Rannsóknastofnanir fengu til viðbótar vegna launabóta og fjárheimilda 167 m.kr. Samtals námu fjárheimildir ársins 2002 því um 2,5 ma.kr.

Fjárukalög/millifærslur námu samtals 167,1 m.kr. Bygginga- og tækjasjóður fékk 33,6 m.kr. herra framlag í einkaleyfisgjaldi frá Hapdrætti Háskóla Íslands en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Þrjár stofnanir fengu framlög á fjárukalögum, samtals 121 m.kr., og ein stofnun fékk millifærslu upp á 10 m.kr. Aðrar millifærslur eru vegna verðbóta launa, 2,5 m.kr.

Rekstrargjöld umfram sértekjur námu 2,4 ma.kr. og voru þau 146 m.kr. lægri en fjárheimildir.

Eigið fé og breyting á greiðslustöðu gagnvart ríkissjóði

Taflan hér fyrir neðan sýnir breytingu á eigin fé (höfuðstól) rannsóknastofnana á árinu 2002.

Tafla 68 Eigið fé rannsóknastofnana

Í m.kr.	Höfuðstóll 01.01	Tekju- afgangur (tekjuhalli)	Endurmat ársins	Óráðstöfuð fjárheimild 31.12	Ráðstafað umfram fjárheimild 31.12
Rannsóknarráð Íslands	10,3	(1,6)	0,6	9,3	
Markáætl um uppl. og umhvmál	(15,6)	(7,4)	0,0		(23,0)
Vísindasjóður	(37,3)	(12,9)	0,0		(50,2)
Tæknisjóður	(53,9)	12,6	0,0		(41,3)
Bygginga- og tækjasjóður	165,2	60,1	0,0	225,3	
Rannsóknarnámssjóður	(24,3)	(14,1)	0,0		(38,3)
Launasjóður fræðiritahöfunda	1,1	(0,1)	0,0	1,0	
Rannsóknastofnun landb.	17,5	(7,8)	(0,6)	9,1	
Veiðimálastofnun	(7,6)	(11,5)	0,0		(19,1)
Embætti Veiðimálastjóra	(0,1)	(0,4)	0,0		(0,5)
Hafrannsóknastofnun	165,5	112,3	0,0	277,9	
Rannsóknastofnun fiskiðnaðar.	(42,3)	28,0	0,0		(14,3)
Skrifstofa rannsóknast. atvinnuv.	33,6	(3,4)	0,6	30,7	
Iðntæknistofnun	14,0	2,3	0,8	17,1	
Rannsóknastofnun byggingariðn.	25,9	(10,5)	0,0	15,4	
Samtals	252,1	145,6	1,4	585,9	(186,7)

Í upphafi árs 2002 var höfuðstóll rannsóknastofnana jákvæður um 252,1 m.kr. Í árslok námu óráðstafaðar fjárheimildir 585,9 m.kr. og útgjöld umfram fjárheimildir 186,8 m.kr. eða nettó 399,1 m.kr. og hafði staðan því batnað sem nam afkomu ársins og endurmati um 147 m.kr.

Fjárhagsstaða einstakra stofnana er mjög mismunandi og skera aðallega tvær stofnanir sig úr hvað varðar jákvæða stöðu. Þetta eru Bygginga- og tækjasjóður og Hafrannsóknastofnun. Ef þessar tvær stofnanir eru teknar út eru aðrar rannsóknastofnanir með útgjöld umfram fjárheimildir að fjárhæð 104,1 m.kr.

Viðskiptastaða við ríkissjóð

Viðskiptastaða við ríkissjóð er greind hér fyrir neðan og koma þar bæði fram ríkisframlag og greiðslur úr ríkissjóði.

Tafla 69 Greiðslustaða rannsóknastofnana gagnvart ríkissjóði

Í m.kr.	Staða 01.01	Ríkis- framlag	Greiðslur úr ríkissj.	Inneign 31.12	Skuld 31.12
Rannsóknarráð Íslands	(1,8)	63,3	64,8		(3,3)
Markáætlun um upplt. og umhvmál	(0,0)	95,0	95,0	0,0	
Vísindasjóður	(36,3)	210,0	174,3		(0,7)
Tækisjóður	(0,4)	201,7	201,9		(0,6)
Bygginga- og tækjasjóður	37,1	110,6	114,1	33,6	
Rannsóknarnámssjóður	(24,3)	40,0	54,1		(38,3)
Launasjóður fræðirithöfunda	0,7	9,5	9,5	0,7	
Rannsóknastofnun landb.	(30,0)	196,8	211,3		(44,4)
Veiðimálastofnun	(12,2)	42,2	53,9		(23,9)
Embætti Veiðimálastjóra	0,0	17,3	18,0		(0,7)
Hafrannsóknastofnun	15,3	1.068,9	971,0	113,3	
Rannsóknastofnun fiskiðnaðar.	(70,5)	180,0	154,3		(44,8)
Skrifstofa rannsóknast. atvinnuv.	(0,0)	55,6	55,6	0,0	
Iðntæknistofnun	(84,4)	146,7	138,5		(76,2)
Rannsóknastofnun byggingariðn.	4,0	80,1	101,2		(17,1)
Samtals	(202,7)	2.517,7	2.417,4	147,6	(250,0)

Í ársbyrjun voru rannsóknastofnanir í 202,7 m.kr. skuld við ríkissjóð. Ríkisframlag nam 2.517,7 m.kr. og greiðslur úr ríkissjóði 2.417,4 m.kr. Inneignir stofnana í árslok 2002 voru 147,6 m.kr. og skuldir 250,0 m.kr. Staða umræddra stofnana hefur því batnað um 50,5% milli ára en eins og áður var sagt skera aðallega tvær stofnanir sig úr og breyta meðaltalinu.

Innra eftirlit

Almennt má segja að innra eftirlit sé í nokkuð góðu lagi hjá rannsóknastofnunum. Skrifstofa Rannsóknastofnana atvinnuveganna (SRA) sér um launavinnslu, bókhalds- og greiðsluþjónustu fyrir flestar þessar stofnanir nema Veiðimálastofnun og embætti veiðimálastjóra. Veiðimálastofnun sér um bókhalds- og greiðsluþjónustu fyrir embætti veiðimálastjóra. Það sem helst mætti gagnrýna er aðgreining starfa hjá embætti veiðimálastjóra en vegna smæðar er þar sami maður bókar og gjaldkeri. Að öðru leyti er aðgreining starfa hjá rannsóknastofnunum í nokkuð góðu lagi.

Rekstur á árinu 2002

Í neðangreindri töflu er rekstur ársins sundurgreindur í sértekjur, gjöld og eignakaup. Samanburður er gerður milli árana 2001 og 2002. Sá samanburður gefur til kynna 149,5 m.kr. betri afkomu á árinu 2002 eða sem nemur 6,7%.

Tafla 70 Rekstur rannsóknastofnana

Stofnun	Sértekjur	Gjöld	Eigna- kaup	Samtals	Árið 2001	Breyting	%
Rannsóknarráð Íslands	(64,1)	128,5	0,5	64,9	50,7	14,2	28,0
Markáæ.um ult. og uhv.m.	(5,8)	108,2	0,0	102,4	83,1	19,3	23,2
Vísindasjóður	(3,1)	226,1	0,0	222,9	53,9	169,0	313,4
Tæknisjóður	(17,7)	206,8	0,0	189,1	188,0	1,1	0,6
Bygginga- og tækjasjóður	(10,6)	61,1	0,0	50,5	79,7	(29,2)	(36,6)
Rannsóknarnámssjóður	0,0	50,1	0,0	50,1	44,1	6,0	13,6
Launasjóður fræðirithöf.	0,0	9,6	0,0	9,6	8,2	1,4	17,3
Rannsóknastofnun landb.	(161,3)	351,9	14,1	204,6	180,6	24,0	13,3
Veiðimálastofnun	(73,4)	122,8	4,3	53,7	46,9	6,8	14,4
Embætti Veiðimálastjóra	(0,1)	17,4	0,4	17,7	14,8	2,8	19,1
Hafrannsóknastofnun	(526,2)	1.436,5	46,3	956,6	1.031,7	(75,1)	(7,3)
Rannsóknarst. fiskiðn.	(201,6)	338,5	15,1	152,0	148,7	3,4	2,3
Skrifstofa ranns.st. atv.v.	(8,9)	65,3	2,6	59,0	90,5	(31,5)	(34,8)
Iðntæknistofnun	(338,0)	470,3	12,1	144,4	133,3	11,1	8,3
Rannsóknast. bygg.iðn.	(184,9)	263,3	12,3	90,6	64,5	26,1	40,5
Samtals	(1.595,8)	3.856,1	107,9	2.368,2	2.218,7	149,5	6,7

Vakin er athygli á því að ein stofnun, Vísindasjóður, sker sig mjög úr í þessum samanburði. Sjóðurinn fékk áður lögbundið framlag frá Seðlabanka Íslands, sem fært var sem sértekjur á árinu 2001, 145 m.kr. Þessu var breytt á árinu 2002 og er nú sjóðurinn alfarið á fjárlögum.

Samanburður launagjalda milli árána 2001 og 2002

Í þessari töflu er greindur launakostnaður sem rannsóknastofnanir gjaldfærðu á árinu 2001 og 2002.

Tafla 71 Launagjöld rannsóknastofnana

Í m.kr.	2002	2001	Breyting	%
Rannsóknarráð Íslands	57,2	49,2	7,9	16,1
Markáætlun um uppl. og umhvmál	0,1	0,4	(0,3)	(78,0)
Vísindasjóður	1,2	0,5	0,7	125,0
Tæknisjóður	1,2	0,8	0,0	0,0
Bygginga- og tækjasjóður	0,0	0,0	0,0	0,0
Rannsóknarnámssjóður	0,0	0,0	0,0	0,0
Launasjóður fræðirithöfunda	0,0	0,0	0,0	0,0
Rannsóknastofnun landb.	223,5	212,7	10,8	5,1
Veiðimálastofnun	79,2	65,8	0,0	0,0
Embætti Veiðimálastjóra	9,4	8,5	0,8	9,8
Hafrannsóknastofnun	799,5	765,8	33,7	4,4
Rannsóknastofnun fiskiðnaðar.	231,6	223,0	8,6	3,9
Skrifstofa rannsóknast. atvinnuv.	39,9	42,7	(2,8)	(6,5)
Iðntæknistofnun	249,1	248,6	0,5	0,2
Rannsóknastofnun byggingariðn.	167,3	152,7	14,7	9,6
Samtals	1.859,1	1.770,6	74,6	4,2

Hér eru launagjöld stofnana borin saman milli árána 2001 og 2002. Launagjöld eru í flestum stofnunum meirihluti rekstrargjalda. Það skal tekið

fram að þeir sjóðir sem eru í vörslu Rannís hafa ekki sérstaka starfsmenn á launaskrá heldur greiða þeir kostnaðarhlutdeild til Rannís fyrir umsýslu. Af þeim sökum eru þrír sjóðir ekki með nein launagjöld. Þrír aðrir sjóðir greiða eingöngu yfirvinnu þeirra starfsmanna Rannís sem sjá um þeirra mál.

Launagjöld voru 1.859,1 m.kr. á árinu 2002 í samanburði við 1.770,6 m.kr. á árinu 2001. Þetta er hækkun um 74,6 m.kr. eða 4,2%. Til samanburðar má geta þess að launavísitala opinberra starfsmanna á sama tímabili hækkaði um 9,9%. Eina stofnunin sem sker sig úr vegna hækkunar launagjalda er Rannís þar sem hækkunin er 16,1%. Skýringin á því er gerð nýrra stofnanasamninga hjá stofnuninni sem leiddi til talsverðra launahækkana. Laun starfsmanna rannsóknastofnana atvinnuveganna eru greidd með milligöngu launaskrifstofu Fjársýslu ríkisins.

Efnahagur

Í meðfylgjandi töflu eru tilgreindar eignir, skuldir og eigið fé rannsóknastofnana. Enn skera sömu tvær stofnanirnar sig úr hvað varðar góða eigin fjárstöðu. Þetta eru Bygginga- og tækjasjóður og Hafrannsóknastofnun sem eru báðar með jákvætt eigið fé yfir 200 m.kr.

Eigið fé stofnana sýnir uppsafnaðan tekjuafgang þeirra gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Þær stofnanir sem eru með neikvætt eigið fé hafa því eytt umfram fjárheimildir en þær stofnanir sem hafa jákvætt eigið fé hafa ekki nýtt allar fjárheimildir sínar.

Tafla 72 Efnahagur rannsóknastofnana

Í m.kr.	Eignir 31.12	Skuldir 31.12	Eigið fé 31.12
Rannsóknarráð Íslands	60,4	51,1	9,3
Markáætlun um upplt. og umhvmál	75,5	98,5	(23,0)
Vísindasjóður	21,5	71,7	(50,2)
Tæknisjóður	30,8	72,1	(41,3)
Bygginga- og tækjasjóður	257,4	32,1	225,3
Rannsóknánámssjóður	5,0	43,3	(38,3)
Launasjóður fræðirithöfunda	3,8	2,8	1,0
Rannsóknastofnun landb.	70,6	56,4	14,2
Veiðimálastofnun	17,9	37,0	(19,1)
Embætti Veiðimálastjóra	0,4	0,9	(0,5)
Hafrannsóknastofnun	332,1	54,2	277,9
Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins	74,2	88,5	(14,3)
Skrifstofa rannsóknarst. atvinnuv.	161,5	130,8	30,7
Iðntæknistofnun	147,4	130,3	17,1
Rannsóknarstofnun byggingariðn.	39,7	24,3	15,4
Samtals	1.298,3	894,2	404,2

Áhættustjórnun

Áhættustjórnun gerir kröfu um kerfisbundið ferli til að meta og bregðast við áhættu á sem hagkvæmasta hátt. Flestar umræddar stofnanir eru meðvitaðar um þessi atriði þó að mismikil umræða fari fram um þau innan einstakra stofnana. Ein stofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, skar sig sérstaklega úr en hún hafði hvorki sett sér markmið né uppfyllt þann árangursstjórnunarsamning sem gerður var við ráðuneytið á árinu 2000.

Starfsmannastjórnun og launaákvarðanir

Kannað var hjá stofnunum hvort þær hefðu mannaflaáætlanir, starfslýsingar, formlegt kerfi sem ákvarðar laun eftir ábyrgð, mælikvarða um frammistöðumat, upplýsingar fyrir nýja starfsmenn, starfsmannaviðtöl, endurmenntunaráætlun og fleira. Þær stofnanir sem um ræðir eru mjög misstórar. Sú minnsta hefur einungis tvo starfsmenn en sú stærsta 170. Starfsmannafjöldi hefur mikil áhrif á það hvort starfsmannastjórnun er með formlegum hætti eða ekki.

Allar stofnanir sem athugunin náði til hafa starfslýsingar samkvæmt stjórnskipulagi og formlegt kerfi sem ákvarðar laun eftir ábyrgð, verkefnum og reynslu. Mannaflaáætlun er til hjá öllum nema tveimur: Veiðimálastofnun þar sem einungis eru tvö ársverk og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins þar sem eru um 60 ársverk. Á öðrum sviðum voru svörin mjög mismunandi.

Kaup á vöru og þjónustu

Skoðað var hvort stofnanir hafi skriflegar reglur um innkaup og yfirlit um það hverjir hafa heimild til innkaupa, hvort leitað sé tilboða, hvort lagt sé mat á hæfni þjónustuaðila, hvort gerðir séu skriflegir samningar, hvort þjónustan sé viðeigandi og hvort samningur sé borinn saman við reikning.

Allar stofnanir leituðu tilboða í verk eða buðu þau út og sömuleiðis gerðu þær allar nema minnsta stofnunin, embætti veiðimálastjóra, skriflega samninga. Í öllum tilfellum var staðfest að þjónusta væri viðeigandi og reikningar bornir saman við samning að verki loknu.

Allar stofnanir nema tvær höfðu skriflegar reglur um það hverjir mættu kaupa inn vörur. Slíkar reglur voru ekki hjá Veiðimálastofnun þar sem einungis eru tveir starfsmenn og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins. Allar stofnanirnar eiga aðild að rammamningi Ríkiskaupa. Vörukaup voru oftast staðfest með beiðnum og stundum einnig á annan hátt. Í öllum tilvikum var staðfest að vara væri komin í hús með samanburði við reikning eða pöntun.

Styrkir

Einungis þrjár af ofangreindum stofnunum úthluta styrkjum og eru það Rannsóknarráð Íslands, Hafrannsóknastofnun og Iðntæknistofnun Íslands vegna sjóða í þeirra umsjá. Stofnanirnar hafa það hlutverk að úthluta styrkjum og eru þeir auglýstir opinberlega. Í öllum tilvikum fer fram formlegt mat á markmiði verkefna og krafist er áfanga- og/eða lokaskýrslu fyrir lokagreiðslu styrks.

Söfn

Til þessa flokks teljast 9 stofnanir og fjárlagaliðir og námu fjárveitingar til þeirra samtals um 1,1 ma.kr. skv. fjárlögum 2002. Í greinargerð með fjárlagafrumvarpi er frá því greint að umsvif á árinu 2002 eigi að vera með svipuðu sniði og árið áður. Tvær nýjar stofnanir koma inn frá árinu á undan, þ.e. Fornleifavernd ríkisins og Safnasjóður, en fjárveitingar til þeirra eru að stærstum hluta millifærðar af öðrum fjárlagaliðum. Fjárheimildir og rekstrarniðurstaða safna er sýnd í eftirfarandi töflu.

Tafla 73 Fjárheimildir og afkoma safna

Stofnun	Fjárlög	Fjár- aukalög og millif.	Fjár- heimild ársins	Gjöld umfram tekjur	Frávik	Frávik í %
Fornleifavernd ríkisins	30,0	0,1	30,1	25,5	4,5	15,1
Þjóðminjasafn Íslands	226,6	(5,5)	221,1	214,2	6,9	3,1
Þjóðskjalasafn Íslands	115,6	0,1	115,7	113,5	2,2	1,9
Landsbóka- Háskólabókasafn	379,6	9,1	388,7	413,3	(24,6)	(6,3)
Listasafn Einars Jónssonar	10,1	0,0	10,1	9,0	1,1	11,1
Listasafn Íslands	85,9	0,2	86,1	103,0	(16,9)	(19,7)
Blindrabókasafn Íslands	50,8	0,1	50,9	51,5	(0,6)	(1,1)
Safnasjóður	58,0	0,0	58,0	52,8	5,3	9,1
Söfn, ýmis framlög	99,5	23,9	123,4	120,5	2,9	2,3
Samtals	1.056,1	28,0	1.084,1	1.103,2	(19,1)	(1,8)

Stærstu breytingar frá fjárlögum 2002 eru þær að skv. fjárukalögum 2002 eru veittar viðbótarheimildir til „Safna, ýmissa framlaga“ að fjárhæð 23,9 m.kr. Viðbótarheimild til Landsbókasafns – Háskólabókasafns skýrist með millifærslum af öðrum fjárlagaliðum vegna rannsóknaleyfa og rafræns landsaðgangs og lækkun á fjárheimild til Þjóðminjasafns skýrist með flutningi á 6 m.kr. heimild yfir á fjárlagaliðinn „Menningarstofnanir, viðhald og rekstur“ vegna Keldna.

Rekstur 6 stofnana er innan heimilda ársins en rekstur 3 er umfram heimildir. Útgjöld Landsbókasafns umfram heimildir á árinu eiga að mestu rætur sínar að rekja til launagjalda. Lækkun annarra rekstrargjalda og lækkun sértekna haldast í hendur en þó er ekki hægt jafna þeim að fullu hvorri á móti annari. Hækkun launagjalda er annars vegar vegna þess að launafjárveiting hefur ekki fylgt raunbreytingum og hins vegar vegna þess að hluti starfsmanna fékk launahækkunir umfram samninga. Útgjöld Listasafns Íslands umfram heimildir skýrast einnig að stærstum hluta með því launagjöld urðu verulega umfram heimildir eða um 12,3 mkr. en afgangurinn er rakinn til annarra rekstrargjalda, eignakaupa og sértekna. Útgjöld Blindrabókasafnsins umfram heimildir á árinu 2002 eru óveruleg.

Staða fjárheimilda

Ef litið er til höfuðstóls stofnananna með tilliti til þess hvernig þær standa gagnvart uppsöfnuðum fjárheimildum sést að sjö stofnanir eiga ónotaðar fjárheimildir en að tvær hafa eytt umfram heimildir.

Tafla 74 Eigið fé safna

Stofnun	Höfuðstóll 01.01	Tekju- afgangur (tekjuhalli)	Ónotuð fjárheimild 31.12	Notað umfram fjárheimild 31.12	Bundið eigið fé 31.12
Fornleifavernd ríkisins	0,3	4,5	4,8		0,0
Þjóðminjasafn Íslands	32,6	6,9	39,5		0,8
Þjóðskjalasafn Íslands	7,9	2,2	10,1		0,1
Landsbókasafn – Háskólabókasafn	9,1	(24,6)		(15,5)	1,6
Listasafn Einars Jónssonar	6,8	1,1	8,0		0,4
Listasafn Íslands	36,9	(16,9)	19,9		27,8
Blindrabókasafn Íslands	(3,1)	(0,6)		(3,7)	0,0
Safnasjóður	3,0	5,3	8,3		0,0
Söfn, ýmis framlög	21,9	2,9	24,8		0,0
Samtals	115,3	(19,1)	115,4	(19,2)	30,7

Ástæður hallarekstrar Landsbókasafns – Háskólabókasafns eru raktar hér að framan. Gjöld Blindrabókasafns umfram heimildir eru að stærstum hluta frá eldri tíma en tekjuhalli ársins bætir enn á umframeyðslu þess. Skýring á þessari umframeyðslu er sú að á árinu 2000 var stofnað til umframútgjalda vegna veikinda starfsmanna. Sú umframeyðsla var bætt á fjárlögum ársins 2002 en bæði árin 2001 og 2002 eru launagjöld nokkuð umfram grunnheimildir fjárlaga.

Fimm stofnanir eru skráðar með bundið eigið fé, en með því er átt við að stofnanir sem eru með bundna fjármuni í birgðahaldi hafi fengið skráða

heimild, eða eins konar stofnfé, sem má einungis ráðstafa til að fjármagna þennan þátt í rekstrinum.

Ríkissjóður

Staða við ríkissjóð segir til um hvort ríkissjóður hefur greitt meira eða minna en framlög segja til um hjá hverri stofnun fyrir sig. Flestar stofnanir í þessum flokki eru í greiðslu- og bókhaldsþjónustu Fjársýslu ríkisins. Það þýðir að viðskiptareikningur ríkissjóðs verður nokkurs konar bankareikningur stofnunar og endurspeglar hvernig tekjuhalli er fjármagnaður eða hvar tekjuafgangur er geymdur. Í eftirfarandi töflu er sýnt hver staða einstakra stofnana var við ríkissjóð

Tafla 75 Greiðslustaða safna gagnvart ríkissjóði

Stofnun	Staða 01.01	Ríkis- framlag	Greiðslur úr ríkissjóði	Inneign Skuld 31.12 31.12
Fornleifavernd ríkisins	0,3	30,1	23,9	6,4
Þjóðminjasafn Íslands	26,0	221,1	222,4	24,7
Þjóðskjalasafn Íslands	8,2	115,7	110,8	13,1
Landsbókasafn – Háskólabókasafn	(27,0)	388,7	434,0	(72,3)
Listasafn Einars Jónssonar	1,0	10,1	10,2	0,9
Listasafn Íslands	7,9	86,1	103,2	(9,2)
Blindrabókasafn Íslands	(4,6)	50,9	51,3	(5,0)
Safnasjóður	3,0	58,0	52,8	8,3
Söfn, ýmis framlög	21,9	123,4	112,0	33,2
Samtals	36,7	1.084,1	1.120,5	86,7 (86,4)

Eins og sést er staða málaflokksins í heild í jafnvægi við ríkissjóð í árslok 2002 en hún versnaði um 36,4 m.kr. á árinu í heild. Hins vegar eiga 6 stofnanir inni hjá ríkissjóði meðan 3 skulda honum í árslok 2002. Þær stofnanir sem skulda eru þær sömu og voru með tekjuhalla á árinu. Athygli vekur að staða Landsbókasafns – Háskólabókasafns versnar um 45,3 m.kr. og Listasafns Íslands um 17,1 m.kr.

Ef reynt er að draga saman í stuttu máli hvað veldur erfiðleikum hjá þeim þremur stofnunum sem standa illa í lok ársins má nefna að fjárveitingar vegna launabreytinga hjá Landsbókasafni - Háskólabókasafni sýnast annars vegar ekki hafa fylgt eftir raunbreytingum á launum starfsmanna og hins vegar eru launagreiðslur umfram samninga. Hjá Listasafni Íslands sýnist framlag vegna launabreytinga ekki heldur hafa fylgt raunbreytingu en til viðbótar má benda á að sértekjur stofnunarinnar hafa dregist verulega saman milli ára eða um 20 m.kr. án þess að hægt hafi verið að draga úr öðrum rekstrargjöldum sem því nemur. Þá má benda á að Blindrabókasafninu hefur

ekki tekist að jafna halla sem varð til á árinu 2000 vegna veikinda starfsmanna. Sérstök fjárheimild var veitt á árinu 2002 til að jafna þann halla en benda má á að launagjöldin eru enn nokkuð umfram heimildir.

Rekstur

Á árinu 2002 námu gjöld þessa málaflokks umfram sértekjur 1.103 m.kr. samanborði við 1.006 m.kr. á árinu 2001. Þetta er 99,7 m.kr. hækkun milli ára eða 9,7%. Almenn verðlagshækkum milli ára varð 4,8% samkvæmt vísitölu neysluverðs. Hins vegar hækkaði launavísitala opinberra starfsmanna um 9,9% milli ára. Launagjöld þeirra stofnana sem undir þennan flokk heyra eru á bilinu 47-64% af gjöldum en ein stofnun nær þó 81% hlutfalli. Ætla má að raunhækkun milli ára í þessum málaflokki nemi um 2,5% eða um 25 m.kr. Hér á eftir verður sýnt hvernig meginflokkar í rekstri stofnana voru á árinu 2002 og gjöld umfram sértekjur borin saman við árið 2001.

Tafla 76 Rekstur safna

Stofnun	Tekjur	Gjöld	Eignakaup	Samtals	Árið 2001	Breyting	Breyting í %
Fornleifavernd ríkisins	(11,0)	36,3	0,2	25,5	2,0	23,6	-
Þjóðminjasafn Íslands	(33,5)	240,1	7,6	214,2	246,6	(32,4)	(13,1)
Þjóðskjalasafn Íslands	(6,8)	113,3	7,0	113,5	96,4	17,1	17,7
Landsbókasafn - Háskólabókasafn	(125,8)	533,1	6,0	413,3	411,7	1,6	0,4
Listasafn Einars Jónss.	(1,9)	10,7	0,2	9,0	5,1	3,9	76,2
Listasafn Íslands	(29,4)	118,4	14,1	103,0	75,6	27,4	36,2
Blindrabókasafn Íslands	(5,5)	54,5	2,4	51,5	44,0	7,5	17,1
Safnasjóður	0,0	52,8	0,0	52,8	0,0	52,8	-
Söfn, ýmis framlög	0,0	120,5	0,0	120,5	124,7	(4,2)	(3,4)
Samtals	(213,8)	1.279,6	37,5	1.103,2	1.006,0	97,2	9,7

Fornleifaverndin er ný stofnun og því er ekki hægt að bera reksturinn saman við fyrra ár en geta má þess að stöðugildi og 30 m.kr. fjárheimildir voru flutt frá Þjóðminjasafninu. Frá Þjóðminjasafninu voru enn fremur fluttar um 39 m.kr. framlagsheimildir til byggða- og minjasafna yfir á Safnasjóð. Ætla má að raunútgjöld Þjóðminjasafnsins hafi því hækkað um 37 m.kr. eða 20% frá árinu á undan.

Gerð hefur verið grein fyrir ástæðum umframútgjalda Landsbókasafns – Háskólabókasafns. Rétt er að nefna að safnið hefur þrátt fyrir þetta reynt að halda útgjöldum ársins í skefjum og sést það best á því að gjöldin hækka lítið sem ekkert milli árána 2001 og 2002. Sértekjur lækkuðu um 28 m.kr. og önnur rekstrargjöld um 47 m.kr. meðan launagjöld hækkuðu um 20 m.kr.

Hækkun á gjöldum Listasafns Einars Jónssonar milli ára var mikil eða 3,9 m.kr. Ástæða þessarar sveiflu er sú að tekjur hafa dregist saman meðan gjöldin hafa aukist, einkum húsnæðiskostnaður.

Hækkun gjalda hjá Listasafni Íslands milli ára skýrist að meginhluta til með 20 m.kr. lækkun tekna á milli ára, þar af lækkuðu framlög um 15 m.kr. meðan önnur rekstrargjöld hækkuðu um 7 m.kr.

Hækkun hjá Blindrabókasafni er 7,5 m.kr. Um helming hækkunarinnar má rekja til launagjalda og starfstengds kostnaðar en afgangurinn er vegna hækkunar annarra rekstrargjalda ásamt lækkun tekna, einkum framlaga.

Launagjöld

Eins og áður er getið hækkaði launavísitala opinberra starfsmanna um 9,9% milli ára. Í flestum tilvikum var við það miðað að ekki væri um aukningu að ræða í umsvifum stofnananna og er því eðlilegast að líta til þessa hlutfalls við greiningu breytinganna. Það er þó rétt að geta þess að samsetning starfsmanna kann einnig að ráða miklu um það hver eðlileg hækkun er milli ára hjá viðkomandi stofnun. Í heild var launabreyting milli ára innan þeirra marka sem nefnd hafa verið. Við endurskoðun launa var auk samanburðar milli ára skoðuð frávík og úrtakskannanir gerðar. Endurskoðunin leiddi ekki til stórvægilegra athugasemda.

Tafla 77 Launagjöld safna

Stofnun	2002	2001	Breyting	Breyting í %
Fornleifavernd ríkisins	29,6	1,3	28,3	-
Þjóðminjasafn Íslands	116,5	129,6	(13,1)	(10,1)
Þjóðskjalasafn Íslands	75,4	67,8	7,6	11,2
Landsbókasafn – Háskólabókasafn	305,0	286,0	19,1	6,7
Listasafn Einars Jónssonar	7,0	6,6	0,4	5,7
Listasafn Íslands	62,3	58,9	3,5	5,9
Blindrabókasafn Íslands	29,7	26,8	2,9	11,0
Samtals	625,6	576,9	48,7	8,4

Önnur rekstrargjöld

Vísitala neysluverðs hækkaði um 4,8% milli ára og var höfð hliðsjón af þeirri hækkun þegar breyting á öðrum rekstrargjöldum milli ára var skoðuð. Í heild var um lækkun gjalda að ræða hjá þessum málaflokki. Samkvæmt töflunni lækkuðu gjöld hjá 4 stofnunum og hækkun varð hjá 5. Í þessu samhengi er tekið fram að tvær nýjar stofnanir tóku til starfa af fullum þunga, þ.e.

Fornleifavernd og Safnasjóður. Í fjárukalögum var tekin ákvörðun um að auka styrki til safna og má segja að sú fjárveiting hafi valdið gjaldahækkun þessara tveggja nýju stofnana. Endurskoðun á þessum gjaldaflokki fólst að mestu í samanburði milli ára, greiningu frávika og úrtakskönnunum. Ekki voru gerðar athugasemdir við þennan kostnaðarlið.

Tafla 78 Önnur rekstrargjöld safna

Stofnun	2002	2001	Breyting	Breyting í %
Fornleifavernd ríkisins	6,7	0,2	6,5	-
Þjóðminjasafn Íslands	123,6	149,8	(26,2)	(17,5)
Þjóðskjalasafn Íslands	37,9	45,4	(7,6)	(16,6)
Landsbókasafn – Háskólabókasafn	228,0	273,9	(45,8)	(16,7)
Listasafn Einars Jónssonar	3,7	2,5	1,2	47,7
Listasafn Íslands	56,0	53,1	2,9	5,5
Blindrabókasafn Íslands	24,8	22,8	2,0	8,7
Safnasjóður	52,8	0,0	52,8	-
Söfn, ýmis framlög	120,5	124,7	(4,2)	(3,4)
Samtals	654,0	672,4	(18,4)	(2,7)

Eignakaup

Samkvæmt fjárreiðulögum eru varanlegir rekstrarfjármunir í A-hluta ríkisreiknings ekki eignfærðir heldur eru eignakaup gjaldfærð á kaupári. Venjulega er um svipaðar fjárhæðir að ræða milli ára nema þegar sérstök verkefni koma til. Stofnunum ber að halda eignaskrá og skila henni árlega til Fjársýslunnar.

Tafla 79 Eignakaup safna

Stofnun	2002	2001	Breyting	Breyting í %
Fornleifavernd ríkisins	0,2	0,5	(0,3)	(59,0)
Þjóðminjasafn Íslands	7,6	6,3	1,3	21,0
Þjóðskjalasafn Íslands	7,0	3,6	3,4	93,6
Landsbókasafn – Háskólabókasafn	6,0	6,7	(0,7)	(10,7)
Listasafn Einars Jónssonar	0,2	0,2	0,1	44,0
Listasafn Íslands	14,1	12,4	1,7	13,3
Blindrabókasafn Íslands	2,4	1,2	1,3	108,0
Samtals	37,5	30,8	6,7	21,6

Efnahagur

Hjá A-hluta stofnunum eru alla jafna ekki færðar upp aðrar eignir en viðskiptakröfur, birgðir þar sem við á og handbært fé. Til skulda eru færðar ýmsar viðskiptaskuldir. Enn fremur má nefna að hjá Listasafni Íslands eru spariskírteini færð til eignar. Eins og áður er getið er staða við ríkissjóð færð sem nemur um 86 m.kr. til eigna og skulda. Eftirfarandi yfirlit sýnir meginliði efnahags.

Tafla 80 Efnahagur safna

Stofnun	Eignir 31.12	Skuldir 31.12	Eigið fé 31.12
Fornleifavernd ríkisins	6,4	1,6	4,8
Þjóðminjasafn Íslands	89,8	49,4	40,4
Þjóðskjalasafn Íslands	15,0	4,8	10,2
Landsbókasafn – Háskólabókasafn	87,8	101,6	(13,8)
Listasafn Einars Jónssonar	8,7	0,3	8,4
Listasafn Íslands	64,7	17,0	47,7
Blindrabókasafn Íslands	3,1	6,8	(3,7)
Safnasjóður	8,3	0,0	8,3
Söfn, ýmis framlög	33,2	8,5	24,8
Samtals	316,9	190,0	126,9

Birgðir

Söfnunum ber að dreifa og kynna það efni sem er í vörslu þeirra. Þetta er m.a gert með útgáfu á afsteypum og annarri eftirgerð þeirra muna sem þykja áhugaverðir. Slikir munir eru síðan hafðir til sölu. Birgðir eru yfirlétt taldar um hver áramót en verðlagning þeirra er ekki sérstaklega nákvæm og ber því að taka bókfært verðmæti þeirra með nokkrum fyrirvara. Eftirtaldar stofnanir færa upp birgðir:

Tafla 81 Birgðir safna

Stofnun	2002	2001	Breyting	Breyting í %
Þjóðminjasafn Íslands	4,2	4,2	0,0	0,0
Landsbókasafn – Háskólabókasafn	1,4	1,2	0,2	15,2
Listasafn Einars Jónssonar	3,2	3,1	0,1	3,0
Listasafn Íslands	29,4	28,0	1,4	5,0
Samtals	38,2	36,5	1,7	4,6

Handbært fé

Þar sem flest söfnin eru í greiðslu- og bókhaldsþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins þurfa þær ekki að hafa mikið handbært fé. Engu að síður getur innkoma dagsins eða vikunnar verið geymd á bankareikningum eða í sjóði þar til þeim er skilað til Fjársýslunnar. Hjá Þjóðminjasafni og Landsbókasafni eru til viðbótar eigin bankareikningum vörslufé sem ætlað er til sérmerktrar ráðstöfunar og þá einkum gjafafé ýmiss konar. Við endurskoðun þessara liða var farið yfir afstemmingar bankareikninga og var ekki fundið að umhirðu, vörslu og afstemmingum nema hjá Þjóðminjasafni.

Tafla 82 Handbært fé

Stofnun	2002	2001	Breyting	Breyting í %
Þjóðminjasafn Íslands	48,1	31,2	16,8	54,0
Þjóðskjalasafn Íslands	0,1	0,7	(0,6)	(87,4)
Landsbókasafn – Háskólabókasafn	36,4	25,6	10,8	42,1
Listasafn Einars Jónssonar	4,5	3,5	1,1	30,5
Listasafn Íslands	3,5	5,0	(1,5)	(29,4)
Blindrabókasafn Íslands	1,5	0,8	0,7	87,4
Samtals	94,1	66,8	27,3	40,8

Viðskiptakröfur

Nokkrar viðskiptakröfur eru á aðra en ríkissjóð og eiga þær rætur að rekja til sölustarfseminnar. Við endurskoðun var farið yfir stöðu einstakra krafna og lagt mat á innheimtumöguleika. Engar athugasemdir voru gerðar.

Tafla 83 Viðskiptakröfur

Stofnun	2002	2001	Breyting	Breyt. %
Þjóðminjasafn Íslands	17,0	35,5	(18,4)	(52,0)
Þjóðskjalasafn Íslands	1,8	1,1	0,7	59,7
Landsbókasafn – Háskólabókasafn	49,9	79,7	(29,8)	(37,4)
Listasafn Íslands	4,4	4,4	0,0	0,7
Blindrabókasafn Íslands	1,6	2,6	(1,0)	(37,5)
Söfn, ýmis framlög	0,0	0,1	(0,1)	(100,0)
Samtals	74,8	123,4	(48,6)	(39,4)

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir við aðra en ríkissjóð eru eðli máls samkvæmt að stærstum hluta ógreiddur kostnaður. Hjá Þjóðminjasafni og Landsbókasafni er mót-

færsla vegna vörslusjóða færð sem skuld. Endurskoðun þessa liðar er án athugasemda.

Tafla 84 Viðskiptaskuldir

Stofnun	2002	2001	Breyting	Breyting í %
Fornleifavernd ríkisins	1,6	0,0	1,6	-
Þjóðminjasafn Íslands	49,4	35,8	13,7	38,3
Þjóðskjalasafn Íslands	4,8	2,1	2,7	128,9
Landsbókasafn – Háskólabókasafn	29,3	68,9	(39,5)	(57,4)
Listasafn Einars Jónssonar	0,3	0,3	(0,0)	(8,2)
Listasafn Íslands	7,8	5,7	2,1	36,7
Blindrabókasafn Íslands	1,8	1,9	(0,1)	(3,5)
Söfn, ýmis framlög	8,5	0,2	8,3	-
Samtals	103,5	114,8	(11,2)	(9,8)

Fimm ára yfirlit

Til fróðleiks er birt fimm ára yfirlit um þennan útgjaldaflokk á verðlagi hvers árs. Þar má lesa að árin 1999 og 2002 hafi verið fremur slæm fyrir stofnanirnar en í heild er afkoma þeirra viðunandi.

Tafla 85 Fimm ára yfirlit

<i>Í m.kr.</i>	2002	2001	2000	1999	1998
Rekstur					
Tekjur	209,8	269,4	215,4	173,1	164,8
Gjöld	(1.278,9)	(1.248,8)	(928,8)	(834,1)	(786,6)
Eignakaup	(37,5)	(30,8)	(23,8)	(34,6)	(23,2)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	3,4	4,1	1,5	0,4	0,4
Tekjuafgangur	(1.103,2)	(1.006,1)	(735,8)	(695,2)	(644,6)
Ríkisframlag	1.084,1	1.052,8	790,2	679,3	647,0
Tekjuafgangur ársins	(19,1)	46,7	54,4	(15,9)	2,4
Efnahagur					
Fastafjármunir	27,3	25,0	20,3	19,2	18,7
Veltufjármunir	289,5	264,4	197,2	170,0	112,2
Eignir alls	316,8	289,4	217,5	189,2	130,9
Höfuðstóll	126,9	143,0	94,5	38,9	53,1
Skammtímaskuldir	189,9	146,4	123,0	150,2	77,8
Eigið fé og skuldir alls	316,8	289,4	217,5	189,2	130,9

Innra eftirlit

Þær stofnanir sem falla undir þennan málaflokk hafa á síðustu árum verið endurskoðaðar árlega. Greining á fyrirkomulagi innra eftirlits var gerð á fyrsta ári endurskoðunarinnar og síðan hefur endurskoðun þessa þáttar verið fólgin í því að skoða og staðreyna hvort breytingar hafi orðið og ef svo hefur verið hvort þær hafi verið til bóta eða ekki. Á árinu 2002 urðu ekki stórvægilegar breytingar sem kölluðu á nýtt mat.

Áhættustjórnun

Fram hefur komið að áhættustjórnun gerir kröfu um kerfisbundið ferli til að meta og bregðast á hagkvæman hátt við áhættu og starfsmenn með viðeigandi menntun til að greina og meta líkurnar á henni. Þannig er leitast við að sjá hvort stofnanir starfi með skilgreind markmið í huga. Markmiðin geta verið ákvörðuð í lögum eða af stofnuninni sjálfri. Þar sem þetta er tiltölulega ný aðferð við stjórnun var þess ekki vænst að stjórnendur hefðu í öllum atriðum gert sér grein fyrir þeirri áhættu sem fylgir rekstri og þeirri áhættu að ná ekki markmiðum.

Hér er fjallað um málefni safna og verðmæti þeirra og það markmið sem felst í því að safngripir séu fyrir hendi og vel varðveittir. Í öllum tilvikum voru forstöðumenn sér vel meðvitaðir um þá áhættu sem fylgir því að munir geti horfið eða eyðilagst af ýmsum ástæðum. Þeim var öllum ljóst að góðar og öruggar geymslur eru grundvallaratriði þar sem starfsemin byggir á þeim munum sem eru í safninu. Hins vegar voru stjórnendur ekki jafnmeðvitaðir um aðra áhættuþætti.

Starfsmannastjórnun og launaákvæðanir

Leitað var eftir upplýsingum um það hvort mannaflááætlun hafi verið gerð, hvernig launaákvæðanir séu teknar og hvort og þá hvernig viðbótarlaun séu ákvörðuð. Athugað var hvort starfsmannasamtöl væru viðhöfð og hvort fyrir lægju áætlanir um endurmenntun starfsmanna og þjálfun nýrra. Fram kom að allur gangur var á því hvort stofnanir hefðu mannaflááætlun til lengri tíma. Launaákvæðanir eru í flestum tilvikum í samræmi við stofnana-samninga og allalengt er að starfsmannasamtöl séu viðhöfð. Hins vegar hafa fæstar stofnanir endurmenntunaráætlun.

Staðfestingarferli innkaupa á vörum og þjónustu

Kannað var hvort eðlilega sé staðið að móttöku vöru og hvort staðfest sé að fullt samræmi sé milli pöntunar, móttöku og reiknings fyrir þann varning sem keyptur er. Einnig var leitað eftir því hvort kaup á þjónustu færu eftir

fyrirfram skilgreindu ferli og hvort staðfest sé að sú þjónusta sem greitt er fyrir hafi verið veitt og að gæði hennar séu í samræmi við samninga þar sem við á. Fram kom að vörukaup eru með eðlilegum hætt hjá öllum stofnunum. Þó verður að geta þess að skriflegar reglur og verkferlar um það hverjir hafa heimild til vörukaupa eru yfirleitt ekki fyrir hendi. Sá háttur sem hafður er á við þjónustukaup er í stórum dráttum viðunandi þó svo að skriflegar reglur skorti. Ekki fer á milli mála að erfiðara er að mæla árangur af veittri þjónustu og að meta hvort þjónustan er í samræmi við það sem um var beðið. Ekki kom þó annað fram en að þokkalega væri staðið að þessu.

Styrkir

Hlutverk Safnasjóðs og „Safna, ýmissa framlaga“ er að veita styrki og þetta er einnig eitt af hlutverkum Þjóðminjasafns og Þjóðskjalasafns. Af fjárlagaliðnum „Söfn, ýmis framlög“ eru greiddir út styrkir samkvæmt ákvörðun Alþingis en í fjárlögum er tilgreint hverjir skuli fá styrki og hversu mikið. Menntamálaráðherra hefur síðan tiltölulega lága fjárhæð sem hann getur ráðstafað til styrkja eftir því sem erindi berast. Safnasjóður hefur það hlutverk að veita styrki til safna er undir safnalögin heyra, Þjóðminjasafni er ætlað að veita styrki til byggða- og minjasafna og Þjóðskjalasafni til héraðsskjalasafna. Eðlilega var staðið að umsóknum og úthlutunum styrkja en eftirfylgni um ráðstöfun þeirra var ekki með skipulögðum hætti. Þá kemur fram að skriflegar og fastmótaðar úthlutunarreglur skortir oft. Hins vegar er rétt að vekja athygli á því að engin skýr verkaskipting er milli þessara aðila um það hvaða tegundir safna og þar með styrkþegar skuli vera á sérsviði hvers og eins. Lagt er til að úr því verði bætt.

Málefni fatlaðra

Í fjárlögum er framlögum ríkisins til málefna fatlaðra skipt eftir gömlu kjördæmunum. Því eru átta fjárlaganúmer undir þessum málaflokki. Fyrirkomulagið er mismunandi eftir kjördæmum. Svæðisskrifstofur um málefni fatlaðra eru í Reykjavík, í Kópavogi fyrir Reykjanes, í Borgarnesi fyrir Vesturland, á Ísafirði fyrir Vestfirði, á Egilsstöðum fyrir Austurland og á Selfossi fyrir Suðurland.

Á Norðurlandi vestra og eystra eru ekki reknar svæðisskrifstofur. Félagsmálaráðuneytið hefur gert þjónustusamning við Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra um að veita fötluðum á starfssvæði sínu þá þjónustu sem er á vegum ríkisins samkvæmt lögum um málefni fatlaðra nr. 59/1992. Byggðasamlagið hefur síðan samið við sveitarfélög um að annast málefni fatlaðra hvert á sínu svæði. Gerðir hafa verið þjónustusamningar við

eftirfarandi aðila: Húnaþing vestra, Sveitarfélagið Skagafjörð, Byggðasamlag um félagsþjónustu í Austur-Húnavatnssýslu og Siglufjarðarbæ. Á sama hátt hefur félagsmálaráðuneytið gert þjónustusamninga við Akureyrarkaupstað vegna fatlaðra á Eyjafjarðarsvæðinu og við Héraðsnefnd Þingeyinga vegna fatlaðra á Þingeyjarsvæðinu. Til viðbótar hafa verið gerðir samningar við sveitarfélagið Hornafjörð og Vestmannaeyjabæ, en svæðisskrifstofur eru starfræktar í umdæmum þessara bæjarfélaga, þ.e. á Egilsstöðum og á Selfossi.

Yfirlýst meginmarkmið þessara samninga við sveitarfélögin er að færa þjónustu við fatlaða á eina hendi og stuðla þannig að betri nýtingu á því fjármagni sem veitt er til málaflokksins um leið og þjónusta við fatlaða er bætt. Samningarnir eru til fimm ára. Samningurinn kveður á um árlegar greiðslur í samræmi við áætlaðan kostnað við að sinna þjónustu við fatlaða sem nánar er skilgreind í samningnum. Samningsupphæð breytist samkvæmt breytingum á verðlagi en að öðru leyti er ekki gert ráð fyrir neinum viðbótar-greiðslum til sveitarfélaganna eða endurgreiðslum frá þeim þó raunverulegur kostnaður verði meiri eða minni en áætlað var. Í samningunum eru ákvæði um að þeir verði endurskoðaðir ef forsendur breytast verulega.

Í samningunum eru ákvæði um að sveitarfélögin skuli fyrir 1. apríl ár hvert skila félagsmálaráðuneyti, Ríkisendurskoðun og fleiri aðilum sérstakri skýrslu um starfsemi liðins árs og eru í fylgiskjali með samningunum nefndar þær upplýsingar sem birtar skulu í skýrslunni. Þar er bæði beðið um upplýsingar um þá þjónustu við fatlaða sem veitt var á árinu og einnig um fjárhagslegar upplýsingar. Fyrir liggur skýrsla vegna þjónustusamnings við Akureyrarkaupstað og Byggðasamlag um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra en aðrir samningsaðilar hafa ekki sent skýrslu í því formi sem samningurinn gerir ráð fyrir. Nauðsynlegt er að félagsmálaráðuneytið taki málið upp við þessa aðila og að staðið verði við samningana að þessu leyti.

Á árinu 2002 voru samningsfjárhæðir eftirfarandi:

Tafla 86 Fjárhæðir þjónustusamninga um málefni fatlaðra

<i>Í m.kr.</i>	<i>Samnings- fjárhæð</i>
Norðurland-vestra	199,7
Akureyrarkaupstaður	464,9
Héraðsnefnd Þingeyinga	54,7
Hornafjörður	15,3
Vestmannaeyjar	60,0
Samtals	<u>794,6</u>

Fjárheimildir og rekstur

Í töflunni hér á eftir er sýnt yfirlit um fjárheimildir og rekstur málefna fatlaðra á árinu 2002 skipt eftir umdæmum.

Tafla 87 Fjárheimildir og afkoma málefna fatlaðra

Í m.kr.	Fjárlög	Fjárauka- lög milli- færslur	Fjár- heimild ársins	Gjöld umfram tekjur	Frávik	Frávik í %
Málefni fatlaðra, Reykjavík	1.220,0	155,9	1.375,9	1.217,1	158,8	11,5
Málefni fatlaðra, Reykjanesi	817,8	107,0	924,8	943,9	(19,1)	(2,1)
Málefni fatlaðra, Vesturlandi	164,2	0,7	164,9	163,5	1,4	0,8
Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	113,2	3,0	116,2	119,0	(2,8)	(2,4)
Málefni fatlaðra, Norðurl-ve.	187,6	13,2	200,8	200,5	0,3	0,1
Málefni fatlaðra, Norðurl-ey.	461,9	58,7	520,7	520,7	0,0	0,0
Málefni fatlaðra, Austurlandi	181,3	3,2	184,5	186,7	(2,2)	(1,2)
Málefni fatlaðra, Suðurlandi	286,4	6,6	293,0	285,6	7,4	2,5
Samtals	3.432,4	348,3	3.780,8	3.637,0	143,8	3,8

Samkvæmt fjárlögum 2002 var veitt 3,4 ma.kr. til málefna fatlaðra. Málaflokkurinn fékk auk þess 348 m.kr. á fjáraukalögum og með millifærslum. Fjárheimildir nema því samtals tæpum 3,8 ma.kr.

Helstu viðbæturnar voru þær að til Málefna fatlaðra í Reykjavík voru veittar 140 m.kr. á fjáraukalögum til að vinna upp uppsafnaðan tekjuhalla. Millifært var til Málefna fatlaðra á Reykjanesi 102 m.kr. vegna þess að stofnunin tók að sér rekstur sambýla að Kópavogsbraut 5. Á fjáraukalögum var veitt 50 m.kr. til Málefna fatlaðra á Norðurlandi eystra vegna endurnýjunar á þjónustusamningi við Akureyrarkaupstað og 13 m.kr. til Byggðasamlags um málefni fatlaðra á Norðurlandi vestra af sama tilefni. Einnig var millifært til Héraðsnefndar Þingeyinga 9 m.kr. vegna endurnýjunar á þjónustusamningi.

Gjöld alls að frádregnum sértekjum málaflokksins í heild námu 3,6 ma.kr. sem er 144 m.kr. innan fjárheimilda ársins.

Afkoma einstakra stofnana er mismunandi. 158,8 m.kr. tekjuafgangur er hjá Málefnum fatlaðra í Reykjavík en eins og hér hefur komið fram fékk sú stofnun 140,0 m.kr. á fjáraukalögum til að vinna upp tekjuhalla. Tekjuafgangur var einnig hjá Málefnum fatlaðra á Vesturlandi og á Suðurlandi en tekjuhalli hjá Málefnum fatlaðra á Reykjanesi, Vestfjörðum og á Austurlandi.

Staða fjárheimilda

Í meðfylgjandi töflu kemur fram staða fjárheimilda hjá Málefnum fatlaðra í ársbyrjun 2002, breytingar á árinu og staða fjárheimilda í árslok.

Tafla 88 Breytingar á stöðu fjárheimilda hjá málefnum fatlaðra

Í m.kr.	Höfuðstóll 01.01	Tekju- afgangur (tekjuhalli)	Óráðstöfuð fjárheimild 31.12	Ráðstafað umfram fjárheimild 31.12
Málefni fatlaðra, Reykjavík	(140,4)	158,8	18,4	
Málefni fatlaðra, Reykjanesi	4,9	(19,1)		(14,2)
Málefni fatlaðra, Vesturlandi	0,7	1,4	2,1	
Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	(4,4)	(2,8)		(7,2)
Málefni fatlaðra, Norðurlandi-vestra	(0,1)	0,3	0,2	
Málefni fatlaðra, Norðurlandi- eystra	0,3	0,0	0,3	
Málefni fatlaðra, Austurlandi	7,1	(2,2)	4,9	
Málefni fatlaðra, Suðurlandi	1,3	7,4	8,7	
Samtals	(130,6)	143,8	34,6	(21,4)

Í ársbyrjun 2002 var höfuðstóll Málefna fatlaðra samtals neikvæður um 130,6 m.kr. en það er sú fjárhæð sem hafði verið ráðstafað umfram heimildir. Á árinu 2002 var tekjuafgangur 143,8 m.kr. sem jafnar hina neikvæða stöðu og í árslok 2002 var höfuðstóll Málefna fatlaðra 13,2 m.kr.

Staða einstakra stofnana í árslok var mismunandi að þessu leyti. Sex stofnanir voru með 34,6 m.kr. óráðstafaðar fjárheimildir en tvær, þ.e. Málefni fatlaðra á Reykjanesi og Vestfjörðum, hafa ráðstafað 21,4 m.kr. umfram fjárheimildir.

Greiðslustaða við ríkissjóð

Taflan hér á eftir sýnir greiðslustöðu Málefna fatlaðra gagnvart ríkissjóði í ársbyrjun, breytingar á árinu og stöðu í árslok.

Tafla 89 Greiðslustaða málefna fatlaðra gagnvart ríkissjóði

Í m.kr.	Staða 01.01	Ríkis- framlag	Greitt úr ríkissjóði	Inneign 31.12	Skuld 31.12
Málefni fatlaðra, Reykjavík	(127,1)	1.375,9	1.214,9	33,9	
Málefni fatlaðra, Reykjanesi	1,7	924,8	946,6		(20,1)
Málefni fatlaðra, Vesturlandi	1,1	164,9	164,6	1,4	
Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	(3,5)	116,2	118,9		(6,2)
Málefni fatlaðra, Norðurl.-vestra	7,4	200,8	208,0	0,2	
Málefni fatlaðra, Norðurl. eystra	(2,2)	520,7	520,6		(2,1)
Málefni fatlaðra, Austurlandi	11,1	184,5	186,3	9,3	
Málefni fatlaðra, Suðurlandi	6,4	293,0	289,9	9,5	
Samtals	(105,1)	3.780,8	3.649,8	54,3	(28,4)

Almennt er náð samband á milli afkomu stofnana og breytinga á greiðslustöðu gagnvart ríkissjóði. Hér hefur komið fram að tekjuafgangur var hjá Málefnum fatlaðra á árinu 2002 sem endurspeglast í betri greiðslustöðu gagnvart ríkissjóði. Í ársbyrjun 2002 skulduðu stofnanirnar ríkissjóði samtals 105 m.kr. Framlag ríkisins til Málefna fatlaðra var 3,8 ma.kr. á árinu en úr ríkissjóði var samtals greitt 3,6 ma.kr. Í árslok var inneign Málefna fatlaðra hjá ríkissjóði 26 m.kr. Á árinu 2002 batnaði því greiðslustaðan í heild um 131 m.kr. Staða einstakra stofnana var misjöfn eins og fram kemur í töflunni. Í árslok áttu fimm stofnanir inni hjá ríkissjóði samtals 54 m.kr. en þrjár stofnanir skulduðu ríkissjóði samtals 28 m.kr.

Innra eftirlit

Kannað var hvort unnið væri eftir þeim verklagsreglum sem tryggja nauðsynlegan aðskilnað fjármála og bókhalds. Almenna reglan er sú að skrifstofustjóri viðkomandi stofnunar merkir fylgiskjöl en Fjársýsla ríkisins sér um bókhaldsskráningu. Stofnanirnar eru allar í greiðsluþjónustu hjá Fjársýslunni sem einnig sér um launavinnslu. Stofnanirnar hafa allar einn bankareikning sem er í umsjón skrifstofustjórans og framkvæmdastjórans en afstemming bankareikninga er í höndum starfsmanna Fjársýslunnar. Ekki er gerð athugasemd við þetta vinnulag.

Í stóru umdæmunum, Reykjavík og Reykjanesi, eru margar starfsstöðvar. Í Reykjavík eru t.d. starfrækt 28 sambýli og í Reykjanesumdæmi 22 sambýli. Í

hverju þeirra stendur heimilissjóður straum af daglegum neysluvörum heimilismanna. Forstöðumenn sambýla hafa umsjón með heimilissjóðum. Nú er unnið að því í þessum undæmum að gerður verði ársreikningur fyrir hvern heimilissjóð með formlegum hætti í samræmi við almennar reikningsskilavenjur. Lagt er til að því starfi verði hraðað. Í mörgum minni undæmunum er þetta fyrirkomulag þegar komið á.

Kannað var innra starf málefna fatlaðra. Almennt eru stofnanirnar vel meðvitaðar um markmið sín og reyna að greina þá áhættu sem fylgir starfsemi. Einstakir starfsmenn hafa starfslýsingar, formleg starfsmanna-viðtöl eru viðhöfð, nýir starfsmenn fá starfsþjálfun og áætlanir eru um endurmenntun. Ákveðnar reglur eru um það hvernig staðið er að kaupum á vörum og þjónustu og hverjir hafi til þess heimild. Forstöðumenn staðfesta alla reikninga vegna kaupa á vörum og þjónustu og flestar stofnanirnar hafa einnig þá reglu að framkvæmdastjórinn staðfestir alla reikninga áður en þeir eru bókfærðir og greiddir. Þessi könnun á innra starfi málefna fatlaðra gaf ekki tilefni til athugasemda.

Efnahagsliðir

Efnahagsreikningar málefna fatlaðra eru ekki stórir. Eignamegin er handbært fé, og eru það ekki háar fjárhæðir, og veltufjármunir sem nær eingöngu eru viðskiptakröfur og vörubirgðir vegna starfsemi verndaðra vinnustaða. Skuldamegin eru eingöngu ógreidd gjöld, þ.e. gjöld sem tilheyra rekstrarárinu en eru greidd á næsta ári. Til viðbótar þessum liðum er viðskiptareikningur við ríkissjóð. Eigið fé skiptist í höfuðstól og bundið eigið fé. Eftirfarandi er efnahagsyfirlit málefna fatlaðra í árslok 2002.

Tafla 90 Efnahagur málefna fatlaðra

Í m.kr.	Veltu- Fjármunir	Skammtíma- skuldir	Eigið fé	Höfuð- stóll	Bundið eigið fé
Málefni fatlaðra, Reykjavík	38,9	20,4	18,5	18,4	0,1
Málefni fatlaðra, Reykjanesi	20,0	29,8	(9,8)	(14,2)	4,4
Málefni fatlaðra, Vesturlandi	7,1	3,2	3,9	2,1	1,8
Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	0,6	7,8	(7,2)	(7,2)	0,0
Málefni fatlaðra, Norðurl.-vestra	0,2	0,0	0,2	0,2	0,0
Málefni fatlaðra, Norðurl. eystra	0,3	0,0	0,3	0,3	0,0
Málefni fatlaðra, Austurlandi	12,2	2,8	9,4	4,9	4,5
Málefni fatlaðra, Suðurlandi	11,3	2,6	8,7	8,7	0,0
Samtals	90,6	66,6	24,0	13,2	10,8

Samkvæmt þessu yfirliti námu veltufjármunir málefna fatlaðra samtals 90,6 m.kr. í árslok 2002 sem skiptast þannig að inneign á viðskiptareikningi

ríkissjóðs nam 54,3 m.kr., handbært fé 12,0 m.kr., viðskiptakröfur 17,6 m.kr. og vörubirgðir 6,7 m.kr.

Skammtímaskuldir skiptast þannig að skuld við ríkissjóð nam 28,4 m.kr. og ógreidd gjöld 38,2 m.kr.

Endurskoðun á handbæru fé fólst í því að yfirfara afstemmingar á banka-reikningum stofnana og voru þær staðfestar án athugasemda. Þá var farið yfir viðskiptakröfur og vörubirgðir og voru þessir liðir staðfestir.

Laun og launatengd gjöld

Vinnulaun eru langstærsti kostnaðarliður málefna fatlaðra. Á árinu 2002 námu laun og launatengd gjöld 2,9 ma.kr. sem er um 79% heildargjalda. Í meðfylgjandi töflu eru sýnd laun og launatengd gjöld einstakra stofnana á árinu 2002 samanborið við árið 2001. Til samræmis er reiknað með launum og launatengdum gjöldum í þeim umdæmum sem eingöngu eru með þjónustusamninga.

Tafla 91 Launakostnaður málefna fatlaðra

Í m.kr.	2002	2001	Breyting	Breyting í %
Málefni fatlaðra, Reykjavík	932,5	836,0	96,5	11,5
Málefni fatlaðra, Reykjanesi	835,5	699,5	136,0	19,4
Málefni fatlaðra, Vesturlandi	154,1	144,0	10,1	7,0
Málefni fatlaðra, Vestfjörðum	103,7	93,3	10,4	11,1
Málefni fatlaðra, Norðurl.-vestra	158,4	136,8	21,6	15,8
Málefni fatlaðra, Norðurl. Eystra	411,5	338,1	73,4	21,7
Málefni fatlaðra, Austurlandi	121,8	104,2	17,6	16,9
Málefni fatlaðra, Suðurlandi	156,5	144,0	12,5	8,7
Samtals	2.874,0	2.495,9	378,1	15,1

Laun og launatengd gjöld vógu þyngra á árinu 2002 en á árinu 2001 en þá var þessi kostnaður um 77% heildargjalda. Að meðaltali hækkuðu laun og launatengd gjöld um 15,1% milli ára. Stöðugildi við Málefni fatlaðra í heild voru 953 á árinu 2002 samanborið við 889 á árinu 2001. Stöðugildum fjölgaði um 64 eða um 7,2%.

Áhættustjórnun

Heildarmarkmið með starfsemi stofnana um málefna fatlaðra koma fram í lögum nr. 59/1992 um málefni fatlaðra. Stofnanirnar hafa síðan sett sér markmið í samræmi við það og síðan einstaka deildir eftir því hvers eðlis

starfsemin er. Þá eru gerðar rekstraráætlanir fyrir hverja starfsstöð. Stofnanirnar eru komnar mislangt í þessu starfi. Þær sem lengst eru komnar vinna samkvæmt skipulögðu gæðastjórnunarkerfi og nákvæmri áætlunargerð á öllum sviðum. Aðrar stofnanir eru styttra á veg komnar í þessu sambandi en almennt má segja að sterk viðleitni sé hjá öllum stofnunum að skipuleggja markvisst innra starf sitt. Markmiðin eru ekki mælanleg nema að því leyti að alls staðar eru bornar saman rekstraráætlanir og rauntölur. Þó er nú verið að þróa aðferðir í nokkrum stofnunum til að mæla árangur.

Starfsmannastjórnun

Hér var einkum horft til þess hvort stofnanir hafi mannafláætlun, starfslýsingar og kerfi sem ákvarðar laun eftir ábyrgð og verkefnum, hvort þær meti frammistöðu, hafi starfsmannaviðtöl, starfsþjálfun og endurmenntun. Í ljós kom að almennt eru ekki gerðar mannafláætlanir þó þar séu undantekningar. Hjá stóru stofnunum er mikil starfsmannavelta. Alls staðar eru gerðar starfslýsingar. Stofnanasamningar ákvarða mönnum laun eftir ábyrgð og verkefnum en hvergi eru notuð mælingakerfi til að meta frammistöðu starfsmanna. Allar stofnanirnar hafa formleg starfsmannaviðtöl. Almennt eru haldin námskeið fyrir nýja starfsmenn. Nokkuð misjafnt er hvernig staðið er að endurmenntun starfsmanna. Þær stofnanir sem lengst eru komnar meta endurmenntunarþörf starfsmanna tvisvar á ári með þarfagreiningu en hjá öðrum er þetta ekki með jafn formlegum hætti. Alls staðar er þó lögð áhersla á endurmenntun starfsmanna.

Kaup á vörum og þjónustu

Ákveðnar starfsreglur gilda um það hvernig staðið er að innkaupum og hverjir mega kaupa vörur fyrir viðkomandi stofnun. Heimild til innkaupa er bundin við forstöðumenn og framkvæmdastjóra. Stofnanirnar eru áskrifendur að rammamningum Ríkiskaupa. Forstöðumenn árita reikninga frá birgjum og staðfesta að þeir séu í samræmi við pöntun og mótteknar vörur. Sú regla er síðan almennt viðhöfð að framkvæmdastjóri áritar alla reikninga áður en þeir eru sendir til bókhalds og greiðslu.

Ákveðnar starfsreglur gilda líka um það hverjir mega kaupa þjónustu og er sú heimild bundin við sameiginlegar ákvarðanir forstöðumanna og framkvæmdastjóra. Aðkeypt þjónusta er ekki boðin út en leitað tilboða í ákveðnum tilvikum. Mismunandi er hvort gerðir eru skriflegir samningar eða ekki. Forstöðumenn og framkvæmdastjóri leggja faglegt mat á hæfni þjónustuaðila. Þeir fara yfir reikninga frá þessum aðilum og staðfesta að þjónustan hafi skilað sér eins og um var samið. Farið er fram á tímaskýrslu ef samið er um tímagjald.

Styrkir

Styrkveitingar þessara stofnana eru bundnar við styrki samkvæmt 27. gr. laga um málefni fatlaðra sem kveður á um að svæðisskrifstofur veiti styrki til námskostnaðar og til verkfæra- og tækjakaupa fatlaðra. Nánar er kveðið á um þessar styrkveitingar í reglugerð nr. 550/1994. Styrkir eru auglýstir og er um þá sótt á þar til gerðu eyðublaði. Jafnframt er farið fram á greinargerð um markmið verkefnisins.

Fimm ára yfirlit

Framlag ríkisins til málefna fatlaðra hefur hækkað mikið undanfarin ár. Hér á eftir er sýnt rekstrar- og efnahagsyfirlit málefna fatlaðra síðustu fimm ár.

Tafla 92 Fimm ára yfirlit um málefni fatlaðra

<i>Í m.kr.</i>	2002	2001	2000	1999	1998
Rekstur					
Tekjur	99,5	82,6	108,4	194,6	275,5
Gjöld	(3.736,3)	(3.262,8)	(2.639,9)	(2.401,6)	(2.131,5)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	(0,2)	(0,8)	(1,0)	(0,7)	(0,6)
Tekjuafgangur	(3.637,0)	(3.181,0)	(2.532,5)	(2.207,7)	(1.856,6)
Ríkisframlag	3.780,8	3.147,2	2.506,0	2.169,3	1.851,2
Tekjuafgangur ársins	143,8	(33,8)	(26,5)	(38,4)	(5,4)
Efnahagur					
Veltufjármunir	90,6	60,7	79,8	50,7	59,4
Eignir alls	90,6	60,7	79,8	50,7	59,4
Höfuðstóll	13,2	(130,5)	(96,7)	(67,8)	(29,1)
Höfuðstóll, bundinn	10,8	10,8	10,8	10,8	10,8
Skammtímaskuldir	66,6	180,4	165,7	107,7	77,7
Eigið fé og skuldir alls	90,6	60,7	79,8	50,7	59,4

Samkvæmt yfirlitinu var tekjuhalli af málefnum fatlaðra í heild árin 1998 til 2001 en á árinu 2002 var 143,8 m.kr. tekjuafgangur. Þessi tekjuafgangur náði að vinna upp tekjuhalla árána á undan þannig að í árslok 2002 var höfuðstóllinn jákvæður um 13,2 m.kr. Sú fjárhæð var því uppsafnaður tekjuafgangur gagnvart fjárlögum og fjárheimildum í árslok 2002.

Framlag ríkisins til málefna fatlaðra hefur hækkað mikið á þessu fimm ára tímabili. Á árinu 1998 nam framlag ríkisins til málefna fatlaðra í heild 1,9 ma.kr. samanborið við 3,8 ma.kr. á árinu 2002. Hækkunin er 104% á þessu

fimm ára tímabili á verðlagi hvers árs sem felur í sér mikla raunhækkun þar sem verðlag hefur hækkað um 23,5% á sama tíma.

Heilsugæslustöðvar

Vegna ársins 2002 var gerð fjárhagsendurskoðun á heilsugæslustöðvum sem ekki eru í starfstengslum við sjúkrahús. Endurskoðunin náði hvorki til Heilsugæslustöðvarinnar Lágmúla né þeirra stöðva sem eru reknar í tengslum við sveitarfélögin á Akureyri og Hornafirði en upplýsingar um rekstur þeirra koma fram í samanburðartöflum hér á eftir. Sömu grundvallarreglum var fylgt við skoðun allra heilsugæslustöðvanna. Sannreynt var hvort eignir, skuldir og skuldbindingar væru tilgreindar og metnar í efnahagsreikningi í samræmi við góða reikningsskilavenju. Fjárheimildir og rekstur voru borin saman og gerð grein fyrir helstu frávikum, tekjur og gjöld voru borin saman milli ára og gerð grein fyrir helstu frávikum. Lagt var mat á hvort innra eftirlit tryggði viðeigandi árangur. Kannað var hvort reikningar væru í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli og starfsvenjur. Gerð var athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt var við gerð ársreiknings og framsetningu. Þá var lögð sérstök áhersla á að kanna stöðu áhættustjórnunar, starfsmannastjórnun og launaákvarðanir, kaup á vörum og þjónustu og styrki.

Fjárheimildir

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstrarniðurstöðu hjá heilsugæslustöðvunum á árinu 2002. Ekki er samræmi á milli fjárheimilda samkvæmt ríkisreikningi og framlags ríkissjóðs samkvæmt ársreikningum stöðvanna í Lágmúla, á Akureyri og Hornafirði. Heilsugæslustöðin Lágmúla var gerð upp á núlli í ársreikningi stofnunarinnar. Tekjuafgangur Reynslusveitarfélagsins Akureyri samkvæmt ársreikningi stofnunarinnar nam 14,0 m.kr. en tekjuhalli Reynslusveitarfélagsins Hornafirði nam 3,7 m.kr. Í eftirfarandi samanburði er stuðst við upplýsingar úr ríkisreikningi.

Tafla 93 Fjárheimildir og afkomaheilsugæslustöðva

Fjárhæðir í m.kr. Stofnun	Fjárlög	Fjárlög Fjáruka- lög, milli- færslur	Fjár- heimild ársins	Tekju- afgangur	Frávik	Frávik í %
Heilsugæslan í Reykjavík	837,8	201,2	1.039,0	1.141,8	(102,8)	(9,9)
Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	411,1	99,2	510,3	492,4	17,9	3,5
Heilsugæslustöðin Lágmúla ³	93,1	17,6	110,7	110,7	0,0	0,0
Heilsugæslustöðin Borgarnesi	66,9	16,8	83,7	79,5	4,2	5,0
Heilsugæslustöðin Ólafsvík	49,5	15,3	64,8	70,8	(6,0)	(9,3)
Heilsugæslustöðin Grundarfirði	28,1	6,9	35,0	35,2	(0,2)	(0,6)
Heilsugæslustöðin Búðardal	45,6	12,0	57,6	55,7	1,9	3,3
Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	28,0	7,7	35,7	31,4	4,3	12,0
Heilsugæslustöðin Dalvík	44,6	10,1	54,7	53,5	1,2	2,2
Reynslusveitarfélagið Akureyri ⁴	244,4	64,1	308,5	308,5	0,0	0,0
Reynslusveitarfél. Hornafjörður ⁵	63,8	10,9	74,7	74,7	0,0	0,0
Heilsug.st. Kirkjubæjarklaustri	27,8	4,6	32,4	33,8	(1,4)	(4,3)
Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	27,2	6,5	33,7	29,8	3,9	11,6
Heilsugæslustöðin Rangárpíngi	60,9	17,5	78,4	77,6	0,8	1,0
Heilsugæslustöðin Laugarási	43,5	13,8	57,3	53,9	3,4	5,9
Heilsugæslustöðin Hveragerði	29,7	27,4	57,1	53,2	3,9	6,8
Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	24,8	6,3	31,1	28,3	2,8	9,0
Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	194,2	89,6	283,8	282,2	1,6	0,6
Heilsugæslustöðin Garðabæ	86,2	19,8	106,0	105,7	0,3	0,3
Heilsugæslan Kópavogi	233,5	67,9	301,4	300,1	1,3	0,4
Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	133,2	36,5	169,7	147,8	21,9	12,9
Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	79,4	30,7	110,1	117,4	(7,3)	(6,6)
Samtals	2.853,3	782,4	3.635,7	3.684,0	(48,3)	(1,3)

Fjárheimildir til heilsugæslunnar á fjárlögum námu 2,9 ma.kr. Við þetta bættust samtals 782,4 m.kr. sem skiptast þannig að 66,5 m.kr. voru vegna fjárukalaga, 10,9 m.kr. voru vegna launabóta og 705,0 m.kr. voru millifærslur af öðrum fjárlagaliðum. Fjárheimildir heilsugæslustöðvanna á árinu 2002 urðu því samtals 3,6 ma.kr.

Tvær stöðvar fengu á árinu framlag samkvæmt fjárukalögum. Heilsuverndarstöðin í Reykjavík fékk 60,0 m.kr. til að mæta kostnaði við rannsóknir vegna tilkynningaskyldra smitsjúkdóma og Reynslusveitarfélagið á Akureyri fékk 6,5 m.kr. til að greiða áætlaðan halla á rekstri stöðvarinnar á árinu.

Millifærslur af öðrum fjárlagaliðum námu 705,0 m.kr. Millifærslur af fjárlagalið vegna launa- og verðlagsmála voru vegna úrskurðar kjaranefndar um laun heilsugæslulækna og námu þær 160,5 m.kr. Auk þess voru

³ Ríkisframlag samkvæmt ársreikningi 5,6 m.kr. lægra en í ríkisreikningi.

⁴ Ríkisframlag samkvæmt ársreikningi 2,2 m.kr. hærra en í ríkisreikningi.

⁵ Ríkisframlag samkvæmt ársreikningi 9,0 m.kr. lægra en í ríkisreikningi.

stöðvunum bætta 17,3 m.kr. af fjárlagaliðnum „sjúkratryggingar“ vegna gjaldskrárverka í tengslum við úrskurð kjaranefndar. Millifærslur af fjárlagaliðnum „verkgreiðslur til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva“ námu 218,3 m.kr. vegna rannsóknarkostnaðar. Millifærslur vegna breytinga á reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði við heilbrigðisþjónustu vegna lækkunar á komugjöldum heilsugæslustöðvanna námu 94,7 m.kr. Aðrar millifærslur voru einkum vegna langtímaveikinda, námsleyfa, húsnæðiskostnaðar og tækja og aukins álags. Þá fengu nokkrar stöðvar framlag vegna ófyrirséðra útgjalda og til að bæta rekstrarstöðu.

Þann 1. apríl 2002 úrskurðaði kjaranefnd að greiðslur fyrir vottorð sem lækna höfðu áður fengið greitt fyrir væru tekjur heilsugæslunnar. Fjárheimildir heilsugæslunnar á árinu gerðu hins vegnar ekki ráð fyrir því að tekjur stöðvanna hækkuðu vegna þessa. Þá var einnig kveðið á um það í úrskurði kjaranefndar um laun heilsugæslulækna sem gildi frá 1. nóvember 2002 að stöðvarnar skyldu greiða læknum tiltekin gjaldskrárverk sem áður höfðu verið greidd af Tryggingastofnun ríkisins. Gjaldskrárverk í tengslum við úrskurð kjaranefndar voru millifærð af fjárlagalið sjúkratrygginga til heilsugæslustöðva. Á árinu 2003 eru fjárheimildir ársins vegna vottorða og gjaldskrárverka leiðréttar. Samkvæmt þeirri leiðréttingu voru tekjur stöðvanna hækkaðar um 39,2 m.kr. vegna vottorða og var 17,3 m.kr. hækkun fjárheimilda af sjúkratryggingum frá fyrra ári bakfærð en færð 22,4 m.kr. hækkun vegna launabóta. Samtals voru því vanfærðar 5,1 m.kr. fjárheimildir vegna launabóta á árinu 2002 og 39,2 m.kr. vegna sértekna stöðvanna.

Í árslok 2002 höfðu heilsugæslustöðvarnar ráðstafað 48,3 m.kr. til útgjalda umfram heimildir. Tekjuafgangur var af rekstri fjórtán stöðva á árinu 2002 og nam hann 69,4 m.kr. Mestur tekjuafgangur varð af rekstri stöðvarinnar á Seltjarnarnesi 21,9 m.kr. eða tæp 13%. Það skýrist af breyttu fyrirkomulagi á rekstri heimahjúkrunar. Heimahjúkrun á Seltjarnarnesi var flutt undir Heilsugæsluna í Reykjavík með stofnun Miðstöðvar heimahjúkrunar en fjárheimildir gerðu ekki ráð fyrir þessari breytingu. Tekjuhalli varð af rekstri fimm heilsugæslustöðva á árinu 2002 og nam hann 117,7 m.kr., þar af var 102,8 m.kr. tekjuhalli af rekstri Heilsugæslunnar í Reykjavík eða tæplega 10%.

Staða fjárheimilda

Eftirfarandi tafla sýnir uppsafnaða rekstrarniðurstöðu gagnvart fjárlögum og fjárheimildum hjá heilsugæslustöðvunum í árslok 2002.

Tafla 94 Breytingar á stöðu fjárheimilda heilsugæslustöðva

Fjárhæðir í m.kr. Stofnun	Höfuðstóll 01.01	Tekju- afgangur (tekjuhalli)	Ónotuð fjár- heimild 31.12	Notað umfram fjárheimild 31.12
Heilsugæslan í Reykjavík	(86,7)	(102,8)		(189,5)
Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	(73,6)	17,9		(55,7)
Heilsugæslustöðin Lágmúla		0,0	0,0	
Heilsugæslustöðin Borgarnesi	(3,1)	4,2	1,1	
Heilsugæslustöðin Ólafsvík	(1,4)	(6,0)		(7,4)
Heilsugæslustöðin Grundarfirði	0,3	(0,2)	0,1	
Heilsugæslustöðin Búðardal	(1,3)	1,9	0,6	
Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	0,2	4,3	4,5	
Heilsugæslustöðin Dalvík	3,4	1,2	4,6	
Reynslusveitarfélagið Akureyri		0,0	0,0	
Reynslusveitarfélagið Hornafjörður		0,0	0,0	
Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	1,6	(1,4)	0,2	
Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	1,4	3,9	5,3	
Heilsugæslustöðin Rangárpíngi	(0,5)	0,8	0,3	
Heilsugæslustöðin Laugarási	(0,3)	3,4	3,1	
Heilsugæslustöðin Hveragerði	2,8	3,9	6,7	
Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	2,8	2,8	5,6	
Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	(17,4)	1,6		(15,8)
Heilsugæslustöðin Garðabæ	2,4	0,3	2,7	
Heilsugæslan Kópavogi	(8,6)	1,3		(7,3)
Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	1,7	21,9	23,6	
Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	(11,0)	(7,3)		(19,3)
Samtals	(187,3)	(48,3)	58,4	(295,0)

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll heilsugæslustöðvanna sýnir uppsafnaðan rekstrarárangur gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í upphafi ársins höfðu tíu stöðvar notað 203,9 m.kr. til útgjalda umfram heimildir en í árslok höfðu sex stöðvar notað 295,0 m.kr. til útgjalda umfram heimildir. Hjá þremur þessara sex stöðva hafði staðan versnað nokkuð á árinu en batnað hjá öðrum. Níu stöðvar áttu ónotaða fjárheimild í ársbyrjun að fjárhæð 16,6 m.kr. en í árslok hafði staðan batnað og áttu þrettán stöðvar þá ónotaða fjárheimild að fjárhæð 58,4 m.kr. Jákvæðustu stöðu gagnvart fjárheimildum átti Heilsugæslan Seltjarnarnesi 23,6 m.kr. en Heilsugæslan í Reykjavík hafði ráðstafað mestu umfram fjárheimildir eða 189,5 m.kr.

Á árinu var tekin ákvörðun um að fella gamla endurmatsreikninga nokkurra stofnana inn í höfuðstól þeirra. Í flestum tilfellum var um að ræða mjög lágar fjárhæðir nema hjá Heilsugæslustöðinni í Mosfellsbæ en þar nam

fjárhæðin 1,0 m.kr. Annað eigið fé að fjárhæð 0,3 m.kr. er aðeins fært hjá Heilsugæslustöðinni Mosfellsbæ og er vegna birgða.

Eins og fram kemur í töflunni er eigið fé Heilsugæslustöðvarinnar Lágmúla núll. Stöðin starfar samkvæmt samningi sem gerður var um rekstur heilsugæsluþjónustu milli Heimilislæknastöðvarinnar og Heilsugæslunnar í Reykjavík. Í samningnum segir að „verði um rekstrarafgang að ræða samkvæmt samningi þessum rennur helmingur skattskylds hagnaðar til verksala, en hinn helminginn skal leggja í varasjóð sem verksali ávaxtar. Varasjóðinum skal ráðstafað til að mæta hugsanlegum halla síðar á samningstímanum og uppgjöri á fjárhagslegum skuldbindingum“. Stöðin hefur undanfarin ár verið gerð upp á núlli og hefur mismunur verið færður á Heimilislæknastöðina ehf. Gjaldfærð fjárhæð ársins 2002 nemur 12,6 m.kr. og fjárhæð ársins 2001 nemur 4,6 m.kr. Varasjóður er ekki færður upp hjá stöðinni.

Greiðslustaða gagnvart ríkissjóði

Í efnahagsreikningi er birt viðskiptastaða heilsugæslustöðvanna gagnvart ríkissjóði. Skuld eða inneign er færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum stöðvanna og sýnir þessi staða mismun milli framlags sem heilsugæslustöðvunum er ákvarðað og greiðslna úr ríkissjóði. Skuld við ríkissjóð felur í sér að greiðslur úr ríkissjóði hafi verið meiri en sem nemur fjárheimildum og inneign að ríkissjóður hafi ekki innt af hendi allt ríkisframlagið sem heilsugæslustöðvunum var ákvarðað í fjárlögum.

Eftirfarandi tafla sýnir breytingu á stöðu heilsugæslustöðva gagnvart ríkissjóði á árinu 2002.

Tafla 95 Greiðslustaða heilsugæslustöðva gagnvart ríkissjóði

Fjárhæðir í m.kr. Stofnun	Staða 01.01	Ríkis- framlag	Greiðslur úr ríkissjóði	Inneign 31.12	Skuld 31.12
Heilsugæslan í Reykjavík	(77,9)	1.039,0	1.150,6		(189,5)
Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	(26,4)	510,3	534,8		(50,9)
Heilsugæslustöðin Lágmúla	0,4	110,7	106,4	4,7	
Heilsugæslustöðin Borgarnesi	(1,4)9	83,7	80,5	1,8	
Heilsugæslustöðin Ólafsvík	(0,6)	64,8	66,3		(2,1)
Heilsugæslustöðin Grundarfirði	0,3	35,0	34,1	1,2	
Heilsugæslustöðin Búðardal	0,0	57,6	54,0	3,6	
Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	0,0	35,7	32,7	3,0	
Heilsugæslustöðin Dalvík	0,7	54,7	51,4	4,0	
Reynslusveitarfélagið Akureyri	3,8	308,5	296,7	15,6	
Reynslusveitarfélagið Hornafjörður	1,5	74,7	74,8	1,4	
Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	(0,2)	32,4	32,7		(0,5)
Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	0,4	33,7	31,0	3,1	
Heilsugæslustöðin Rangárþingi	(0,5)	78,4	73,5	4,4	
Heilsugæslustöðin Laugarási	0,5	57,3	53,8	4,0	
Heilsugæslustöðin Hveragerði	1,6	57,1	56,0	2,7	
Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	0,0	31,1	27,7	3,4	
Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	(19,6)	283,8	288,6		(24,4)
Heilsugæslustöðin Garðabæ	(2,1)	106,0	100,4	3,5	
Heilsugæslan Kópavogi	(8,6)	301,4	300,5		(7,7)
Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	1,8	169,7	144,9	26,6	
Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	(13,9)	110,1	115,9		(19,7)
Samtals	(140,2)	3.635,7	3.707,3	83,0	(294,8)

Í árbyrjun nam skuld heilsugæslustöðva við ríkissjóð samtals 140,2 m.kr. Á árinu 2002 nam ríkisframlag 3,6 ma.kr. en greiðslur úr ríkissjóði urðu 71,6 m.kr. hærri en framlagið. Hækkaði því skuld heilsugæslustöðva við ríkissjóð sem því nam og var orðin 211,8 m.kr. í árslok 2002. Staða gagnvart ríkissjóði skiptist þannig að í árslok 2002 áttu fimmtán stöðvar inneign hjá ríkissjóði sem nam 83,0 m.kr. en í árbyrjun voru þessar stöðvar tólf og nam inneign þeirra 11,0 m.kr. Þá skulduðu sjö stöðvar ríkissjóði í árslok 294,8 m.kr. en til samanburðar voru slíkar stöðvar tíu í árbyrjun og skulduðu þá 151,2 m.kr. Inneignir heilsugæslustöðva hjá ríkissjóði hækkuðu því um 72,0 m.kr. frá fyrra ári en skuldir heilsugæslustöðva við ríkissjóð hækkuðu umtalsvert meira eða 143,6 m.kr. Stærstu einstöku inneign hjá ríkissjóði í árslok 2002 átti Heilsugæslan Seltjarnarnesi 26,6 m.kr. en stærsta skuldin við ríkissjóð var hjá Heilsugæslunni í Reykjavík 189,5 m.kr.

Innra eftirlit

Misjafnt er eftir heilsugæslustöðvum hvernig bókhaldsmálum er háttað. Stjórnsýsla Heilsugæslunnar í Reykjavík sér um bókhald og fjárreiður fyrir stöðvarnar í Reykjavík, Heilsuverndarstöðina og heilsugæslustöðvarnar í Kópavogi, Mosfellsbæ og á Seltjarnarnesi. Fjársýsla ríkisins sér um færslu á bókhaldi fyrir þær og veitir greiðsluþjónustu. Flestar minni stöðvarnar sjá sjálfar um greiðslu reikninga en Fjársýsla ríkisins sér um færslu á bókhaldi að undanskildum stöðvunum í Grundarfirði, Búðardal og Hafnarfirði sem sjá sjálfar um færslu á bókhaldi. Fjársýsla ríkisins sér um launavinnslu fyrir allar stöðvarnar nema Heilsugæslustöðvarnar í Lágmúla, Akureyri, Höfn og á Ólafsfirði sem sjá alfarið sjálfar um launagreiðslur og færslu bókhalds.

Við skoðun á innra eftirliti hjá stöðvunum kom í ljós að á stærri stöðvunum er innra eftirlit í meginatriðum í lagi. Þær hafa í mörgum tilvikum skriflegt og skýrt stjórnskipulag sem sýnir niðurröðun starfa og skiptingu ábyrgðar og er verkaskipting viðunandi að mati Ríkisendurskoðunar. Bankareikningar og viðskiptareikningar eru almennt stemmdir af með reglubundnum hætti. Sjóðir stöðvanna eru almennt gerðir upp reglulega og innkomnar tekjur lagðar á bankareikning. Gerðar eru rekstraráætlanir og þær bornar saman við bókhald. Skriflegir ráðningasamningar eru gerðir við starfsmenn. Stimpilklukkur eru yfirleitt ekki á stöðvunum en að hluta til er fylgst með viðveru starfsmanna með vinnuskýrslum. Stöðvarnar halda almennt fjarvistarskrá fyrir starfsmenn en mjög mismunandi er eftir stöðvum hversu nákvæmlega þær eru útfylltar. Almennt eru ekki til skriflegar reglur um innkaup en í flestum tilfellum hafa eingöngu tilteknir aðilar heimild til innkaupa. Stöðvarnar halda almennt eignaskrár í samræmi við reglur ríkisins þar um. Á minni stöðvunum á landsbyggðinni vantar víða nokkuð á að innra eftirlit sé fullnægjandi og er m.a. sökum smæðar þeirra oft erfitt að koma á nægilegri aðgreiningu starfa. Framkvæmdastjóri eða rekstrarstjóri sér oft um flest störf sem lúta að bókhaldi og fjármálum stöðvanna, innheimtu tekna og afstemmingar á banka- og viðskiptareikningum stöðvanna. Fjársýsla ríkisins sér í flestum tilfellum um færslu á bókhaldi þeirra. Laun eru almennt greidd fyrir milligöngu Fjársýslu ríkisins.

Ríkisendurskoðun telur nauðsynlegt að stöðvarnar setji skriflegar verklagsreglur vegna mikilvægra verkþátta, t.d. áætlanagerðar, innkaupa, innheimtu tekna, innheimtu viðskiptakrafna, afstemmingar banka- og viðskiptareikninga og talningar og uppgjöri á sjóði, auk þess sem lagt er til að innra eftirlit stöðvanna verði skjalfest.

Rekstur

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðaðan rekstur heilsugæslustöðva á árinu 2002 ásamt samanburði við rekstur ársins 2001.

Tafla 96 Rekstur heilsugæslustöðva

Stofnun	Tekjur	Gjöld	Eigna- kaup	Samtals	Árið 2001	Breyt. 2001	Breyt í %
Heilsugæslan í Reykjavík	74,9	1.204,2	12,5	1.141,8	844,4	297,4	35,2
Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	32,2	518,4	6,2	492,4	477,3	15,1	3,2
Heilsugæslustöðin Lágmúla ⁶	22,5	133,2	0,0	110,7	88,9	21,8	24,5
Heilsugæslustöðin Borgarnesi	6,4	85,9	0,0	79,5	70,6	8,9	12,6
Heilsugæslustöðin Ólafsvík	4,9	75,0	0,7	70,8	56,4	14,4	25,5
Heilsugæslustöðin Grundarfirði	2,0	37,2	0,0	35,2	26,8	8,4	31,3
Heilsugæslustöðin Búðardal	2,5	57,7	0,5	55,7	48,4	7,3	15,1
Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	2,7	34,0	0,1	31,4	31,1	0,3	1,0
Heilsugæslustöðin Dalvík	6,2	58,4	1,3	53,5	44,1	9,4	21,3
Reynslusveitarfélagið Akureyri ⁷	24,9	333,4	0,0	308,5	201,0	107,5	53,5
Reynslusveitarfélagið Hornafjörður ⁸	11,5	85,6	0,6	74,7	56,8	17,9	31,5
Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	1,1	34,6	0,3	33,8	27,4	6,4	23,4
Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	1,7	30,6	0,9	29,8	25,7	4,1	16,0
Heilsugæslustöðin Rangárpíngi	7,8	83,8	1,6	77,6	62,0	15,6	25,2
Heilsugæslustöðin Laugarási	8,4	61,9	0,4	53,9	46,2	7,7	16,7
Heilsugæslustöðin Hveragerði	3,5	56,1	0,6	53,2	42,6	10,6	24,9
Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	3,0	30,5	0,8	28,3	26,0	2,3	8,8
Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	29,7	311,1	0,8	282,2	211,3	70,9	33,6
Heilsugæslustöðin Garðabæ	9,3	113,4	1,6	105,7	87,3	18,4	21,1
Heilsugæslan Kópavogi	21,7	319,8	2,0	300,1	228,8	71,3	31,2
Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	15,2	163,0	0,0	147,8	129,5	18,3	14,1
Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	9,3	126,4	0,3	117,4	92,0	25,4	27,6
Samtals	301,4	3.954,2	31,2	3.684,0	2.924,6	759,4	26,0

Árið 2002 námu gjöld stöðvanna umfram sértekjur 3,7 ma.kr. á móti 2,9 ma.kr. árið 2001. Þau hækkuðu því um 759 m.kr. milli ára eða 26%.

Sértekjur stöðvanna námu á árinu 301,4 m.kr. og hækkuðu frá fyrra ári um 13,8 m.kr. eða tæp 5%. Almennt lækkuðu komugjöld stöðvanna nokkuð en tekjur vegna vottorða bættu í flestum tilfellum upp þá lækkun sem varð vegna breytinga á reglugerð um kostnaðarhlutdeild sjúklinga í heilbrigðisþjónustu. Hækkun tekna milli ára tengist einkum breytingum á framlögum til einstakra stöðva auk innheimtu á kostnaðarhlutdeild í sameiginlegum rekstri eða innheimtu vegna meiri háttar stofnkostnaðar og viðhalds.

⁶ Önnur rekstrargjöld hækkuð um 5,6 m.kr. frá ársreikningi stofnunar.

⁷ Önnur rekstrargjöld hækkuð um 11,8 m.kr. frá ársreikningi stofnunar.

⁸ Önnur rekstrargjöld hækkuð um 5,3 m.kr. frá ársreikningi stofnunar.

Heildarhækkun launa milli ára nam 558,8 m.kr. eða tæplega 24%. Þessar hækkanir má einkum rekja til úrskurðar kjaranefndar um laun heilsugæslu-lækna en nokkur breyting varð á kjörum þeirra, m.a. voru greiðslur sem áður voru greiddar af öðrum aðilum sem verktakagreiðslur felldar inn í laun þeirra. Hluti af þessum úrskurði gildi frá 1. nóvember 2002 þannig að heildarbreyting vegna úrskurðarins kom ekki að fullu til framkvæmda fyrr en á árinu 2003.

Önnur rekstrargjöld heilsugæslustöðva hækkðu um 219,5 m.kr. frá fyrra ári eða tæp 27%. Hækkunina má að stórum hluta rekja til breytinga á fyrirkomulagi vegna greiðslna á rannsóknum hjá heilsugæslunni en frá 1. september 2001 greiðir heilsugæslan fyrir allar rannsóknir sem stöðvarnar óska eftir. Breyting þessi kemur því að fullu til framkvæmda á árinu 2002.

Eignakaup heilsugæslustöðva námu 31,2 m.kr. á árinu og lækkuðu um 4,5 m.kr. frá fyrra ári. Eignakaup ársins eru einkum vegna húsbúnaðar og áhalda, tölvubúnaðar og rannsóknatakja.

Sértekjur

Sértekjur heilsugæslustöðva eru einkum af seldri þjónustu. Sjúklingar sem nýta sér þjónustu heilsugæslunnar greiða hlutdeild í kostnaði, m.a. vegna komu til lækna, vegna rannsóknasýna, bólusetningar og annarrar þjónustu sem þar er veitt. Sjúklingar greiða þó ekki vegna þjónustu við mæðra- og ungbarnavernd sem veitt er á stöðvunum. Sértekjur stöðvanna ráðast því að nokkru af fjölda sjúklinga hverju sinni. Í byrjun árs 2002 var gerð breyting á reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu þannig að hlutdeild sjúklinga lækkaði nokkuð og olli þetta víða nokkurri lækkun á komugjöldum stöðvanna en einnig varð breyting á greiðslum fyrir vottorð og renna tekjur vegna þeirra nú til reksturs stöðvanna en runnu áður til viðkomandi lækni. Nokkrar stöðvar fá framlög til ákveðinna verkefna. Þá hafa nokkrar stöðvar tekjur vegna útleigu á húsnæði og vegna kostnaðar-hlutdeildar.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð sértekna heilsugæslustöðva milli árunna 2002 og 2001.

Tafla 97 Sértekjur heilsugæslustöðva

Fjárhæðir í m.kr. Stofnun	Árið 2002	Árið 2001	Breyting	Breyting í %
Heilsugæslan í Reykjavík	74,9	58,5	16,4	28,0
Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	32,2	30,1	2,1	7,0
Heilsugæslustöðin Lágmúla	22,5	22,6	(0,1)	(0,4)
Heilsugæslustöðin Borgarnesi	6,4	7,0	(0,6)	(8,6)
Heilsugæslustöðin Ólafsvík	4,9	5,2	(0,3)	(5,8)
Heilsugæslustöðin Grundarfirði	2,0	2,0	0,0	0,0
Heilsugæslustöðin Búðardal	2,5	3,6	(1,1)	(30,6)
Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	2,7	2,8	(0,1)	(3,6)
Heilsugæslustöðin Dalvík	6,2	6,4	(0,2)	(3,1)
Reynslusveitarfélagið Akureyri	24,9	22,1	2,8	12,7
Reynslusveitarfélagið Hornafjörður	11,5	12,7	(1,2)	(9,4)
Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	1,1	1,8	(0,7)	(38,9)
Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	1,7	1,1	0,6	54,5
Heilsugæslustöðin Rangárpíngi	7,8	11,4	(3,6)	(31,6)
Heilsugæslustöðin Laugarási	8,4	6,9	1,5	21,7
Heilsugæslustöðin Hveragerði	3,5	3,8	(0,3)	(7,9)
Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	3,0	4,7	(1,7)	(36,2)
Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	29,7	27,3	2,4	8,8
Heilsugæslustöðin Garðabæ	9,3	8,5	0,8	9,4
Heilsugæslan Kópavogi	21,7	23,1	(1,4)	(6,1)
Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	15,2	14,4	0,8	5,6
Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	9,3	11,6	(2,3)	(19,8)
Samtals	301,4	287,6	13,8	4,8

Á árinu 2002 námu sértekjur stöðvanna 301,4 m.kr. en námu á árinu 2001 287,6 m.kr. og hækkuðu því um 13,8 m.kr. eða tæplega 5%. Hækkun tekna varð á átta stöðvum en lækkun á öðrum. Mesta hækkun varð hjá Heilsugæslunni í Reykjavík, 16,4 m.kr. eða 28%, sem er vegna framlaga og innheimtu kostnaðarhlutdeildar frá fyrra ári. Tekjur vegna komugjalda námu 126,7 m.kr. og lækkuðu almennt frá fyrra ári. Tekjur vegna vottorða námu á árinu 41,7 m.kr., tekjur vegna rannsókna og bólusetninga námu 66,1 m.kr. og ýmsar aðrar tekjur, s.s. vegna húsaleigu og kostnaðarhlutdeildar, námu 66,9 m.kr. Hækkun tekna skýrist einkum af innheimtu kostnaðarhlutdeildar sem er mismunandi milli ára auk þess sem stöðvarnar fá mismikil framlög til ákveðinna verkefna.

Launagjöld

Endurskoðun launagjalda hjá heilsugæslustöðvunum fól í sér samanburð launagjalda og meðalstöðugilda milli ára ásamt því að helstu frávík voru

greind. Á nokkrum stöðvum voru undirgögn vegna launaskráningar einnig skoðuð og borin saman við útborguð laun.

Laun heilsugæslustöðvanna eru almennt greidd með milligöngu Fjársýslu ríkisins. Undantekningar frá þessu eru heilsugæslustöðvarnar Lágmúla, Ólafsfirði, Akureyri og Hornafirði sem sjá sjálfar um sína launavinnslu.

Læknar stöðvanna fá greidd laun í samræmi við úrskurð kjaranefndar og urðu nokkrar breytingar á launakjörum þeirra á árinu sem fólu m.a. í sér að greiðslur sem áður voru greiddar af öðrum aðilum sem verktakagreiðslur voru felldar inn í laun.

Skriflegir ráðningarsamningar eru almennt gerðir við starfsfólk og flestar stöðvarnar halda fjarvistarskrá fyrir starfsmenn. Algengt er þó að þessar fjarvistarskrár séu ekki fylltar út á fullnægjandi hátt. Almennt eru ekki stimpilklukkur á heilsugæslustöðvunum og skráning á viðveru starfsmanna í mörgum tilfellum lítil sem engin, þó stundum sé notast við vinnuskýrslur. Skráning á viðveru starfsmanna hefur þó tekið nokkrum breytingum nú á árinu 2003, m.a. hefur Heilsugæslan í Reykjavík tekið upp stimpilklukku fyrir þær stöðvar sem heyra undir hana og einnig hafa nokkrar stöðvar tekið upp sérstaka skráningu á viðveru starfsmanna.

Hjá Heilsugæslustöðinni Lágmúla urðu þær breytingar á árinu að læknar fá nú að stórum hluta greiddar verktakagreiðslur í stað launa. Þetta leiddi til þess að bókfærð laun stöðvarinnar lækkuðu frá fyrra ári um 24,4 m.kr. eða 31%. Í eftirfarandi samanburði á launagjöldum milli ára hafa greiðslur fyrir verkkaup að fjárhæð 35,7 m.kr. verið færðar sem laun og önnur rekstrargjöld stöðvarinnar lækkuð sem því nemur.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð launagjalda milli ára 2002 og 2001 hjá heilsugæslustöðvunum.

Tafla 98 Launagjöld heilsugæslustöðva

Fjárhæðir í m.kr. Stofnun	2002	2001	Breyting	Breyting í %
Heilsugæslan í Reykjavík	905,4	700,3	205,1	29,3
Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	350,7	313,3	37,4	11,9
Heilsugæslustöðin Lágmúla	90,2	78,8	11,4	14,5
Heilsugæslustöðin Borgarnesi	67,3	58,7	8,6	14,7
Heilsugæslustöðin Ólafsvík	57,6	45,7	11,9	26,0
Heilsugæslustöðin Grundarfirði	27,6	22,9	4,7	20,5
Heilsugæslustöðin Búðardal	42,5	37,1	5,4	14,6
Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	28,3	24,4	3,9	16,0
Heilsugæslustöðin Dalvík	42,5	34,8	7,7	22,1
Reynslusveitarfélagið Akureyri	245,5	170,1	75,4	44,3
Reynslusveitarfélagið Hornafjörður	52,4	44,3	8,1	18,3
Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	28,7	21,6	7,1	32,9
Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	23,5	20,5	3,0	14,6
Heilsugæslustöðin Rangárpíngi	60,5	51,5	9,0	17,5
Heilsugæslustöðin Laugarási	43,6	36,6	7,0	19,1
Heilsugæslustöðin Hveragerði	38,3	31,4	6,9	22,0
Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	22,6	18,5	4,1	22,2
Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	238,0	190,5	47,5	24,9
Heilsugæslustöðin Garðabæ	84,1	71,3	12,8	18,0
Heilsugæslan Kópavogi	242,3	189,6	52,7	27,8
Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	122,9	113,3	9,6	8,5
Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	94,6	75,1	19,5	26,0
Samtals	2.909,1	2.350,3	558,8	23,8

Launagjöld hjá heilsugæslustöðvunum námu samtals 2,9 ma.kr. á árinu 2002 og hækkuðu um 559 m.kr. frá árinu áður eða tæplega 24%. Hækkun launagjalda skýrist að stærstum hluta af úrskurði kjaranefndar um laun heilsugæslulækna. Hækkun er mismikil eftir einstökum stöðvum sem skýrist einkum af fjölgun eða fækkun stöðugilda. Minni hækkun launagjalda en almennt gerist er á Heilsugæslustöðinni Seltjarnarnesi og Heilsuverndarstöðinni sem skýrist af því að í ársbyrjun var stofnuð Miðstöð heimahjúkrunar í Reykjavík og fluttust stöðugildi vegna heimahjúkrunar sem voru á Seltjarnarnesi og Heilsuverndarstöðinni til Heilsugæslunnar í Reykjavík. Í heild fjölgaði meðalstöðugildum frá árinu á undan um 26,3 stöðugildi.

Við endurskoðun kom í ljós að víða er skráning á viðveru starfsfólks ábótavant. Stöðvarnar eru almennt ekki með stimpilklukku og notkun á vinnuskýrslum til að skrá viðveru er ekki almenn. Fjarvistarskrár hjá stöðvunum eru mjög mismunandi útfylltar og dæmi um ófullnægjandi færslu á þeim. Viðveru og fjarvistir starfsfólks ber að skrá á reglubundinn hátt.

Önnur rekstrargjöld

Endurskoðun annarra rekstrargjalda fól í sér samanburð rekstrargjalda milli ára og greiningu frávíka. Þá voru fylgiskjöl stöðvanna skoðuð samkvæmt úrtaki sem og form þeirra og réttmæti kostnaðar. Þá voru skoðaðar áritanir til samþykkis reikningum og ritunartilefni þeirra þar sem það átti við.

Eftirfarandi er samanburður á öðrum rekstrargjöldum hjá heilsugæslustöðvunum milli árana 2002 og 2001.

Tafla 99 Önnur rekstrargjöld heilsugæslustöðva

Fjárhæðir í m.kr. Stofnun	2002	2001	Breyting	Breyting í %
Heilsugæslan í Reykjavík	298,8	198,4	100,4	50,6
Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	167,7	183,7	(16,0)	(8,7)
Heilsugæslustöðin Lágmúla ⁹	43,1	32,7	10,4	31,8
Heilsugæslustöðin Borgarnesi	18,6	18,6	0,0	0,0
Heilsugæslustöðin Ólafsvík	17,4	15,8	1,6	10,1
Heilsugæslustöðin Grundarfirði	9,6	5,9	3,7	62,7
Heilsugæslustöðin Búðardal	15,2	14,9	0,3	2,0
Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	5,7	9,2	(3,5)	(38,0)
Heilsugæslustöðin Dalvík	15,9	14,6	1,3	8,9
Reynslusveitarfélagið Akureyri ¹⁰	87,9	53,0	34,9	65,8
Reynslusveitarfélagið Hornafjörður ¹¹	33,2	24,7	8,5	34,4
Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	5,9	6,2	(0,3)	(4,8)
Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	7,1	6,2	0,9	14,5
Heilsugæslustöðin Rangárpíngi	23,3	20,9	2,4	11,5
Heilsugæslustöðin Laugarási	18,3	13,7	4,6	33,6
Heilsugæslustöðin Hveragerði	17,8	12,8	5,0	39,1
Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	7,9	6,5	1,4	21,5
Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	73,1	47,3	25,8	54,5
Heilsugæslustöðin Garðabæ	29,3	23,8	5,5	23,1
Heilsugæslan Kópavogi	77,5	61,0	16,5	27,0
Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	40,1	30,2	9,9	32,8
Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	31,8	25,6	6,2	24,2
Samtals	1.045,2	825,7	219,5	26,6

Önnur rekstrargjöld heilsugæslustöðvanna á árinu 2002 námu 1 ma.kr. og hækkuðu um 220 m.kr. frá árinu á undan eða tæp 27%. Þessi rekstrargjöld eru að stærstum hluta vegna kaupa á sérfræðiþjónustu og starfstengds kostnaðar. Þá er hjá nokkrum stöðvum húsnæðiskostnaður. Flestar eru stöðvarnar í eigin húsnæði en einnig eru dæmi um stöðvar sem leigja húsnæði, m.a. Heilsugæslan í Reykjavík og í Kópavogi.

⁹ Önnur rekstrargjöld hækkuð um 5,6 m.kr. frá ársreikningi stofnunar.

¹⁰ Önnur rekstrargjöld hækkuð um 11,8 m.kr. frá ársreikningi stofnunar.

¹¹ Önnur rekstrargjöld hækkuð um 5,3 m.kr. frá ársreikningi stofnunar.

Hækkun á sérfræðiþjónustu milli ára má að stærstum hluta rekja til kostnaðar við aðkeyptar rannsóknir stöðvanna. Frá 1. september 2001 varð sú breyting á fyrirkomulagi vegna greiðslna fyrir rannsóknir að heilsugæslan greiðir nú að fullu fyrir þær rannsóknir sem læknað hennar óska eftir. Þessi breyting kom því að fullu til framkvæmda vegna ársins 2002 og nam kostnaður vegna aðkeyptra rannsókna á árinu 266,3 m.kr. og hækkaði um 138,7 m.kr. frá árinu á undan. Flestar stöðvarnar eru með tölvubúnað og bifreiðar á rekstrarleigu.

Starfstengdur kostnaður nam 165,8 m.kr. Þessi kostnaður er einkum vegna samningsbundinna námleyfa lækna stöðvanna.

Aðrar hækkunir rekstrargjalda má einkum rekja til aukinna umsvifa, m.a. hjá Heilsugæslunni í Reykjavík en þar var stofnuð Miðstöð heimahjúkrunar auk þess sem stöðin í Grafarvogi var stækkuð. Á nokkrum stöðvum má rekja breytingar til mismikils kostnaðar vegna viðhalds og endurbóta á húsnæði.

Endurskoðunin leiddi í ljós að almennt uppfylltu fylgiskjöl formkröfur og voru þau árituð í samræmi við reglur. Dæmi voru þó um að gjöld væru bókuð án þess að fullnægjandi reikningur fylgdi. Á nokkrum stöðvum voru gerðar athugasemdir við ófullnægjandi útfyllingu á akstursbókum starfsmanna. Þá voru einnig gerðar athugasemdir vegna lotunar gjalda.

Efnahagur

Við skoðun á efnahag heilsugæslunnar voru afstemmingar á bankareikningum yfirfarnar. Þá voru viðskiptakröfur yfirfarnar og aldursgreindar og kannað var hvort viðskiptareikningar væru stemmdir af um áramót. Óskað var eftir skýringum á þeim viðskiptakröfum sem ástæða þótti til og hvernig innheimta gengi fyrir sig. Á stöðvunum eru víða óverulegir sjóðir vegna skiptimyntar.

Eftirfarandi tafla sýnir eignir, skuldir og eigið fé heilsugæslustöðvanna í árslok 2002.

Tafla 100 Efnahagur heilsugæslustöðva

Í m.kr.	Eignir 31.12	Skuldir 31.12	Eigið fé 31.12
Heilsugæslan í Reykjavík	16,2	205,7	(189,5)
Heilsuverndarstöðin í Reykjavík	14,4	70,1	(55,7)
Heilsugæslustöðin Lágmúla	4,7	4,7	0,0
Heilsugæslustöðin Borgarnesi	4,6	3,5	1,1
Heilsugæslustöðin Ólafsvík	0,9	8,3	(7,4)
Heilsugæslustöðin Grundarfirði	1,6	1,5	0,1
Heilsugæslustöðin Búðardal	4,8	4,2	0,6
Heilsugæslustöðin Ólafsfirði	4,5	0,0	4,5
Heilsugæslustöðin Dalvík	5,9	1,3	4,6
Reynslusveitarfélagið Akureyri	15,6	15,6	0,0
Reynslusveitarfélagið Hornafjörður	1,4	1,4	0,0
Heilsugæslustöðin Kirkjubæjarklaustri	2,0	1,8	0,2
Heilsugæslustöðin Vík í Mýrdal	5,9	0,6	5,3
Heilsugæslustöðin Rangárpíngi	6,0	5,7	0,3
Heilsugæslustöðin Laugarási	9,1	6,0	3,1
Heilsugæslustöðin Hveragerði	8,3	1,6	6,7
Heilsugæslustöðin Þorlákshöfn	6,1	0,5	5,6
Heilsugæslustöðin Hafnarfirði	15,2	31,0	(15,8)
Heilsugæslustöðin Garðabæ	6,8	4,1	2,7
Heilsugæslan Kópavogi	9,1	16,4	(7,3)
Heilsugæslustöðin Seltjarnarnesi	28,4	4,8	23,6
Heilsugæslustöðin Mosfellsbæ	2,6	21,6	(19,0)
Samtals	174,1	410,4	(236,3)

Í árslok 2002 námu eignir heilsugæslustöðva 174,1 m.kr. en skuldir 410,4 m.kr. Eiginfjárstaða þeirra var því neikvæð um 236,3 m.kr. í árslok 2002. Hjá þrettán stöðvum voru eignir umfram skuldir samtals 58,4 m.kr. en hjá sex stöðvum voru skuldir umfram eignir 294,7 m.kr. Eiginfjárstaða er best hjá Heilsugæslustöðinni Seltjarnarnesi þar sem eignir umfram skuldir námu 23,6 m.kr. en lökust hjá Heilsugæslunni í Reykjavík þar sem skuldir umfram eignir voru 189,5 m.kr.

Í árslok skiptust 174,1 m.kr. eignir heilsugæslustöðva þannig að inneign hjá ríkissjóði nam 83,0 m.kr., handbært fé 40,5 m.kr., skammtímakröfur 36,4 m.kr. og birgðir 14,2 m.kr. Skammtímakröfur hjá stöðvunum eru að stærstum hluta vegna hlutdeildar sjúklinga í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Einnig eru dæmi um kröfur vegna kostnaðarhlutdeildar, bæði vegna hlutdeildar sveitarfélaga í meiri háttar stofnkostnaði og viðhaldi og vegna sameiginlegra verkefna. Handbært fé stöðvanna samanstendur af sjóðum og bankareikningum. Margar stöðvarnar sjá sjálfar um greiðslu reikninga þó

bókhald sé fært hjá Fjársýslu ríkisins. Þá eru flestar stöðvarnar með minni háttar sjóði sem skiptimynt auk þess sem þær eiga flestar bankareikninga vegna varðveislu 10% sjóðs sem lagður var niður á árinu en einhverjum fjármunum er víða enn óráðstafað. Þá eru dæmi um að stöðvarnar eigi bankareikninga vegna sérstaks gjafafjár. Á árinu voru í fyrsta skipti eignfærðar birgðir hjá nokkrum stöðvum. Birgðir voru einkum vegna lyfja og hjúkrunarvara. Aðeins lítill hluti stöðvanna eignfærði birgðir á árinu.

Skuldir stöðvanna námu í árslok 410,4 m.kr. og skiptust þannig að sjö stöðvar skulduðu ríkissjóði samtals 294,8 m.kr. Skammtímaskuldir námu 112,5 m.kr. og voru að stærstum hluta vegna ógreiddra gjalda í árslok. Þá voru tvær stöðvar með samtals 3,1 m.kr. yfirdrátt á bankareikningum. Ríkisendurskoðun bendir á að samkvæmt 1. gr. reglna nr 83/2000, um láns- og reikningsviðskipti ríkisstofnana í A-hluta ríkissjóðs er ríkisstofnunum óheimilt að fjármagna rekstur sinn með yfirdrætti á bankareikningi.

Endurskoðun á stöðvunum leiddi í ljós að almennt voru bankareikningar uppfærðir og afstemmdir í árslok og sjóðir stöðvanna gerðir upp með reglubundnum hætti. Mismunandi er eftir stöðvum hvernig innheimtu viðskiptakrafna er háttað og hvort viðskiptareikningar eru stemmdir af með reglubundnum hætti. Við skoðun komu í ljós dæmi um óinnheimtar kröfur frá fyrri árum. Stöðvunum ber að stemma af viðskiptareikninga með reglubundnum hætti og beita öllum tiltækum ráðum til að innheimta kröfur hverju sinni. Þá er stöðvunum bent á að sækja um afskrift á þeim kröfum sem sannanlega innheimtast ekki.

Áhættustjórnun

Við skoðun áhættustjórnunar var m.a. kannað hvort stofnanirnar hefðu sett sér skýr markmið, hvort einstökum deildum hefðu verið sett markmið og hvort starfsmönnum hefðu verið kynnt þau. Þá var kannað hvort markmið stofnananna væru mælanleg og mælikvarðar skráðir með reglubundnum hætti. Kannað var hvort stjórnendur gerðu sér grein fyrir helstu áhættuþáttum sem gætu komið í veg fyrir að markmið stofnananna næðust, hvort áhættan hefði verið flokkuð eftir eðli hennar og hvort áhættuþættir væru endurmetnir með reglubundnum hætti.

Stærri stöðvarnar á höfuðborgarsvæðinu hafa á undanförunum árum unnið viðamikla stefnumótunavinnu og hafa verið skilgreind markmið fyrir þær í heild auk þess sem einstökum deildum hafa einnig verið sett markmið og kveðið á um með hvaða hætti árangur er mældur. Þá hafa verið gerðar tímasettar áætlanir um framkvæmd einstakra þátta stefnunnar. Almennt hafa þessi markmið verið kynnt starfsfólki stöðvanna. Heilsugæslan í Reykjavík

og þær stofnanir sem heyra stjórnunarlega undir hana vinna nú að því að taka upp stefnumiðað árangursmat (Balanced Scorecard) til að fylgjast á kerfisbundinn hátt með framkvæmd einstakra stefnuþátta og hvort þau markmið sem sett hafa verið hafa náðst. Mælanleg markmið hafa almennt ekki verið skráð með reglubundum hætti að undanskildri þeirri skráningu sem fram fer í Sögu-kerfi heilsugæslunnar. Samhliða stefnumótunarvinnunni fór fram greining áhættuþátta og var áhættan flokkuð eftir eðli hennar og lögð til grundvallar í stefnumótunarstarfinu. Stjórnendur hafa síðan endurmetið áhættuna og tekið mið af skilgreindum markmiðum stöðvanna.

Hlutverk og tilgangur heilsugæslustöðva kemur fram í lögum og reglugerðum, en almennt hafa engar minni stöðvarnar á landsbyggðinni sett sér skýr markmið né heldur hafa stjórnendur þeirra staðið fyrir áhættugreiningu. Dæmi eru þó um stöðvar sem eru farnar að huga að þessum málum. Ríkisendurskoðun hvetur stjórnendur heilsugæslustöðva til að setja stöðvunum skýr markmið og skrá með reglubundnum hætti þau markmið sem eru mælanleg. Nauðsynlegt er að stjórnendur geri sér grein fyrir þeim áhættuþáttum bæði innan og utan stöðvanna sem komið geta í veg fyrir að markmiðin náist, greina þá og endurmeta reglulega.

Starfsmannastjórnun og launaákvæðanir

Ríkisendurskoðun horfði einkum á eftirfarandi þætti starfsmannamála: Mannaflaáætlun, starfslýsingar, hvort notast væri við kerfi sem ákvarðar laun eftir eðli verkefna, frammistöðumat, ferli fyrir nýja starfsmenn, starfsmanna-viðtöl, starfsþjálfun og endurmenntun.

Almennt eru ekki gerðar sérstakar áætlanir um mannafla í heilsugæslunni en víða er fylgst vel með þróun byggðar og gerðar áætlanir um uppbyggingu í samræmi við þá þróun. Starfslýsingar eru almennt ekki fyrirbyggjandi á minni stöðvunum þó dæmi séu um annað. Á stærri stöðvunum eru starfslýsingar yfirleitt til, ýmist fyrir einstaka hópa starfsmanna eða einstaklinga og víða er verið að endurskoða starfslýsingar starfsmanna. Almennt er ekki um að ræða formlegt kerfi sem ákvarðar starfsmönnum laun heldur eru þau ákveðin í kjarasamningum og stofnanasamningum þar sem störfum er raðað með tilliti til eðlis starfs og ábyrgðar. Yfirleitt er ekki til formlegt kerfi til að mæla frammistöðu eða afköst starfsmanna. Þá eru almennt ekki greidd viðbótarlaun umfram samninga. Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar hafa þó framgangskerfi og þurfa þeir að skila greinargóðri skýrslu um forsendur fyrir framgangi til að eiga rétt á launabreytingu. Læknar heilsugæslunnar fá greidd laun í samræmi við úrskurð kjaranefndar. Mismunandi er eftir stöðvum hvernig innsetning nýrra starfsmanna fer fram en á stærri stöðvunum eru haldin sérstök námskeið. Almennt má segja að eldri starfsmenn leiðbeini

þeim nýrri og setji þá inn í viðkomandi starf. Þá eru í fæstum tilfellum til áætlanir um endurmenntun starfsmanna en víða eru þeir hvattir til að sækja námskeið sem nýtast þeim í starfi. Læknar stöðvanna hafa samningsbundinn rétt til námsleyfa. Mjög mismunandi var eftir stöðvum hvort viðhöfð voru starfsmannaviðtöl.

Kaup á vöru og þjónustu

Ríkisendurskoðun athugaði hvernig heilsugæslustöðvar haga innkaupum á vörum og þjónustu, m.a. hvort skriflegar reglur hafi verið settar um þau og hverjir hafi heimild til innkaupa. Kannað var hvort stöðvarnar hafi samninga vegna innkaup á vöru og þjónustu og hvort þjónustan skili sér eins og gert er ráð fyrir eða samið um og einnig hvort staðfest sé að reikningar séu í samræmi við það sem beðið er um og afhent.

Almennt hafa heilsugæslustöðvarnar ekki skriflegar reglur um kaup á vörum og þjónustu. Í flestum tilfellum hafa þó eingöngu tilteknir aðilar innan stöðvanna heimild til innkaupa og eru það almennt yfirlæknar, hjúkrunarforstjórar og framkvæmdastjórar stöðvanna. Allar stöðvarnar að undanskildri einni eru áskrifendur að rammasamningum Ríkiskaupa en mismunandi er eftir stöðvum hvernig þeir eru nýttir til innkaupa. Á stærri stöðvunum er almennt leitað eftir tilboðum vegna kaupa á þjónustu og gerðir skriflegir samningar ef um meiri háttar þjónustu er að ræða en almennt á þetta ekki við um minni stöðvarnar. Lítið er um að stöðvarnar notist við beiðnir vegna vörukaupa en flestar nýta sér þó greiðslukort oliufélaganna. Þá eru dæmi um að greiðslukort séu notuð og að nokkru leyti einnig innkaupakort. Ábyrgðaraðilar sjá yfirleitt um að staðfesta reikninga stöðvanna. Yfirleitt er ekki neitt formlegt kerfi til að staðfesta að keypt þjónusta skili sér eins og um var samið, en oftast metur ábyrgðaraðili hvernig til hafi tekist.

Styrkir

Stöðvarnar veita almennt ekki styrki.

Niðurstaða

Á árinu 2002 fóru heilsugæslustöðvarnar í heild fram úr fjárheimildum sem nam 48,3 m.kr. Í árslok námu heildarskuldir umfram eignir 236,1 m.kr., skuldir við ríkissjóð umfram inneignir námu 211,8 m.kr. og hafði sú staða versnað í heild á árinu um 71,6 m.kr. Rekstrarafkoma stöðvanna á árinu er mjög mismunandi. Tekjuafgangur varð af rekstri fjórtán stöðva að fjárhæð 69,4 m.kr. en tekjuhalli af rekstri fimm heilsugæslustöðva að fjárhæð 117,7 m.kr. Eignir umfram skuldir voru hjá þrettán stöðvum í árslok og námu þær

58,4 m.kr. en hjá sex stöðvum voru skuldir umfram eignir að fjárhæð 294,7 m.kr. Annað eigið fé vegna birgða var um 300 þús.kr. hjá einni stöð.

Viðskiptastaða gagnvart ríkissjóði var þannig að fimmtán heilsugæslustöðvar áttu inni hjá ríkissjóði 83,0 m.kr. í árslok en sjö stöðvar skulduðu ríkissjóði samtals 294,8 m.kr. Á árinu batnaði rekstrarniðurstaða margra stöðva nokkuð og áttu þrettán stöðvar ónotaða fjárheimild í árslok að fjárhæð 58,4 m.kr. en þær stöðvar voru níu í ársbyrjun og áttu ónotaða fjárheimild að fjárhæð 16,6 m.kr. Greiðslustaða gagnvart ríkissjóði batnaði einnig á árinu hjá mörgum stöðvum en í árslok áttu fimmtán stöðvar inneign hjá ríkissjóði sem nam 83,0 m.kr. en þær voru tólf í ársbyrjun og nam inneign 11,0 m.kr.

Mesti tekjuhalli ársins er hjá Heilsugæslunni í Reykjavík 102,8 m.kr. en á árinu jukust umsvif stöðvarinnar verulega, bæði vegna stofnunar Miðstöðvar heimahjúkrunar og stækkunar stöðvarinnar í Grafarvogi. Fjárheimildir stöðvarinnar tóku ekki fullt tillit til þessara breytinga, m.a. var ekki flutt fjárheimild frá stöðinni á Seltjarnarnesi til Heilsugæslunnar í Reykjavík en heimahjúkrun á Seltjarnarnesi fluttist einnig til Heilsugæslunnar í Reykjavík.

Á nokkrum stöðvum sem voru með neikvætt eigið fé í árslok var um að ræða uppsafnaðan vanda vegna verulegs hallareksturs undanfarinna ára. Ríkisendurskoðun minnir af þessu tilefni á meginreglur fjárreiðulaga nr. 88/1997 og á ábyrgð stjórnenda í því sambandi, sbr. ákvæði 49. gr. fjárreiðulaga og 2. mgr. 38.gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Ríkisendurskoðun telur að innra eftirlit hjá heilsugæslustöðvunum sé í meginatriðum í lagi en smæð nokkurra stöðva veldur því að erfitt er að koma á nægilegri aðgreiningu starfa. Þrátt fyrir að skriflegar reglur séu ekki fyrir hendi vegna kaupa á vörum og þjónustu hafa í flestum tilfellum eingöngu ákveðnir aðilar heimild til innkaupa. Almennt eru það ábyrgðaraðilar sem samþykkja reikninga til greiðslu. Ríkisendurskoðun telur mikilvægt að stöðvarnar setji skriflegar verklagsreglur um alla mikilvæga verkþætti í rekstri stöðvanna og skjalfesti innra eftirlit þeirra.

Stærri stöðvarnar á höfuðborgarsvæðinu sem heyra stjórnunarlega undir Heilsugæsluna í Reykjavík hafa sett sér skýr markmið og greint, flokkað og endurmetið áhættuþætti. Nú er unnið að því að taka upp stefnumiðað árangursmat hjá stöðvunum til að fylgjast á kerfisbundinn hátt með framkvæmd einstakra stefnuþátta og hvort þau markmið sem sett voru hafi náðst. Almennt eru minni stöðvar lítið sem ekkert farnar að huga að þessum málum.

Almennt er starfsmannastjórnun í lagi hjá stöðvunum og starfslýsingar til á stærri stöðvunum. Yfirleitt er þó ekki til formlegt mælingarkefi um frammi-stöðu eða afköst starfsmanna en starfsmönnum eru ákvörðuð laun í samræmi við kjarasamninga og stofnanasamninga þar sem störfum er raðað með tilliti til eðlis starfs og ábyrgðar. Þá fá lækna heilsugæslunnar laun í samræmi við úrskurð kjaranefndar og hafa samningsbundinn rétt til námsleyfa.

7 Endurskoðun fyrirtækja í B-, C-, D- og E-hluta

Endurskoðun B-hluta ríkisreiknings

Til B-hluta ríkisreiknings teljast 8 fyrirtæki í eigu ríkissjóðs. Eitt fyrirtæki, Sinfóníuhljómsveit Íslands, hefur verulegan hluta tekna sinna í formi rekstrarframlaga frá ríkissjóði og þremur öðrum opinberum rekstraraðilum. Eftir að Þjóðleikhúsið var flutt úr B-hluta ríkisreiknings yfir í A-hluta á árinu 2001 er það mat Ríkisendurskoðunar að sama eigi að gilda um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Enn er rétt að taka fram að Frjálsar slysatryggingar hjá Tryggingastofnun ríkisins stunda ekki neina starfsemi.

Ríkisendurskoðun endurskoðar sjálf 4 fyrirtæki en endurskoðunarfyrirtæki annast endurskoðun hinna fyrirtækjanna í umboði Ríkisendurskoðunar samkvæmt samningum þar um.

Endurskoðun ríkisfyrirtækjanna hefur það að meginmarkmiði gera endurskoðanda mögulegt að setja fram álit á því hvort ársreikningur gefi glögga mynd af afkomu á árinu, efnahag í árslok og fjárstreymi á árinu í samræmi við lög og reglur og góða reikningsskilavenju. Við endurskoðunina er lögð áhersla á að kanna og meta innra eftirlit hjá fyrirtækjunum. Þá er einnig litið til þess hvort forsendum fjárlaga hafi verið fylgt við rekstur þeirra á árinu og hvort gætt er þeirra sértæku rekstrarfyrirmæla og starfsreglna sem ríkisfyrirtækjum er skylt að fara eftir.

Afkoma ríkisfyrirtækja á árinu 2002, arðgreiðslur í ríkissjóð, framlög úr ríkissjóði og eigið fé í árslok 2002 voru sem hér greinir:

Tafla 101 Ríkisfyrirtæki í B-hluta ríkisreiknings

<i>Í m.kr.</i>	<i>Hagnaður (tap)</i>	<i>Arður til ríkissjóðs</i>	<i>Framlag ríkissjóðs</i>	<i>Eigið fé</i>
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	513	0	0	2.133
Happdrætti Háskóla Íslands ¹⁾	495	111	0	601
Rafmagnsveitur ríkisins	110	280	150	280
Ratsjárstofnun	17	0	0	456
Ríkisútvarpið ²⁾	(188)	0	0	396
Sinfóníuhljómsveit Íslands	(195)	0	0	(97)
TR - Frjálsar slysatryggingar	0	0	0	16
Umsýslustofnun varnarmála	(12)	0	0	47
	740	391	150	3.832

1) Til Háskóla Íslands var ráðstafað sem arði 358 m.kr.

2) Í ríkisreikningi eru afnotagjöld, 2.108 m.kr., taldar ríkistekjur og sama fjárhæð færð sem framlag úr ríkissjóði.

Rétt er að vekja athygli á þeirri breytingu á reikningskilum ÁTVR að tóbaksgjald er frá árinu 2002 skilgreint sem hluti af kostnaðarverði vöru og greitt til ríkissjóðs mánaðarlega. Greiðslur á árinu 2002 námu 3,1 ma.kr. Afkoma fyrirtækisins sýnir nú rekstrarárangur sem er sambærilegur og hjá öðrum fyrirtækjum. Í endurskoðunarskýrslu um ÁTVR var ábending um að ljúka þyrfti skjalfestingu á reglum um innkaup á rekstrarvörum og þjónustu, að viðhafa útboð á stærri framkvæmdum og endurmeta bifreiðapörf fyrirtækisins.

Í endurskoðunarskýrslu um Happdrætti HÍ er vakin athygli á þeirri aðferð að láta Happdrættið taka lán til að fjármagna byggingar og kaup á eignum sem Háskóli Íslands á og notar. Ríkisendurskoðun telur að þetta fyrirkomulag sé óeðlilegt. Eðlilegast er að Háskólinn bóki hjá sér þau lán sem hann þarf að taka vegna framkvæmda sinna og bóki í sínum ársreikningi. Enda þótt A-hluta stofnunum sé ekki ætlað að taka lán vegna framkvæmda er ekki að finna ákvæði í lögum um fjárreiður ríkisins sem banna þeim það, að því tilskildu að það sé heimilað í fjárlögum.

Í endurskoðunarskýrslu um Rafmagnsveitur ríkisins er vikið að öryggismálum fyrirtækisins en veruleg áhersla er lögð á þann þátt í rekstri þess. Bent er á að æskilegt væri að auka innri endurskoðun. Ítrekuð er ábending frá fyrra ári um þörf á koma á skipulegu verklagi við afskráningu úreltra eigna úr eignagrunni fyrirtækisins. Ábending er um að auka þurfi afstemmingu á útistandandi kröfum milli sölukerfa og fjárhagsbókhalds. Við könnun á starfsmannastjórnun kom fram að bæta megi verklag við faglega starfsmannastjórnun. Þá benti könnun á vinnulagi við kaup á vörum og þjónustu til þess að æskilegt sé að fækka ábyrgðaraðilum sem geta skuldbundið fyrirtækið og að settar verði reglur um styrkveitingar.

Í endurskoðunarskýrslu um Ríkisútvarpið er vakin athygli á að bæta megi innra eftirlit einkum með aðgreiningu starfa. Ríkisútvarpið hefur brugðist við þessari ábendingu og hefur nú þegar verið stofnuð staða innri endurskoðanda. Starfið er í mótun en þess er vænst að það muni skila góðum árangri.

Þá er bent á mikilvægi þess að skrá gjöld og skuldbindingar þegar til þeirra er stofnað hafa og áætla áfallinn kostnað ef nægar upplýsingar liggja ekki fyrir.

Með vísun til athugasemda fyrri ára um Sinfóníuhljómsveit Íslands er rétt að taka fram að samskipti hljómsveitarinnar við rekstraraðila og aðkoma menntamála- og fjármálaráðuneyta að málefnum hljómsveitarinnar og rekstrarfyrirkomulagi hafa verið til umfjöllunar á liðnum misserum. Er þess að vænta að skýr niðurstaða fái áður en langt um líður.

Endurskoðun C-hluta ríkisreiknings

Til þessa hluta ríkisreiknings heyra 10 lánastofnanir sem eru í eigu ríkissjóðs og stofnaðar hafa verið með sérlögum.

Ríkisendurskoðun endurskoðar fimm lánasjóði en endurskoðunarfyrirtæki annast endurskoðun hinna í umboði stofnunarinnar samkvæmt samningum þar um.

Afkoma lánastofnananna á árinu 2002, framlög úr ríkissjóði og eigið fé í árslok 2002 eru sýnd hér á eftir en þær greiddu engan arð í ríkissjóð á árinu.

Tafla 102 Lánastofnanir í C-hluta ríkisreiknings

<i>Í m.kr.</i>	<i>Hagnaður (tap)</i>	<i>Framlag ríkissjóðs</i>	<i>Eigið fé</i>
Byggðastofnun	(481)	277	1.692
Ferðamálasjóður	75	0	91
Framleiðnisjóður landbúnaðarins	(19)	195	65
Hafnabótasjóður	(96)	212	403
Íbúðalánasjóður	1.263	71	9.947
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.114	2.645	26.654
Lánasjóður landbúnaðarins	89	177	3.140
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	(1.311)	0	4.247
Orkusjóður	(37)	83	119
Þróunarsjóður sjávarútvegsins	1.109	734	(395)
	2.112	4.117	44.180

Auk hefðbundinnar endurskoðunar sem felst í því að kanna og leggja mat á það hvort ársreikningur viðkomandi lánastofnana gefi glögga mynd af afkomu, fjárhagsstöðu í árslok og fjárstreymi á árinu í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju er lögð sérstök áhersla á að kanna útlán og stöðu lána og fylgjast með hvernig innheimta gengur og hvort eðlilegum innheimtuaðgerðum er haldið uppi. Þá eru tillög í afskriftarsjóði vegna útlánaáhættu skoðuð og metin.

Í endurskoðunarskýrslu um Byggðastofnun er gerð athugasemd við innlaun fasteignar sem ekki fór hefðbundna uppboðsleið. Með þessu er skuldurum mismunað. Þá er bent á að það skorti að gerðir séu samningar um þóknun og upplýsingar við tvo aðila um skuldir sem Byggðastofnun hefur gengist í ábyrgð fyrir.

Í lok árs 2002 voru ákvæði um Ferðamálasjóð felld niður með lögum nr. 156/2002. Ríkissjóður yfirtók allar eignir og skuldir sjóðsins frá 1. janúar 2003 að telja og var Byggðastofnun falið að annast innheimtu á útlánum sjóðsins.

Rétt er að vekja athygli á að ársreikningur Framleiðnisjóðs er nú á rekstrargrunni þannig að framlög verða færð til gjalda þegar stjórninn hefur samþykkt þau. Áður voru framlögin gjaldfærð við útgreiðslu.

Á árinu 2002 var lokið við sérstaka úttekt á innra eftirliti hjá Lánasjóði íslenskra námsmanna. Þeim ábendingum og athugasemdum sem þar komu fram og bent var á í síðustu endurskoðunarskýrslu hefur ekki öllum verið sinnt en þær lúta að aðgreiningu starfa við bókhald og fjárvörslu. Þá hafa verið gerðar athugasemdir við fyrirkomulag á útreikningi yfirvinnu.

Endurskoðun D-hluta ríkisreiknings

Til þessa hluta ríkisreiknings heyrja 3 fjármálastofnanir í eigu ríkissjóðs sem hvorki eru sameignar- eða hlutafélög. Ríkisendurskoðun endurskoðar Seðlabanka Íslands en endurskoðunarfyrirtæki sem ráðin eru af stjórnnum félaganna annast endurskoðun hinna.

Afkoma fjármálastofnananna á árinu 2002, arðgreiðslur í ríkissjóð og eigið fé í árslok 2002 eru sýnd hér á eftir en engin framlög voru úr ríkissjóði á árinu.

Tafla 103 Fjármálastofnanir í D-hluta ríkisreiknings

<i>Í m.kr.</i>	<i>Hagnaður (tap)</i>	<i>Arður til ríkissjóðs</i>	<i>Eigið fé</i>
Seðlabanki Íslands	1.427	714	40.254
Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta	(88)	0	3.298
Viðlagatrygging Íslands	302	0	6.640
	<u>1.641</u>	<u>714</u>	<u>50.192</u>

Endurskoðun fjármálastofnana er unnin í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Ítarleg lög og reglur gilda um gerð ársreikninga, endurskoðun og innra eftirlit hjá fjármálastofnunum og tryggingafélögum. Mat á innra eftirliti er veigamikill þáttur í endurskoðunarstarfinu.

Vakin er athygli á að Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta sýnist ekki lengur eiga að vera í D-hluta ríkisreiknings.

Endurskoðun E-hluta ríkisreiknings

Til þessa flokks í ríkisreikningi heyra 16 hlutafélög og sameignarfélög sem eru að 50% eða meira í eigu ríkissjóðs og ríkisstofnana. Á árinu bættist Baðfélag Mývatnssveitar ehf. í þennan flokk. Þá voru keypt hlutabréf í Neyðarlínunni hf. Innlausnarskylda er hjá ríkissjóði á hlutabréfum í Landssíma Íslands hf. og stafar aukning frá fyrra ári af innlausn hlutabréfa. Á árinu var stærsti hluti hlutabréfa ríkissjóðs í Landsbanka Íslands hf. seldur.

Afkoma félaganna á árinu 2002, eigið fé í árslok 2002, eignarhlutur ríkissjóðs og arðgreiðslur í ríkissjóð voru sem hér greinir:

Tafla 104 Hluta- og sameignarfélög í E-hluta ríkisreiknings

Í m.kr.	Eignar- hlutur ríkissjóðs	Hagnaður (tap)	Eigið fé	Arður til ríkissjóðs
<i>Hlutfélagabankar:</i>				
Búnaðarbanki Íslands hf.	55,6%	2.288	15.192	298
<i>Önnur hlutfélög:</i>				
Baðfélag Mývatnssveitar ehf.	65,2%	0	15	0
Flugkerfi hf.	100,0%	25	67	0
Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf.	100,0%	839	4.317	0
Hæðarlönd ehf.	100,0%	(2)	3	0
Íslandspóstur hf.	100,0%	118	2.216	0
Landskerfi bókasafna hf.	55,5%	(54)	81	0
Landssími Íslands hf.	99,0%	2.161	16.049	835
Neyðarlínan hf.	62,5%	5	(14)	0
Orkubú Vestfjarða hf.	100,0%	(103)	4.196	0
Rannsókn- og háskólanet hf.	100,0%	(6)	42	0
Sementsverksmiðjan hf.	100,0%	(220)	732	0
Sjúkrahúsapótekið ehf.	100,0%	(72)	1	0
Skráningarstofan hf.	100,0%	(20)	324	3
<i>Sameignarfélög:</i>				
Hitaveita Hjaltadals sf.	94,0%	4	28	0
Landsvirkjun	50,0%	5.729	39.979	152
		5.312	45.302	155

Af þessum 16 félögum endurskoðar Ríkisendurskoðun sjálf 7 félög. Endurskoðun Búnaðarbanka Íslands hf. er unnin af endurskoðunarfyrirtæki en ársreikningurinn er meðáritaður af ríkisendurskoðanda í samræmi við lagaákvæði þar um. Endurskoðunarfyrirtæki endurskoða 8 félög í umboði Ríkisendurskoðunar samkvæmt samningum þar um og eru þau kosin á aðalfundum eða ráðin af stjórnnum þeirra.


Endurskoðunarskýrslur hlutfélaga eru lagðar fyrir stjórn og endurskoðendum er skylt að svara spurningum hluthafa um atriði sem varða ársreikning fyrirtækja á aðalfundi. Ríkisendurskoðun er þannig ekki heimilt að birta efnisleg atriði úr slíkum skýrslum í endurskoðunarskýrslu sinni um ríkisreikning viðkomandi árs.

8 Endurskoðun aðila sem eru að hluta í ríkisreikningi

Lífeyrissjóðir

Ríkisendurskoðun fer með endurskoðun Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga. Meðfylgjandi mynd sýnir samanlagðan vöxt eigna þessara sjóða síðastliðin tvö ár. Samanlögð hrein eign sjóðanna nam tæplega 127 ma.kr. í árslok 2002 og hefur vaxið úr tæpum 39 ma.kr. í árslok 1997 Eignirnar hafa því meira en þrefaldast á þessu árabili.

Mynd 3 Þróun hreinnar eignar LSR og LH 1997-2002



Í þessum kafla verður fyrst fjallað um fjárhagsstöðu og afkomu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) árið 2002 sem samanstendur af A-deild, B-deild, alþingismannadeild, ráðherradeild og séreignadeild. Þá verður með svipuðum hætti fjallað um Lífeyrissjóð hjúkrunarfræðinga.

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR)

Í árslok 2002 nam hrein eign LSR til greiðslu lífeyris samtals 116,1 ma.kr. en var 100,8 ma.kr. árið á undan. Hækkun á milli ára var 15,3 ma.kr. eða 15%. Hrein eign B-deildar hefur vaxið um 11% á milli ára og nam í árslok 90,1 ma.kr. sem er 78% af hreinni eign LSR. Hrein eign A-deildar hefur á sama tíma vaxið um 32% og nam í árslok 24,4 ma.kr. eða 21% af hreinni eign

LSR. Séreignardeild sjóðsins hefur hlutfallslega vaxið mest á milli ára eða 53%.

Neðangreind tafla sýnir helstu lykiltölur úr ársreikningi ársins 2002 og samanburð við árið 2001.

Tafla 105 Yfirlit yfir helstu afkomutölur LSR 2002 og 2001

<i>Fjárh. í m.kr.</i>	<i>2002</i>	<i>2001</i>	<i>Breyt.</i>	<i>%</i>
Iðgjöld	23.846	24.994	(1.148)	(4,6)
Lífeyrir	9.142	7.619	1.523	20,0
Fjárfestingartekjur	1.070	678	392	57,8
Fjárfestingargjöld	289	91	198	217,6
Rekstrarkostnaður	139	119	20	16,8
Fjárfestingar	39.669	26.934	12.735	47,3
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	116.126	100.781	15.345	15,2
Hrein raunávöxtun í %	(1,38%)	0,01%		
Meðaltal hreinnar ávöxtunar sl. 5 ára	2,81%	4,20%		

Iðgjöld í sjóðinn námu 23,8 ma.kr. á árinu 2002. Þessi liður samanstendur af iðgjöldum sjóðfélaga og launagreiðenda, réttindaflutningi og endurgreiðslum, lífeyrishækkunum, uppgreiddum lífeyrisskuldbindingum og innborgunum ríkissjóðs og ríkisstofnana inn á skuldbindingar. Iðgjöld hafa lækkað um tæplega 5% á milli ára. Mest lækkun var á innborgun launagreiðenda, þ.e. ríkissjóðs, inn á skuldbindingar en lækkunin var að fjárhæð 3,0 ma.kr. sem er 23% lækkun frá fyrra ári. Innborganir ríkissjóðs námu 9,9 ma.kr. á árinu 2002 en tæplega 13 ma.kr. árið 2001. Lögbundin iðgjöld námu 9,4 ma.kr. á árinu 2002 og hækkðu um 20% milli ára.

Lífeyrir nam 9,1 ma.kr. árið 2002 en var 7,6 ma.kr. árið á undan. Hækkunin nam um 20% á milli ára. Tæplega 97% af lífeyrisgreiðslum á árinu 2002 voru greiddar úr B-deild sjóðsins.

Fjárfestingartekjur námu 1,1 ma.kr. á árinu 2002 en voru 678 m.kr. árið 2001. Í samræmi við breytingar á reglum um ársreikninga lífeyrissjóða voru reiknuð áhrif af verðlagsbreytingum ekki færð í reikningsskilin á árinu 2002. Við samanburð á fjárfestingartekjum eru því reiknuð gjöld vegna verðlagsbreytinga tekin út vegna ársins 2001 og eru þá fjárfestingartekjur 7,5 ma.kr. Fjárfestingartekjur hafa því lækkað um 86% á milli ára. Mest var lækkunin á gengi erlendra hlutabréfa eða 8,3 ma.kr. en tapið var að fjárhæð 1,6 ma.kr. árið 2001. Tekjur af innlendum hlutabréfum jukust í 1,7 ma.kr. úr 234 m.kr. tapi árið á undan. Þá lækkuðu vaxtatekjur og verðbætur árið 2002 í

6,4 ma.kr. árið 2002 en voru 9,4 ma.kr. árið á undan sem er 31% lækkun. Ástæða þeirrar lækkunar er lægri verðbólga á árinu 2002 en árið áður.

Fjárfestingargjöld námu 289 m.kr. árið 2002 en voru 91 m.kr. árið á undan. Þar af hækkaði skrifstofu- og stjórnunarkostnaður um 40 m.kr. eða 56%. Framsetningu fjárfestingargjalda var breytt í ársreikningi fyrir árið 2002 og er nú meðal annarra fjárfestingargjalda færður umsýslu- og viðskiptakostnaður vegna erlendra sérgreindra hlutabréfasafna og viðskiptakostnaður vegna innlendra hlutabréfakaupa árið 2002. Umsýslu- og viðskiptakostnaður á árinu 2002 nam 160,4 m.kr. og var kostnaðurinn dreginn út úr liðnum fjárfestingartekjur sem hækkar um framangreinda fjárhæð. Samanburðar- fjárhæðum vegna ársins 2001 var ekki breytt, þar sem ekki var hægt að nálgast þær upplýsingar og því eru fjárfestingargjöld á milli ára ekki saman- burðarhæf.

Rekstrarkostnaður hækkaði um 17% á milli ára og var 139 m.kr. árið 2002 en var 119 m.kr. árið á undan. Rekstrarkostnaður sem hlutfall af eignum hefur lækkað á milli ára og var 0,13% af eignum árið 2002 en nam 0,14% af eignum á árinu 2001.

Fjárfestingar ársins 2002 námu brúttó 39,7 ma.kr. en voru 26,9 ma.kr. árið á undan. Fjárfestingarnar jukust um 12,7 ma.kr. eða um 47%. Ráðstöfunarfé til kaupa á verðbréfum og annarri fjárfestingu jókst á milli ára í 39,9 ma.kr. úr 27,2 ma.kr. árið á undan. Hækkunin nemur 47% og stafar hún af mun meiri sölu verðbréfa á árinu 2002.

Hrein raunávöxtun sjóða LSR, þ.e. raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, var neikvæð um 1,38% en jákvæð um 0,01% á árinu 2001. Allar deildir sjóðsins nema alþingismannadeild, ráðherradeild og leiðir II og III hjá S-deild skiluðu neikvæðri ávöxtun á árinu 2002. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar LSR síðastliðin 5 ár var 2,81%.

Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 26.357 árið 2002 og hafði þeim fjölgað um 1.834 frá fyrra ári eða um 7,5%. Skipting rekstrarkostnaðar var 5.265 kr. á hvern virkan sjóðfélaga árið 2002 en var 4.851 kr. árið 2001.

Meðalfjöldi lífeyrisþega á árinu 2002 var 8.375 og hafði fjölgað úr 7.929 eða um 5,6%.

Umfjöllun um einstakar deildir LSR

A-deild

A-deildin var stofnuð með lögum nr. 1/1997 um LSR. Lífeyrisþegar í A-deild öðlast lífeyrisréttindi miðað við áunnin stig. Meðalaldur sjóðfélaga er um 38 ár. Hrein raunávöxtun A-deildar á árinu 2002 var neikvæð um 3,5% en var neikvæð á árinu 2001 um 2,9%. Meðaltal síðustu fimm ára eða frá stofnun hennar er 2,5%.

Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 16.196 og hafði þeim fjölgað um 1.565 frá árinu 2001 eða um 11%. Meðalfjöldi lífeyrisþega á árinu 2002 var 157 og hafði þeim fjölgað um 79 eða 101%.

B-deild

B-deildin er lokuð fyrir nýjum sjóðfélögum en lífeyrisréttindi í deildinni byggjast á viðmiðunarlaunum og áunninni réttindaprósentu. Hrein raunávöxtun B-deildar á árinu 2002 var neikvæð um tæp 0,8% en var jákvæð um tæplega 0,7% á árinu 2001. Meðaltal síðustu fimm ára er tæp 3,1%.

Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 9.225 og hafði þeim fækkað um 587 frá fyrra ári eða um 6%. Meðalfjöldi lífeyrisþega var 8.006 en 7.646 árið á undan.

Lífeyrissjóðir alþingismanna og ráðherra

Hjá alþingismannadeild var hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok 2002 um 170 m.kr. en í árslok 2001 var hún um 122 m.kr. Hún hafði því hækkað um 40% á milli ára. Hrein eign til greiðslu lífeyris hjá ráðherradeild í árslok 2002 var 31 m.kr. og hafði hækkað úr rúmum 21 m.kr. eða um 45%.

S-deild

Séreignardeildin eða S-deildin var stofnuð í janúar 1999. Hrein eign hennar í árslok 2002 til greiðslu lífeyris nam 1,5 ma.kr. og hafði hækkað úr 955 m.kr. í árslok 2001 eða um 53%. Á árinu 2002 var tekin upp sú nýjung hjá deildinni að bjóða sjóðfélögum að velja á milli þriggja ólíkra fjárfestingarleiða auk Sérleiðar þar sem fjárfestingarstefna breytist sjálfkrafa eftir aldri sjóðfélaga. Leiðir II og III voru stofnaðar 1. júlí 2002.

Ávöxtun fjárfestingarleiðanna þriggja var misjöfn á síðastliðnu ári en fjárfestingarstefna leiðanna þriggja gerir ráð fyrir mismunandi vægi hlutabréfa og sveiflast ávöxtun þeirra því mikið.

Leið I hefur skilað neikvæðri ávöxtun þrjú ár í röð en hrein raunávöxtun var neikvæð um 10,4% árið 2002 en var til samanburðar neikvæð um 2,3% árið 2001. Fjöldi sjóðfélaga var 3.195 en var til samanburðar 3.558 árið 2001. Hrein raunávöxtun á leið II var jákvæð um 8,2 %. Meðalfjöldi sjóðfélaga var 379.

Leið III, sem er bundinn innlánsreikningur var með 6,7% hreina ávöxtun. Meðalfjöldi sjóðfélaga var 138.

Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga í S-deildinni á árinu 2002 var 3.500 en 3.558 á árinu 2001. Þeim fækkaði því um 1,6% frá árinu á undan.

Tryggingafræðileg úttekt

Talnakönnun sér um að gera tryggingafræðilegar úttektir á LSR en þær eru unnar í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 391/1998 þar sem fjallað er um tryggingafræðilega athugun á fjárhag lífeyrissjóða.

Úttekt Talnakönnunar sýnir, hvað varðar áfallna stöðu, að A-deildin á fyrir sínum skuldbindingum en staða á milli ára hefur versnað þar sem eignir umfram skuldbindingar fara lækkandi. Staða B-deildarinnar er slæm og hefur lítið breyst frá fyrra ári. Staða Lífeyrissjóða alþingismanna og ráðherra er einnig neikvæð. Verður nú nánar vikið að stöðunni:

A-deild

Áfallnar skuldbindingar í árslok 2002 voru 21,6 ma.kr. en voru í árslok 2001 rúmlega 15 ma.kr. Hrein endurmetin eign til greiðslu lífeyris hækkaði úr 20,7 ma.kr. í árslok 2001 í 26,4 ma.kr. í árslok 2002, sem er 22% umfram áfallnar skuldbindingar hans. Samsvarandi tala árið á undan var 37%. Hlutfall eigna hefur því lækkað töluvert hjá deildinni.

Heildarstaða deildarinnar, að teknu tilliti til framtíðarskuldbindinga, er neikvæð um 6,2 ma.kr. eða um 4,9% en var neikvæð í árslok 2001 um tæpar 879 m.kr. sem er 0,9% umfram heildareignir deildarinnar. Samkvæmt lögum má heildarstaða sjóðsins aldrei vera verri eða betri en 10% af heildarskuldbindingu og jafnframt má staðan ekki vera verri eða betri en 5% samfellt í fimm ár. Staða sjóðsins er því innan þess ramma sem löggin setja.

B-deild

Við útreikning Talnakönnunar er miðað við að ávöxtun verði 2% umfram launahækkanir. Þá eru áfallnar skuldbindingar B-deildar í árslok 2002 um 286,4 ma.kr. en voru í árslok 2001 um 260,5 ma.kr., hækkun milli ára er 10%.

Miðað við 2% ávöxtun eiga launagreiðendur að standa undir 133,8 ma.kr. af skuldbindingum sjóðsins með greiðslu lífeyrishækkana en þessi fjárhæð var 122,8 ma.kr. króna í árslok 2001 sem er hækkun um 9% milli ára.

Skuldbindingar sem sjóðurinn sjálfur á að standa undir eru því 152,6 ma.kr. Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok 2001 var 90,1 ma.kr., viðbót vegna endurmats er 11,6 ma.kr. og fjárfestingargjöld 2,2 ma.kr. Endurmetin eign að frádregnum fjárfestingargjöldum er því 99,4 ma.kr. en það sem á vantar eru 61,5 ma.kr. sem eru á ábyrgð ríkissjóðs. Sambærileg fjárhæð í árslok 2001 var 56,4 ma.kr. og hefur því hækkað um 9% í árslok 2002.

Staða áfallinna skuldbindinga hefur versnað hlutfallslega en í árslok 2002 var hún neikvæð um 65,3% en var neikvæð um 64,9% í árslok 2001.

Heildarstaða sjóðsins var neikvæð um 221,2 ma.kr. í árslok 2002 en var neikvæð um 200,1 ma.kr. í árslok 2001. Sem hlutfall af heildarskuldbindingu hefur staðan farið versnandi eða úr því að vera neikvæð um 63% í árslok 2001 í það að vera neikvæð um 64% í árslok 2002.

Lífeyrissjóður alþingismanna

Áfallin skuldbinding í árslok 2002 var 4,2 ma.kr. en var 3,7 ma.kr. í árslok 2001. Heildarstaða sjóðsins var neikvæð um 4,8 ma.kr. í árslok 2002 en var neikvæð um 4,4 ma.kr. í árslok 2001. Sem hlutfall af heildarskuldbindingu er staðan nánast sú sama eða neikvæð um 92%.

Lífeyrissjóður ráðherra

Áfallin skuldbinding í árslok 2002 var 883 m.kr. en í árslok 2001 var hún 786 m.kr. Heildarstaðan hefur versnað frá fyrra ári og var staða eigna umfram skuldbindingar í árslok 2002 neikvæð um 925 m.kr. en var neikvæð um 843 m.kr. í árslok 2001.

Ávöxtun og fjárhagsstaða LH samkvæmt ársreikningi

Í árslok 2002 nam hrein eign til greiðslu lífeyris samtals 10,5 ma.kr. en var 9,5 ma.kr. árið á undan. Hækkunin er því 10%. Neðangreind tafla sýnir helstu lykiltölur úr ársreikningi ársins 2002 og samanburð við árið 2001.

Tafla 106 Yfirlit yfir helstu afkomutölur LH 2002 og 2001

Fjárh. í m.kr.	2002	2001	Breyt.	%
Iðgjöld	1.596	1.867	(271)	(14,5)
Lífeyrir	574	486	88	18,1
Fjárfestingartekjur	(14)	7	(21)	(300,0)
Fjárfestingargjöld	29	8	21	262,5
Rekstrarkostnaður	13	10	3	30,0
Fjárfestingar	3.260	2.328	932	40,0
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	10.496	9.530	966	10,1
Hrein raunávöxtun í %	(2,51%)	(0,71%)		
Meðaltal hreinnar ávöxtunar sl. 5 ára	2,52%	4,24%		

Iðgjöld námu tæplega 1,6 ma.kr. í árslok 2002. Þessi liður samanstendur af iðgjöldum sjóðfélaga og launagreiðenda, réttindaflutningi og endurgreiðslum, lífeyrishækkunum og innborgunum ríkissjóðs og ríkisstofnana inn á skuldbindingar. Iðgjöldin lækkuðu á milli ára um tæplega 15% vegna þess að innborganir ríkissjóðs hækkðu verulega á árinu 2001 en lækkuðu síðan aftur á árinu 2002. Innborganir ríkissjóðs námu 1,1 ma.kr. á árinu 2002 en 1,4 ma.kr. 2001.

Á árinu 2002 greiddu 904 sjóðfélagar iðgjald til LH og hafði þeim fækkað um 5,7% milli ára. Í árslok 2002 áttu 3.108 sjóðfélagar skráð réttindi hjá sjóðnum.

Lífeyrir nam 574 m.kr. árið 2002 en var 486 m.kr. árið á undan. Hækkunin nam um 18% á milli ára.

Fjárfestingartekjur voru neikvæðar um 14 m.kr. en voru jákvæðar um tæplega 7 m.kr. árið 2001 þegar verðbreytingafærslu að fjárhæð 653 m.kr. hefur verið tekin út. Fjárfestingartekjur lækkuðu mikið á milli ára, mest vegna lækkunar á gengi erlendra hlutabréfa. Þess má geta að tekjur af innlendum hlutabréfum voru neikvæðar á fyrra ári en voru nú jákvæðar að fjárhæð 192 m.kr. Vaxtatekjur og verðbætur lækkuðu á milli ára sem skýra má með lægri verðbólgu árið 2002 en árið 2001. Verðbreytingafærsla var ekki reiknuð árið 2002 sem er í samræmi við breytingar á reglum um ársreikninga.

Fjárfestingar ársins 2002 brúttó námu 3,3 ma.kr. en voru 2,3 ma.kr. árið á undan. Fjárfestingarnar jukust um 0,9 ma.kr. eða um 40%.

Hrein raunávöxtun LH, þ.e. raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, var neikvæð um 2,5% en var neikvæð um 0,7% á árinu 2001. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin 5 ár var 2,5% en var 4,2% miðað við 5 ár þar á undan.

Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 858 árið 2002 og hafði þeim fækkað úr 902 á árinu 2001 eða um 4,9%.

Meðalfjöldi lífeyrisþega var 451 á árinu 2002 og hafði fjölgað úr 428 eða um 5,4%.

Tryggingafræðileg úttekt

Áfallnar skuldbindingar í árslok 2002 voru 29,7 ma.kr. en voru í árslok 2001 rúmir 28 ma.kr. Hrein endurmetin eign til greiðslu lífeyris hækkaði úr 10,5 ma.kr. í árslok 2001 í tæpa 11,5 ma.kr. í árslok 2002, sem er um 9% hækkun. Staða eigna umfram skuldbindingar var neikvæð um 18,3 ma.kr. í árslok 2002 eða 61,5%. Samsvarandi staða árið á undan var 17,6 ma.kr. eða 62,6%.

Heildarstaða deildarinnar var neikvæð um 20,3 ma.kr. eða rúmlega 60% en var neikvæð í árslok 2001 um 20,8 m.kr. eða 62%. Heildarskuldbinding hefur því lítillega færst til betri vegar.

Þjóðkirkjan

Samkvæmt 2. mgr. 23. greinar laga nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar, ber kirkjuþingi að sjá til þess að reikningshald kirkjulegra embætta, stofnana og sjóða hljóti fullnægjandi endurskoðun.

Í flestum tilvikum er það hlutverk Ríkisendurskoðunar að annast endurskoðun embætta, sjóða og stofnana kirkjunnar. Þessi endurskoðunarskylda er ýmist fólgin í lögum um Ríkisendurskoðun eða stofnuninni er falin endurskoðun með sérlögum. Ríkisendurskoðun hefur sem fyrr endurskoðað embætti og sjóði kirkjunnar en endurskoðun stofnana á vegum kirkjunnar hefur verið framkvæmd af endurskoðendum sem ráðnir hafa verið til hvers verkefnis um sig. Í samræmi við samkomulag við kirkjuráð tekur Ríkisendurskoðun árlega saman skýrslu um endurskoðun stofnana kirkjunnar og er hún lögð fyrir kirkjuþing. Í endurskoðunarskýrslunni er yfirlit um fjármál þessara stofnana og greint er frá athugasemdum sem endurskoðendur þeirra hafa talið nauðsynlegt að fram komi í skýrslum til stjórnna stofnananna.

Fjárveitingar og fjárheimildir Þjóðkirkjunnar og sjóða kirkjunnar voru sem hér greinir skv. ríkisreikningi árið 2002:

Tafla 107 Fjárveitingar og fjárheimildir þjóðkirkjunnar og sjóða kirkjunnar

Í m.kr.	Fjárlög	Fjáraukalög	Fjárheimild
Til þjóðkirkjustofnana:			
Þjóðkirkjan	901,0	82,3	983,3
Kirkjumálasjóður	144,7	25,0	169,7
Kristnisjóður	47,7	7,6	55,3
Kirkjugarðasjóður	47,4	0,0	47,4
Jöfnunarsjóður sókna	237,0	0,0	237,0
Samtals	1.377,8	114,9	1.492,7
Til þjóðkirkjusafnaða:			
Kirkjugarðsgjald – kirkjugarðar	555,6	0,0	555,6
Sóknargjöld – þjóðkirkjan	1.282,5	0,0	1.282,5
	1.838,1	0,0	1.838,1
Alls	3.215,9	114,9	3.330,8

Fjárveitingar til þjóðkirkjunnar og þjóðkirkjusafnaða skv. fjárlögum og fjáraukalögum 2002 námu samtals 3,3 ma.kr. Fjárveiting til þjóðkirkjunnar í þrengri skilningi námu 983 m.kr. Gjöld umfram sértekjur námu hins vegar 962 m.kr. sem þýðir að tekjuafgangur nam 21 m.kr.

Hér á eftir er tafla sem sýnir helstu reikningstölur skv. ársreikningum kirkjustofnana árinu 2002.

Tafla 108 Helstu reikningstölur kirkjustofnana á árinu 2002

Í m.kr.	Tekjur	Gjöld	Fjárm. liðir	Afkoma	Eignir	Skuldir	Eigið fé
Stofnanir og sjóðir							
Þjóðkirkjan	57,6	1.020,1	0,2	(962,4)	53,1	6,1	47,0
Fjölskylduþjónusta kirkjunnar	16,3	19,9	0,2	(3,5)	6,4	0,4	6,0
Tónskóli þjóðkirkjunnar	26,8	26,2	0,1	0,6	1,4	1,9	(0,5)
Leikmannaskóli kirkjunnar	5,8	4,3	0,0	1,5	0,8	0,1	0,7
Skálholtsstaður	24,1	22,5	(1,9)	(0,3)	277,3	73,6	203,7
Skálholtsskóli	42,9	36,6	(0,2)	6,1	6,1	2,9	3,2
Skálholtsbúðir	2,7	2,0	0,1	0,8	2,6	0,4	2,2
Löngumýrarskóli	11,0	12,6	1,5	(0,1)	53,2	5,1	48,2
Fræðslufulltrúi Nl.eystra	0,4	0,3	0,1	0,2	1,8	0,2	1,6
Kristnisjóður	70,7	64,3	(2,0)	4,4	175,5	24,6	150,9
Jöfnunarsjóður sókna	235,8	236,1	11,6	11,3	199,3	5,0	194,3
Kirkjumálasjóður	169,1	147,0	1,6	23,6	92,4	17,1	75,4
Prestssetrasjóður	105,0	87,4	(17,8)	(0,3)	262,3	153,6	108,7
Kirkjugarðssjóður	56,3	53,0	0,8	4,1	21,5	14,6	6,9
Hinn almenni kirkjusjóður	0,0	0,4	0,8	0,5	29,3	19,4	9,9
Ýmsir sj. í vörslu kirkjunnar	0,7	2,6	6,0	4,1	89,3	0,0	89,3
Samtals	825,2	1.735,3	1,0	(909,2)	1.272,4	324,5	947,5

Í heild er bókhald embætta og sjóða almennt vel fært og frágangur skjala í öllum meginatriðum í góðu lagi. Rétt er þó að benda á að uppgjör einstakra stofnana var heldur síðbúnara en venja er til.

Við athugun á verklagi við kaup á vöru og þjónustu hjá Biskupsstofu kom í ljós að ekki eru til skriflegar reglur um þau kaup. Lagt er til að úr því verði bætt. Athugasemd þessi nær einnig til annarrar starfsemi sem fellur undir þjóðkirkjuna.

Í ársbyrjun 2002 var Kirkjubyggingasjóður sameinaður Jöfnunarsjóði sókna og er nú eitt hlutverka hans að veita ábyrgðir vegna lántöku til kirkjubygginga og annast innheimtu og umsýslu lána Kirkjubyggingasjóðs. Í lok ársins 2002 nam höfuðstóll ábyrgðadeildarinnar 157,9 m.kr. og nafnverð veittra ábyrgða 127,5 m.kr. en má mest vera 537,6 m.kr. samkvæmt reglum sjóðsins.

Tekjuhalli varð á rekstri Prestssetrasjóðs á árinu 2002 og nam hann um 0,3 m.kr. samanborið við 6,2 m.kr. tekjuafgang á árinu 2001. Í þessu samhengi er rétt að árétta að söluandvirði seldra prestssetra eru tekjufærð meðan kaup og bygging nýrra eru eignfærð. Ástæða hækkunar launagjalda er sú að ráðinn var framkvæmdastjóri fyrir sjóðinn sem tók til starfa seint á árinu 2001 og kom launakostnaður af fullum þunga til gjalda á árinu 2002.

Hinn almenni kirkjusjóður var stofnaður með lögum nr. 20/1890 um innheimtu og meðferð kirknafjár. Engin starfsemi er lengur hjá þessum sjóði eftir að rekstur vegna Strandarkirkju var skilinn frá og færður á kirkjuna beint. Lagt er til að Strandarkirkju verði greidd inneign hennar hjá sjóðnum. Jafnframt er lagt til að hugað verði að framtíðarhlutverki sjóðsins.

Frá og með árinu 2002 fer sérstök nefnd, Strandarkirkjunefnd, með stjórn Strandarkirkju. Kirkjuráð skipar nefndina. Biskupsstofa annast bókhald og fjárreiður fyrir nefndina. Ekki eru gerðar athugasemdir við færslu bókhalds og meðferð fjármuna. Hins vegar þarf að taka afstöðu til með hvaða hætti ýmsir munir skulu færðir í bókhaldi og hverjir gjaldfærðir. Þá er bent á að ýmsum aðilum hefur verið úthlutað spildum úr jörðum Strandarkirkju og er nauðsynlegt að halda skrár um slíkt þar sem fram koma þeir skilmálar sem gilda um úthlutanirnar.

9 Framkvæmd fjárlaga árið 2002

Eitt af hlutverkum Ríkisendurskoðunar er að annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Hér á eftir er gerð grein fyrir framkvæmd fjárlaga á árinu 2002 og gerður samanburður á ríkisframlagi og útgjöldum stofnana og annarra fjárlagaliða fyrir A-hluta ríkissjóðs.

Fjárlögin fela annars vegar í sér áætlaðar stærðir sem ekki eru bindandi sem slíkar fyrir ríkisaðila og hins vegar fyrirmæli sem ríkisaðilum er ætlað að fylgja og geta kallað á viðurlög ef út af er brugðið. Dæmi um áætlaða liði eru t.d. tekjur vegna innheimtu skatta og útgjöld vegna almannatrygginga, en báðum þessum liðum er ekki stýrt með fjárlögum heldur ráðast þeir af heimildum til útgjalda skv. öðrum lögum og reglum sem í gildi eru hverju sinni. Hins vegar eru útgjöld vegna rekstrar stofnana yfirleitt dæmi um gjaldaliði sem ákveðnir eru með fjárlögum og stjórnendum ráðuneyta og stofnana ber að haga sér eftir.

Fjárlög vegna ársins 2002 voru samþykkt á Alþingi í desember 2001 en skv. þeim er áætlað að tekjur í A-hluta fjárlaga verði 257,9 ma.kr. og gjöld 239,4 ma.kr. Báðar tölurnar eru á rekstrargrunni sem fyrst var notaður í fjárlögum vegna ársins 1998, m.a. til þess að hægt væri að bera fjárlög saman við ríkisreikning.

Ákvæðum fjárlaga má breyta með fjáraukalögum sem hægt er að leggja fram hvenær sem er eftir setningu fjárlaga bæði innan ársins og eftir lok þess (lokafjárlög). Fjáraukalög vegna ársins 2002 voru afgreidd frá Alþingi 6. desember 2002, en samkvæmt þeim var fjárlögum ársins breytt þannig að tekjur voru hækkaðar um 10,3 ma.kr. og gjöld um 11,9 ma.kr.

Svigrúm stofnana til að stofna til fjárskuldbindinga ræðst samt ekki alfarið af heimildum skv. fjárlögum og fjáraukalögum, heldur verður að taka tillit til yfirfærðra fjárheimilda vegna ársins á undan. Í 2. mgr. 37. gr. laga um fjárreiður ríkisins er fjallað um þetta, en þar segir: „Að fengnu samþykki hlutaðeigandi ráðherra og fjármálaráðherra er heimilt að geyma ónýttar fjárveitingar í lok reikningsárs. Með sama hætti er heimilt að draga skuldir frá fyrra ári frá fjárveitingum ársins.“ Þetta þýðir að fjárheimildir stofnana breytast sem þessu nemur án atbeina Alþingis nema annað sé ákveðið með fjáraukalögum og þá yfirleitt með síðustu fjáraukalögum ársins (lokafjárlögum). Fjárheimildir á árinu 2002 breyttust þannig að fjárheimildir hækkuðu

samtals um 8,8 ma.kr. vegna inneigna fyrra árs og lækkuðu um samtals 4,1 ma.kr. vegna yfirfærðra skulda. Höfuðstóll stofnana og annarra fjárlagaliða í árslok segir til um stöðu þeirra gagnvart fjárheimildum og var hann þannig í heildina litið jákvæður um samtals 4,7 ma.kr. í ársbyrjun 2002.

Loks má nefna að fjárheimildir einstakra stofnana kunna að breytast vegna millifærslna fjárheimilda af öðrum fjárlagaliðum innan ársins. Ráð er fyrir því gert að fjárheimildir sem færðar eru á sérstaka fjárlagaliði, oft nefndir safnliðir, séu fluttar yfir á aðra liði. Heildarfjárheimild vegna A-hlutans breytist hins vegar ekki vegna slíkra millifærslna. Að einhverju leyti getur verið um að ræða leiðréttingar frá fyrra ári en oft hefur dregist að skrá að fullu allar millifærslur á safnliði þar til langt er liðið á árið. Staða millifærslna nam í lok júní 2003 samtals 530 m.kr. en færslu þeirra var að fullu lokið í ágúst 2003.

Eftirfarandi tafla sýnir samsetningu fjárheimilda í A-hluta ríkisreiknings fyrir árið 2002.

Tafla 109 Samsetning fjárheimilda árið 2002

<i>Í m.kr.</i>	<i>Fjárhæð</i>
Fjárlög 2002	239.370,4
Fjáraukalög	11.920,5
Yfirfærð heimild fyrra árs	8.834,1
Yfirfærð skuld fyrra árs	(4.125,7)
Fjárheimildir samtals	255.999,3

Fjárheimildir fjárlagaárið 2002 samanstanda því af heimildum fjárlaga og fjáraukalaga, flutningi á jákvæðum eða neikvæðum höfuðstól frá árinu 2001 auk viðbótarfjárheimilda m.a. vegna launabóta, verðlagsbóta og ýmissa milli-færslna af safnliðum sem ráðuneytin deila út af til stofnana sinna skv. reglum, lögum og reglugerðum. Þessi heildarfjárheimild markar umfang rekstrarútgjalda umfram sértekjur stofnana og annarra fjárlagaliða og er yfirleitt notuð þegar útgjöld eru borin saman við heimildir.

Breyting fjárheimilda vegna uppgjörs ríkistekna

Í fjárlögum kemur fram hvernig greiðslu (fjármögnun) á fjárheimildum er háttað, en það getur ýmist verið með beinu framlagi úr ríkissjóði, mörkuðum skatttekjum (þ.e. tekjuliðum sem eru eyrnamerkir vegna ákveðinna útgjalda,

t.d. rennur vörugjald af bensíni og þungaskattur af díselbifreiðum til vegaf framkvæmda), öðrum rekstrartekjum eða með viðskiptahreyfingum.

Í ríkisreikningi hafa fjárheimildir eins og þær eru skilgreindar hér að ofan, ýmist verið hækkaðar eða lækkaðar vegna uppgjors á mörkuðum tekjum stofnana og öðrum rekstrartekjum í þeim tilvikum sem þær urðu hærri eða lægri en ráð var fyrir gert í fjárlögum og fjáraukalögum. Breyting fjárheimilda með þessum hætti byggist á því sjónarmiði að stofnunum eigi að vera heimilt að stofna til kostnaðar umfram fjárheimildir enda nái þær að standa undir slíkum viðbótarkostnaði með auknum rekstrartekjum, þ.e. öðrum tekjum en framlagi úr ríkissjóði. Þá hefur verið litið svo á að ef álagning markaðra tekna fer fram úr því sem áætlað var í fjárlögum, sé stofnunum og öðrum aðilum sem eiga tilkall til þeirra ekki heimilt að ráðstafa viðbótinni án þess að Alþingi hafi samþykkt viðbótarfjárheimildir. Ríkisendurskoðun hefur í fyrri skýrslum um endurskoðun ríkisreiknings bent á að ekki væri heimilt að breyta fjárheimildum með þessum hætti, en hvorki í lögum um fjárreiður ríkisins né í fjárlögum er að finna nein ákvæði um hvernig fara skuli með slík frávik. Að óbreyttum lögum væri því ekki heimilt að breyta fjárheimildum með þessum hætti fyrir en lokafjárlög vegna viðkomandi árs hefðu verið samþykkt.

Nú hefur verið ákveðið að frá og með fjárlögum ársins 2003 verði ekki gerðar breytingar á fjárheimildum vegna uppgjors ríkistekna stofnana og jafnframt hafa verið gerðar breytingar á framsetningu tekna í uppgjörum stofnana á árinu 2002. Meginbreytingin er sú að markaðar tekjur og aðrar rekstrartekjur færast nú til tekna í rekstrarreikningi stofnana og eftirstöðvar í árslok á efnahagsreikningi. Í þessu felst að jafnframt verða tekjurnar gerðar upp á rekstrargrunni í stað þess að miða við innheimtu ársins. Þannig verður tekjufærslan við álagningu teknanna eða útgáfu reiknings.

Samanburður útkomu við fjárheimildir

Hér á eftir er framlag úr ríkissjóði borið saman við útgjöld ársins 2002 fyrir alla fjárlagaliði í A-hluta ríkisreiknings. Í töflunni aftast í kaflanum er sýndur mismunur ríkisframlags og gjalda þegar frá fjárheimildum og gjöldum hafa verið dregnar annars vegar samanlagðar áætlaðar markaðar tekjur og aðrar rekstrartekjur og hins vegar sömu tekjur sem hafa verið bókaðar í rekstrarreikningi viðkomandi stofnana og fjárlagaliða vegna ársins 2002.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um endurskoðun ríkisreiknings árið 2001 var gerður samanburður á fjárheimildum að meðtöldum ríkistekjum og útgjöldum án lækkunaráhrifa af samsvarandi fjárhæð ríkistekna. Hlutfallslegt

frávik útgjalda frá ríkisframlaginu er að vísu nokkuð strangari viðmiðun en þegar samanburður er gerður á fjárheimildum að meðtöldum ríkistekjum þar sem samanburður er gerður við nokkuð lægri fjárhæð en áður. Rétt þykir að tekið sé tillit til þessa þegar áætlaðar tekjur eru mjög hátt hlutfall útgjalda og á helst við þegar gerður er samanburður fjárheimilda og útgjalda innan ársins.

Heildarfjárheimildir á árinu 2002 námu 256,0 ma.kr. að meðtöldum rekstrar- og mörkuðum tekjum, en þær fyrirtöldu námu 4,7 ma.kr. og þær síðartöldu 40,9 ma.kr. Heildarríkisframlag á árinu 2002 nam því samtals 210,4 ma.kr. Samsvarandi útgjöld ríkisins á árinu 2002 námu hins vegar 219,5 ma.kr. og voru þannig 9,1 ma.kr. umfram ríkisframlagið eða 4,3%. Taflan aftast í þessum kafla sýnir skiptingu fjárheimilda og ríkisframlags stofnana og fjárlagaliða vegna ársins 2002 og samanburð við gjöld þeirra á árinu.

Eins og taflan sýnir virtu flestar stofnanir þær fjárheimildir sem þeim eru ætlaðar og höguðu rekstri í samræmi við þær á árinu 2002. Það liggur engu að síður fyrir að 109 af 510 fjárlagaliðum, þ.e. um fimmtungur, fóru fram úr þeim 4% mörkum sem ákveðin eru í reglugerð nr. 116/2001 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A- hluta. Í sumum tilvikum var stofnað til útgjalda langt umfram þessi mörk. Eins og fram hefur komið er um nokkuð strangari viðmiðun að ræða en áður þegar samanburður var gerður á fjárheimildum að meðtöldum ríkistekjum en við nánari skoðun lenda fáir fjárlagaliðir við áðurnefnd 4% mörk. Þó skal bent á að af þessum 109 fjárlagaliðum eru um 30 tilfærsluliðir, sjóðir og aðrir án eiginlegs rekstrar og safnliðir eru um 6. Þannig hafa um 80 stofnanir og aðalskrifstofur ráðuneyta farið fram úr áðurnefndum 4% mörkum.

Tafla 110 Fjöldi fjárlagaliða yfir fjárheimild árið 2002

	<i>Fjöldi fjárlagaliða</i>	<i>Fjöldi yfir fjárheimild</i>	<i>Fjöldi 4% yfir eða meira</i>	<i>Hlutfall af heild</i>
Æðsta stjórn ríkisins	7	2	1	14,3%
Aðalskrifstofur ráðuneyta	13	4	1	7,7%
Menntastofnanir	48	24	17	35,4%
Sendiráð og fastanefndir	20	12	11	55,0%
Sýslumenn og lögregluembætti	30	13	5	16,7%
Málefni fatlaðra	10	2	1	10,0%
Heilbrigðisstofnanir	67	20	15	22,4%
Skattkerfið	12	7	1	8,3%
Fjárlagaliðir með markaðar tekjur	13	-	-	-
Aðrir fjárlagaliðir	290	76	57	19,7%
Samtals	510	160	109	21,4%

Reglugerð nr. 116/2001 um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta kveður á um að ef útgjöld stefna í að fara fram úr 4% á árinu eigi að grípa til ráðstafana, annaðhvort að draga saman útgjöld það sem eftir er árs eða að tryggja stofnun auknar fjárheimildir. Ljóst er af því sem fram hefur komið að rekstur margra stofnana fór yfir 4% mörkin á árinu 2002 án þess að fyrir hafi legið að þeim yrðu tryggðar auknar heimildir eða þeim verið gert að draga saman kostnað og hefur ákvæðum reglugerðarinnar því ekki verið framfylgt að þessu leyti. Í nokkrum tilfellum hefur verið bent á að stofnanir hefðu ekki náð að aðlaga sig tekjuskerðingu vegna lækkandi sértekna eða tekna sem ekki hefur tekist að innheimta. Í fleiri tilvikum liggur þó fyrir að stjórnendur stofnana og ráðuneyti sem í hlut eiga hafa ekki treyst sér til að grípa til sparnaðarráðstafana sem koma niður á þjónustu viðkomandi stofnana. Þetta er sérstaklega áberandi hvað varðar rekstur stofnana innan mennta- og heilbrigðiskerfisins.

Æðsta stjórn ríkisins

Undir æðstu stjórn ríkisins heyrja forsetaembættið, Alþingi og stofnanir þess, ríkisstjórn og hluti af rekstri Hæstaréttar (launakostnaður dómara). Ónotaðar fjárheimildir þessara aðila frá árinu 2001, sem fluttust yfir á árið 2002, námu samtals 89,3 m.kr., einkum vegna þess að búið var að heimila stofnframkvæmdir sem síðan frestuðust fram yfir áramót. Umframútgjöld æðstu stjórnar ríkisins er nánast öll vegna reksturs forsetaembættisins en það fór 19,5 m.kr. eða 14,6% fram úr fjárveitingum. Ónýttar fjárveitingar vegna annarra aðila námu hins vegar 125,3 m.kr. sem að stærstum hluta stafar af frestun á stofnframkvæmdum.

Aðalskrifstofur ráðuneyta

Undir aðalskrifstofur ráðuneytanna er færður rekstur ráðuneytanna sjálfra. Á árinu voru rekstrargjöld þeirra flestra innan fjárheimilda, en rekstur fjögurra var þó yfir heimildum, þar af langmest hjá utanríkisráðuneytinu sem fór 73 m.kr. fram úr eða 9,8%. Ónýttar fjárveitingar samtals 41 m.kr. voru fluttar yfir frá árinu á undan, mest hjá fjármálaráðuneyti, en í árslok nam ónýtt fjárveiting ráðuneytanna umfram skuldir 3,8 m.kr. Í árslok voru skuldir vegna útgjalda umfram heimildir 88,4 m.kr. en inneignir voru 88,4 m.kr. vegna þess að útgjöld annarra voru undir heimildum.

Menntastofnanir

Fjárhagsstaða margra framhaldsskóla hefur lengi verið nokkurt áhyggjuefni. Framhaldsskólar sem fóru meira en 4% fram úr fjárheimildum voru 13 á árinu 2002 en voru 11 árið á undan. Útgjöld þessara skóla umfram

fjárheimildir voru samtals 661 m.kr. á árinu 2002. Svo er að sjá að það séu einkum skólar sem bjóða upp á verknám sem eiga í erfiðleikum með að halda rekstrinum innan heimilda, á meðan hefðbundnir bóknámsskólar koma betur út. Á þessu ári voru gerðar breytingar á reiknilíkani sem notað er til að ákveða fjárveitingar til framhaldsskólanna í því skyni að rétta hlut verknámsskóla og má vænta þess að framvegis verði munur á afkomu bók- og verknámsskóla minni en verið hefur.

Framlög til háskóla skiptast á milli sex ríkisháskóla og tveggja einkaskóla. Fjárhagsleg ábyrgð ríkisins vegna þeirra síðarnefndu takmarkast við framlag þess á fjárlögum og samningum sem gerðir hafa verið við skólana, en hins vegar ber ríkissjóður alfarið fjárhagslega ábyrgð vegna ríkisskólanna. Rekstur tveggja ríkisháskóla: Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri var undir fjárheimildum, en rekstur fjögurra háskólar var umfram fjárheimildir á árinu; Tækniháskóla Íslands (16,9%), Listaháskóla Íslands (18,6%), og Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri (11,2%).

Sendiráð og fastanefndir

Á árinu 2002 fór rekstur margra sendiráða og fastanefnda fram úr fjárheimildum. Þannig fóru 11 fjárlagaliður fram úr þeim 4% sem miðað er við í reglugerð nr. 116/2001. Í árslok námu umframútgjöld vegna þessa liðar 177 m.kr. en afgangur vegna fjárlagaliða sem voru undir heimild nam 126 m.kr. Tvennt hefur einkum áhrif á útgjöld sendiráða og fastanefnda, annars vegar þróun gengis, en útgjöld þessara aðila eru að stórum hluta bundin erlendum gjaldmiðlum, og hins vegar samsetning starfsfólks sem getur haft áhrif á laun og staðaruppbætur.

Sýslumenn og lögregluembætti

Embætti sýslumanna og lögreglustjóra voru flest innan marka fjárheimilda. Í lok árs námu ónýttar fjárheimildir samtals 237,9 m.kr. en umframútgjöld voru 145,9 m.kr. Þrír fjárlagaliðir skýra umframútgjöldin að stærstum hluta: Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli sem fór 39,0 m.kr. eða 8,8% fram úr fjárheimild, Lögreglustjórinn í Reykjavík fór 39,4 m.kr. fram úr, sem þó er aðeins 2,0% af fjárveitingu, og liðurinn „Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta“ fór 50,5 m.kr fram úr fjárheimild eða 25,0%. Þeir fjárlagaliðir sem fóru meira en 4% fram úr heimild á árinu voru auk þessara tveggja hér að framan, sýslumannsembættin í Borgarnesi, á Patreksfirði og á Hólmavík, en frávikid er ekki umtalsvert í krónum talið.

Málefni fatlaðra

Rekstrargjöld stofnana og annarra fjárlagaliða sem falla undir málefni fatlaðra voru undir fjárheimild hjá öllum nema tveimur, þar af var aðeins önnur stofnunin, „Málefni fatlaðra, Vestfjörðum“ yfir 4% mörkunum, en hallinn á henni nam 7,2 m.kr eða 6,4% af fjárheimild. Útgjöld umfram fjárheimild í árslok vegna málefna fatlaðra voru samtals 21,5 m.kr. en ónýttar fjárheimildir voru 48,2 m.kr.

Heilbrigðisstofnanir

Alls voru 20 stofnanir og aðrir fjárlagaliðir sem teljast til heilbrigðisstofnana með gjöld umfram fjárheimildir á árinu 2002, þar af voru 15 yfir þeim fjögurra prósentu mörkum sem sett eru í reglugerð nr. 116/2001. Langmesti hallinn var á Landspítala – háskólasjúkrahúsi, 797,8 m.kr. eða 3,4% af fjárheimild. Í heild nam halli vegna heilbrigðisstofnana 1.768,3 m.kr. og voru önnur stærstu frávikin vegna Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri (126,5 m.kr.), fjárlagaliðarins „Sjúkrahús og læknisbústaðir“ (109,7 m.kr.), fjárlagaliðar vegna daggjaldastofnana (127,2 m.kr.), og Heilsugæslunnar í Reykjavík (182,6 m.kr.). Ónýttar fjárheimildir heilbrigðisstofnana í árslok voru samtals 402,2 m.kr.

Skattkerfið

Rekstur skattkerfisins var í mjög góðu samræmi við fjárheimildir. Rekstur flestra stofnana var nánast á fjárheimild eða nokkuð innan við hana. Aðeins Skattstofa Vestmannaeyja var yfir 4% mörkunum (7,5%), en fráviknið þar er ekki stórt í krónum talið. Útgjöld umfram heimildir voru samtals 4,3 m.kr. í árslok hjá stofnunum innan skattkerfisins, en ónýttar fjárheimildir 40 m.kr.

Fjárlagaliðir með markaðar tekjur til aðila utan A-hluta

Ýmsir aðilar utan A-hluta fjárlaga og ríkisreiknings fá tekjur eða hlutdeild í tekjum sem innheimtast af tilteknum sköttum. Til dæmis má nefna að Útflutningsráð Íslands fær svokallað markaðsgjald, 0,05%, sem lagt er á gjaldstofn til greiðslu tryggingagjalds, og til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins rennur þróunarsjóðsgjald sem eigendur fiskiskipa greiða. Eins og áður kom fram eiga rétthafar slíkra markaðra tekna ekki tilkall til hærri fjárhæðar en tilgreind er í fjárlögum, enda þótt álagning og innheimta teknanna verði meiri en þar kemur fram.

Aðrir fjárlagaliðir

Hér undir falla allir aðrir liðir í fjárlögum en að framan greinir. Gjöld umfram fjárheimildir í árslok voru samtals 19,9 ma.kr. en ónýtt fjárheimild var 12,0 ma.kr. Þeir liðir sem mest fóru fram úr fjárheimild og þeir liðir sem mest voru undir fjárheimild eru taldir upp í töflunni hér að neðan. Þeir liðir sem taldir eru upp hér að neðan skýra samanlagt ríflega fjóra fimmtu hluta umframútgjalda og um 45% af ónotuðum heimildum ríkissjóðs á árinu 2002.

Tafla 111 Mestu frávik annarra gjaldaliða frá fjárheimild 2002

<i>Í m.kr.</i>	<i>Fjárhæð</i>
<i>Fjárlagaliðir yfir fjárheimild</i>	
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun	10.126,0
Afskriftir skattkrafna	5.811,1
Vaxtabætur	732,3
Ábyrgðarsjóður launa	470,8
Lífeyristryggingar	461,7
Fæðingarorlof	400,3
Mótframlag v/viðbótarlífeyrissparnaðar	264,9
Íslenska járnblendifélagið hf.	211,9
	<u>18.479</u>
<i>Fjárlagaliðir undir fjárheimild</i>	
Fjármagnstekjuskattur	1.129,0
Ofanflóðasjóður	1.035,8
Atvinnuleysistryggingasjóður	840,7
Vaxtagjöld ríkissjóðs	635,1
Vegagerðin	401,3
Siglingastofnun Íslands	365,7
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	313,8
Ýmis verkefni	257,7
Fjársýsla ríkisins	243,5
Póst- og fjarskiptastofnunin	230,8
Alþjóðastofnanir	229,4
Bygginga- og tækjasjóður	227,1
Flugmálastjórn	206,8
Fasteignir Stjórnarráðsins	206,7
	<u>6.323,4</u>

Tafla 112 Fjárheimildir og útkoma árið 2002

<i>l.m.kr.</i>	<i>Fjárlög</i>	<i>Fjárlög</i>	<i>Flutt f. f. ári</i>	<i>Millifært á árinu</i>	<i>Fjárheimildir samtals á fjárlögum</i>	<i>Rek. tekjur Ríkissamtals</i>	<i>Ríkissamtals</i>	<i>Gjöld</i>	<i>Frávik yfir</i>	<i>Frávik undir</i>	<i>Frávik %</i>
Æðsta stjórn ríkisins											
00-101	Embætti forseta Íslands	124,3	12,0	(5,2)	2,6	133,7	0,0	133,7	153,2	19,5	14,6%
00-201	Alþingi	1.433,1	15,0	(31,8)	13,1	1.429,5	0,0	1.429,5	1.395,7	(33,7)	(2,4)%
00-205	Framkvæmdir á Alþingisreit	440,0	20,0	77,4	0,0	537,4	0,0	537,4	488,8	(48,6)	(9,0)%
00-301	Ríkisstjórn	137,8	0,0	0,0	14,0	151,8	0,0	151,8	140,7	(11,1)	(7,3)%
00-401	Hæstiréttur	78,1	0,0	0,0	3,1	81,2	0,0	81,2	82,4	1,2	1,5%
00-610	Umboðsmaður Alþingis	73,1	0,0	2,1	0,0	75,2	0,0	75,2	70,9	(4,3)	(5,7)%
00-620	Ríkisendurskoðun	245,5	0,0	46,8	0,0	292,3	0,0	292,3	264,6	(27,6)	(9,5)%
	Alls	2.531,9	47,0	89,3	32,8	2.701,0	0,0	2.701,0	2.596,4	20,7	(3,9)%
Aðalskrifstofur ráðuneyta											
01-101	Forsætisráðuneyti, aðalskrifstofa	187,8	23,2	0,2	23,3	234,5	0,0	234,5	228,4	(6,1)	(2,6)%
02-101	Menntamálaráðuneyti, aðalskrifstofa	375,3	0,0	4,9	7,0	387,2	0,0	387,2	387,4	0,2	0,1%
03-101	Utánríkisráðuneyti, aðalskrifstofa	722,5	0,0	(12,3)	40,8	751,0	0,0	751,0	824,3	73,3	9,8%
04-101	Landbúnaðarráðuneyti, aðalskrifstofa	146,8	3,0	0,5	7,0	157,3	0,0	157,3	156,0	(1,3)	(0,8)%
05-101	Sjávarútvegsráðuneyti, aðalskrifstofa	139,0	0,0	9,3	0,8	149,1	0,0	149,1	145,6	(3,5)	(2,4)%
06-101	Dóms- og kirkjumálaráðun., aðalskrifstofa	214,0	0,0	7,1	9,5	230,5	0,0	230,5	217,1	(13,4)	(5,8)%
07-101	Félagsmálaráðuneyti, aðalskrifstofa	145,6	0,0	4,7	27,5	177,8	0,0	177,8	180,7	2,9	1,6%
08-101	Heilbr. og tryggingam. ráðun., aðalskrifst	283,6	0,0	(1,5)	6,3	288,4	0,0	288,4	296,5	8,2	2,8%
09-101	Fjármálaráðuneyti, aðalskrifstofa	426,5	25,5	35,1	1,6	488,7	0,0	488,7	432,7	(56,0)	(11,5)%
10-101	Samgönguráðuneyti, aðalskrifstofa	185,1	1,0	(2,8)	12,2	195,5	1,0	194,5	188,9	(5,7)	(2,9)%
11-101	Löndarráðuneyti, aðalskrifstofa	84,1	12,0	(1,3)	1,5	96,3	0,0	96,3	95,2	(1,1)	(1,2)%
12-101	Viðskiptaráðuneyti, aðalskrifstofa	106,9	0,0	0,1	13,1	120,1	0,0	120,1	119,3	(0,8)	(0,6)%
14-101	Umhverfisráðuneyti, aðalskrifstofa	197,8	1,5	(3,2)	22,4	218,5	0,0	218,5	217,9	(0,5)	(0,3)%
	Alls	3.215,0	66,2	40,8	172,9	3.494,9	1,0	3.493,9	3.490,1	84,6	(0,1)%

ENDURSKODUN RÍKISREIKNINGS 2002

f.m.kr.	Fjárlög	Fjáruka- lög	Flutt f. f. ári	Millilænt á árinu	Fjárhéimildir samtals	Mark.tekjur á fjárlögum	Rek.tekjur á fjárlögum	Ríkisframlag samtals	Gjöld	Frávik yfir	Frávik undir	Frávik %
Menntastofnanir												
02-201	3.866,4	0,0	293,4	293,3	4.453,1	1,7	455,6	3.995,8	3.895,9	(99,9)	(99,9)	(2,5)%
02-210	459,8	0,0	42,5	89,5	591,8	0,0	18,5	573,3	566,7	(6,6)	(6,6)	(1,1)%
02-211	353,3	205,0	(177,2)	2,5	383,6	0,0	16,1	367,5	429,5	62,0		16,9%
02-215	919,2	0,0	(32,6)	34,1	920,7	0,0	33,5	887,2	905,2	17,9		2,0%
02-225	108,3	0,0	0,0	1,1	109,4	0,0	0,0	109,4	109,4	0,0		0,0%
02-227	385,5	0,0	0,0	3,5	389,0	0,0	0,0	389,0	389,0	0,0		0,0%
02-228	315,0	0,0	(49,4)	0,0	265,6	0,0	0,0	265,6	315,0	49,4		18,6%
02-301	313,7	0,0	22,8	14,0	350,5	0,0	6,4	344,1	321,7	(22,4)		(6,5)%
02-302	288,6	0,0	(19,7)	12,6	281,5	0,0	5,3	276,2	286,9	10,7		3,9%
02-303	98,1	0,0	(13,1)	8,5	93,5	0,0	1,1	92,4	112,1	19,7		21,3%
02-304	398,7	0,0	32,1	67,4	498,3	0,0	8,0	490,3	456,6	(33,6)		(6,9)%
02-305	288,7	0,0	(3,6)	30,2	315,3	0,0	6,0	309,3	298,5	(10,9)		(3,5)%
02-306	142,0	0,0	2,5	12,9	157,5	0,0	2,3	155,2	160,3	5,1		3,3%
02-307	142,7	0,0	(10,7)	41,4	173,5	0,0	2,5	171,0	152,5	(18,5)		(10,8)%
02-308	435,5	0,0	(162,7)	54,3	327,1	0,0	8,1	319,0	499,9	180,9		56,7%
02-309	216,9	0,0	13,0	7,5	237,4	0,0	4,3	233,1	226,8	(6,3)		(2,7)%
02-316	29,0	0,0	17,4	55,3	101,7	0,0	0,0	101,7	103,4	1,7		1,7%
02-318	296,0	0,0	312,0	(42,9)	565,1	0,0	0,0	565,1	334,1	(231,0)		(40,9)%
02-319	903,6	264,8	246,6	(788,2)	626,8	0,0	0,0	626,8	410,8	(216,1)		(34,5)%
02-350	555,6	0,0	(74,7)	15,3	496,2	0,0	10,2	486,0	611,1	125,0		25,7%
02-351	303,3	0,0	(69,2)	108,1	342,2	0,0	6,7	335,5	409,8	74,3		22,1%
02-352	243,0	0,0	(12,1)	20,0	250,8	0,0	4,7	246,1	276,0	29,9		12,1%
02-353	292,8	0,0	10,0	27,4	330,2	0,0	5,8	324,4	323,7	(0,7)		(0,2)%
02-354	280,9	0,0	(60,3)	51,1	271,7	0,0	5,1	266,6	315,1	48,4		18,2%
02-355	117,1	0,0	17,7	14,1	148,9	0,0	2,0	146,9	129,1	(17,8)		(12,1)%
02-356	195,2	0,0	(20,6)	13,7	188,2	0,0	3,6	184,6	206,7	22,1		12,0%
02-357	356,4	0,0	51,3	33,5	441,2	0,0	6,4	434,8	380,3	(54,4)		(12,5)%
02-358	108,9	0,0	5,7	12,6	127,2	0,0	1,4	125,8	136,1	10,3		8,2%
02-359	517,2	0,0	(52,5)	9,3	474,0	0,0	9,8	464,2	560,3	96,1		20,7%
02-360	222,0	0,0	(6,2)	78,3	294,1	0,0	4,4	289,7	300,4	10,7		3,7%
02-361	47,9	0,0	(0,1)	14,6	62,4	0,0	0,8	61,6	61,6	0,0		0,1%
02-362	74,4	0,0	(1,2)	1,7	74,9	0,0	1,1	73,8	78,7	4,9		6,6%
02-363	78,6	0,0	0,0	22,7	101,3	0,0	0,9	100,4	82,1	(18,3)		(18,3)%
02-365	393,0	0,0	(32,6)	72,2	432,7	0,0	6,8	425,9	431,9	6,1		1,4%
02-506	94,6	0,0	4,0	7,9	106,5	0,0	1,4	105,1	113,1	8,0		7,6%
02-507	46,4	0,0	(0,7)	1,2	46,9	0,0	0,7	46,2	53,3	7,1		15,4%
02-514	857,0	0,0	43,6	(12,8)	887,7	0,0	12,5	875,2	913,3	38,1		4,3%
02-516	258,3	0,0	(1,7)	40,4	296,9	0,0	3,8	293,1	298,5	5,4		1,8%

f.m.kr.	Fjárlög	Fjáruka- lög	Flutt f. f. ári	Millifært á árinu	Fjárhéildir samtals	Mark.tekjur á fjárhögum	Rek.tekjur á fjárhögum	Ríkisframlag samtals	Gjöld	Frávik yfir	Frávik undir	Frávik %
02-541	Hússtjórnarskólinn í Reykjavík	18,4	0,0	0,0	18,4	0,0	0,0	18,4	18,4	0,0	0,0	0,0%
02-551	Hússtjórnarskólinn Hallormsstað	16,1	0,0	0,0	16,1	0,0	0,0	16,1	16,1	0,0	0,0	0,0%
02-563	Tónlistarskólinn í Reykjavík	19,3	0,0	0,0	19,3	0,0	0,0	19,3	19,3	0,0	0,0	0,0%
02-564	Listdansskólinn	54,8	(49,4)	0,2	5,6	0,0	5,3	0,3	64,0	63,7	0,0	20029,2%
02-581	Verslunarskóli Íslands	463,5	0,0	0,0	463,5	0,0	0,0	463,5	463,5	0,0	0,0	0,0%
04-261	Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri, Borg	149,1	8,3	0,4	157,8	0,0	0,0	175,8	175,5	17,7	(6,2)	11,2%
04-271	Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal	143,1	2,9	26,4	172,4	0,0	0,0	172,4	166,2	(6,2)	(4,0)	(3,8)%
04-283	Garðyrkjustólur ríkisins	95,1	10,7	0,1	105,9	0,0	0,0	105,9	101,9	(4,0)	(12,4)	(5,1)%
06-305	Lögregluskóli ríkisins	131,9	20,3	1,9	245,1	0,0	0,0	245,1	232,7	(12,4)	0,0	0,0%
07-985	Félagsskóli alþýðu	23,1	0,3	0,0	23,4	0,0	0,0	23,4	23,4	0,0	0,0	0,0%
